STJÓRNARTÍÐINDI C 3 – 1993

20. desember 1993 705 Nr. 31

AUGLÝSING

um samning um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum.

Hinn 1. janúar 1994 öðlast gildi samningur um Evrópska efnahagssvæðið sem undirritaður var í Óportó 2. maí 1992. Aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samningsins 4. febrúar 1993. Jafnframt öðlast gildi bókun um breytingu á samningnum sem undirrituð var í Brussel 17. mars 1993. Aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunarinnnar 28. maí 1993. Samningurinn og bókunin voru fullgilt samkvæmt heimild í lögum nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna skulu meginmál samningsins, ákvæði bókunar 1 við hann og ákvæði 9. tölul. VIII. viðauka og g-liðar 1. tölul. XII. viðauka við hann hafa lagagildi hér á landi. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna skulu inngangsorð og 1. til 7. gr. bókunarinnar, ákvæði 15. gr. hennar er varða 81. og 82. gr. samningsins, 21. gr. hennar, að svo miklu leyti sem hún á við um meginmál samningsins, og 22. gr. hennar hafa lagagildi hér á landi.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Bókunin er birt sem fylgiskjal 2. Lokagerð frá fundi 2. maí 1992 sem boðaður var til undirritunar samningsins er birt sem fylgiskjal 3. Lokagerð frá fundi 17. mars 1993 sem boðaður var til undirritunar bókunarinnar er birt sem fylgiskjal 4. Gerðir, sem getið er í viðaukunum við samninginn, verða birtar í sérriti.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

C 46

Steindórsprent Gutenberg hf.

SAMNINGUR UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

OG

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,
RÍKJASAMBANDIÐ SVISS,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ERU SANNFÆRÐIR UM að Evrópskt efnahagssvæði muni stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli friðar, lýðræðis og mannréttinda;

ÁRÉTTA að höfuðáhersla er lögð á náin samskipti Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og EFTA-ríkjanna, sem grundvallast á nálægð, sameiginlegu gildismati frá fornu fari og evrópskri samkennd;

HAFA EINSETT SÉR að stuðla á grundvelli markaðsbúskapar að auknu frjálsræði og samvinnu í viðskiptum um gjörvallan heim, einkum í samræmi við ákvæði Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninginn um Efnahags- og framfarastofnunina;

HAFA Í HUGA það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, meðal annars fyrir dómstólum, og jafnrétti, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila;

HAFA EINSETT SÉR að beita sér fyrir því að frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga verði sem víðtækast á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, svo og að styrkja og auka samvinnu í jaðarmálum og tengdum málum;

HAFA ÞAÐ AÐ MARKMIÐI að stuðla að samræmdri þróun á Evrópska efnahagssvæðinu og eru sannfærðir um nauðsyn þess að draga með samningi þessum úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða;

VILJA LEGGJA SITT AF MÖRKUM til að styrkja samvinnu milli þingmanna Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna, svo og milli aðila vinnumarkaðarins í Evrópubandalaginu og EFTA-ríkjunum;

ERU SANNFÆRÐIR UM að einstaklingar muni gegna mikilvægu hlutverki á Evrópska efnahagssvæðinu vegna beitingar þeirra réttinda sem þeir öðlast með samningi þessum og þeirrar verndar dómstóla sem þessi réttindi njóta;

HAFA EINSETT SÉR að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða;

HAFA EINSETT SÉR að við mótun nýrra reglna verði lagðar til grundvallar strangar kröfur um að vernda beri heilsu, öryggi og umhverfi;

GERA SÉR LJÓST mikilvægi framþróunar í félagsmálum, þar á meðal jafnréttismálum karla og kvenna, á Evrópska efnahagssvæðinu og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu;

HAFA EINSETT SÉR að efla hagsmuni neytenda og styrkja stöðu þeirra á markaðinum, með öfluga neytendavernd að markmiði;

SETJA SÉR ÞAU SAMEIGINLEGU MARKMIÐ að styrkja vísindalegar og tæknilegar undirstöður evrópsks iðnaðar og gera hann samkeppnishæfari á alþjóðavettvangi;

ÁLÍTA að gerð samnings þessa eigi ekki á nokkurn hátt að hafa áhrif á möguleika EFTA-ríkja til að gerast aðilar að Evrópubandalögunum;

STEFNA AÐ ÞVÍ, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, að ná fram og halda sig við samræmda túlkun og beitingu samnings þessa og þeirra ákvæða í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samning þennan, svo og að koma sér saman um jafnræði gagnvart einstaklingum og aðilum í atvinnurekstri að því er varðar fjórþætta frelsið og samkeppnisskilyrði;

ÞAR EÐ samningur þessi takmarkar hvorki sjálfræði samningsaðila til ákvarðanatöku né rétt þeirra til að gera samninga, samanber þó ákvæði samnings þessa og takmarkanir sem leiðir af reglum þjóðaréttar;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera með sér eftirfarandi samning:

I. HLUTI

MARKMIÐ OG MEGINREGLUR

1. gr.

1. Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði sem nefnist hér á eftir EES.

2. Til að ná þeim markmiðum sem sett eru í 1. mgr. skal samstarfið í samræmi við ákvæði samnings þessa fela í sér:

a) frjálsa vöruflutninga;

b) frjálsa fólksflutninga;

c) frjálsa þjónustustarfsemi;

d) frjálsa fjármagnsflutninga;

e) að komið verði á kerfi sem tryggi að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum; og einnig

f) nánari samvinnu á öðrum sviðum, svo sem á sviði rannsókna og þróunar, umhverfismála, menntunar og félagsmála.

2. gr.

Í þessum samningi merkir:

a) hugtakið „samningur" meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða sem þar er vísað til;

b) hugtakið „EFTA-ríki" samningsaðila sem eru aðilar að Fríverslunarsamtökum Evrópu;

c) hugtakið „samningsaðilar", að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB, bæði bandalagið og aðildarríki EB eða bandalagið eða aðildarríki EB. Merkingin, sem leggja ber í þetta orð í hverju tilviki, ræðst af viðkomandi ákvæðum samnings þessa hverju sinni og jafnframt viðkomandi valdsviði bandalagsins og aðildarríkja EB í samræmi við stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu.

3. gr.

Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir.

Þeir skulu varast ráðstafanir sem teflt geta því í tvísýnu að markmiðum samnings þessa verði náð.

Þeir skulu enn fremur auðvelda samvinnu innan ramma samnings þessa.

4. gr.

Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.

5. gr.

Samningsaðilar geta hvenær sem er vakið máls á áhyggjuefnum í sameiginlegu EES-nefndinni eða EES-ráðinu í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 92. gr. og 2. mgr. 89. gr. eftir því sem við á.

6. gr.

Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.

7. gr.

Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;

b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

II. HLUTI

FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

1. KAFLI

GRUNDVALLARREGLUR

8. gr.

1. Koma skal á frjálsum vöruflutningum milli samningsaðila í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Ákvæði 10. – 15., 19., 20. og 25. – 27. gr. taka einungis til framleiðsluvara sem upprunnar eru í ríkjum samningsaðila nema annað sé tekið fram.

3. Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

a) framleiðsluvara sem falla undir 25. – 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;

b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.

9. gr.

1. Kveðið er á um upprunareglur í bókun 4. Þær eru settar með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar sem samningsaðilar eru eða kunna að verða bundnir af samkvæmt Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti.

2. Samningsaðilar munu áfram leitast við að bæta og einfalda upprunareglur á allan hátt og auka samvinnu á sviði tollamála með það fyrir augum að byggja á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur með samningi þessum.

3. Fyrsta endurskoðun fer fram fyrir árslok 1993. Síðan fer endurskoðun fram á tveggja ára fresti. Á grundvelli þessarar endurskoðunar skuldbinda samningsaðilar sig til að ákveða þær viðeigandi ráðstafanir sem eiga að verða hluti samningsins.

10. gr.

Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli samningsaðila. Með fyrirvara um það fyrirkomulag sem um getur í bókun 5 skal þetta einnig eiga við um fjáröflunartolla.

11. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

12. gr.

Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli samningsaðila.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaöryggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli samningsaðila.

14. gr.

Einstökum samningsaðilum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innanlands á framleiðsluvörur annarra samningsaðila umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Samningsaðila er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra samningsaðila innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.

15. gr.

Þegar framleiðsluvörur eru fluttar út til yfirráðasvæðis annars samningsaðila má endurgreiðsla á innlendum skatti ekki nema hærri fjárhæð en skattinum sem þegar hefur verið lagður á þær beint eða óbeint.

16. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

2. Ákvæði þessarar greinar gilda um allar stofnanir sem þar til bær yfirvöld samningsaðilanna nota samkvæmt lögum eða í reynd, beint eða óbeint, til að hafa eftirlit með, ráða eða hafa umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli samningsaðila. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

2. KAFLI

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARAFURÐIR

17. gr.

Í I. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi heilbrigði dýra og plantna.

18. gr.

Með fyrirvara um sérstakt fyrirkomulag varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir skulu samningsaðilar tryggja að fyrirkomulaginu, sem kveðið er á um í 17. gr. og a- og b-lið 23. gr. varðandi aðrar vörur en þær er heyra undir 3. mgr. 8. gr., verði ekki stofnað í hættu vegna annarra tæknilegra viðskiptahindrana. Ákvæði 13. gr. skulu gilda.

19. gr.

1. Samningsaðilar skulu taka til athugunar alla erfiðleika sem upp kunna að koma í viðskiptum þeirra með landbúnaðarafurðir og leitast við að finna viðeigandi lausn á þeim.

2. Samningsaðilar skuldbinda sig til að halda áfram viðleitni sinni til að auka smám saman frjálsræði í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.

3. Í þeim tilgangi skulu samningsaðilar framkvæma endurskoðun á skilyrðum fyrir viðskipti með landbúnaðarafurðir fyrir árslok 1993 og á tveggja ára fresti þaðan í frá.

4. Samningsaðilar munu, í ljósi þeirra niðurstaðna sem fást af þessari endurskoðun, innan ramma landbúnaðarstefnu hvers um sig og með tilliti til niðurstaðna Úrúgvæ-viðræðnanna, ákveða, innan ramma samnings þessa, á grundvelli fríðinda, með tvíhliða eða marghliða hætti og með gagnkvæmu samkomulagi sem er hagstætt hverjum aðila, frekara afnám hvers kyns viðskiptahindrana í landbúnaði, að meðtöldum þeim viðskiptahindrunum sem leiðir af ríkiseinkasölum í viðskiptum á sviði landbúnaðar.

20. gr.

Ákvæði og fyrirkomulag varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir er að finna í bókun 9.

3. KAFLI

SAMVINNA Á SVIÐI TOLLAMÁLA OG AUÐVELDUN VIÐSKIPTA

21. gr.

1. Til að greiða fyrir viðskiptum skulu samningsaðilar einfalda eftirlit og formsatriði á landamærum. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 10.

2. Samningsaðilar skulu aðstoða hver annan í tollamálum til þess að tryggja rétta beitingu tollalöggjafar. Fyrirkomulag í þessu skyni er að finna í bókun 11.

3. Samningsaðilar skulu styrkja og auka samvinnu sín í milli með það að markmiði að einfalda framkvæmd vöruviðskipta, einkum að því er varðar áætlanir, verkefni og aðgerðir bandalagsins sem miða að því að greiða fyrir viðskiptum í samræmi við reglurnar í VI. hluta.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. 8. gr. skal þessi grein taka til allra framleiðsluvara.

22. gr.

Samningsaðili er hefur hug á að lækka virkt stig tolla eða gjalda sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart þriðju löndum með bestu kjör eða íhugar frestun þeirra skal, sé slíkt gerlegt, tilkynna það eigi síðar en þrjátíu dögum áður en lækkunin eða frestunin kemur til framkvæmda. Hlutaðeigandi samningsaðili skal gefa gaum athugasemdum frá öðrum samningsaðilum um röskun sem hlotist gæti af þessu.

4. KAFLI

AÐRAR REGLUR UM FRJÁLSA VÖRUFLUTNINGA

23. gr.

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag er að finna í:

a) bókun 12 og II. viðauka varðandi tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottanir;
b) bókun 47 varðandi afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín;
c) III. viðauka varðandi skaðsemisábyrgð.

Þau skulu taka til allra framleiðsluvara nema annað sé tekið fram.

24. gr.

Sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi orkumál er að finna í IV. viðauka.

25. gr.

Leiði framkvæmd 10. og 12. gr. af sér:

a) endurútflutning til þriðja lands á framleiðsluvöru sem er af hálfu samningsaðila er flytur út háð magntakmörkunum, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif; eða
b) alvarlegan skort, eða hættu á alvarlegum skorti, á framleiðsluvöru sem er mjög mikilvæg samningsaðila er flytur út;

og valdi þær aðstæður, sem að ofan getur, samningsaðila er flytur út meiri háttar erfiðleikum eða eru líklegar til þess getur hann gert viðeigandi ráðstafanir í samræmi við reglurnar í 113. gr.

26. gr.

Í samskiptum samningsaðila skal ekki gera ráðstafanir gegn undirboðum, leggja á jöfnunartolla og grípa til aðgerða gegn ólöglegum viðskiptaháttum sem rekja má til þriðju landa nema annað sé tekið fram í samningi þessum.

5. KAFLI

KOLA- OG STÁLVÖRUR

27. gr.

Ákvæði og fyrirkomulag varðandi kola- og stálvörur er að finna í bókunum 14 og 25.

III. HLUTI

FRJÁLSIR FÓLKSFLUTNINGAR, FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

1. KAFLI

LAUNAFÓLK OG SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGAR

28. gr.

1. Frelsi launþega til flutninga skal vera tryggt í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum.

2. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launþega í aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum.

3. Með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði felur það í sér rétt til þess að:

a) þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram;

b) fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkja EB og EFTA-ríkja;

c) dveljast á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis;

d) dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eftir að hafa starfað þar.

4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu.

5. Í V. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi launþega til flutninga.

29. gr.

Til að veita launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum frelsi til flutninga skulu samningsaðilar á sviði almannatrygginga, í samræmi við VI. viðauka, einkum tryggja launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum og þeim sem þeir framfæra að:

a) lögð verði saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og reikna fjárhæð bóta;

b) bætur séu greiddar fólki sem er búsett á yfirráðasvæðum samningsaðila.

30. gr.

Til að auðvelda launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skulu samningsaðilar í samræmi við VII. viðauka gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum samningsaðila varðandi rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.

2. KAFLI

STAÐFESTURÉTTUR

31. gr.

1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði einhvers annars þessara ríkja. Hið sama gildir einnig þegar ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers þeirra, setja á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfyrirtæki.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 34. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði 4. kafla.

2. Í VIII. – XI. viðauka eru sérstök ákvæði um staðfesturétt.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um starfsemi sem á yfirráðasvæði ákveðins samningsaðila fellur undir meðferð opinbers valds jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum.

33. gr.

Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir í samræmi við þau útiloka ekki að beitt verði ákvæðum í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum um sérstaka meðferð á erlendum ríkisborgurum er grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði.

34. gr.

Með félög eða fyrirtæki, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði samningsaðila, skal farið, að því er þennan kafla varðar, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum.

Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

35. gr.

Ákvæði 30. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

3. KAFLI

ÞJÓNUSTA

36. gr.

1. Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera á frelsi ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja til að veita þjónustu á yfirráðasvæði samningsaðila enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki EB eða EFTA-ríki en sá sem þjónustan er ætluð.

2. Í IX. – XI. viðauka eru sérstök ákvæði um frelsi til að veita þjónustu.

37. gr.

Með „þjónustu" er í samningi þessum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa fólksflutninga.

Undir „þjónustu" fellur einkum:

a) starfsemi á sviði iðnaðar;

b) starfsemi á sviði viðskipta;

c) starfsemi handverksmanna;

d) sérfræðistörf.

Sá sem veitir þjónustu getur, með fyrirvara um ákvæði 2. kafla, í því skyni stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

38. gr.

Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga fellur undir ákvæði 6. kafla um flutningastarfsemi.

39. gr.

Ákvæði 30. og 32. – 34. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

4. KAFLI

FJÁRMAGN

40. gr.

Innan ramma ákvæða samnings þessa skulu engin höft vera milli samningsaðila á flutningum fjármagns í eigu þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum né nokkur mismunun, byggð á ríkisfangi eða búsetu aðila eða því hvar féð er notað til fjárfestingar. Í XII. viðauka eru nauðsynleg ákvæði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

41. gr.

Gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila innan ramma ákvæða samnings þessa skulu lausar við öll höft.

42. gr.

1. Ef beitt er innlendum reglum um fjármagnsmarkað og lánsviðskipti í fjármagnsflutningum sem höftum hefur verið létt af samkvæmt ákvæðum samnings þessa skal það gert án mismununar.

2. Lán til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis eða sveitarstjórna þess skulu ekki boðin út eða tekin í öðrum aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjum nema viðkomandi ríki hafi gert með sér samkomulag um það.

43. gr.

1. Kunni munurinn milli gjaldeyrisreglna aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna að verða til þess að menn, búsettir í einu þessara ríkja, færi sér í nyt þær rýmri yfirfærslureglur á yfirráðasvæði samningsaðila sem kveðið er á um í 40. gr. til þess að fara fram hjá reglum einhvers þessara ríkja um fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum getur viðkomandi samningsaðili gert viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á því.

2. Leiði fjármagnsflutningar til röskunar á starfsemi fjármagnsmarkaðar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana á sviði fjármagnsflutninga.

3. Breyti þar til bær yfirvöld samningsaðila gengisskráningu sinni þannig að alvarlegri röskun á samkeppnisskilyrðum valdi geta hinir samningsaðilarnir gert nauðsynlegar ráðstafanir um mjög takmarkaðan tíma til að vinna gegn áhrifum breytingarinnar.

4. Eigi aðildarríki EB eða EFTA-ríki í örðugleikum með greiðslujöfnuð eða alvarleg hætta er á að örðugleikar skapist, hvort sem það stafar af heildarójafnvægi í greiðslujöfnuði eða því hvaða gjaldmiðli það hefur yfir að ráða, getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til verndarráðstafana, einkum ef örðugleikarnir eru til þess fallnir að stofna framkvæmd samnings þessa í hættu.

44. gr.

Bandalagið annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar skulu beita eigin málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í bókun 18, vegna framkvæmdar ákvæða 43. gr.

45. gr.

1. Tilkynna skal sameiginlegu EES-nefndinni ákvarðanir, álit og tilmæli vegna þeirra ráðstafana sem lýst er í 43. gr.

2. Ekki má grípa til neinna ráðstafana nema að höfðu samráði í sameiginlegu EES-nefndinni og eftir að henni hafa verið veittar upplýsingar.

3. Í því tilviki sem um ræðir í 2. mgr. 43. gr. getur hlutaðeigandi samningsaðili þó gert ráðstafanirnar, án þess að áður fari fram samráð eða skipti á upplýsingum, þegar það reynist óhjákvæmilegt vegna þess að þær verða að fara leynt eða þola ekki bið.

4. Komi skyndilega upp vandi er varðar greiðslujöfnuð, í því tilviki sem um ræðir í 4. mgr. 43. gr., og sé ekki unnt að fylgja málsmeðferðinni í 2. mgr., getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til nauðsynlegra fyrirbyggjandi verndarráðstafana. Ráðstafanirnar skulu hafa í för með sér eins litla röskun á framkvæmd samnings þessa og kostur er á og mega ekki vera víðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bót á þeim skyndilega vanda sem komið hefur upp.

5. Þegar gerðar eru ráðstafanir í samræmi við 3. og 4. mgr. skal tilkynna það eigi síðar en þann dag sem þær öðlast gildi og skulu upplýsingaskiptin, samráðið og tilkynningarnar sem um getur í 1. mgr. eiga sér stað eins fljótt og auðið er í kjölfar þess.

5. KAFLI

SAMVINNA UM STEFNU Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM

46. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á skoðunum og upplýsingum um framkvæmd samnings þessa og áhrif samstarfsins á efnahagsstarfsemi og framkvæmd stefnu í efnahags- og peningamálum. Þeir geta enn fremur rætt stefnu, ástand og horfur í efnahagsmálum. Þessi skipti á skoðunum og upplýsingum skulu fara fram án nokkurra skuldbindinga.

6. KAFLI

FLUTNINGASTARFSEMI

47. gr.

1. Ákvæði 48. – 52. gr. gilda um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.

2. Í XIII. viðauka eru sérstök ákvæði um allar tegundir flutninga.

48. gr.

1. Engu aðildarríki EB eða EFTA-ríki er heimilt að setja nokkur þau ákvæði um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum utan ramma XIII. viðauka sem beint eða óbeint eru óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum ríkjum en innlendum flutningsaðilum.

2. Sérhver samningsaðili er víkur frá meginreglunni í 1. mgr. skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni það. Aðrir samningsaðilar, sem fallast ekki á frávikið, geta gripið til viðeigandi gagnráðstafana.

49. gr.

Aðstoð er samrýmanleg samningi þessum ef hún bætir úr þörf fyrir samræmingu á sviði flutninga eða í henni felst endurgjald fyrir að rækja tilteknar skyldur sem falla undir hugtakið opinber þjónusta.

50. gr.

1. Þegar um er að ræða flutninga á yfirráðasvæði samningsaðila skal ekki vera nokkur mismunun sem kemur fram í því að flutningsaðilar leggi á mismunandi gjöld eða setji mismunandi skilmála við flutning sams konar vöru á sömu flutningaleiðum, allt eftir því hvert uppruna- eða ákvörðunarland viðkomandi vöru er.

2. Þar til bært yfirvald samkvæmt VII. hluta skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis rannsaka öll tilvik um mismunun sem falla undir þessa grein og taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

51. gr.

1. Bannað er að leggja á gjöld og setja skilmála er varða flutningastarfsemi innan yfirráðasvæðis samningsaðila og fela í einhverjum mæli í sér aðstoð eða vernd, einu eða fleiri fyrirtækjum eða atvinnugreinum í hag, nema þar til bært yfirvald samkvæmt 2. mgr. 50. gr. heimili það.

2. Þar til bært yfirvald skal að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis kanna gjöld þau og skilmála sem um getur í 1. mgr., annars vegar einkum með kröfur um æskilega efnahagsstefnu á einstökum landsvæðum í huga, svo og þarfir vanþróaðra svæða og erfiðleika svæða þar sem alvarlegt stjórnmálaástand ríkir, og hins vegar með tilliti til áhrifa gjaldanna og skilmálanna á samkeppni milli mismunandi greina flutningastarfsemi.

Þar til bært yfirvald skal taka nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt eigin reglum.

3. Bannið sem um getur í 1. mgr. tekur ekki til gjalda sem ákveðin eru til að bregðast við samkeppni.

52. gr.

Álögur eða gjöld, sem flutningsaðili innheimtir umfram flutningsgjöld vegna flutnings yfir landamæri, mega ekki vera hærri en sanngjarnt er með hliðsjón af raunverulegum kostnaði vegna þessa. Samningsaðilar skulu leitast við að draga smám saman úr slíkum kostnaði.

IV. HLUTI

SAMKEPPNISREGLUR OG AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

1. KAFLI

REGLUR UM FYRIRTÆKI

53. gr.

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir sem:

a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

b) takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu;

c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;

d) mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;

e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.

3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:

— samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;

— ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;

— samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;

sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:

a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;

b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

54. gr.

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu sem samningur þessi tekur til, eða verulegum hluta þess, er ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;

b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns;

c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

55. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði sem hrinda 53. og 54. gr. í framkvæmd og er að finna í bókun 21 og XIV. viðauka við samning þennan skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, sem kveðið er á um í 1. mgr. 108. gr., tryggja beitingu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun, sem kveðið er á um í 56. gr., skal að eigin frumkvæði eða að beiðni ríkis á viðkomandi svæði eða hinnar eftirlitsstofnunarinnar rannsaka tilvik þar sem grunur leikur á að meginreglur þessar séu brotnar. Hin þar til bæra eftirlitsstofnun skal framkvæma þessar rannsóknir í samvinnu við þar til bær stjórnvöld á viðkomandi svæði og í samvinnu við hina eftirlitsstofnunina sem skal veita henni aðstoð í samræmi við eigin reglur.

Komist hún að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða skal hún gera tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það.

2. Ef ekki er bundinn endi á umrætt brot skal þar til bær eftirlitsstofnun skrá slíkt brot á meginreglunum í rökstuddri ákvörðun.

Hin þar til bæra eftirlitsstofnun getur birt ákvörðun sína og heimilað ríkjum á viðkomandi svæði, með þeim skilyrðum og á þann hátt sem hún kveður nánar á um, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu. Hún getur einnig farið fram á það við hina eftirlitsstofnunina að hún heimili ríkjum á viðkomandi svæði að gera slíkar ráðstafanir.

56. gr.

1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

b) með fyrirvara um c-lið skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

c) framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.

2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.

3. Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir c-lið 1. mgr. og hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni í bandalaginu.

4. Hugtökin „fyrirtæki" og „velta" eru, að því er þessa grein varðar, skilgreind í bókun 22.

57. gr.

1. Samfylkingar, sem gert er ráð fyrir eftirliti með í 2. mgr. og skapa eða efla yfirburðastöðu er hindrar virka samkeppni á samningssvæðinu eða umtalsverðum hluta þess, skal lýsa ósamrýmanlegar samningi þessum.

2. Eftirtaldir aðilar skulu hafa eftirlit með samfylkingum sem falla undir 1. mgr.:

a) framkvæmdastjórn EB í þeim málum sem falla undir reglugerð EBE nr. 4064/89, í samræmi við þá reglugerð, bókanir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Með fyrirvara um endurskoðunarvald dómstóls EB hefur framkvæmdastjórn EB ein vald til að taka ákvarðanir í þessum málum.

b) eftirlitsstofnun EFTA í þeim málum sem falla ekki undir a-lið hafi viðmiðunarmörkum, sem sett eru í XIV. viðauka, verið fullnægt á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í samræmi við bókanir 21 og 24 og XIV. viðauka við samninginn. Þetta er með þeim fyrirvara að aðildarríki EB séu ekki valdbær í þessu tilliti.

58. gr.

Með það fyrir augum að þróa og viðhalda samræmdu eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði samkeppni, svo og að stuðla að einsleitri framkvæmd, beitingu og túlkun ákvæða samningsins í þessu skyni, skulu þar til bær yfirvöld hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæði bókana 23 og 24.

59. gr.

1. Eigi í hlut opinber fyrirtæki, og fyrirtæki sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veita sérstök réttindi eða einkarétt, skulu samningsaðilar tryggja að hvorki séu gerðar né viðhaldið nokkrum þeim ráðstöfunum sem fara í bága við reglur samnings þessa, einkum reglur sem kveðið er á um í 4. gr. og 53. – 63. gr.

2. Reglur samnings þessa, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.

3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu hvor innan síns valdsviðs tryggja að ákvæðum þessarar greinar sé beitt og gera, eftir því sem þörf krefur, viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim ríkjum sem eru á svæðum hvorrar um sig.

60. gr.

Í XIV. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd þeirra meginreglna sem settar eru í 53., 54., 57. og 59. gr.

2. KAFLI

RÍKISAÐSTOÐ

61. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

2. Eftirtalið samrýmist framkvæmd samnings þessa:

a) aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara;

b) aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða;

c) aðstoð sem veitt er til atvinnuvega á ákveðnum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, þar sem skipting Þýskalands hefur áhrif, að því marki sem þörf er á slíkri aðstoð til að bæta upp efnahagslegt óhagræði vegna skiptingarinnar.

3. Eftirtalið getur talist samrýmanlegt framkvæmd samnings þessa:

a) aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið;

b) aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

c) aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum;

d) aðstoð af öðru tagi sem sameiginlega EES-nefndin kann að tiltaka í samræmi við VII. hluta.

62. gr.

1. Fylgjast skal stöðugt með öllum kerfum vegna ríkisaðstoðar sem eru til á yfirráðasvæðum samningsaðila, svo og öllum áætlunum um að veita slíka aðstoð eða breyta henni, með það í huga að þau samrýmist 61. gr. Eftirtaldir aðilar skulu framkvæma slíkt eftirlit:

a) framkvæmdastjórn EB, að því er varðar aðildarríki EB, í samræmi við reglurnar í 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu;

b) eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í samræmi við þær reglur sem settar eru í samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar EFTA en mælt er fyrir um valdsvið hennar og störf í bókun 26.

2. Með það fyrir augum að tryggja samræmt eftirlit á sviði ríkisaðstoðar á svæðinu sem samningur þessi tekur til skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA hafa með sér samvinnu í samræmi við ákvæðin í bókun 27.

63. gr.

Í XV. viðauka eru sérstök ákvæði um ríkisaðstoð.

64. gr.

1. Ef önnur eftirlitsstofnunin telur að framkvæmd hinnar eftirlitsstofnunarinnar á 61. og 62. gr. samningsins, svo og 5. gr. bókunar 14, samræmist ekki kröfum um sömu samkeppnisskilyrði á svæðinu sem samningur þessi tekur til skal skipst á skoðunum innan tveggja vikna í samræmi við málsmeðferð f-liðar í bókun 27.

Hafi ekki fundist lausn innan þessara tveggja vikna sem aðilar geta sætt sig við getur þar til bært yfirvald samningsaðila, sem málið snertir, gripið án tafar til bráðabirgðaráðstafana til þess að ráða bót á þeirri röskun sem orðið hefur á samkeppni.

Samráð skal síðan hafa í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við.

Hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að finna lausn innan þriggja mánaða og umræddar aðgerðir valda, eða hætta er á að þær valdi, röskun á samkeppni sem hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila er unnt að gera þær varanlegu ráðstafanir í stað bráðabirgðaráðstafananna sem eru bráðnauðsynlegar til að jafna áhrif röskunarinnar. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi EES.

2. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda um ríkiseinkasölur sem settar eru á stofn eftir undirritunardag samningsins.

3. KAFLI

AÐRAR SAMEIGINLEGAR REGLUR

65. gr.

1. Í XVI. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi innkaup sem gilda, nema annað sé tekið fram, um allar framleiðsluvörur og þjónustu eins og tilgreint er.

2. Í bókun 28 og XVII. viðauka eru sérstök ákvæði og fyrirkomulag varðandi hugverk og eignarréttindi á sviði iðnaðar og verslunar sem gilda um allar framleiðsluvörur og þjónustu nema annað sé tekið fram.

V. HLUTI

ALTÆK ÁKVÆÐI ER VARÐA FJÓRÞÆTTA FRELSIÐ

1. KAFLI

FÉLAGSMÁL

66. gr.

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að stuðla að bættum starfsskilyrðum og lífskjörum launþega.

67. gr.

1. Samningsaðilar skulu sérstaklega leggja áherslu á að hvetja til umbóta, einkum varðandi vinnuumhverfi, með tilliti til heilsu og öryggis launþega. Til að stuðla að því að þessu markmiði verði náð skulu lágmarkskröfur smám saman koma til framkvæmda og þá með hliðsjón af þeim aðstæðum og tæknilegu reglum er gilda hjá hverjum samningsaðila. Slíkar lágmarkskröfur eru því ekki til fyrirstöðu að samningsaðili láti strangari reglur um starfsskilyrði halda gildi sínu eða setji slíkar reglur enda samrýmist þær samningi þessum.

2. Í XVIII. viðauka eru tilgreind nauðsynleg ákvæði vegna framkvæmdar lágmarkskrafna samkvæmt 1. mgr.

68. gr.

Á sviði vinnulöggjafar skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja góða framkvæmd samnings þessa. Þessar ráðstafanir eru tilgreindar í XVIII. viðauka.

69. gr.

1. Hver samningsaðili skal tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu.

Með „launum“ er í þessari grein átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns.

Með sömu launum án mismununar vegna kynferðis er átt við að:

a) laun fyrir sömu ákvæðisvinnu skuli miðuð við sömu mælieiningu;

b) laun fyrir tímavinnu skuli vera hin sömu fyrir sams konar starf.

2. Í XVIII. viðauka eru sérstök ákvæði um framkvæmd 1. mgr.

70. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að því að meginreglan um jafnrétti karla og kvenna verði virt með því að hrinda ákvæðunum sem tilgreind eru í XVIII. viðauka í framkvæmd.

71. gr.

Samningsaðilar skulu leitast við að auka skoðanaskipti milli vinnuveitenda og launþega í Evrópu.

2. KAFLI

NEYTENDAVERND

72. gr.

Í XIX. viðauka eru ákvæði um neytendavernd.

3. KAFLI

UMHVERFISMÁL

73. gr.

1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:

a) að varðveita, vernda og bæta umhverfið;

b) að stuðla að því að vernda heilsu manna;

c) að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

2. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.

74. gr.

Í XX. viðauka eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem skulu gilda samkvæmt 73. gr.

75. gr.

Verndarráðstafanirnar, sem um getur í 74. gr., eru því ekki til fyrirstöðu að einstakir samningsaðilar láti strangari verndarráðstafanir halda gildi sínu eða grípi til þeirra enda samrýmist þær samningi þessum.

4. KAFLI

HAGSKÝRSLUGERÐ

76. gr.

1. Samningsaðilar skulu tryggja úrvinnslu og dreifingu samfelldra og sambærilegra hagskýrslna sem lýsi og geri kleift að fylgjast með öllum þeim þáttum sem máli skipta á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Í þessu skyni skulu samningsaðilar þróa með sér og nota samræmdar aðferðir, skýrgreiningar og flokkanir, svo og sameiginlegar starfsáætlanir og vinnubrögð við hagskýrslugerð hvar sem það á við í stjórnsýslunni og hafa þá í huga nauðsyn þess að fyllsta trúnaðar sé gætt.

3. Í XXI. viðauka eru sérstök ákvæði um hagskýrslugerð.

4. Í bókun 30 eru sérstök ákvæði um skipulag samstarfs á sviði hagskýrslugerðar.

5. KAFLI

FÉLAGARÉTTUR

77. gr.

Í XXII. viðauka eru sérstök ákvæði um félagarétt.

VI. HLUTI

SAMVINNA UTAN MARKA FJÓRÞÆTTA FRELSISINS

78. gr.

Samningsaðilar skulu efla og auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviði:

— rannsókna og tækniþróunar,
— upplýsingaþjónustu,
— umhverfismála,
— menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála,
— félagsmála,
— neytendaverndar,
— lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
— ferðamála,
— hljóð- og myndmiðlunar og
— almannavarna,

að því leyti sem samstarf á þessum sviðum lýtur ekki ákvæðum annarra hluta samnings þessa.

79. gr.

1. Samningsaðilar skulu auka skoðanaskipti sín í milli með öllum viðeigandi aðferðum, einkum samkvæmt reglum VII. hluta, með það fyrir augum að ákveða starfssvið og starfsemi þar sem nánari samvinna getur aukið líkur á að sameiginleg markmið náist á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.

2. Þeir skulu einkum skiptast á upplýsingum og ræða í sameiginlegu EES-nefndinni, að beiðni einstakra samningsaðila, áform og tillögur um að stofna til eða breyta rammaáætlunum, einstökum áætlunum, aðgerðum og verkefnum á þeim sviðum sem um getur í 78. gr.

3. Ákvæði VII. hluta gilda að breyttu breytanda um þennan hluta þegar sérstaklega er kveðið á um það í þessum hluta eða bókun 31.

80. gr.

Samvinna samkvæmt 78. gr. skal að öðru jöfnu fara fram með eftirfarandi hætti:

— þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlunum EB, einstökum áætlunum, verkefnum eða öðrum aðgerðum;

— komið verði á sameiginlegri starfsemi á tilteknum sviðum þar sem meðal annars gæti verið um að ræða samræmingu eða samstillingu á starfsemi, sameiningu starfsemi sem fyrir er og komið verði á sérstakri sameiginlegri starfsemi;

— formlegum og óformlegum upplýsingaskiptum eða -miðlun;

— sameiginlegu átaki til að hvetja til tiltekinnar starfsemi á yfirráðasvæði samningsaðila;

— hliðstæðri löggjöf, eftir því sem við á, með sömu eða svipuðum ákvæðum;

— samræmingu aðgerða og starfsemi á vettvangi eða fyrir tilstilli alþjóðastofnana, svo og samræmingu samvinnu við þriðju lönd, þar sem um gagnkvæmt hagsmunamál er að ræða.

81. gr.

Þegar samvinna felur í sér þátttöku EFTA-ríkja í rammaáætlun EB, einstakri áætlun, verkefni eða annarri aðgerð skulu eftirfarandi meginreglur gilda:

a) EFTA-ríkin skulu hafa aðgang að öllum þáttum áætlunar.

b) Staða EFTA-ríkjanna í nefndum, sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða þróun starfsemi bandalagsins, skal vera í fullu samræmi við það fjárframlag sem EFTA-ríkin kunna að greiða vegna þátttöku sinnar.

c) Ákvæði 3. mgr. 79. gr. gilda um þær ákvarðanir bandalagsins er hafa bein eða óbein áhrif á rammaáætlun, einstaka áætlun, verkefni eða aðra aðgerð sem EFTA-ríki taka þátt í samkvæmt ákvörðun á grundvelli samnings þessa, þó ekki ákvarðanir sem varða fjárlög bandalagsins. Sameiginlega EES-nefndin getur endurskoðað skilmála og skilyrði fyrir áframhaldandi þátttöku í viðkomandi starfsemi í samræmi við 86. gr.

d) Þegar um samstarfsverkefni er að ræða skulu stofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar EFTA-ríkja hafa sömu réttindi og skyldur í áætlun bandalagsins eða annarri aðgerð sem um ræðir og samstarfsstofnanir, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar aðildarríkja EB. Hið sama gildir að breyttu breytanda um þátttakendur sem fara milli landa vegna viðkomandi samstarfs aðildarríkja EB og EFTA-ríkja.

e) EFTA-ríki, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar skulu hafa sömu réttindi og skyldur að því er varðar úrvinnslu, mat og nýtingu niðurstaðna og aðildarríki EB, stofnanir þeirra, fyrirtæki, samtök og ríkisborgarar.

f) Samningsaðilar skuldbinda sig í samræmi við viðkomandi reglugerðir og reglur sínar til að auðvelda flutninga þátttakenda í áætluninni og annarri starfsemi að því marki sem nauðsynlegt er.

82. gr.

1. Þegar samvinna samkvæmt þessum hluta felur í sér fjárframlag frá EFTA-ríkjunum skal framlagið látið í té á einhvern eftirtalinn hátt:

a) Framlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í starfsemi bandalagsins skal reiknað í hlutfalli við:

— fjárhagsskuldbindingar; og

— greiðsluskuldbindingar;

sem varðandi bandalagið eru settar árlega á þann lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.

Hlutfallsstuðullinn sem ákvarðar framlag EFTA-ríkjanna skal vera summa hlutfallsins milli annars vegar vergrar landsframleiðslu hvers EFTA-ríkis um sig miðað við markaðsverð og hins vegar summa vergrar landsframleiðslu allra aðildarríkja EB og umræddra EFTA-ríkis miðað við markaðsverð. Stuðullinn skal reiknaður fyrir hvert fjárhagsár á grundvelli nýjustu tölfræðilegra upplýsinga.

Bæði að því er varðar fjárhagsskuldbindingar og greiðsluskuldbindingar skal fjárframlag EFTA-ríkjanna koma til viðbótar fjárframlagi bandalagsins á þeim lið fjárlaga þess sem á við um viðkomandi starfsemi.

Þau framlög sem EFTA-ríkin skulu greiða árlega skulu ákveðin á grundvelli greiðsluskuldbindinganna.

Skuldbindingar sem bandalagið tók á sig áður en EFTA-ríkin hófu á grundvelli samnings þessa þátttöku í viðkomandi starfsemi, svo og greiðslur sem af henni leiðir, kalla ekki á framlög af hálfu EFTA-ríkjanna.

b) Fjárframlag EFTA-ríkjanna vegna þátttöku þeirra í ákveðnum verkefnum eða annarri starfsemi skal grundvallast á þeirri meginreglu að sérhver samningsaðili skuli bera eigin kostnað, svo og viðeigandi hluta af fastakostnaði bandalagsins samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

c) Sameiginlega EES-nefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir varðandi fjárframlag samningsaðila til þeirrar starfsemi sem um ræðir hverju sinni.

2. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar eru í bókun 32.

83. gr.

Þegar samvinnan felst í upplýsingaskiptum milli opinberra aðila skulu EFTA-ríkin hafa sama rétt á að fá upplýsingar og aðildarríki EB og ber þeim jafnframt sama skylda til að veita upplýsingar, samanber þó kröfur um trúnað sem sameiginlega EES-nefndin ákveður.

84. gr.

Ákvæði um samvinnu á tilteknum sviðum eru í bókun 31.

85. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í bókun 31 skal samvinna, sem þegar fer fram milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja á sviðunum sem um getur í 78. gr. við gildistöku samnings þessa, eftir það lúta viðeigandi ákvæðum þessa hluta og bókunar 31.

86. gr.

Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við VII. hluta, taka allar nauðsynlegar ákvarðanir vegna framkvæmdar 78. – 85. gr. og ráðstafana sem af henni leiðir og geta þær meðal annars falið í sér viðbætur við og breytingar á bókun 31, ásamt því að ákveða nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir vegna framkvæmdar 85. gr.

87. gr.

Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þróa, efla eða auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins á sviðum sem eru ekki tilgreind í 78. gr. þegar slík samvinna þykir líkleg til að greiða fyrir því að markmiðum samnings þessa verði náð eða samningsaðilar telja slíkt hagstætt báðum aðilum af öðrum ástæðum. Slíkar ráðstafanir geta haft það í för með sér að 78. gr. verði breytt þannig að nýjum sviðum verði bætt við þau sem þar eru tilgreind.

88. gr.

Með fyrirvara um ákvæði annarra hluta samnings þessa skulu ákvæði þessa hluta ekki koma í veg fyrir að einstakir samningsaðilar geti undirbúið, samþykkt og hrundið ráðstöfunum í framkvæmd einhliða.

VII. HLUTI

ÁKVÆÐI UM STOFNANIR

1. KAFLI

SKIPULAG SAMSTARFSINS

1. þáttur

EES-ráðið

89. gr.

1. EES-ráði er hér með komið á fót. Hlutverk þess er einkum að vera stjórnmálalegur aflvaki varðandi framkvæmd samnings þessa og setja almennar viðmiðunarreglur fyrir sameiginlegu EES-nefndina.

Í þessum tilgangi skal EES-ráðið meta hvernig samningurinn í heild hefur verið framkvæmdur og hvernig hann hefur þróast. Það skal taka stjórnmálalegar ákvarðanir sem leiða til breytinga á samningnum.

2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, geta tekið mál er valda erfiðleikum upp í EES-ráðinu eftir að hafa rætt þau í sameiginlegu EES-nefndinni, eða geta tekið þau beint upp í EES-ráðinu er mjög brýna nauðsyn ber til.

3. EES-ráðið setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

90. gr.

1. EES-ráðið skipa fulltrúar í ráði Evrópubandalaganna og úr framkvæmdastjórn EB ásamt einum fulltrúa ríkisstjórnar hvers EFTA-ríkis.

Skipa skal fulltrúa í EES-ráðið í samræmi við þau skilyrði sem mælt verður fyrir um í starfsreglum þess.

2. Ákvarðanir EES-ráðsins skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna hins vegar.

91. gr.

1. Fulltrúi ráðs Evrópubandalaganna og ráðherra í ríkisstjórn EFTA-ríkis skulu gegna embætti forseta EES-ráðsins til skiptis sex mánuði í senn.

2. Forseti EES-ráðsins skal kalla það saman tvisvar á ári. EES-ráðið skal einnig koma saman, þegar aðstæður krefjast, í samræmi við starfsreglur sínar.

2. þáttur

Sameiginlega EES-nefndin

92. gr.

1. Sameiginlegu EES-nefndinni er hér með komið á fót. Skal hún tryggja virka framkvæmd samnings þessa. Í þeim tilgangi skal þar skipst á skoðunum og upplýsingum og taka ákvarðanir í þeim málum sem kveðið er á um í samningi þessum.

2. Samningsaðilar, að því er varðar bandalagið og aðildarríki EB eftir valdsviði viðkomandi, skulu hafa samráð í sameiginlegu EES-nefndinni um öll þau mál á grundvelli samningsins sem valda erfiðleikum og einhver þeirra hefur tekið upp.

3. Sameiginlega EES-nefndin setur sér starfsreglur með ákvörðun þar að lútandi.

93. gr.

1. Sameiginlegu EES-nefndina skipa fulltrúar samningsaðila.

2. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skulu teknar með samkomulagi milli bandalagsins annars vegar og EFTA-ríkjanna, sem mæla einum rómi, hins vegar.

94. gr.

1. Fulltrúi bandalagsins, þ.e. framkvæmdastjórnar EB, og fulltrúi eins EFTA-ríkis skulu gegna embætti formanns sameiginlegu EES-nefndarinnar til skiptis sex mánuði í senn.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal að öðru jöfnu koma saman að minnsta kosti einu sinni í mánuði til að gegna störfum sínum. Hana má einnig kalla saman að frumkvæði formannsins eða samkvæmt beiðni einhvers samningsaðila í samræmi við starfsreglur hennar.

3. Sameiginlega EES-nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir eða starfshópa sér til aðstoðar við framkvæmd verkefna sinna. Sameiginlega EES-nefndin skal í starfsreglum sínum mæla fyrir um skipan og starfshætti umræddra undirnefnda og starfshópa. Sameiginlega EES-nefndin skal ákveða verkefni þeirra í hverju tilviki fyrir sig.

4. Sameiginlega EES-nefndin skal gefa út ársskýrslu um framkvæmd og þróun samnings þessa.

3. þáttur

Samvinna þingmanna

95. gr.

1. Sameiginlegri EES-þingmannanefnd er hér með komið á fót. Hana skipa jafnmargir þingmenn Evrópuþingsins annars vegar og þjóðþinga EFTA-ríkjanna hins vegar. Heildarfjöldi þingmanna í nefndinni kemur fram í stofnsamþykktinni í bókun 36.

2. Fundir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skulu haldnir til skiptis í bandalaginu og EFTA-ríki í samræmi við ákvæði bókunar 36.

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal með umræðum og fundum stuðla að auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna á þeim sviðum sem samningur þessi tekur til.

4. Sameiginlegu EES-þingmannanefndinni er heimilt að láta álit sitt í ljós í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á. Hún skal einkum taka til athugunar ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar um framkvæmd og þróun samnings þessa sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. 94. gr.

5. Forseti EES-ráðsins má koma fyrir sameiginlegu EES-þingmannanefndina og taka þar til máls.

6. Sameiginlega EES-þingmannanefndin setur sér starfsreglur.

4. þáttur

Samvinna aðila er starfa á sviði efnahags- og félagsmála

96. gr.

1. Fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndarinnar og annarra samtaka, sem eru í fyrirsvari fyrir aðila á sviði félagsmála í bandalaginu, og fulltrúar samsvarandi aðila í EFTA-ríkjunum skulu vinna að því að styrkja tengslin sín í milli og eiga samstarf á skipulagðan og reglubundinn hátt með það að markmiði að auka skilning á efnahagslegum og félagslegum þáttum í stöðugt samofnara efnahagssamstarfi samningsaðilanna og á hagsmunum þeirra innan EES.

2. Ráðgjafarnefnd EES er hér með komið á fót í þessum tilgangi. Hana skipa jafnmargir fulltrúar efnahags- og félagsmálanefndar bandalagsins annars vegar og ráðgjafarnefndar EFTA hins vegar. Ráðgjafarnefnd EES er heimilt að láta í ljós álit sitt í formi skýrslna eða ályktana eftir því sem við á.

3. Ráðgjafarnefnd EES setur sér starfsreglur.

2. KAFLI

TILHÖGUN ÁKVARÐANATÖKU

97. gr.

Með fyrirvara um meginregluna um jafnræði, og eftir að öðrum samningsaðilum hafa verið veittar upplýsingar þar um, hefur samningur þessi ekki áhrif á rétt einstakra samningsaðila til að breyta innlendri löggjöf á þeim sviðum sem samningurinn tekur til:

— ef sameiginlega EES-nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að löggjöf, eins og henni hefur verið breytt, hafi ekki áhrif til hins verra á framkvæmd samningsins; eða

— ef skilyrðum 98. gr. hefur verið fullnægt.

98. gr.

Breyta má viðaukum samningsins, svo og bókunum 1 – 7, 9 – 11, 19 – 27, 30 – 32, 37, 39, 41 og 47, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í samræmi við 93. (2. mgr.), 99., 100., 102. og 103. gr.

99. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórn EB hefur undirbúning að nýrri löggjöf á sviði sem samningur þessi tekur til skal hún óformlega leita ráða hjá sérfræðingum EFTA-ríkjanna á sama hátt og hún leitar ráða hjá sérfræðingum aðildarríkja EB við mótun tillagnanna.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir ráði Evrópubandalaganna tillögur sínar skal hún senda afrit af þeim til EFTA-ríkjanna.

Fyrstu skoðanaskipti skulu fara fram í sameiginlegu EES-nefndinni óski einhver samningsaðila þess.

3. Á þeim tíma sem líður fram að töku ákvörðunar í ráði Evrópubandalaganna skulu samningsaðilar, í samfelldu ferli upplýsingaskipta og samráðs, ráðgast hver við annan í sameiginlegu EES-nefndinni að beiðni einhvers þeirra á öllum tímamótum á leið að endanlegri töku ákvörðunar.

4. Samningsaðilar skulu starfa saman af heilum hug á upplýsinga- og samráðstímabilinu með það fyrir augum að auðvelda ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni í lok meðferðar málsins.

100. gr.

Framkvæmdastjórn EB skal tryggja sérfræðingum EFTA-ríkjanna eins víðtæka þátttöku og unnt er á viðkomandi sviðum við undirbúning á drögum að tillögum er síðar eiga að fara fyrir þær nefndir sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við beitingu framkvæmdarvalds hennar. Í þessum málum skal framkvæmdastjórn EB, þegar hún gengur frá tillögum, ráðgast við sérfræðinga EFTA-ríkjanna á sama grundvelli og hún ráðgast við sérfræðinga aðildarríkja EB.

Í þeim tilvikum þegar mál er til meðferðar hjá ráði Evrópubandalaganna í samræmi við starfsreglur sem gilda um viðkomandi nefnd skal framkvæmdastjórn EB koma áliti sérfræðinga EFTA-ríkjanna á framfæri við ráð Evrópubandalaganna.

101. gr.

1. Að því er varðar nefndir, sem falla hvorki undir 81. né 100. gr., skal haft samstarf við sérfræðinga EFTA-ríkjanna þegar góð framkvæmd samningsins krefst slíks.

Þessar nefndir eru skráðar í bókun 37. Kveðið er á um tilhögun slíks samstarfs í bókunum og viðaukum um einstök svið þar sem fjallað er um viðkomandi málefni.

2. Telji samningsaðilar að slíkt samstarf ætti að taka til annarra nefnda sem eru svipaðs eðlis getur sameiginlega EES-nefndin breytt bókun 37.

102. gr.

1. Til að tryggja réttaröryggi og einsleitni EES skal sameiginlega EES-nefndin taka ákvörðun um breytingu á viðauka við samning þennan eins fljótt og unnt er, eftir að bandalagið hefur samþykkt nýja samsvarandi löggjöf bandalagsins, með það að markmiði að unnt sé að beita samtímis þeirri löggjöf og breytingunum á viðaukunum við samninginn. Bandalagið skal í þessum tilgangi tilkynna öðrum samningsaðilum í sameiginlegu EES-nefndinni eins fljótt og unnt er þegar það samþykkir réttarheimild um málefni sem fjallað er um í samningi þessum.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal meta á hvaða hluta viðauka við samning þennan þessi nýja löggjöf hefur bein áhrif.

3. Samningsaðilar skulu gera sitt ítrasta til að komast að samkomulagi um málefni sem samningur þessi tekur til.

Sameiginlega EES-nefndin skal einkum gera sitt ítrasta til að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við þegar upp koma alvarleg vandamál á sviðum sem falla undir valdsvið löggjafans í EFTA-ríkjunum.

4. Ef ekki er unnt að komast að samkomulagi um breytingar á viðauka við samning þennan, þrátt fyrir beitingu undanfarandi málsgreinar, skal sameiginlega EES-nefndin kanna alla frekari möguleika á því að tryggja áframhaldandi góða framkvæmd samningsins og taka nauðsynlegar ákvarðanir þar að lútandi, meðal annars að viðurkenna að löggjöf sé sambærileg. Taka verður slíka ákvörðun eigi síðar en við lok sex mánaða tímabils, frá því að málinu er vísað til sameiginlegu EES-nefndarinnar, eða á gildistökudegi samsvarandi löggjafar bandalagsins ef sá dagur er síðar.

5. Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um breytingu á viðauka við þennan samning við lok frests sem settur er í 4. mgr. skal litið svo á að framkvæmd viðkomandi hluta viðaukans, sem ákveðinn er samkvæmt 2. mgr., sé frestað til bráðabirgða nema sameiginlega EES-nefndin ákveði annað. Frestun af þessu tagi gengur í gildi sex mánuðum eftir lok tímabilsins sem um getur í 4. mgr., þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu. Sameiginlega EES-nefndin skal áfram leitast við að koma á samkomulagi um lausn sem aðilar geta sætt sig við svo að draga megi frestunina til baka við fyrsta tækifæri.

6. Ræða skal um raunhæfar afleiðingar þeirrar frestunar sem um getur í 5. mgr. í sameiginlegu EES-nefndinni. Réttindi og skyldur sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hafa þegar áunnið sér með samningi þessum skulu haldast. Samningsaðilar skulu, eftir því sem við á, ákveða hvaða breytingar þurfi að gera vegna frestunarinnar.

103. gr.

1. Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilunum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

Hafi tilkynningin ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.

2. Hafi tilkynningin ekki átt sér stað sex mánuðum eftir að sameiginlega EES-nefndin tók ákvörðun sína skal ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar gilda til bráðabirgða meðan stjórnskipulegum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, nema samningsaðili tilkynni að slík gildistaka til bráðabirgða geti ekki átt sér stað. Í síðara tilvikinu, eða tilkynni samningsaðili að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar hafi ekki hlotið samþykki, skal frestunin sem kveðið er á um í 5. mgr. 102. gr. ganga í gildi einum mánuði eftir að tilkynningin fer fram en þó ekki fyrir þann dag er samsvarandi gerð EB kemur til framkvæmda í bandalaginu.

104. gr.

Ákvarðanir teknar af sameiginlegu EES-nefndinni í tilvikum sem kveðið er á um í samningi þessum skulu vera bindandi fyrir samningsaðila frá og með gildistökudegi þeirra, nema kveðið sé á um annað í þeim, og skulu þeir gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd þeirra og beitingu.

3. KAFLI

EINSLEITNI, TILHÖGUN EFTIRLITS OG LAUSN DEILUMÁLA

1. þáttur

Einsleitni

105. gr.

1. Til að ná því markmiði samningsaðila að ná fram og halda sig við eins samræmda túlkun og unnt er á ákvæðum samningsins og þeim ákvæðum í löggjöf bandalagsins sem tekin eru efnislega upp í samninginn skal sameiginlega EES-nefndin starfa í samræmi við þessa grein.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal stöðugt hafa til skoðunar þróun dómsúrlausna dómstóls Evrópubandalaganna og EFTA-dómstólsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 108. gr. Í þessum tilgangi skal senda dóma þessara dómstóla til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal gera ráðstafanir til að varðveita einsleita túlkun á samningnum.

3. Ef sameiginlegu EES-nefndinni hefur ekki tekist að varðveita einsleita túlkun á samningnum innan tveggja mánaða frá því að mismunur á úrlausnum dómstólanna tveggja var lagður fyrir hana má beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 111. gr.

106. gr.

Til að tryggja að samningur þessi verði túlkaður á eins samræmdan hátt og kostur er, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna, skal sameiginlega EES-nefndin koma á kerfi til að skiptast á upplýsingum um dóma EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og dómstóla EFTA-ríkjanna á síðasta dómstigi. Í kerfi þessu skal felast:

a) að þessir dómstólar sendi ritara dómstóls Evrópubandalaganna dóma sína um túlkun og beitingu annars vegar samnings þessa og hins vegar stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, með áorðnum breytingum og viðbótum, auk þeirra gerða sem hafa verið samþykktar í samræmi við þá, að því leyti sem þeir varða ákvæði sem eru efnislega samhljóða ákvæðum samnings þessa;

b) að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sjái um að flokka þessa dóma og semja og birta, eins og þörf krefur, þýðingar og útdrætti;

c) að ritari dómstóls Evrópubandalaganna sendi þau skjöl sem máli skipta til þar til bærra yfirvalda hvers lands sem sérhver samningsaðili tilnefnir fyrir sig.

107. gr.

Í bókun 34 eru ákvæði er gefa EFTA-ríki kost á að heimila dómstóli eða rétti að biðja dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun um túlkun EES-reglu.

2. þáttur

Tilhögun eftirlits

108. gr.

1. EFTA-ríkin skulu koma á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun (eftirlitsstofnun EFTA) svo og kerfi svipuðu og fyrir er í bandalaginu, meðal annars kerfi til að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og til eftirlits með lögmæti aðgerða eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.

2. EFTA-ríkin skulu koma á fót dómstóli (EFTA-dómstóli).

Undir valdsvið EFTA-dómstólsins skal með tilliti til beitingar samnings þessa og í samræmi við sérstakan samning milli EFTA-ríkjanna einkum heyra:

a) mál um tilhögun eftirlits er varðar EFTA-ríkin;

b) áfrýjanir á ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni;

c) lausn deilumála milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja.

109. gr.

1. Annars vegar skal eftirlitsstofnun EFTA fylgjast með efndum á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og hins vegar framkvæmdastjórn EB sem starfar samkvæmt stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og samningi þessum.

2. Til að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál.

3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu taka við umkvörtunum varðandi beitingu samnings þessa. Þær skulu skiptast á upplýsingum um kvartanir sem borist hafa.

4. Hvor þessara stofnana um sig skal rannsaka allar kvartanir sem falla undir valdsvið hennar og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar.

5. Komi upp ósamkomulag milli þessara tveggja stofnana um það til hvaða aðgerða skuli gripið í tengslum við kvörtun eða um niðurstöðu rannsóknar getur hvor þeirra sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr.

110. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB, samkvæmt samningi þessum, sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar. Hið sama skal eiga við um slíka dóma dómstóls Evrópubandalaganna, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins samkvæmt samningi þessum.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi réttarfarsreglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formskilyrði að það að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bærum aðila sé staðfest af því yfirvaldi sem sérhver samningsaðili tilnefnir í þessu skyni og sendir öðrum samningsaðilum, svo og eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB, dómstóli Evrópubandalaganna, dómstóli Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólnum, tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram, í samræmi við lög þess ríkis þar sem fullnustan á að fara fram, með því að fara með málið beint fyrir þar til bært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna hvað varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB, úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi eða dómstóls Evrópubandalaganna, eða með úrskurði EFTA-dómstólsins hvað varðar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA eða úrskurði EFTA-dómstólsins. Dómstólar hlutaðeigandi ríkja hafa þó lögsögu varðandi kvartanir um að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti.

3. þáttur

Lausn deilumála

111. gr.

1. Bandalagið eða EFTA-ríki getur lagt deilumál er varðar túlkun eða beitingu samnings þessa fyrir sameiginlegu EES-nefndina í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

2. Sameiginlegu EES-nefndinni er heimilt að leysa deilumálið. Henni skulu gefnar allar upplýsingar sem hún kann að þarfnast til þess að framkvæma nákvæma rannsókn á málinu, með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við. Í þessum tilgangi skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka alla möguleika til að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

3. Varði deilumál túlkun ákvæða samnings þessa, sem eru efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, og hafi deilumálið ekki verið leyst innan þriggja mánaða frá því að það var lagt fyrir sameiginlegu EES-nefndina, geta samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, samþykkt að fara fram á það við dómstól Evrópubandalaganna að hann kveði upp úrskurð um túlkun á viðkomandi reglum.

Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki náð samkomulagi um lausn á slíku deilumáli innan sex mánaða frá þeim degi er þessi málsmeðferð hófst, eða hafi samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, á þeim tíma ekki ákveðið að fara fram á úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna, getur samningsaðili, til að draga úr hugsanlegu ójafnvægi,

— annaðhvort gripið til öryggisráðstafana í samræmi við 2. mgr. 112. gr. og fylgt þá málsmeðferð 113. gr.;
— eða beitt 102. gr. að breyttu breytanda.

4. Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr. eða 112. gr., eða jafngildi jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr., og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vísað deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33. Óheimilt er að fjalla um túlkun á ákvæðum samnings þessa, sem um getur í 3. mgr., samkvæmt þessari málsmeðferð. Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila.

4. KAFLI

ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

112. gr.

1. Ef upp eru að koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.

2. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.

3. Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum.

113. gr.

1. Samningsaðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 112. gr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum það án tafar fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Samningsaðilar skulu tafarlaust bera saman ráð sín í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

3. Hlutaðeigandi samningsaðili má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar samkvæmt 1. mgr. nema samráði samkvæmt 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrirfram getur hlutaðeigandi samningsaðili strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

Framkvæmdastjórn EB skal grípa til öryggisráðstafana fyrir bandalagið.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili skal án tafar tilkynna ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, til sameiginlegu EES-nefndarinnar og veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

5. Í sameiginlegu EES-nefndinni skal hafa samráð um öryggisráðstafanirnar á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til þeirra með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Hver samningsaðilanna um sig getur hvenær sem er farið fram á það við sameiginlegu EES-nefndina að hún endurskoði umræddar ráðstafanir.

114. gr.

1. Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum getur hver hinna samningsaðilanna gripið til jafn umfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart fyrrnefndum samningsaðila og bráðnauðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.

2. Málsmeðferðin sem kveðið er á um í 113. gr. gildir.

VIII. HLUTI

FJÁRMAGNSKERFI

115. gr.

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr. Í þessu tilliti hafa þeir í huga ákvæði sem er að finna annars staðar í samningi þessum og bókunum er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum þeirra ráðstafana er varða landbúnað og sjávarútveg.

116. gr.

EFTA-ríkin skulu koma upp fjármagnskerfi í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum, í tengslum við EES og til viðbótar því sem bandalagið gerir þegar á þessu sviði, til framgangs markmiðunum sem sett eru í 115. gr.

117. gr.

Í bókun 38 eru ákvæði um fjármagnskerfið.

IX. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

118. gr.

1. Álíti samningsaðili það öllum samningsaðilum til hagsbóta að þróa tengslin, sem stofnað er til með samningi þessum, með því að láta þau ná til fleiri sviða en þar er gert ráð fyrir skal hann leggja fram rökstudda beiðni til hinna samningsaðilanna í EES-ráðinu. Ráðið getur falið sameiginlegu EES-nefndinni að rannsaka alla þætti beiðninnar og leggja fram skýrslu.

EES-ráðið getur, eftir því sem við á, tekið stjórnmálalegar ákvarðanir með það fyrir augum að hafnar verði samningaviðræður milli samningsaðila.

2. Samningar sem samningaviðræður samkvæmt 1. mgr. leiða til skulu háðir fullgildingu eða samþykki samningsaðila í samræmi við þeirra eigin reglur.

119. gr.

Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

120. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í bókunum 41, 43 og 44 skulu ákvæði samningsins ganga framar ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.

121. gr.

Ákvæði samnings þessa útiloka ekki samstarf:

a) innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa;

b) innan ramma svæðissambandsins milli Sviss og Liechtensteins að því leyti sem markmið sambandsins nást ekki með beitingu ákvæða samnings þessa og góð framkvæmd samningsins raskast ekki;

c) innan ramma samvinnu Austurríkis og Ítalíu varðandi Tíról, Vorarlberg og Trentínó — Suður-Tíról/Altó Adíge að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa.

122. gr.

Fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn samkvæmt samningi þessum, skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

123. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hindra samningsaðila í að gera ráðstafanir:

a) sem hann telur nauðsynlegar til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum;

b) sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;

c) sem hann telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, stríð geisar eða alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum, sem leitt getur til styrjaldar, eða til að uppfylla skyldur sem hann hefur tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

124. gr.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða samnings þessa skulu samningsaðilar sjá til þess að ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sitji við sama borð og eigin ríkisborgarar hvað varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja í skilningi 34. gr.

125. gr.

Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar.

126. gr.

1. Samningurinn gildir á þeim svæðum sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu taka til, með þeim skilmálum sem þar eru settir, og á yfirráðasvæðum Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal samningur þessi ekki gilda um Álandseyjar. Ríkisstjórn Finnlands getur þó gefið út yfirlýsingu, sem lögð skal fram hjá vörsluaðila við fullgildingu samnings þessa og hann skal senda samningsaðilum staðfest endurrit af, þess efnis að samningurinn skuli gilda um þessar eyjar með sömu skilmálum og hann gildir um aðra hluta Finnlands, samanber þó eftirfarandi ákvæði:

a) Ákvæði samnings þessa skulu ekki hindra beitingu ákvæða er gilda hverju sinni á Álandseyjum og varða:

   i) höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, og lögpersóna til að eignast og eiga fasteignir á Álandseyjum án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna;

   ii) höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, eða lögpersóna til staðfestu og til að veita þjónustu án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna.

b) Samningur þessi hefur ekki á áhrif á réttindi íbúa Álandseyja í Finnlandi.

c) Yfirvöld á Álandseyjum skulu veita öllum einstaklingum og lögpersónum samningsaðila sömu kjör.

127. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum að því tilskildu að hann veiti öðrum samningsaðilum að minnsta kosti tólf mánaða fyrirvara með skriflegum hætti.

Jafnskjótt og fyrirhuguð uppsögn hefur verið tilkynnt skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til þess að meta hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera á samningnum.

128. gr.

1. Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, en heimilt gangi það í EFTA, að sækja um að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.

2. Samningsaðilar og ríki sem sækir um skulu gera með sér samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild. Slíkt samkomulag skal lagt fyrir alla samningsaðila til fullgildingar eða samþykktar í samræmi við eigin reglur þeirra.

129. gr.

1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Samningnum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- og samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl sín til vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Lokafrestur varðandi þá tilkynningu skal vera 30. júní 1993. Eftir þann dag skulu samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta stöðu mála.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Oporto annan dag maímánaðar árið nítján hundruð níutíu og tvö.

BÓKUN 1

UM ALTÆKA AÐLÖGUN

Ákvæði gerða sem vísað er til í viðaukum við samninginn skulu gilda í samræmi við samninginn og þessa bókun, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi viðauka. Sérstök nauðsynleg aðlögun fyrir einstakar gerðir er að finna í þeim viðauka þar sem viðkomandi gerð er skráð.

1. Inngangur að gerðum

Inngangsorð gerða sem vísað er til eru ekki aðhæfð hvað samninginn varðar. Mikilvægi þeirra fer eftir því hversu nauðsynleg þau eru fyrir rétta túlkun og beitingu, innan ramma samningsins, þeirra ákvæða sem í gerðunum felast.

2. Ákvæði um EB-nefndir

Í 81., 100. og 101. gr. samningsins og bókun 31 er fjallað um starfshætti, fyrirkomulag stofnana, eða önnur ákvæði um EB-nefndir í gerðunum sem vísað er til.

3. Ákvæði um tilhögun aðlögunar/breytinga á gerðum bandalagsins

Ef gerð sem vísað er til gerir ráð fyrir Evrópubandalagstilhögun við aðlögun, útvíkkun eða breytingu á gerðinni eða þróun nýrrar stefnu, frumkvæðis eða gerða innan bandalagsins gilda viðeigandi reglur um ákvarðanatöku samkvæmt samningnum.

4. Tilhögun varðandi upplýsingaskipti og tilkynningar

a) Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA-ríkjanna slíkar upplýsingar. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.

b) Þegar aðildarríki EB ber að veita einu eða fleiri aðildarríkjum EB upplýsingar skal það einnig veita framkvæmdastjórn EB þessar upplýsingar og skal hún koma þeim á framfæri við fastanefndina sem dreifir þeim til EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríki skal veita einu eða fleiri EFTA-ríkjum samsvarandi upplýsingar og einnig fastanefndinni sem kemur upplýsingunum á framfæri við framkvæmdastjórn EB er dreifir þeim til aðildarríkja EB. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að veita upplýsingarnar.

c) Á sviðum þar sem brýn þörf er á skjótvirkri upplýsingamiðlun ber að leita viðeigandi lausna fyrir einstök svið til þess að greiða fyrir beinum upplýsingaskiptum.

d) Störf framkvæmdastjórnar EB vegna tilhögunar við sannprófun eða samþykki, upplýsingar, tilkynningar eða ráðgjöf og skyld málefni skulu að því er EFTA-ríkin varðar fara fram í samræmi við starfsreglur þeirra. Þetta gildir með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 7. mgr. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu skiptast á öllum upplýsingum um þessi málefni. Öllum ágreiningsefnum sem upp koma í þessu samhengi má vísa til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

5. Skýrslugerð

Þegar framkvæmdastjórn EB eða önnur stofnun EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að vinna að skýrslu eða mati eða öðru slíku, skal eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, nema annað sé ákveðið, samtímis gera, eftir því sem við á, samsvarandi skýrslu eða mat eða annað slíkt, með tilliti til EFTA-ríkjanna. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu hafa samráð sín í milli og skiptast á upplýsingum meðan á skýrslugerðinni stendur en afrit af skýrslunum skal senda sameiginlegu EES-nefndinni.

6. Birting upplýsinga

a) Þegar aðildarríki EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að birta ákveðnar upplýsingar um staðreyndir, málsmeðferð og annað slíkt skulu EFTA-ríkin einnig, samkvæmt samningnum, birta viðkomandi upplýsingar á samsvarandi hátt.

b) Þegar birta á, samkvæmt gerð sem vísað er til, staðreyndir, málsmeðferð, skýrslur og annað slíkt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skal birta þar samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild. ([1])

7. Réttindi og skyldur

Líta ber á réttindi og skyldur aðildarríkja Evrópubandalagsins eða opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðru sem réttindi og skyldur samningsaðila, og er með samningsaðilum einnig átt við, eftir atvikum, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

8. Tilvísanir til yfirráðasvæða

Þegar gerðirnar sem vísað er til hafa að geyma tilvísanir til yfirráðasvæðis „bandalagsins" eða „sameiginlega markaðarins" ber að líta svo á, að því er samninginn varðar, að þær séu tilvísanir til yfirráðasvæða samningsaðila samkvæmt skilgreiningu í 126. gr. samningsins.

9. Tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB

Þegar gerðirnar sem vísað er til hafa að geyma tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB ber að líta svo á, að því er samninginn varðar, að þær séu einnig tilvísanir til ríkisborgara EFTA-ríkjanna.

([1]) Í efnisyfirliti EES-deildarinnar yrði einnig vísað til þess hvar umræddar upplýsingar varðandi Evrópubandalagið og aðildarríki þess væri að finna.

10. Tilvísanir til tungumála

Þegar gerð sem vísað er til veitir aðildarríkjum EB eða opinberum stofnunum þeirra, fyrirtækjum eða einstaklingum réttindi eða setur þeim skyldur um notkun einhvers hinna opinberu tungumála Evrópubandalaganna, ber að líta svo á að samsvarandi réttindi og skyldur um notkun á einhverju opinberu tungumáli allra samningsaðila eigi við um samningsaðila, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

11. Gildistaka og framkvæmd gerða

Ákvæði um gildistöku eða framkvæmd þeirra gerða sem vísað er til í viðaukum við samninginn eiga ekki við að því er samninginn varðar. Tímamörk og dagsetningar fyrir gildistöku og framkvæmd EFTA-ríkja á þeim gerðum sem vísað er til miðast við 3. mgr. 129. gr. samningsins, svo og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag.

12. Viðtakendur gerða bandalagsins

Ákvæði þar sem þess er getið að gerð bandalagsins sé beint til aðildarríkja bandalagsins eiga ekki við að því er samninginn varðar.

BÓKUN 2

UM FRAMLEIÐSLUVÖRUR SEM FALLA EKKI UNDIR GILDISSVIÐ SAMNINGSINS Í SAMRÆMI VIÐ A-LIÐ 3. MGR. 8. GR.

Eftirtaldar vörur sem falla undir 25. – 97. kafla samræmdu tollskrárinnar heyra ekki undir gildissvið samningsins:

ST-númer	Vörulýsing
35.01	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím
35.02	Albúmín, albúmínöt og aðrar albúmínafleiður
10	– Eggjaalbúmín
úr 10	– – Annað en það sem er eða gert verður óhæft til manneldis
90	– Annað:
úr 90	– – Mjólkuralbúmín (lactalbumin), annað en það sem er eða gert verður óhæft til manneldis
35.05	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (til dæmis forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:
10	– Dextrín og önnur umbreytt sterkja
úr 10	– – Esteruð eða eteruð sterkja

BÓKUN 3

UM FRAMLEIÐSLUVÖRUR SEM UM GETUR Í B-LIÐ 3. MGR. 8. GR. SAMNINGSINS

I. KAFLI

ALMENNT ÁKVÆÐI

1. gr.

Beiting EES-ákvæða

Með fyrirvara um ákvæði þessarar bókunar og sé annað ekki tilgreint í samningnum gilda ákvæði hans um þær framleiðsluvörur sem taldar eru upp í töflu I og II.

II. KAFLI

VERÐJÖFNUN

2. gr.

Almenn meginregla um verðjöfnun

1. Til að taka mið af mismiklum kostnaði við þau hráefni úr landbúnaði sem notuð eru við framleiðslu varanna í töflu I er í samningnum ekki komið í veg fyrir beitingu verðjöfnunar hvað þær varðar. Hér er átt við álagningu breytilegra gjalda við innflutning og endurgreiðslu við útflutning.

2. Geri samningsaðili ráðstafanir innanlands til lækkunar hráefnisverðs til vinnsluiðnaðar skal tekið tillit til þeirra við útreikning verðjöfnunarfjárhæða.

3. gr.

Nýtt reiknikerfi

1. Með fyrirvara um skilyrði og sérákvæði í 4. – 9. gr. skal verðjöfnun reiknuð á grundvelli þess hráefnismagns sem í raun er notað við framleiðslu vörunnar og á grundvelli viðmiðunarverðs sem staðfest er sameiginlega.

2. Samningsaðilar skulu ekki, nema kveðið sé á um annað í 1. gr. 1. viðbætis, leggja tolla eða önnur fastagjöld á innfluttar vörur er falla undir kerfið sem um getur í 1. mgr.

3. Skrá yfir hráefni sem geta fallið undir verðjöfnun hjá hverjum samningsaðila er að finna í 2. viðbæti. Reglurnar um breytingar á skránni er að finna í 3. viðbæti.

4. gr.

Yfirlýsing um hráefni

1. Þegar yfirlýsing um hráefni sem notuð voru við framleiðslu er lögð fram við innflutning hjá yfirvöldum innflutningsríkis skulu þau, nema þau telja að ástæða sé til að efast um áreiðanleika upplýsinga í yfirlýsingunni, reikna út breytileg gjöld í hlutfalli við nettóþunga þeirrar framleiðsluvöru sem framvísað er til afgreiðslu og þess hráefnismagn sem tilgreint er í yfirlýsingunni.

2. Reglur um þær yfirlýsingar sem nota skal og á hvern hátt þær skulu lagðar fram er að finna í 4. viðbæti.

5. gr.

Sannprófun yfirlýsinga

1. Samningsaðilar skulu aðstoða hver annan við að sannprófa áreiðanleika yfirlýsinganna.

2. Framkvæmdaratriði við sannprófanir yfirlýsinga er að finna í 5. viðbæti.

6. gr.

Viðmiðunarverð

1. Samningsaðilar skulu tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um hráefnisverð sem fellur undir verðjöfnunaraðgerðir. Tilkynnt verð skal endurspegla raunverulegt verðlag á yfirráðasvæði samningsaðila. Þetta skal vera það verð sem vinnsluiðnaður greiðir yfirleitt á heildsölu- eða á framleiðslustigi. Ef hráefni úr landbúnaði er fáanlegt til vinnsluiðnaðar, eða einhverrar greinar hans, á lægra verði en á innanlandsmarkaði skal laga tilkynninguna til samræmis við það.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal staðfesta reglulega á grundvelli tilkynninganna það viðmiðunarverð sem nota ber við útreikning verðjöfnunarfjárhæða.

3. Framkvæmdaratriði vegna viðmiðunarverðs, tilkynninga og aðferða við staðfestingu viðmiðunarverðs er að finna í 6. viðbæti.

7. gr.

Stuðlar

1. Samningsaðilar skulu nota samþykkta stuðla við umreikning viðkomandi hráefnismagns í hráefnismagn með staðfestu viðmiðunarverði.

2. Skrá yfir stuðla sem ber að nota er að finna í 7. viðbæti.

8. gr.

Mismunur á viðmiðunarverði

Verðjöfnunarfjárhæð hvers hráefnis skal ekki vera hærri en sem nemur muninum á innlendu viðmiðunarverði og lægsta viðmiðunarverði hjá nokkrum samningsaðila.

9. gr.

Hámark verðjöfnunarfjárhæða

Samningsaðili skal ekki leggja á framleiðsluvöru frá öðrum samningsaðila breytilegt verðjöfnunargjald sem er hærra en sá tollur eða fastagjald sem hann lagði á viðkomandi vöru samningsaðilans 1. janúar 1992. Þetta hámark á einnig við hafi tolli eða fastagjaldi verið stýrt með tollkvóta, en ekki hafi viðkomandi vara heyrt undir verðjöfnunaraðgerðir 1. janúar 1992, auk tollsins eða fastagjaldsins.

III. KAFLI

ÖNNUR ÁKVÆÐI

10. gr.

II. kafla ekki beitt um framleiðsluvörur í töflu II

1. Ákvæðum II. kafla skal ekki beitt um framleiðsluvörur í töflu II. Hvað varðar þessar framleiðsluvörur sérstaklega, mega samningsaðilar ekki leggja á þessar afurðir innflutningstolla eða gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, að meðtöldu breytilegu gjaldi, né heimila endurgreiðslu við útflutning.

2. Í 2. gr. 1. viðbætis er gerð grein fyrir sérstökum ráðstöfunum um innflutningstolla og önnur fastagjöld að því er varðar framleiðsluvörur þær sem um getur í 1. mgr.

11. gr.

Beiting bókunar 2

Að svo miklu leyti sem um er að ræða viðskipti milli EFTA-ríkis og bandalagsins með framleiðsluvörur sem viðeigandi tafla í bókun 2 við fríverslunarsamninginn tekur til og með fyrirvara um ákvæði 6. gr. 1. viðbætis við þessa bókun, gilda ákvæði bókunar 2 og bókunar 3, við hlutaðeigandi fríverslunarsamning svo og önnur viðeigandi ákvæði fríverslunarsamningsins:

- ef varan er skráð í töflu I en skilyrðum fyrir beitingu kerfisins sem gerð er grein fyrir í 3. – 9. gr. er ekki fullnægt, eða
- ef varan fellur undir 1. – 24. kafla ST en er ekki skráð í töflu I eða II, eða
- ef varan er skráð í bókun 2 við þennan samning.

12. gr.

Gagnsæi

1. Samningsaðilar skulu veita sameiginlegu EES-nefndinni, eins skjótt og kostur er og í síðasta lagi tveimur vikum eftir gildistöku þeirra, allar upplýsingar um beitingu verðjöfnunaraðgerða á grundvelli kerfisins sem gerð er grein fyrir í 3. – 9. gr. Samningsaðili getur krafist rannsóknar á slíkum aðgerðum innan sameiginlegu EES-nefndarinnar í ljósi fyrrnefndra ákvæða.

2. Beiti samningsaðili, af eigin hvötum eða á grundvelli samninga, svipuðu kerfi og því sem gerð er grein fyrir í 3. – 9. gr. hvað varðar framleiðsluvörur sem eru ekki skráðar í töflu I, eða eru skráðar í þeirri töflu en koma frá þriðja landi, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni.

3. Samningsaðilar skulu einnig tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um eigin aðgerðir til lækkunar á hráefnisverði til vinnsluiðnaðar.

4. Samningsaðili getur farið fram á umræður í sameiginlegu EES-nefndinni um þau kerfi og aðgerðir sem um getur í 2. og 3. mgr.

13. gr.

Sérstakt landsbundið fyrirkomulag

Í 4. – 6. gr. 1. viðbætis er fjallað um sérstakt fyrirkomulag vegna Austurríkis, Finnlands, Íslands og Noregs.

14. gr.

Endurskoðun

Á tveggja ára fresti skulu samningsaðilar endurskoða þróun viðskipta sinna með unnar landbúnaðarvörur. Fyrsta endurskoðunin skal fara fram fyrir árslok 1993. Í ljósi þessarar endurskoðunar munu samningsaðilar ákvarða hvort bókunin skuli hugsanlega taka til fleiri vara og hvort hugsanlegt sé að afnema þá tolla og önnur gjöld sem eftir standa og vísað er til í 1. og 2. gr. 1. viðbætis.

1. VIÐBÆTIR

1. gr.

1. Samningsaðilar geta, til viðbótar breytilegu verðjöfnunargjaldi, lagt tolla eða önnur fastagjöld sem eru ekki hærri en 10% á eftirtaldar vörur:

2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni

2. Samningsaðilar skulu stig af stigi afnema tolla og önnur fastagjöld á eftirtöldum vörum í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) 1. janúar 1993 skal lækka hvern toll í fimm sjöttu hluta af grunntoll;

b) fimm lækkanir til viðbótar um einn sjötta hluta hver skulu verða 1. janúar 1994, 1. janúar 1995, 1. janúar 1996, 1. janúar 1997 og 1. janúar 1998.

1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:
	20 – Pektínefni, pektínöt og pektöt
úr 20	– – Sem innihalda 5% eða meira af viðbættum sykri miðað við þunga
1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:
	10 – Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:
úr 10	– – Sem inniheldur meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga
	90 – Annað:
úr 90	– – Sem inniheldur meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga
2106	Matvæli, ót.a.:
úr 2106	– Þó ekki sykursíróp með bragðefnum eða litarefnum:
	– – Sem inniheldur meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga

3. Samningsaðilar skulu stig af stigi lækka tolla og önnur fastagjöld á eftirtöldum vörum í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) 1. janúar 1993 skal lækka hvern toll í 90% af grunntolli;

b) fjórar lækkanir til viðbótar, hver þeirra 10%, skulu verða 1. janúar 1994, 1. janúar 1995, 1. janúar 1996 og 1. janúar 1997.

1702 Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn mjólkursykur (laktósi), maltsykur (maltósi), þrúgusykur (glúkósi) og ávaxtasykur (frúktósi), í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragð- né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:

50 – Kemískt hreinn ávaxtasykur (frúktósi).

2. gr.

1. Samningsaðilar skulu stig af stigi afnema innflutningstolla og önnur fastagjöld á eftirtöldum vörum í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) 1. janúar 1993 skal lækka hvern toll í fimm sjöttu hluta af grunntolli;

b) fimm lækkanir til viðbótar um einn sjötta hluta hver skulu verða 1. janúar 1994, 1. janúar 1995, 1. janúar 1996, 1. janúar 1997 og 1. janúar 1998.

1302 Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:

20 – Pektínefni, pektínöt og pektöt
úr 20 – – Sem innihalda minna en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga

2. Samningsaðilar skulu stig af stigi lækka innflutningstolla og önnur fastagjöld á eftirtöldum framleiðsluvörum í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) 1. janúar 1993 skal lækka hvern toll í 90% af grunntolli;

b) fjórar lækkanir til viðbótar, hver þeirra 10%, skulu verða 1. janúar 1994, 1. janúar 1995, 1. janúar 1996 og 1. janúar 1997.

1702 Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn mjólkursykur (laktósi), maltsykur (maltósi), þrúgusykur (glúkósi) og ávaxtasykur (frúktósi), í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragð- né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:

90 – Annað, þar með taldar einsykrur:
úr 90 – – Kemískt hreinn maltsykur (maltósi)

3. gr.

1. Grunntollarnir sem lækka skal í áföngum samkvæmt 1. og 2. gr. eru, að því er hverja vöru varðar, þeir tollar sem samningsaðili lagði í raun á vörur frá öðrum samningsaðila 1. janúar 1992. Ef, eftir 1. janúar 1992, tollalækkanir sem stafa af marghliða viðskiptaviðræðunum sem kenndar hafa verið við Úrúgvæ öðlast gildi skulu slíkir lækkaðir tollar notaðir sem grunntollar.

2. Lækkuðu tollunum skal beitt þannig að lækkað er niður í fyrsta aukastaf með því að eyða öðrum aukastafnum.

4. gr.

1. Að því er Finnland varðar skulu ákvæði 9. gr. bókunarinnar ekki gilda um vörur í ST-nr. 1517 og 2007.

2. Að því er Noreg varðar skulu ákvæði 9. gr. bókunarinnar ekki gilda um vörur í ST-nr. 2007, 2008 og 2104.

5. gr.

1. Að því er Ísland varðar skulu ákvæði bókunarinnar ekki gilda um eftirtaldar framleiðsluvörur:

2105	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi
2106	Matvæli, ót.a.:
	90 – Annað
	úr 90 – – Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd

Þetta bráðabirgðafyrirkomulag ber samningsaðilum að taka til endurskoðunar fyrir árslok 1998.

2. Að því er Ísland varðar skal það hámark verðjöfnunarfjárhæða sem lagðar eru á við innflutning og gert er ráð fyrir í 9. gr. bókunarinnar ekki gilda um Ísland vegna framleiðsluvara í ST-nr. 0403, 1517, 1806, 1901, 1902, 1905, 2007, 2103 og 2104.

Upphæð aðflutningsgjalda sem lögð eru á við innflutning skal þó að öðru leyti aldrei vera hærri en það sem Ísland leggur á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.

6. gr.

1. Að því er Austurríki varðar skal 16. gr. samningsins gilda um vörur í ST-nr. 2208 í síðasta lagi frá 1. janúar 1996. Leyfiskerfið sem Austurríki beitir vegna þessara vara skal þó fært í frjálsræðisátt og leyfi veitt sjálfkrafa frá 1. janúar 1993.

Austurríki skal, á tímabilinu frá 1. janúar 1993 til 1. janúar 1996 og í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun, lækka stig af stigi tolla sem við landamærin eru lagðir á áfengar drykkjarvörur og ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál í nr. 2208.

a) 1. janúar 1993 skal lækka um 15% þann toll sem í raun gilti 1. janúar 1991,

b) frekari 15% lækkun skal verða 1. janúar 1994,

c) frekari 30% lækkun skal verða 1. janúar 1995, og

b) loks skal verða 40% lækkun 1. janúar 1996.

Lækkuðu tollunum skal beitt þannig að lækkað er niður í fyrsta aukastaf með því að eyða öðrum aukastafnum.

Þrátt fyrir það sem að framan segir mun Austurríki, með hliðsjón af tollaívilnunum sem Efnahagsbandalagi Evrópu veitast í viðskiptasamningi um ákveðnar landbúnaðarvörur upprunnar í bandalaginu, afnema innflutningstolla á eftirtöldum vörum frá 1. janúar 1993:

2208	úr 30	Írskt viskí
	40	Romm og tafía
	úr 90	Írskir rjómalíkjörar og Ouzo

2. Að því er varðar aðra tolla og skatta sem lagðir eru á áfengar drykkjarvörur í ST-nr. 2208 mun Austurríki fara að ákvæðum 14. gr. samningsins.

3. a) Austurríki skal beita ákvæðum samningsins um eftirtaldar framleiðsluvörur í síðasta lagi frá 1. janúar 1997:

3505		Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:
	10 –	Dextrín og önnur umbreytt sterkja:
	úr 10 – –	Þó ekki sterkja, esteruð eða eteruð
	20 –	Lím
3809		Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í spuna-, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.:
	10 –	Að stofni til úr sterkjukenndum efnum
	– –	Annað:
	úr 91 – –	Sem notað er í textíliðnaði eða skyldum iðnaði:
		– Sem inniheldur sterkju eða vörur úr sterkju
	úr 92 – –	Sem notað er í pappírsiðnaði eða skyldum iðnaði:
		– Sem inniheldur sterkju eða vörur úr sterkju
	úr 99 – –	Annað:
		– Sem inniheldur sterkju eða vörur úr sterkju

3823	Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, ót.a.:
	10 – Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna:
úr 10 – –	Að stofni til úr sterkju eða dextrínsterkju
	90 – Annað:
úr 90 – –	Sem inniheldur 30% eða meira miðað við þunga af sykri, sterkju, vörum úr sterkju eða vörum í nr. 0401 til 0404

b) Á meðan Austurríki beitir ekki ákvæðum samningsins hvað framangreindar vörur varðar eru ákvæði fríverslunarsamningsins milli EBE og Austurríkis um tvíhliða viðskipti í þessum geira, að meðtöldum upprunareglum bókunar 3 og öllum öðrum viðeigandi ákvæðum, áfram í gildi. Með sömu skilyrðum, hvað varðar viðskipti milli Austurríkis og annarra EFTA-ríkja með framangreindar vörur, eru 21. gr. í EFTA-samningnum og viðauki B við hann, svo og öll önnur viðeigandi ákvæði áfram í gildi.

2. VIÐBÆTIR

Skrá yfir hráefni sem falla undir verðjöfnun eins og um getur í 3. mgr. 3. gr. bókunarinnar

3. VIÐBÆTIR

Aðferð við að breyta skránni yfir hráefni sem falla undir verðjöfnun eins og um getur í 3. mgr. 3. gr. og 2. viðbæti við bókunina

4. VIÐBÆTIR

Reglur um þær yfirlýsingar sem nota á og hvernig þær eru lagðar fram eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. bókunarinnar

5. VIÐBÆTIR

Framkvæmdaratriði við sannprófanir yfirlýsinga eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. bókunarinnar

6. VIÐBÆTIR

Framkvæmdaratriði vegna viðmiðunarverðs, tilkynningakerfis og aðferða við staðfestingu viðmiðunarverðs eins og um getur í 3. mgr. 6. gr. bókunarinnar

7. VIÐBÆTIR

Skrá yfir stuðla sem ber að nota og um getur í 2. mgr. 7. gr. bókunarinnar

TAFLA I

ST-númer	Vörulýsing
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:
10	– Jógúrt:
úr 10	– – Bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói
90	– Annað:
úr 90	– – Bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói
0710	Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:
40	– Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
0711([2])	Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvíildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:
90	– Aðrar matjurtir; matjurtablöndur
úr 90	– – Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:
20	– Pektínefni, pektínöt og pektöt
úr 20	– – Sem innihalda 5% eða meira miðað við þunga af viðbættum sykri

([2]) Athugasemd: ST-númerin 0711, 2001, 2004: Sykurmaís sem talinn er í þessum vöruliðum tekur ekki til blöndu af sykurmaís og öðrum vörum í þessum vöruliðum.

ST-númer	Vörulýsing
1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516:
10	– Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki
úr 10	– – Sem inniheldur meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga
90	– Annað:
úr 90	– – Sem inniheldur meira en 10% en þó ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga
1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn mjólkursykur (laktósi), maltsykur (maltósi), þrúgusykur (glúkósi) og ávaxtasykur (frúktósi), í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragð- né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:
50	– Kemískt hreinn ávaxtasykur (frúktósi)
1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds
1806	Súkkulaði og önnur matvæli sem innihalda kakaó
1901	Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401 – 0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.
1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:
	– Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:
11	– – Með eggjainnihaldi

ST-númer		Vörulýsing
	19	– – Annað
	20	– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
	úr 20	– – Þó ekki vörur sem innihalda meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði, eða blöndum af því
	30	– Önnur pasta
	40	– Couscous
1903		Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd
1904		Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt
1905		Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur
2001		Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru:
	90	– Annað:
	úr 90	– – Sykurmaís (Zea mays var. saccharata); kínverskar kartöflur, sætar kartöflur og aðrir áþekkir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þunga
2004		Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:
	10	– Kartöflur:
	úr 10	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
	90	– Aðrar matjurtir og matjurtablöndur
	úr 90	– – Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)

ST-númer	Vörulýsing
2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:
20	– Kartöflur:
úr 20	– – Fín- eða grófmalaðar eða flögur
80	– Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni
2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.:
	– Hnetur, jarðhnetur og önnur fræ, einnig blandað saman:
11	– – Jarðhnetur:
úr 11	– – – Hnetusmjör
	– Annað, þar með talið blöndur, aðrar en í nr. 2008 19:
92	– – Blöndur:
úr 92	– – – Að meginstofni úr korni
99	– – Annað:
úr 99	– – – Maís (korn), annað en sykurmaís (Zea mays var. saccharata)
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar kaffifíflarætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim:
10	– Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:

ST-númer		Vörulýsing
	úr 10	– – Sem inniheldur 1,5% eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af mjólkurprótíni, 5% eða meira af sykri eða 5% eða meira af sterkju miðað við þunga
	20	– Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté:
	úr 20	– – Sem inniheldur 1,5% eða meira af mjólkurfitu, 2,5% eða meira af prótíni, 5% eða meira af sykri eða 5% eða meira af sterkju miðað við þunga
	30	– Brenndar kaffiflarætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim:
	úr 30	– – Annað brennt kaffilíki en brenndar kaffiflarætur; kjarni, kraftur og seyði úr öðru brenndu kaffilíki en brenndum kaffiflarótum:
2102		Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft:
	10	– Lifandi ger:
	úr 10	– – Annað en brauðger, þó ekki það sem notað er í skepnufóður
	20	– Dautt ger; aðrar einfruma örverur, dauðar:
	úr 20	– – Annað en það sem notað er í skepnufóður
	30	– Unnið bökunarduft
2103		Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:
	20	– Tómatsósur
	30	– Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað og unninn mustarður (sinnep):
	úr 30	– – Unninn mustarður (sinnep) sem inniheldur meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga
	90	– Annað:

ST-númer	Vörulýsing
úr 90	– – Annað en mangómauk (mango chutney), fljótandi
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það, jafnblönduð samsett matvæli
2105	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi
2106	Matvæli, ót.a.:
úr 2106	– Þó ekki sykursíróp með bragðefnum eða litarefnum
2203	Öl gert úr malti
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum
2208	Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:
50	– Gin og genever
90	– Annað:
úr 90	– – Líkjörar sem innihalda meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga; vodka og ákavíti (brennivín)
2209	Edik og edikslíki fengið úr ediksýru

ST-númer	Vörulýsing
2905	Raðtengd alkóhól ásamt halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra:
	– Önnur fjölhydrísk alkóhól:
43	– – Mannitól
44	– – D-glúkitól (sorbitól)
3505	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:
úr 3505	– Þó ekki sterkja, esteruð eða eteruð (úr 10)
3809	Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í textíl-, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.:
10	– Að stofni til úr sterkjukenndum efnum
3823	Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, ót.a.:
60	Sorbitól, annað en í nr. 2905 44

TAFLA II

ST-númer		Vörulýsing
0901		Kaffi, einnig brennt eða koffeínsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki sem inniheldur eitthvað af kaffi
0902		Te
1302		Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:
		– Jurtasafar og jurtakjarnar:
	12	– – Úr lakkrísplöntu
	13	– – Úr humli
	20	– Pektínefni, pektínöt og pektöt:
	úr 20	– – Sem inniheldur minna en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga
		– Jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:
	31	– – Agar
	32	– – Jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr fuglatrésbaunum, -fræi eða gúarfræi
	39	– – Annað
1404		Vörur úr jurtaríkinu, ót.a.:
	20	– Baðmullardúnn

ST-númer	Vörulýsing
1516	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
20	– Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra:
úr 20	– – Vetnuð laxerolía, svonefnt ópalvax
1518	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516; blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis úr feiti eða olíum dýra- eða jurtaríkisins eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla, ót.a.:
úr 1518	– Línoxýn
1519	Einbasískar karboxyfitusýrur frá iðnaði; sýruolía frá hreinsun; feitialkóhól frá iðnaði:
úr 1519	– Annað en það sem notað er í skepnufóður
1520	Glýseról (glýserín), einnig hreint; glýserólvatn og glýseróllútur
1521	Jurtavax (annað en tríglýseríð), býflugnavax, annað skordýravax og hvalaraf, einnig hreinsað eða litað
1522	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi
1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn mjólkursykur (laktósi), maltsykur (maltósi), þrúgusykur (glúkósi) og ávaxtasykur (frúktósi), í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragð- né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrlegu hunangi; karamel:
90	– Annað, þar með taldar einsykrur:
úr 90	– – Kemískt hreinn maltsykur (maltósi)
1803	Kakaódeig, einnig fitusneytt
1804	Kakaósmjör, kakaófeiti og kakaóolía

ST-númer	Vörulýsing
1805	Kakaóduft, án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna
2002	Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru:
90	– Aðrir en heilir eða hlutaðir
2008	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða áfengi, ót.a.:
	– Annað, þar með taldar blöndur, aðrar en í nr. 2008 19:
91	– – Pálmakjarni
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar kaffifíflarætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim:
10	– Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:
úr 10	– – Sem inniheldur ekki mjólkurfitu, prótín, sykur eða sterkju eða sem inniheldur minna en 1,5% af mjólkurfitu, 2,5% af prótíni, 5% af sykri eða 5% af sterkju miðað við þunga
20	– Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté:
úr 20	– – Án mjólkurfitu, prótíns, sykurs eða sterkju eða með minna en 1,5% af mjólkurfitu, 2,5% af prótíni, 5% af sykri eða 5% af sterkju miðað við þunga

ST-númer		Vörulýsing
	30	– Brenndar kaffifíflarætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim:
	úr 30	– – Brenndar kaffifíflarætur; kjarni, kraftur og seyði úr brenndum kaffifíflarótum
2103		Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður:
	10	– Sojasósa
	30	– Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður (sinnep):
	úr 30	– – Mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað; unninn mustarður (sinnep) sem inniheldur minna en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga
	90	– Annað:
	úr 90	– – Mangómauk (mango chutney), fljótandi
2201		Vatn, þar með talið náttúrlegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt; ís og snjór
2208		Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:
	20	– Áfengir vökvar eimaðir úr þrúguvíni eða þrúguhrati:
	30	– Viskí
	40	– Romm og tafía
	90	– Annað:
	úr 90	– – Annað en líkjörar sem innihalda meira en 5% af viðbættum sykri miðað við þunga, vodka og ákavíti (brennivín)

BÓKUN 4

UM UPPRUNAREGLUR

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR — ALMENN ÁKVÆÐI

— 1. gr. Skilgreiningar

II. BÁLKUR — SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

— 2. gr. Upprunaviðmiðanir
— 3. gr. Vara að öllu leyti fengin
— 4. gr. Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu
— 5. gr. Ófullnægjandi aðvinnsla
— 6. gr. Skilgreiningareining
— 7. gr. Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri
— 8. gr. Samstæður
— 9. gr. Atriði sem hafa ekki áhrif

III. BÁLKUR — SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

— 10. gr. Meginregla um yfirráðasvæði
— 11. gr. Aðvinnsla utan EES
— 12. gr. Endurinnflutningur á vörum
— 13. gr. Beinn flutningur
— 14. gr. Sýningar

IV. BÁLKUR — ENDURGREIÐSLA EÐA UNDANÞÁGA

— 15. gr. Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum

V. BÁLKUR — SÖNNUN Á UPPRUNA

— 16. gr. Almennar kröfur
— 17. gr. Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis
— 18. gr. EUR.1-flutningsskírteinið gefið út eftir á
— 19. gr. Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu
— 20. gr. Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður
— 21. gr. Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi
— 22. gr. Viðurkenndur útflytjandi
— 23. gr. Gildistími sönnunar á uppruna
— 24. gr. Sönnun á uppruna lögð fram
— 25. gr. Innflutningur í áföngum
— 26. gr. Undanþágur frá formlegum sönnunum á uppruna
— 27. gr. Yfirlýsing birgis
— 28. gr. Fylgiskjöl
— 29. gr. Varðveisla sönnunar á uppruna, yfirlýsinga birgis og fylgiskjala
— 30. gr. Ósamræmi og villur í framsetningu
— 31. gr. Fjárhæðir í ECU

VI. BÁLKUR — FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

— 32. gr. Gagnkvæm aðstoð
— 33. gr. Sannprófun vegna sönnunar á uppruna
— 34. gr. Sannprófun á yfirlýsingu birgis
— 35. gr. Lausn deilumála
— 36. gr. Viðurlög

VII. BÁLKUR — CEUTA OG MELILLA

— 37. gr. Ákvæði sem gilda um Ceuta og Melilla
— 38. gr. Sérstakir skilmálar

SKRÁ YFIR VIÐBÆTA

I. viðbætir: Skýringar við skrá II. viðbætis
II. viðbætir: Skrá yfir tilskilda aðvinnslu efna sem ekki teljast upprunaefni til að framleiðsluvaran öðlist upprunaréttindi
III. viðbætir: EUR.1-flutningsskírteinið og umsókn um EUR.1-flutningsskírteini
IV. viðbætir: Yfirlýsing á vörureikningi
V. viðbætir: Yfirlýsing birgis
VI. viðbætir: Langtímayfirlýsing birgis
VII. viðbætir: Skrá yfir framleiðsluvörur sem um getur í 3. mgr. 2. gr. og eru tímabundið undanskildar gildissviði þessarar bókunar, þó ekki ákvæðum IV. – VI. bálks
VIII. viðbætir: Skrá yfir framleiðsluvörur sem um getur í 2. mgr. 2. gr. og um gildir að yfirráðasvæði Austurríkis telst ekki til EES að því er varðar ákvörðun um uppruna

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Að því er þessa bókun varðar merkir:

a) „framleiðsla“ hvers konar aðvinnslu, þar með er talin samsetning eða sérvinnsla;

b) „efni“ hvers konar efnisþátt, hráefni, íhluta eða hluta o. s. frv. sem notað er við framleiðslu vörunnar;

c) „framleiðsluvara“ vöru sem er framleidd, jafnvel þótt fyrirhugað sé að nota hana við annars konar framleiðslu síðar;

d) „vara“ bæði efni og framleiðsluvörur;

e) „tollverð“ verð sem ákveðið er í samræmi við samning um framkvæmd VII. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, gerður í Genf 12. apríl 1979;

f) „verksmiðjuverð“ verð sem framleiðanda er greitt fyrir framleiðsluvöruna frá verksmiðju innan EES hafi lokaaðvinnsla vörunnar farið fram í fyrirtæki hans, eða það verð sem þeim einstaklingi innan EES sem sá um að koma vörunni í lokaaðvinnslu utan EES, er greitt, að því tilskildu að í verðinu sé innifalið verðmæti alls efnis sem notað er, að frádregnum innlendum álögum sem hafa verið endurgreiddar eða endurgreiða má þegar varan sem er fengin er flutt út;

g) „verðmæti efnis“ tollverð við innflutning á efni sem notað hefur verið og er ekki upprunaefni eða, ef það er ekki þekkt og ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sýnt er fram á að greitt hafi verið fyrir efnið innan EES;

h) „verðmæti upprunaefna“ verðmæti slíkra efna eins og skilgreint er í g-lið að breyttu breytanda;

i) „kaflar“ og „vöruliðir“ kaflar og vöruliðir (fjögurra tölustafa tákn) í nafnaskránni sem myndar samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrána; og í þessari bókun er vísað til sem „samræmdu tollskrárinnar“ eða ST;

j) „flokkun“ flokkun framleiðsluvara eða efna undir tilteknum vörulið;

k) „vörusending“ framleiðsluvörur sem eru annaðhvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða vörur sem hafðar eru á sama flutningsskjali vegna flutnings frá útflytjanda til viðtakanda eða á sama vörureikningi ef flutningsskjal er ekki fyrir hendi.

II. BÁLKUR

SKILGREINING HUGTAKSINS „UPPRUNAVÖRUR“

2. gr.

Upprunaviðmiðanir

1. Framleiðsluvara telst upprunnin á EES í skilningi þessa samnings ef hún er að öllu leyti fengin eða hefur hlotið nægilega aðvinnslu á EES. Yfirráðasvæði samningsaðila, ásamt landhelgi, sem þessi samningur tekur til, skal teljast eitt yfirráðasvæði að því er þetta varðar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal yfirráðasvæði Lýðveldisins Austurríkis, fram til 1. janúar 1997, ekki heyra undir EES að því er varðar ákvörðun um uppruna framleiðsluvara sem um getur í VIII. viðbæti og slíkar vörur skulu því aðeins teljast upprunnar á EES að þær séu að öllu leyti framleiddar eða hafi hlotið nægilega aðvinnslu á yfirráðasvæðum hinna samningsaðilanna.

3. Þær vörur sem taldar eru upp í VII. viðbæti skulu ekki heyra undir gildissvið þessarar bókunar að sinni. Þó skulu ákvæði IV.–VI. bálks gilda að breyttu breytanda um þessar vörur.

3. gr.

Vara að öllu leyti fengin

1. Eftirtaldar vörur teljast að öllu leyti fengnar á EES:

a) jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess;

b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;

c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;

d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;

e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar;

f) sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi samningsaðila af skipum þeirra;

g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum samningsaðila, eingöngu úr afurðum sem getið er í f-lið;

h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;

i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;

j) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til i-lið.

2. Orðin „skip þeirra" og „verksmiðjuskip samningsaðila" í f- og g-lið 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip:

a) sem eru skráð eða skrásett í aðildarríki EB eða EFTA-ríki;

b) sem sigla undir fána aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu þessara ríkja enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög;

d) þegar skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis; og

e) þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja.

4. gr.

Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu

1. Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem ekki eru að öllu leyti fengnar á EES teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu þar hafi skilyrðum í II. viðbæti verið fullnægt.

Skilyrði þessi kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í lista um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., en með þeirri undantekningu sem leiðir af 4. mgr. 11. gr., skal efni sem ekki telst upprunaefni ekki notað við framleiðslu þessarar vöru, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í lista um hana, nema því aðeins að:

a) heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar;

b) ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundraðshlutatölum af því hámarksverðmæti sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í listanum, vegna beitingar þessarar málsgreinar.

Þessi málsgrein gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50. – 63. kafla í samræmdu tollskránni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 5. gr.

5. gr.

Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Eftirfarandi aðgerðir teljast ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 4. gr. hefur verið fullnægt:

a) aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);

b) einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;

c) i) skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining;

ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;

d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;

e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna á EES sem sett eru í þessari bókun;

f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;

g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;

h) slátrun dýra.

2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram á EES á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.

6. gr.

Skilgreiningareining

1. Skilgreiningareining vegna beitingar ákvæða þessarar bókunar er sú framleiðsluvara sem telst grunneining við flokkun samkvæmt nafnaskrá samræmdu tollskrárinnar.

Af þessu leiðir að:

a) þegar framleiðsluvara sem er sett saman úr mörgum hlutum og flokkuð í samræmdu tollskránni í einn og sama vörulið, telst heildin vera ein skilgreiningareining;

b) þegar í vörusendingu eru margar framleiðsluvörur af sama tagi sem flokkaðar eru í sama vörulið í samræmdu tollskránni, skal hver einstök framleiðsluvara tekin fyrir þegar ákvæðum þessarar bókunar er beitt.

2. Þegar umbúðir eru samkvæmt 5. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar taldar hluti framleiðsluvöru við flokkun skal telja þær með við ákvörðun uppruna.

7. gr.

Fylgihlutir, varahlutir og verkfæri

Fylgihluti, varahluti og verkfæri, sem send eru með búnaði, vél, tæki eða ökutæki og teljast eðlilegur búnaður og eru innifalin í verðinu eða eru ekki á sérstökum vörureikningi, skal skoða sem hluta af viðkomandi búnaði, vél, tæki eða ökutæki.

8. gr.

Samstæður

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. almennu reglu samræmdu tollskrárinnar, skulu skoðast sem upprunavörur þegar allir vöruíhlutar eru upprunavörur. Þó skal samstæða, sem er samsett bæði af upprunavörum og vörum sem eru ekki upprunavörur, teljast í heild upprunavörur, að því tilskildu að verðmæti þeirra vara sem eru ekki upprunavörur, sé ekki meira en 15 af hundraði af verksmiðjuverði samstæðunnar.

9. gr.

Atriði sem hafa ekki áhrif

Þegar ákvarða þarf hvort framleiðsluvara sé upprunnin á EES er ekki nauðsynlegt að taka tillit til þess hvort orka, verksmiðja og búnaður svo og vélar og verkfæri notuð við framleiðslu vörunnar, eða hvort einhverjar vörur til framleiðslunnar sem ekki mynda og ekki var ætlað að mynda efnisþátt í framleiðsluvörunni fullgerðri, hafa upprunaréttindi eða ekki.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI VARÐANDI YFIRRÁÐASVÆÐI

10. gr.

Meginregla um yfirráðasvæði

Fullnægja verður skilyrðum í II. bálki um öflun upprunaréttinda á EES óslitið. Hvað þetta varðar telst skilyrðum um öflun upprunaréttinda ekki fullnægt ef vörur sem hafa hlotið aðvinnslu á EES eru fluttar frá EES, hvort sem einhver hluti vinnslunnar hefur farið fram utan yfirráðasvæðisins eða ekki, samanber þó 11. og 12. gr.

11. gr.

Aðvinnsla utan EES

1. Aðvinnsla utan EES á efnum sem flutt eru út frá EES og síðan innflutt þangað aftur, hefur engin áhrif á öflun upprunaréttinda í samræmi við þau skilyrði sem um getur í II. bálki, að því tilskildu að:

a) efnin hafi að öllu leyti verið fengin á EES eða hlotið þar meiri aðvinnslu en getið er í 5. gr. áður en þau voru flutt út frá EES; og

b) hægt sé að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

i) endurinnflutta framleiðsluvaran sé til orðin við aðvinnslu hinna útfluttu efna; og

ii) heildarupphæð virðisauka sem er áunninn utan EES og fæst við beitingu þessarar greinar sé ekki meiri en 10 af hundraði af verksmiðjuverði þeirrar fullunnu framleiðsluvöru sem upprunaréttinda er krafist fyrir.

2. Að því er varðar 1. mgr., skulu skilyrði í II. bálki um öflun upprunaréttinda á EES ekki gilda um aðvinnslu utan EES. Leyfi regla í skrá II. viðbætis engu að síður notkun efna sem ekki eru upprunaefni, og slíkri reglu er beitt við ákvörðun upprunaréttinda fullunninnar framleiðsluvöru, má samanlagt heildarverðmæti þeirra efna sem ekki eru upprunaefni og notuð hafa verið innan EES og heildarupphæð virðisauka sem er áunninn utan EES, ekki vera meira samkvæmt þessari grein en sá hundraðshluti sem viðkomandi regla leyfir.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. merkir „heildarupphæð virðisauka sem áunninn er" allur sá kostnaður sem safnast hefur saman utan EES, að meðtöldu verðmæti allra efnanna sem bætist við.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem fullnægja ekki þeim skilyrðum sem talin eru í II. viðbæti og geta einungis talist hafa hlotið nægjanlega aðvinnslu þegar beitt er leyfilegum mörkum sem um getur í 2. mgr. 4. gr.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50. – 63. kafla samræmdu tollskrárinnar.

12. gr.

Endurinnflutningur á vörum

Litið skal á vörur, sem fluttar eru út frá einum samningsaðilanna til þriðja lands og síðan fluttar inn aftur, eins og þær hafi aldrei verið fluttar frá EES ef hægt er að sýna fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

a) vörurnar sem eru fluttar inn aftur séu þær sömu og voru fluttar út í upphafi; og

b) ekki hafi verið gerð á þeim nein aðgerð umfram það sem nauðsynlegt má teljast til að varðveita gæði þeirra í því landi eða á meðan á útflutningi stóð.

13. gr.

Beinn flutningur

1. Sú fríðindameðferð sem kveðið er á um í samningnum gildir einungis um framleiðsluvörur sem fullnægt hafa þeim kröfum sem settar eru fram í þessari bókun og eru fluttar innan EES. Hins vegar má flytja framleiðsluvörur í einni vörusendingu um önnur yfirráðasvæði en EES vegna umfermingar eða bráðabirgðageymslu á þeim yfirráðasvæðum, að því tilskildu að vörurnar hafi verið undir eftirliti tollyfirvalda í landinu þar sem umfermingin eða geymslan á sér stað og ekki hlotið aðra meðferð en affermingu, endurfermingu eða meðferð sem miðar að því að forða þeim frá skemmdum.

2. Sannanir um að skilyrðunum sem um getur í 1. mgr. hafi verið fullnægt skulu lagðar fram fyrir tollyfirvöld innflutningslandsins með:

a) farmskírteini sem gefið var út í útflutningslandinu og tekur einnig til flutnings um umflutningslandið; eða

b) skírteini, sem tollyfirvöld umflutningslandsins gefa út, þar sem fram kemur:

i) nákvæm lýsing á framleiðsluvörunni,

ii) dagsetningar affermingar og endurfermingar og, þar sem við á, heiti hlutaðeigandi skipa, og

iii) við hvaða aðstæður framleiðsluvaran var geymd í umflutningslandinu; eða

c) að öðrum kosti hvers konar skjöl sem færa sönnur á þetta.

14. gr.

Sýningar

1. Framleiðsluvörur sem sendar eru frá samningsaðila á vörusýningu í þriðja landi og seldar eftir sýninguna til innflutnings í ríki annars samningsaðila skulu við innflutninginn njóta hags af ákvæðum samningsins uppfylli framleiðsluvörurnar þær kröfur sem gerðar eru í þessari bókun til að þær teljist upprunnar á EES og að því tilskildu að sýnt sé fram á það með fullnægjandi hætti að mati tollyfirvalda að:

a) útflytjandi hafi sent þessar framleiðsluvörur frá einum samningsaðila til landsins þar sem sýningin er haldin og sýnt þær þar;

b) sá útflytjandi hafi selt framleiðsluvörurnar eða ráðstafað þeim með öðrum hætti til viðtakanda í ríki annars samningsaðila;

c) framleiðsluvörurnar hafi verið sendar á meðan á sýningunni stóð eða strax eftir hana til síðarnefnda samningsaðilans í því ástandi sem þær voru í þegar þær voru sendar til sýningar; og

d) framleiðsluvörurnar hafi ekki frá því að þær voru sendar til sýningar verið notaðar í öðru skyni en til sýningar á sýningunni.

2. Sönnun á uppruna skal gefin út eða útbúin í samræmi við ákvæði V. bálks og lögð fram hjá tollyfirvöldum innflutningslandsins með venjulegum hætti. Þar skal tilgreint nafn sýningarinnar og sýningarstaður. Ef nauðsyn ber til má krefjast sérstakra skjalfestra viðbótarsönnunargagna um eðli framleiðsluvaranna og aðstæður við sýningu þeirra.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu taka til allra vöru-, iðn-, landbúnaðar- eða handverkssýninga, kaupstefna eða áþekkra opinberra sýninga sem eru ekki skipulagðar í eiginhagsmunaskyni í sölubúðum eða verslunarhúsnæði með það fyrir augum að selja erlendar vörur, enda séu framleiðsluvörurnar undir tolleftirliti meðan á sýningu stendur.

IV. BÁLKUR

ENDURGREIÐSLA EÐA UNDANÞÁGA

15. gr.

Bann við endurgreiðslu á eða undanþágu frá tollum

1. Efni sem ekki eru upprunaefni og notuð eru við framleiðslu á vörum, sem eru upprunavörur á EES í skilningi þessarar bókunar og gefin hefur verið eða útbúin sönnun á uppruna í samræmi við ákvæði V. bálks, skulu ekki njóta hjá neinum samningsaðila endurgreiðslu á eða undanþágu frá neins konar tollum.

2. Bannið í 1. mgr. gildir um hvers konar fyrirkomulag varðandi endurgreiðslur, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum, að fullu eða að hluta, á tollum eða gjöldum af sama toga sem beitt er hjá ríki samningsaðila vegna efna sem notuð eru við framleiðslu, ef slíkum endurgreiðslum, eftirgjöf eða niðurfellingu á greiðslum er beitt, beint eða í raun, þegar framleiðsluvaran sem unnin er úr efnunum er ætluð til útflutnings en ekki þegar hún er til notkunar innanlands hjá samningsaðilanum.

3. Útflytjandi framleiðsluvöru, sem sönnun á uppruna vörunnar tekur til, skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda, öll tilheyrandi skjöl því til staðfestingar að ekki hafi verið um endurgreiðslu að ræða fyrir þau efni sem eru ekki upprunaefni og notuð voru við framleiðslu á viðkomandi vöru og að allir tollar eða gjöld af sama toga sem gilda um slíkt efni hafi verið greidd.

4. Ákvæði 1. – 3. mgr. gilda einnig um umbúðir í skilningi 2. mgr. 6. gr., fylgihluti, varahluti og verkfæri í skilningi 7. gr. og vörur í samstæðum í skilningi 8. gr. þegar slíkir hlutir eru ekki upprunavörur.

5. Ákvæði 1. – 4. mgr. gilda aðeins um efni þeirrar tegundar sem samningurinn gildir um. Þau skulu enn fremur ekki koma í veg fyrir að samningsaðilar beiti ráðstöfunum um verðjöfnun vegna landbúnaðarafurða við útflutning í samræmi við ákvæði samningsins.

V. BÁLKUR

SÖNNUN Á UPPRUNA

16. gr.

Almennar kröfur

1. Við innflutning til eins samningsaðila skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókunar njóta hags af samningnum gegn framvísun:

a) EUR.1-flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í III. viðbæti; eða

b) vörureiknings með yfirlýsingu útflytjanda, í þeim tilvikum sem frá er greint í 1. mgr. 21. gr., en texta hennar er að finna í IV. viðbæti, sem gefin er á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru því viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi vöru nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á hana (hér eftir nefnd „yfirlýsing á vörureikningi").

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókunar, í þeim tilvikum sem greint er frá í 26. gr., njóta hags af samningnum án þess að nauðsynlegt sé að framvísa ofangreindum skjölum.

17. gr.

Reglur um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis

1. Tollyfirvöld í útflutningslandi skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini hafi útflytjandi skilað inn skriflegri umsókn eða fulltrúi hans á hans ábyrgð.

2. Útflytjandi eða fulltrúi hans skal bæði fylla út EUR.1-flutningsskírteini og umsóknina en sýnishorn af þeim er að finna í III. viðbæti.

Eyðublöðin skal fylla út á einu af þeim tungumálum sem samningurinn er gerður á í samræmi við ákvæði landslaga í útflutningslandinu. Ef þau eru handskrifuð skulu þau útfyllt með bleki og með prentstöfum. Gefa verður vörulýsinguna í reitnum sem er ætlaður til þess án þess að skilja eftir auðar línur. Ef reitur er ekki notaður að fullu skal draga lárétta línu neðan við lýsinguna og strika yfir ónýtta svæðið.

3. Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í útflutningslandinu þar sem EUR.1-flutningsskírteinið er gefið út, öll tilheyrandi skjöl sem votta að viðkomandi framleiðsluvara sé upprunavara og að öllum öðrum kröfum sem settar eru fram í þessari bókun sé fullnægt.

4. Tollyfirvöld aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef viðkomandi framleiðsluvörur geta talist upprunnar á EES og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar.

5. Þau tollyfirvöld sem gefa skírteinið út skulu grípa til nauðsynlegra aðgerða til að staðfesta að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunavörur og að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt. Þau hafa í þessu tilliti rétt til að krefjast hvers konar sannana og athuga bókhald útflytjandans eða viðhafa annars konar eftirlit sem þau álíta nauðsynlegt.

Tollyfirvöld sem gefa skírteinið út skulu einnig tryggja að þau eyðublöð sem um getur í 2. mgr. séu rétt útfyllt. Einkum skal athuga hvort það svæði sem ætlað er fyrir vörulýsingu sé útfyllt þannig að engin hætta sé á sviksamlegum viðbótum.

6. Útgáfudagur EUR.1-flutningsskírteinis skal koma fram á þeim hluta skírteinisins sem ætlaður er tollyfirvöldum.

7. Tollyfirvöld í útflutningslandinu skulu gefa út EUR.1-flutningsskírteini þegar viðkomandi vörur eru fluttar úr landi. Útflytjandinn getur fengið það til ráðstöfunar um leið og raunverulegur útflutningur hefur átt sér stað eða verið tryggður.

18. gr.

EUR.1-flutningsskírteinið gefið út eftir á

1. Þrátt fyrir 7. mgr. 17. gr. er heimilt, í undantekningartilvikum, að gefa EUR.1-flutningsskírteinið út eftir að útflutningur framleiðsluvörunnar hefur átt sér stað, að því tilskildu að:

a) það hafi ekki verið gefið út þegar útflutningurinn átti sér stað vegna mistaka eða yfirsjóna eða sérstakra kringumstæðna; eða

b) sýnt sé fram á það á fullnægjandi hátt að mati tollyfirvalda að EUR.1-flutningsskírteinið hafi verið gefið út en ekki viðurkennt við innflutning af tæknilegum ástæðum.

2. Við framkvæmd 1. mgr. verður útflytjandinn að taka fram í umsókninni hvar og hvenær útflutningur framleiðsluvöru, sem EUR.1-flutningsskírteinið á við um, á sér stað og taka fram ástæður fyrir beiðninni.

3. Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteinið eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar sem fram koma í umsókn útflytjandans séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.

4. EUR.1-flutningsskírteini sem eru gefin út eftir á verða að vera áritað með einni af eftirfarandi setningum:

„EXPEDIDO A POSTERIORI", „UDSTEDT EFTERFØLGENDE", „NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT", „ΕΚΔΟΘΕΝ ΕΚ ΤΩΝ ΥΣΤΕΡΩΝ", „ISSUED RETROSPECTIVELY", „DELIVRE A POSTERIORI", „RILASCIATO A POSTERIORI", „AFGEGEVEN A POSTERIORI". „EMITIDO A POSTERIORI", „ÚTGEFIÐ EFTIR Á", „UTSTEDT SENERE", „ANNETTU JÄLKIKÄTEEN", „UTFÄRDAT I EFTERHAND".

5. Áritunin sem um getur í 4. mgr. skal færð í athugasemdareit EUR.1-flutningsskírteinisins.

19. gr.

Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu

1. Hafi EUR.1-flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um það til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirri vörslu.

2. Eftirritið sem er gefið út á þennan hátt verður að vera áritað með einhverju eftirfarandi orða:

„DUPLICADO", „DUPLIKAT", „DUPLIKAT", „ΑΝΤΙΓΡΑΦΟ", „DUPLICATE", „DUPLICATA", „DUPLICATO", „DUPLICAAT", „SEGUNDA VIA", „EFTIRRIT", „DUPLIKAT", „KAKSOISKAPPALE", „DUPLIKAT".

3. Áritunin sem um getur í 2. mgr. skal færð í athugasemdareit eftirrits EUR.1-flutningsskírteinisins.

4. Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið og gilda frá og með þeim degi.

20. gr.

Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður

Ef framleiðsluvörur í einni vörusendingu, sem EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi hefur verið gefin út fyrir, eru settar undir eftirlit tollstöðvar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki skal sá möguleiki vera fyrir hendi að láta eitt eða fleiri EUR.1-flutningsskírteini, sem þessi tollstöð gefur út, koma í stað upphaflegrar sönnunar á uppruna í þeim tilgangi að senda allar þessar vörur eða hluta þeirra til annarra tollstöðvar hvort sem þær eru í sama aðildarríki EB eða EFTA-ríki eða ekki.

21. gr.

Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi

1. Heimilt er að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi sem um getur í b-lið 1. mgr. 16. gr.:

a) af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr.;

b) af útflytjanda vörusendingar sem samanstendur af einum eða fleiri pökkum sem innihalda upprunavörur að heildarverðmæti ekki meira en 6 000 ECU.

2. Heimilt er að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast upprunavörur og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar.

3. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal vera reiðubúinn að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í landi útflytjanda, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi vara og að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.

4. Yfirlýsing á vörureikningi skal gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðbæti og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðbæti í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa og þá skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

5. Yfirlýsing á vörureikningi skal vera með upprunalegri eiginhandarundirskrift útflytjandans. Hins vegar skal þess ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr. undirriti slíka yfirlýsingu hafi hann veitt tollyfirvöldum í útflutningslandinu skriflega skuldbindingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á sérhverri yfirlýsingu á vörureikningi sem auðkennd er honum á sama hátt og hefði hann undirritað hana eigin hendi.

6. Útflytjandi getur gefið út yfirlýsingu á vörureikningi þegar framleiðsluvörurnar sem hún tekur til eru fluttar út eða síðar. Hafi yfirlýsing á vörureikningi verið gefin út eftir að framleiðsluvörunum sem hún tekur til hefur verið framvísað við tollyfirvöld í innflutningslandinu skal hún vera með tilvísun í þau skjöl sem hafa þegar verið lögð fyrir umrædd yfirvöld.

22. gr.

Viðurkenndur útflytjandi

1. Tollyfirvöld útflutningslandsins geta heimilað að sérhver útflytjandi, hér eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi", sem stundar tíðar sendingar á framleiðsluvörum samkvæmt samningnum og veitir tollyfirvöldum fullnægjandi tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur og fullnægir auk þess öðrum kröfum þessarar bókunar, gefi út yfirlýsingu á vörureikningi óháð verðmæti viðkomandi framleiðsluvara.

2. Tollyfirvöld geta viðurkennt útflytjanda með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi.

3. Tollyfirvöld skulu gefa viðurkenndum útflytjanda tollleyfisnúmer sem skal koma fram á yfirlýsingu á vörureikningi.

4. Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með notkun viðurkennda útflytjandans á leyfinu.

5. Tollyfirvöld geta afturkallað leyfið hvenær sem er. Þau skulu gera það ef hinn viðurkenndi útflytjandi veitir ekki lengur þær tryggingar sem um getur í 1. mgr., fullnægir ekki þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. eða misnotar leyfið með öðrum hætti.

23. gr.

Gildistími sönnunar á uppruna

1. EUR.1-flutningsskírteinið skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi þess í útflutningslandinu og verður að leggja það fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu.

Yfirlýsing á vörureikningi skal gilda fjóra mánuði eftir að útflytjandi gefur hana út og verður að leggja hana fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu.

2. Heimilt er að taka við EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu, eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn og beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins vegna óviðráðanlegra eða sérstakra aðstæðna.

3. Í öðrum tilvikum, þegar skjöl er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld innflutningslandsins tekið við EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi ef framleiðsluvörunum hefur verið framvísað við þau fyrir lok frestsins.

24. gr.

Sönnun á uppruna lögð fram

Leggja skal fram EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi. Umrædd yfirvöld geta krafist þýðingar á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi. Þau geta einnig krafist þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að framleiðsluvörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar samningsins.

25. gr.

Innflutningur í áföngum

Þegar sundurteknar eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. mgr. í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir XVI. og XVII. flokk eða nr. 7308 og 9406 í samræmdu tollskránni, eru, að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollayfirvöldum í innflutningslandinu, fluttar inn í hlutum skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.

26. gr.

Undanþágur frá formlegum sönnunum á uppruna

1. Framleiðsluvörur sem eru sendar sem smábögglar frá einstaklingi til einstaklings, eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi formlegri sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessarar bókunar og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Ef framleiðsluvörurnar eru sendar í pósti má gefa yfirlýsinguna á C2/CP3-tollseðli eða á blaði sem er fest við það skjal.

2. Innflutningur sem er bundinn við einstakt tilvik, og er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.

3. Enn fremur má heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara ekki vera meira en 500 ECU ef um litla pakka er að ræða og 1 200 ECU ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

27. gr.

Yfirlýsing birgis

1. Þegar EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi er gefin út í ríki eins samningsaðila vegna framleiðsluvara sem eru upprunavörur og hafi vörur frá öðrum samningsaðilum, sem hlotið hafa aðvinnslu á EES án þess að öðlast upprunaréttindi, verið notaðar við framleiðslu þessara framleiðsluvara, skal taka tillit til yfirlýsingar birgis um vörurnar í samræmi við þessa grein.

2. Yfirlýsing birgis sem um getur í 1. mgr. skal teljast staðfesting á þeirri vinnslu sem viðkomandi vörur hafi hlotið á EES við ákvörðun um hvort þær framleiðsluvörur sem vörurnar voru notaðar við framleiðslu á geti talist framleiðsluvörur upprunnar á EES og fullnægi öðrum kröfum þessarar bókunar.

3. Birgir skal gefa út séryfirlýsingu, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 4. mgr., fyrir hverja vörusendingu á þann hátt sem lýst er í V. viðbæti á blaði sem er fest við vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal og lýsa viðkomandi vörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær.

4. Ef birgir sér tilteknum viðskiptavini reglulega fyrir vörum sem hlotið hafa aðvinnslu á EES og búist er við að svo verði áfram getur hann lagt fram eina yfirlýsingu birgis vegna síðari vörusendinga, hér eftir nefnd „langtímayfirlýsing birgis".

Langtímayfirlýsing birgis getur að öðru jöfnu gilt til allt að eins árs frá útgáfudegi hennar. Tollyfirvöld í því landi þar sem yfirlýsingin er gefin út setja skilyrði fyrir lengri gildistíma.

Birgir skal gefa út langtímayfirlýsingu á þann hátt sem lýst er í VI. viðbæti og lýsa viðkomandi vörum nægilega vel til að hægt sé að bera kennsl á þær. Viðskiptavinurinn skal fá hana í hendur áður en hann fær fyrstu vörusendinguna sem yfirlýsingin á við eða með fyrstu vörusendingunni.

Birgir skal tilkynna viðskiptavini sínum um það þegar í stað gildi langtímayfirlýsing ekki lengur um vörurnar sem útvegaðar eru.

5. Yfirlýsing birgis sem um getur í 3. og 4. mgr. skal vélrituð eða prentuð á einu af þeim tungumálum sem samningurinn er gerður á, í samræmi við ákvæði landslaga í því ríki þar sem hún er gefin út, og skal undirrituð af birgi eigin hendi. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa en þá skal hún skrifuð með bleki og prentstöfum.

6. Birgir sem gefur út yfirlýsingu verður að vera reiðubúinn til að leggja fram hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í því landi þar sem yfirlýsingin var gefin út, öll nauðsynleg skjöl því til staðfestingar að upplýsingarnar í yfirlýsingunni séu réttar.

28. gr.

Fylgiskjöl

Þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr., 3. mgr. 21. gr. og 6. mgr. 27. gr. og er ætlað að sanna að framleiðsluvörur sem falla undir EUR.1-flutningsskírteinið eða yfirlýsingu á vörureikningi geti talist framleiðsluvörur upprunnar á EES og fullnægi öðrum kröfum þessarar bókunar, og að upplýsingarnar í yfirlýsingu birgis séu réttar, geta meðal annars verið:

a) sannanir um þá vinnslu sem útflytjandi eða birgir hefur gengist fyrir til þess að fá umræddar vörur, sem finna má til dæmis í reikningum eða fyrirtækjabókhaldi hans;

b) skjöl sem staðfesta upprunaréttindi efna sem notuð eru til framleiðslu umræddra vara og eru gefin út hjá samningsaðila þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög þess aðila;

c) skjöl sem staðfesta þá aðvinnslu sem efni sem notuð eru við framleiðslu umræddra vara hafa hlotið á EES og eru gefin út í ríki samningsaðila þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög þess aðila;

d) EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð eru við framleiðslu umræddra vara, gefin út hjá öðrum samningsaðila í samræmi við þessa bókun;

e) yfirlýsing birgis til sönnunar á að aðvinnsla á EES á efnum sem notuð eru við framleiðslu viðkomandi vara hjá öðrum samningsaðilum sé í samræmi við þessa bókun;

f) viðeigandi sannanir varðandi aðvinnslu sem hefur átt sér stað utan EES með beitingu 11. gr., til sönnunar á að kröfum þeirrar greinar hafi verið fullnægt.

29. gr.

Varðveisla sönnunar á uppruna, yfirlýsinga birgis og fylgiskjala

1. Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr.

2. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár eintak af henni ásamt skjölum sem um getur í 3. mgr. 21. gr.

3. Birgir sem gefur út yfirlýsingu birgis skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár eintök af henni, vörureikningi, afhendingarseðli eða öðrum viðskiptaskjölum sem yfirlýsingin er fest við, auk skjala sem um getur í 6. mgr. 27. gr.

Birgir sem gefur út langtímayfirlýsingu birgis skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár eintök af yfirlýsingunni og öllum vörureikningum, afhendingarseðlum eða öðrum viðskiptaskjölum varðandi þær vörur sem yfirlýsingin fjallar um og sendar voru til hlutaðeigandi viðskiptavinar, auk þeirra skjala sem um getur í 6. mgr. 27. gr. Vörslutíminn hefst þann dag er gildistími langtímayfirlýsingar birgis rennur út.

4. Tollyfirvöld í útflutningslandinu sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini skulu varðveita í að minnsta kosti tvö ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

5. Tollyfirvöld í innflutningslandinu skulu varðveita í að minnsta kosti tvö ár EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingar á vörureikningum sem þeim voru afhent.

30. gr.

Ósamræmi og villur í framsetningu

1. Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi og þeirra sem fram koma á skjölum sem afhent voru tollyfirvöldum vegna formsatriða, sem fullnægja þurfti fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

2. Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunarvillur á EUR.1-flutningsskírteini , yfirlýsingu á vörureikningi eða yfirlýsingu birgis skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í þessu skjali séu réttar.

31. gr.

Fjárhæðir í ECU

1. Útflutningsland skal ákveða fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli útflutningslands sem eru jafngildar fjárhæðum í ECU og tilkynna öðrum samningsaðilum um það.

Ef fjárhæðirnar eru hærri en samsvarandi fjárhæðir sem innflutningslandið ákveður, skal innflutningslandið samþykkja þær ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli útflutningslandsins. Ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli annars aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis skal innflutningslandið viðurkenna þá fjárhæð sem viðkomandi ríki gefur upp.

2. Til og með 30. apríl 1998 skulu fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli vera jafngildar fjárhæðum sem gefnar eru upp í ECU á gengi hennar 1. október 1992.

Við lok hvers fimm ára tímabils skal sameiginlega EES-nefndin endurskoða fjárhæðir sem gefnar eru upp í ECU og jafngildi þeirra í innlendum gjaldmiðlum aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna, á grundvelli gengis ECU fyrsta virkan dag í október árið fyrir fimm ára tímabilið.

Sameiginlega EES-nefndin skal við endurskoðunina tryggja að fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum lækki ekki og enn fremur skoða hvort æskilegt sé að viðhalda áhrifum viðkomandi takmarkana að raungildi. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem gefnar eru upp í ECU.

VI. BÁLKUR

FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

32. gr.

Gagnkvæm aðstoð

Til þess að tryggja að þessari bókun sé rétt beitt skulu samningsaðilar aðstoða hver annan, með tilstuðlan þar til bærra tollyfirvalda, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1-flutningsskírteina, yfirlýsinga á vörureikningi og yfirlýsinga birgja og þeirra upplýsinga sem fram koma á þessum skjölum.

33. gr.

Sannprófun vegna sönnunar á uppruna

1. Sannprófun eftir á á EUR.1-flutningsskírteinum og yfirlýsingum á vörureikningi skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.

2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld innflutningslandsins endursenda EUR.1-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað eða yfirlýsingu á vörureikningi eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda útflutningslandsins og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að fyrirspurnin er gerð.

Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi séu rangar.

3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í útflutningslandinu. Þau mega vegna hennar biðja um hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi útflytjanda eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

4. Ef tollyfirvöld innflutningslandsins ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvöru á meðan beðið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.

5. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar á EES og hvort öðrum kröfum þessarar bókunar hafi verið fullnægt.

34. gr.

Sannprófun á yfirlýsingu birgis

1. Sannprófun eftir á á yfirlýsingum birgja eða langtímayfirlýsingum birgja er hægt að framkvæma með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í því ríki þar sem tillit er tekið til slíkra yfirlýsinga við útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða yfirlýsingar á vörureikningi, hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika skjalsins eða að upplýsingar sem í því eru gefnar séu réttar.

2. Vegna beitingar ákvæða í 1. mgr. skulu tollyfirvöld í fyrrnefndu ríki endursenda yfirlýsingu birgja og vörureikninga, afhendingarseðla eða önnur viðskiptaskjöl varðandi þá vöru sem yfirlýsingin á við, til tollyfirvalda í því ríki þar sem yfirlýsingin var gefin út og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að fyrirspurn er gerð.

Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í yfirlýsingu birgja séu rangar.

3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í því ríki þar sem yfirlýsing birgis var gefin út. Þau mega vegna hennar biðja um hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi birgis eða viðhafa annað það eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

4. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort upplýsingar í yfirlýsingu birgis séu réttar og þær verða að gera þeim kleift að ákveða hvort og að hve miklu leyti taka má tillit til yfirlýsingar birgja við útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis eða yfirlýsingar á vörureikningi.

35. gr.

Lausn deilumála

Komi upp deilumál í tengslum við reglur um sannprófun í 33. og 34. gr., sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, eða þau leiða til þess að vafi leiki á hvernig túlka beri þessa bókun skal vísa þeim til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

36. gr.

Viðurlög

Hver sá sem gefur út eða veldur því að gefið er út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

VII. BÁLKUR

CEUTA OG MELILLA

37. gr.

Ákvæði sem gilda um Ceuta og Melilla

1. Hugtakið „EES“ sem notað er í þessari bókun nær ekki til Ceuta og Melilla. Með hugtakinu „framleiðsluvörur sem eru upprunnar á EES“ er ekki átt við framleiðsluvörur frá Ceuta og Melilla.

2. Við beitingu bókunar 49 við þennan samning um framleiðsluvörur sem eru upprunnar í Ceuta og Melilla skal þessi bókun gilda að breyttu breytanda með þeim sérstöku skilmálum sem settir eru í 38. gr.

38. gr.

Sérstakir skilmálar

1. Eftirfarandi skal teljast:

a) framleiðsluvara sem er upprunnin í Ceuta og Melilla:

i) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti í Ceuta og Melilla;

ii) framleiðsluvörur sem eru fengnar í Ceuta og Melilla við framleiðslu efna sem eru ekki fengin að öllu leyti þar en hafa hlotið nægilega aðvinnslu í Ceuta og Melilla. Þetta skilyrði á þó ekki við um efni sem eru upprunnin á EES í skilningi þessarar bókunar.

b) framleiðsluvara sem er upprunnin á EES:

i) framleiðsluvörur sem eru fengnar að öllu leyti á EES;

ii) framleiðsluvörur sem eru fengnar á EES við framleiðslu efna sem eru ekki að öllu leyti fengin þar að því tilskildu að þær hafi hlotið nægilega aðvinnslu á EES. Þetta skilyrði á þó ekki við um efni sem eru upprunnin í Ceuta og Melilla í skilningi þessarar bókunar.

2. Ceuta og Melilla teljast eitt yfirráðasvæði.

3. Ef sönnun á uppruna sem gefin er út í samræmi við þessa bókun á við um framleiðsluvörur upprunnar í Ceuta og Melilla skal útflytjandinn merkja þær greinilega með stöfunum „CM“.

Að því er varðar EUR.1-flutningsskírteini skal þetta merkt í reit 4 á skírteininu.

Að því er varðar yfirlýsingu á vörureikningi skal þetta merkt á skjalið þar sem yfirlýsingin kemur fram.

4. Tollyfirvöld á Spáni skulu bera ábyrgð á beitingu þessarar bókunar í Ceuta og Melilla.

5. Ákvæði 15. gr. eiga ekki við um viðskipti milli Ceuta og Melilla annars vegar og EFTA-ríkja hins vegar.

I. VIÐBÆTIR

SKÝRINGAR VIÐ SKRÁ II. VIÐBÆTIS

SKÝRING nr. 1:

Í skránni koma fram þau skilyrði sem allar framleiðsluvörur er samningurinn tekur til þurfa að uppfylla til þess að þær teljist hafa hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 1. mgr. 4. gr. bókunarinnar.

SKÝRING nr. 2:

2.1 Í fyrstu tveimur dálkum skrárinnar er lýst framleiðsluvörunni sem fengin er. Í 1. dálki er númer vöruliðar eða númer kafla sem notaður er í samræmdu tollskránni og í 2. dálki er vörulýsing sem notuð er í tollskránni fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveim dálkunum er tilgreind regla í 3. og 4. dálki. Þegar orðið „úr„ fer á undan atriði í 1. dálki merkir það að reglan í 3. og 4. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eða kafla eins og lýst er í 2. dálki.

2.2 Þegar nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki, eða númer kafla er tilgreint, og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð, gilda viðkomandi reglur í 3. eða 4. dálki um allar framleiðsluvörur, sem samkvæmt samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem tekin eru saman í 1. dálki.

2.3 Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðsluvörur innan vöruliðar felur hvor undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vöruliðarins sem viðeigandi reglur í 3. og 4. dálki taka til.

2.4 Þegar regla er tilgreind bæði í 3. og 4. dálki fyrir færslu í fyrstu tveimur dálkunum má útflytjandi velja hvora regluna sem er. Ef engin regla um uppruna er tilgreind í 4. dálki á að beita reglunni í 3. dálki.

SKÝRING nr. 3:

3.1 Ákvæði 1. mgr. 4. gr. í bókuninni um framleiðsluvörur, sem teljast upprunavörur og eru notaðar við framleiðslu annarra vara, gilda hvort sem upprunaréttindin hafa fengist í verksmiðjunni þar sem framleiðsluvörurnar eru notaðar, í annarri verksmiðju í sama landi eða í öðru EES-ríki.

Dæmi:

> Vél í nr. 8407, þar sem sú regla gildir að verðmæti þeirra efna sem teljast ekki upprunaefni og má nota við framleiðsluna megi ekki vera meira en 40% af verksmiðjuverði, telst vera gerð úr öðru stálblendi gróflega formað með smíði í nr. úr 7224.
> Hafi þetta smíðaefni verið unnið á EES úr málmhleifi (ingot), sem ekki telst upprunavara, hefur smíðaefnið þegar öðlast upprunaréttindi samkvæmt reglunni fyrir nr. úr 7224 í skránni. Smíðaefnið telst þá til upprunavöru við verðmætaútreikning vélarinnar án tillits til þess hvort það var framleitt í sömu verksmiðju, í annarri verksmiðju í sama landi eða í öðru EES-ríki. Verðmæti málmhleifsins, sem ekki telst upprunavara, er því ekki reiknað með þegar tekið er saman verðmæti þeirra efna sem notuð voru og ekki teljast upprunaefni.

3.2 Reglan í skránni felur í sér lágmarksaðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi. Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

3.3 Þegar regla í skránni felur í sér að framleiða megi vöru úr fleiru en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

Dæmi:

Reglan um dúk úr 50. – 55. kafla felur í sér að nota megi náttúrulegar trefjar auk kemískra efna og annarra efna. Með þessu er ekki átt við að nota verði hvoru tveggja; nota má annað hvort eða hvoru tveggja.

3.4 Þegar regla í skránni felur í sér að vara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því augljóslega ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðlis síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar. (Sjá einnig skýringu 6.2 hér á eftir sem tengist textílefnum).

Dæmi:

Reglan um tilbúin matvæli í nr. 1904, sem útilokar sérstaklega að notað sé korn eða afleiður þess, hindrar ekki að notað sé salt, kemísk efni eða önnur viðbótarefni sem ekki eru framleidd úr korni.

Þetta á hins vegar ekki við um vörur sem hægt er að framleiða úr efni af sama tagi á fyrri stigum framleiðslunnar, þótt ekki sé hægt að framleiða þær úr því sérstaka efni sem tilgreint er í skránni.

Dæmi:

Ef um er að ræða fatnað úr 62. kafla úr efnum sem eru ekki ofin, og heimilt er að nota einvörðungu garn sem er ekki upprunavara í þennan flokk fatnaðar, er ekki hægt að hefja framleiðslu úr dúk sem er ekki ofin - jafnvel þótt að öðru jöfnu sé ekki hægt að framleiða dúk sem ekki er ofin úr garni. Í slíkum tilvikum myndi upphafsefnivara að öðru jöfnu vera á undan vinnslustigi garns — þ.e. trefjastigi.

3.5 Þegar regla í skránni tilgreinir tvær hundraðshlutareglur varðandi hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota er ekki hægt að leggja þessa hundraðshluta saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má með öðrum orðum aldrei fara fram úr hæsta hundraðshluta sem er tilgreindur. Enn fremur má ekki fara yfir aðgreindan hundraðshluta fyrir tiltekin efni sem þeir gilda um.

SKÝRING nr. 4:

4.1 Orðin „náttúrulegar trefjar" eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gervi- eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar sem koma á undan spuna, að meðtöldum úrgangi og, nema annað sé tekið fram, trefjum sem hafa verið kembdar, greiddar eða unnar á annan hátt, þó ekki spunnar.

4.2 Orðin „náttúrulegar trefjar" eiga einnig við um hrosshár í nr. 0503, silki í nr. 5002 og 5003 og auk þess ullartrefjar, fín- eða grófgert dýrahár í nr. 5101–5105, baðmullartrefjar í nr. 5201–5203 og jurtatrefjar í nr. 5301–5305.

4.3 Orðin „textílmassi", „kemísk efni" og „efni til pappírsgerðar" eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50. – 63. kafla og nota má til framleiðslu á gervi-, syntetískum eða pappírstrefjum eða gervi-, syntetísku eða pappírsgarni.

4.4 Orðin „tilbúnar stutttrefjar" eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra eða gervivöndulþátta, stutttrefja eða úrgangs í nr. 5501–5507.

SKÝRING nr. 5:

5.1 Þegar vísað er í þessa skýringu vegna ákveðinnar framleiðsluvöru í skránni skulu skilyrðin í 3. dálki ekki gilda um grunntextílefni sem notuð eru við framleiðslu hennar og í heild eru 10

af hundraði eða minna af heildarþyngd allra þeirra grunntextílefna sem notuð eru. (Sjá einnig skýringar 5.3 og 5.4 hér á eftir).

5.2 Þessi mörk eiga hins vegar einungis við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveimur eða fleiri grunntextílefnum.

Eftirfarandi telst grunntextílefni:

— silki,

— ull,

— grófgert dýrahár,

— fíngert dýrahár,

— hrosshár,

— baðmull,

— efni til pappírsgerðar og pappír,

— hör,

— hampur,

— júta og aðrar basttextíltrefjar,

— sísal- og aðrar textíltrefjar af agavaætt,

— kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,

— syntetískir þræðir,

— gerviþræðir,

— syntetískar stutttrefjar,

— gervistutttrefjar.

Dæmi:

Garn í nr. 5205 sem gert er úr baðmullartrefjum í nr. 5203 og syntetískum stutttrefjum í nr. 5506, er blandað garn. Af því leiðir að nota má syntetískar stutttrefjar sem fullnægja ekki upprunareglum (en í þeim er krafist að framleitt sé úr kemískum efnum eða textílmassa) sem vega allt að 10 af hundraði af þyngd garnsins.

Dæmi:

Ullardúkur í nr. 5112 sem gerður er úr ullargarni í nr. 5107 og syntetísku stutttrefjagarni í nr. 5509 telst blandaður dúkur. Af því leiðir að nota má syntetískt garn sem fullnægir ekki upprunareglunum (sem framleiða verður úr kemískum efnum eða textílmassa) eða ullargarn sem fullnægir ekki upprunareglunum (sem framleiða verður úr náttúrulegum trefjum sem ekki eru kembdar, greiddar né unnar á annan hátt undir spuna) eða blöndu úr hvoru tveggja, að því tilskildu að þau vegi samtals ekki meira en 10 af hundraði af þyngd dúksins.

Dæmi:

Límbundinn textíldúkur í nr. 5802 sem gerður er úr baðmullargarni í nr. 5205 og baðmullardúk í nr. 5210 er aðeins blönduð framleiðsluvara ef sjálfur baðmullardúkurinn sem notaður er, er blandaður dúkur gerður úr garni sem flokkast í tvo aðskilda vöruliði eða sjálft baðmullargarnið, sem er notað, er blandað.

Dæmi:

Ef límbundni textíldúkurinn hefði verið gerður úr baðmullargarni í nr. 5205 og syntetískum dúk í nr. 5407 hafa tvö aðskilin grunntextílefni augljóslega verið notuð og límbundni dúkurinn því blönduð framleiðsluvara.

Dæmi:

Gólfteppi gert úr gervigarni og úr baðmullargarni, með undirlagi úr jútu, er blönduð framleiðsluvara, þar sem þrjú grunntextílefni eru notuð. Þannig má nota hvers konar efni sem eru ekki upprunaefni og eru notuð á síðara framleiðslustigi en reglan gerir ráð fyrir, að því tilskildu að heildarþyngd þeirra fari ekki yfir 10 af hundraði af þunga textílefnanna í teppinu. Þannig mætti flytja jútuundirlagið og/eða gervigarnið inn á því framleiðslustigi, að því tilskildu að skilyrðunum um þyngd sé fullnægt.

5.3 Ef framleiðsluvara inniheldur „garn úr pólýúretani liðað með hreyfanlegum pólýeterliðum, einnig yfirspunnið", er leyfilegt frávik 20 af hundraði varðandi þetta garn.

5.4 Ef framleiðsluvörur sem í er ræma með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðuð með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með límí milli tveggja plastfilma, er leyfilegt frávik 30 af hundraði að því er varðar þessa ræmu.

SKÝRING nr. 6:

6.1 Varðandi textílvörur, sem auðkenndar eru í skránni með neðanmálsgrein sem vísar til þessarar skýringar, má nota textílefni, þó ekki fóður og millifóður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð í annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki fram úr 8% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.

6.2 Notkun efna sem eru ekki flokkuð undir 50. – 63. kafla er engum takmörkunum háð, hvort sem þau innihalda textílefni eða ekki.

Dæmi:

Ef í reglu í skránni segir að nota verði garn vegna tiltekinnar vöru úr textílefni, svo sem buxur, hindrar það ekki að notaðir séu hlutir úr málmi, svo sem hnappar, vegna þess að hnappar flokkast ekki undir 50. – 63. kafla. Á sama hátt hindrar það ekki notkun á rennilásum jafnvel þó að í þeim megi að jafnaði finna textílefni.

6.3 Þegar hundraðshlutaregla gildir skal telja með verðmæti efna sem flokkast ekki undir 50.– 63. kafla þegar reiknað er út verðmæti efna sem eru ekki upprunavörur en eru notuð til framleiðslunnar.

II. VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR TILSKILDA AÐVINNSLU EFNA SEM EKKI TELJAST UPPRUNAEFNI TIL AÐ FRAMLEIÐSLUVARAN ÖÐLIST UPPRUNARÉTTINDI

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 0208	Annað kjöt og ætir hlutar af hvölum, nýtt, kælt eða fryst	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar	Framleiðsla úr efnum í 3. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, bragðbætt eða með viðbættum ávöxtum, hnetum eða kakói	Framleiðsla – úr efnum í 4. kafla sem öll verða að vera að öllu leyti fengin – úr hvers konar ávaxtasafa (þó ekki ananas-, sítrus- eða greipaldinsafa) í nr. 2009 sem verður þegar að vera upprunavara, og – úr efnum í 17. kafla sem að verðmæti í heild eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 0710 og úr 0711	Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
0901	Kaffi, einnig brennt eða koffeínsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki sem inniheldur eitthvað af kaffi	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er		
0902	Te, einnig bragðbætt	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er		
úr 1302	Jurtasafar og jurtakjarnar; pektínefni, pektínöt og pektöt; agar og önnur jurtaslím og hleypiefni, einnig umbreytt, unnið úr vörum úr jurtaríkinu:			
	– Umbreytt jurtaslím og hleypiefni unnið úr vörum úr jurtaríkinu	Framleiðsla úr óumbreyttu jurtaslími og hleypiefni		
	– Annað	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 1404	Baðmullardúnn (linters)	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1504	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð en ekki efnafræðilega umbreytt:			
	– þættir í föstu formi úr lýsi og feiti fisks, og lýsi úr sjávarspendýrum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, að meðtöldum efnum í nr. 1504		
	– annað	Framleiðsla úr efnum í 2. og 3. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 1516	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, eingöngu úr fiski eða sjávarspendýrum	Framleiðsla úr efnum í 2. og 3. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 1516	Hertar olíur (með vaxeinkenni, t.d. ópalvax)	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 1516 sem innihalda meira en 10% þó ekki meira en 15% af þunga mjólkurfitunnar	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, og – úr efnum í 4. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 1518	Línoxín	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
úr 1519	Einbasískar karboxýfitusýrur frá iðnaði, sýruolía frá hreinsun, feitialkóhól frá iðnaði, ekki til skepnufóðurs			
	– Einbasískar karboxýfitusýrur frá iðnaði, sýruolía frá hreinsun	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
	– Feitialkahól frá iðnaði	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, að meðtöldum efnum í nr. 1519		
1520	Glýseról (glýserín), einnig hreint; glýserólvatn og glýseróllútur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1521	Jurtavax (annað en tríglýseríð), býflugnavax, annað skordýravax og hvalaraf, einnig hreinsað eða litað	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
1522	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
úr 1603	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum	Framleiðsla úr efnum í 2. og 3. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		
1604	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	Framleiðsla úr fiski eða hrognum sem verða að vera að öllu leyti fengin		
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum	Framleiðsla úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 1702	Kemískt hreinn frúktósi og maltósi	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, að meðtöldum efnum í nr. 1702		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1704	Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakaóinnihalds	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
1803	Kakaódeig, einnig fitusneytt	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
1804	Kakaósmjör, kakaófeiti og kakaóolía	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
1805	Kakaóduft, án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
1806	Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efnanna í 17. kafla sem notuð eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1901	Maltkjarni: framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót. a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:			
	– Maltkjarni	Framleiðsla úr korni í 10. kafla		
	– Annað	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, enda sé verðmæti annarra efna í 17. kafla ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 1902	Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt svo sem spaghetti, makkarónur, núðlur, lasagna, gnocchi, ravíólí, kannelíóní – þó ekki það sem inniheldur meira en 20%, miðað við þunga, af krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- og sjávarhryggleysingjum, pylsum og þess háttar eða kjöti og hvers konar hlutum af dýrum, þar með talin feiti af hvaða tegund eða uppruna sem er; kúskús, einnig unnið	Framleiðsla úr korni og afbrigðum þess (þó ekki úr harðhveiti og afbrigðum hennar) sem verður að vera að öllu leyti fengið		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1903	Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki kartöflusterkju í nr. 1108		
1904	Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur), korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:			
	– Án kakaóinnihalds:			
	– – Korn annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt	Framleiðsla úr efni í hvaða vörulið sem er. Þó má hvorki nota korn né stöngla af sætum maís, tilreitt eða varið skemmdum, í nr. 2001, 2004 og 2005, né ósoðinn, soðinn eða gufusoðinn sætan maís í nr. 0710		
	– – Annað:	Framleiðsla – úr korni og afbrigðum þess (þó ekki úr maís af tegundinni „Zea Indurata“ og harðhveiti og afbrigðum þeirra) sem verður að vera að öllu leyti fengið, og – úr efnum í 17. kafla sem að verðmæti eru ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
	– Með kakaóinnihaldi	Framleiðsla úr efnum, sem flokkast ekki í nr. 1806, enda sé efni úr 17. kafla í að verðmæti ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1905	Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í 11. kafla([1])		
úr 2001	Sykurmaís (Zea mays var. saccharata) unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru; sætar kartöflur, sæthnúður og aðrir plöntuhlutar til manneldis sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
úr 2002	Tómatar, unnir eða varðir skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ekki heilir eða hlutaðir	Framleiðsla úr tómötum í 7. eða 20. kafla sem verða þegar að vera upprunavörur		
úr 2004 og úr 2005	Mjöl, flögur og kurl úr kartöflum, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, sykurmaís (Zea mays var. saccharata), unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

([1]) Þó má nota maísmjöl (masamjöl) sem fengið hefur verið með „nixtamalization" (alkalínhitun og bleytun) fram að 30. nóvember 1993.

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
2007	Sulta, ávaxtahlaup, mauk, ávaxta- eða hnetudeig, soðið, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, og – þar sem verðmæti efna í 17. kafla eru í heild ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 2008	Hnetusmjör, kornblöndur, pálmakjarni, maís (korn), annað en sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
2101	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
úr 2102	Lifandi ger, þó ekki bökunarduft, að frátöldu því sem notað er til dýraeldis; dautt ger, ekki til dýraeldis, aðrar einfruma örverur, dauðar (ekki til dýraeldis), unnið bökunarduft	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
2103	Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður			
	– Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir annan vörulið en framleiðsluvaran. Þó má nota sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, eða unnið sinnep		
	– sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, eða unnið sinnep	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er		
2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það, jafnblönduð samsett matvæli			
	– Súpur og seyði og framleiðsla í það	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er þó ekki grænmeti sem er unnið eða varið skemmdum í nr. 2002 til 2005		
	– jafnblönduð samsett matvæli	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
2105	Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 2106	Matvæli, ót.a.	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
2201	Vatn, þar með talið náttúrlegt eða gerviölkelduvatn og loftblandað vatn, ekki með viðbættum sykri eða öðru sætiefni eða bragðbætt; ís og snjór	Framleiðsla úr vatni í 22. kafla sem allt verður að teljast upprunavara		
2203	Öl gert úr malti	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum	Framleiðsla þar sem þrúgurnar eða efni fengið úr þeim verður að vera að öllu leyti fengið		
úr 2208	Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur;			
	– Anísvín (Ouzo)	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 2207 og 2208, eða – úr berjum eða efnum fengnum úr berjum, sem verður að vera að öllu leyti fengin		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
	– Annað	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 2207 eða 2208, og – úr berjum eða efnum fengnum úr berjum, sem verður að vera að öllu leyti fengin EÐA ef öll efnin teljast þegar upprunavörur er heimilt að nota „arrak" í allt að 5% af rúmmáli		
2209	Edik og edikslíki fengið úr ediksýru	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran, og – úr berjum eða efnum fengnum úr berjum sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 2301	Hvalmjöl; mjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum	Framleiðsla úr efnum í 2. og 3. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		
úr 2309	Fisksoðkjarnamjöl	Framleiðsla úr efnum í 3. kafla sem verða að vera að öllu leyti fengin		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 25. kafla	Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gipsefni, kalk og sement; þó ekki úr 2504, úr 2515, úr 2516, úr 2518, úr 2519, úr 2520, úr 2524, úr 2525 og úr 2530, sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
úr 2504	Náttúrulegt, kristallað grafít, með auknu kolefnisinnihaldi, hreinsað og malað	Aukning kolefnis-innihalds, hreinsun og mölun óhreinsaðs kristallaðs grafíts		
úr 2515	Marmari, einungis sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti í rétthyrningslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti (jafnvel þegar sagaður), meira en 25 cm að þykkt		
úr 2516	Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og annar steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, einungis sagað eða hlutað sundur með öðrum hætti í rétthyrningslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti (jafnvel þegar sagaður), meira en 25 cm að þykkt		
úr 2518	Brennt dólómít	Brennsla á óbrenndu dólómíti		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 2519	Mulið, náttúrlegt magnesíum karbónat (magnesít), í loftþéttum umbúðum, og magnesíumoxíð, einnig hreint, þó ekki brædd magnesía eða glædd magnesía	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota náttúrulegt magnesíumkarbónat (magnesít)		
úr 2520	Gipsefni sérstaklega framleitt til tannsmíða eða tannlækninga	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 2524	Náttúrulegar asbesttrefjar	Framleiðsla úr asbestkirni		
úr 2525	Gljásteinsduft	Mölun gljásteins eða gljásteinsúrgangs		
úr 2530	Jarðlitir, brenndir eða muldir í duft	Brennsla eða mölun jarðlita		
26. kafli	Málmgrýti, gjall og aska	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		
úr 27. kafla	Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; jarðbiksefni; jarðvax; þó ekki vörur úr 2707 og 2709 til 2715 sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 2707	Olíur sem í er meiri þungi arómatískra efnisþátta en óarómatískra efnisþátta, og eru áþekkar jarðolíum sem framleiddar eru með eimingu úr háhitaðri koltjöru sem eimast meira en 65% miðað við rúmmál við 250° C (þar með talið blöndur af bensíni og bensóli), ætlaðar til notkunar sem orku- eða hitagjafi	Þetta eru framleiðsluvörur úr VII. viðbæti		
2709 til 2715	Jarðolíur og aðrar vörur framleiddar með eimingu úr jarðolíu; tjörukennd efni; jarðvax	Þetta eru framleiðsluvörur úr VII. viðbæti		
úr 28. kafla	Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna, þó ekki úr nr. 2811, úr 2833 og úr 2840, sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2811	Brennisteinstríoxíð	Framleiðsla úr brennisteinsdíoxíði		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 2833	Álsúlfat	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 2840	Natríum perbórat	Framleiðsla úr dínatríum tetrabórat pentahydrati		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 29. kafla	Lífræn efni, þó ekki úr 2901, úr 2902, úr 2905, 2915, 2932, 2933 og 2934, sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2901	Raðtengd kolvatnsefni ætluð til notkunar sem orku- eða hitagjafi	Þetta eru framleiðsluvörur úr VII. viðbæti		
úr 2902	Cyclan og cyclen (önnur en asúlen), bensen, tólúen, xýlen ætlað til notkunar sem orku- eða hitagjafi	Þetta eru framleiðsluvörur úr VII. viðbæti		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*	
(1)	(2)	(3)	eða (4)
úr 2905	Málmalkóhólöt alkóhóls í þessum vörulið og etanóls og glýseróls	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, að meðtöldum öðrum efnum í nr. 2905. Þó má nota málmalkóhólöt sem flokkast undir þennan vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2915	Mettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má heildarverðmæti efna í nr. 2915 og 2916 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2932	Heteróhringliðasambönd einungis með súrefnis-heterófrumeindum: – Raðtengdir eterar ásamt halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiðum þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má heildarverðmæti efna í nr. 2909 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Hringasetöl og hemiasetöl og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er.	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
	– Annað	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra sé ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2933	Heteróhringliðasambönd einungis með köfnunarefnis-heterófrumeindum; kjarnasýrur og sölt þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má heildarverðmæti efna í nr. 2932 og 2933 sem notuð eru ekki nema meiru en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2934	Önnur heteróhringliðasambönd	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 2932, 2933 og 2934 sem notuð eru ekki nema meiru en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 30. kafla	Vörur til lækninga (þó ekki vörur í nr. 3002, 3003 eða 3004), sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
3002	Mannsblóð; dýrablóð framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómsgreiningar; mótsermi og aðrir blóðþættir; bóluefni, toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur:			
	– Vörur gerðar úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem blandað hefur verið saman til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum eða óblandaðar vörur sem notaðar eru í þessum tilgangi, í afmældum skömmtum, formaðar eða í umbúðum til smásölu:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
	– Annað:			
	– – Mannsblóð	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
	– – Dýrablóð framleitt til lækninga eða til varnar gegn sjúkdómum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
	– – Blóðþættir aðrir en bóluefni, blóðrauði og blóðvatnsglóbúlín	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
	– – Blóðrauði, blóðglóbúlín og blóðvatnsglóbúlín	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
	– – Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
3003 og 3004	Lyf (þó ekki vörur í nr. 3002, 3005 eða 3006)	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir nr. 3003 eða 3004 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar og – þar sem verðmæti efnanna í heild er ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		
úr 31. kafla	Áburður þó ekki úr 3105, sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra sé ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
úr 3105	Áburður, úr steinaríkinu eða kemískur, sem inniheldur tvö eða þrjú af áburðarefnunum köfnunarefni, fosfór og kalíum; annar áburður; vörur sem teljast til þessa kafla í töflum eða áþekku formi eða í 10 kg umbúðum eða minni brúttó, þó ekki: – Natríumnítrat – Kalsíumsýanamíð – Kalíumsúlfat – Magníumkalíumsúlfat	Framleiðsla: – úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra sé ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar og – þar sem verðmæti efnanna í heild er ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 32. kafla	Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifulitir (pigment) og önnur litunarefni; málning og lökk; kítti og önnur þéttiefni; blek, þó ekki úr 3201 og 3205, sem um gilda eftirfarandi reglur	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3201	Tannín og sölt þess, eterar, esterar og aðrar afleiður	Framleiðsla úr tannínkjörnum úr jurtaríkinu		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
3205	Litlögur (colour lakes); blöndur sem tilgreindar eru í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litlegi([1])	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í nr. 3203, 3204 og 3205. Þó má nota efni sem flokkast undir nr. 3205 enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 33. kafla	Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmvörur, snyrtivörur eða hreinlætisvörur; þó ekki vörur í nr. 3301, sem um gildir eftirfarandi regla	Framleiðsla úr efnum sem flokkast öll undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3301	Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), einnig fastar eða fljótandi; resinóíð; kjarnar úr rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum eða vaxi eða þess háttar, fengnir með „enfleurage“ eða „maceration“; terpenríkar aukaafurðir frá terpensneyðingu rokgjarnra olía; vatnskennt eimi og vatnsupplausnir úr rokgjörnum olíum	Framleiðsla úr efnum úr hvaða vörulið sem er, þar með talin efni úr öðrum *flokki*([2]) í þessum vörulið. Þó má nota efni úr sama flokki enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar		Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

([1]) Í skýringu nr. 3 við 32. kafla segir að þessar blöndur séu til nota við litun hvers konar efnis eða sem efnisþættir við framleiðslu litarefna, enda flokkist þær ekki undir annan vörulið í 32. kafla

([2]) „Flokkur“ telst vera hvaða hluti vöruliðar sem er aðskilinn með semíkommu

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*		
(1)	(2)	(3)	eða	(4)
1604	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra lagaðar úr hrognum
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum

Fylgiskjal með töflu III

	SAT-númer	Vörulýsing
a)		**Lax: Kyrrahafslax (Oncorhynchus spp.), Atlantshafslax (Salmo salar) og Dónárlax (Hucho hucho):**
	0301 99 11	lifandi
	0302 12 00	nýr eða kældur
	0303 10 00	Kyrrahafslax, frystur
	0303 22 00	Atlantshafslax og Dónárlax, frystur
	0304 10 13	flök, ný eða kæld
	0304 20 13	flök, fryst
úr	0304 90 97	annað laxkjöt, fryst
	0305 30 30	flök, söltuð eða í saltlegi en ekki reykt
	0305 41 00	reyktur, þar með talin flök
	0305 69 50	saltaður eða í saltlegi en ekki þurrkaður eða reyktur
	1604 11 00	heill eða í hlutum, lagaður eða varinn skemmdur
	1604 20 10	annar, lagaður eða varinn skemmdum
b)		**Síld: (Clupea harengus, Clupea pallasii)**
	0302 40 90	ný eða kæld, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0302 70 00	lifur og hrogn, ný eða kæld
	0303 50 90	fryst, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0303 80 00	lifur og hrogn, fryst
úr	0304 10 39	flök, ný eða kæld
	0304 10 93	samhangandi flök, ný, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0304 10 98	annað síldarkjöt, nýtt
	0304 20 75	flök, fryst
	0304 90 25	annað síldarkjöt, fryst, frá 16. júní til 14. febrúar
úr	0305 20 00	lifur og hrogn, þurrkað, reykt, saltað eða í saltlegi
	0305 42 00	reykt, þar með talin flök
	0305 59 30	þurrkuð, einnig söltuð en ekki reykt
	0305 61 00	söltuð eða í saltlegi, en ekki þurrkuð eða reykt
	1604 12 10	flök, hrá, aðeins þakin deigi eða brauðmylsnu, einnig forsteikt í olíu, djúpfryst
	1604 12 90	síld, löguð eða varin skemmdum, heil eða í hlutum en ekki hökkuð
úr	1604 20 90	önnur síld, löguð eða varin skemmdum

c) Makríll (Scomber scrombrus, Scomber australasicus, Scomber japonicus)

	0302 64 90	nýr eða kældur, frá 16. júní til 14. febrúar
	0303 74 19	frystur, frá 16. júní til 14. febrúar (Scomber scrombrus, Scomber japonicus)
	0303 74 90	frystur, frá 16. júní til 14. febrúar (Scomber australasicus)
úr	0304 10 39	flök, ný
	0304 20 51	flök, fryst (Scomber australasicus)
úr	0304 20 53	flök, fryst (Scomber scrombrus, Scomber japonicus)
úr	0304 90 97	annað makrílkjöt, fryst
	0305 49 30	reyktur, þar með talin flök
	1604 15 10	heill eða í hlutum, lagaður eða varinn skemmdum (Scomber scrombrus, Scomber japonicus)
	1604 15 90	heill eða í hlutum, lagaður eða varinn skemmdum (Scomber australasicus)
úr	1604 20 90	annar makríll, lagaður eða varinn skemmdum

d) Rækja

0306 13 10	fryst, af Pandalidae-ætt
0306 13 30	fryst af Crangon-ættkvísl
0306 13 90	önnur rækja, fryst
0306 23 10	ekki fryst, af Pandalidae-ætt
0306 23 31	ný, kæld eða gufusoðin eða soðin í vatni af Crangon-ættkvísl
0306 23 39	önnur rækja af Crangon-ættkvísl
0306 23 90	önnur rækja, ekki fryst
1605 20 00	lagað og varið skemmdum

e) „Coquilles St. Jacques“ (Pecten maximus)

úr	0307 21 00	lifandi, nýr eða kældur
	0307 29 10	frystur
úr	1605 90 10	lagaður eða varinn skemmdum

f) Leturhumar (Nephrops norvegicus)

	0306 19 30	frystur
	0306 29 30	ekki frystur
úr	1605 40 00	lagaður eða varinn skemmdum

3. VIÐBÆTIR

Samningar milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja sem um getur í 7. grein:

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Svíþjóðar, undirritaður 22. júlí 1972, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 14. júlí 1986.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss, undirritaður 22. júlí 1972, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 14. júlí 1986.

Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs, undirritaður 14. maí 1973, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirrituð 14. júlí 1986.

Ákvæði 1. gr. bókunar nr. 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972.

BÓKUN 10

UM AÐ EINFALDA SKOÐUN OG FORMSATRIÐI VEGNA VÖRUFLUTNINGA

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa bókun merkir:

a) „skoðun“ aðgerð sem tollgæsla eða önnur eftirlitsdeild framkvæmdir og felur í sér efnislega skoðun, þ.m.t. sjónræna skoðun á flutningatækjum og/eða vörum til þess að ganga úr skugga um að eðli, uppruni, ástand, magn eða verðmæti þeirra sé í samræmi við upplýsingar í skjölum sem lögð hafa verið fram.

b) „formsatriði“ hverja þá kröfu sem stjórnvald gerir til rekstraraðila og felst í framvísun eða skoðun skjala og vottorða sem fylgja vörum eða annarra upplýsinga, óháð formi eða miðli, í sambandi við vörurnar eða flutningatækið.

2. gr.

Gildissvið

1. Með fyrirvara um þau sérákvæði sem í gildi eru samkvæmt samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu og EFTA-ríkin hafa gert sín á milli gildir þessi bókun um skoðun og formsatriði vegna flutnings á vörum yfir landamæri milli EFTA-ríkis og bandalagsins, sem og yfir landamæri milli EFTA-ríkja.

2. Þessi bókun gildir ekki um skoðun og formsatriði:

- vegna skipa og flugvéla sem flutningatækja; hún gildir aftur á móti um ökutæki og vörur sem fluttar eru með áðurnefndum flutningatækjum;

- sem krafist er vegna útgáfu heilbrigðisvottorða eða heilbrigðisvottorða fyrir plöntur í upprunalandi varanna eða landinu sem vörurnar koma frá.

II. KAFLI

STARFSREGLUR

3. gr.

Slembiathuganir og formsatriði

1. Ef ekki er sérstaklega kveðið á um annað í þessari bókun skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að:

- skoðun þeirri og formsatriðum sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. verði framfylgt á sem skemmstum tíma og, sé þess nokkur kostur, á einum og sama stað;

- skoðunin felist í slembiathugunum, nema gild rök réttlæti annað.

2. Að því er varðar framkvæmd annars undirliðar 1. mgr. skulu slembiathuganir byggjast á heildarfjölda vörusendinga, sem fara um landamærastöð og framvísað er á tollstofu eða hjá yfirvaldi sem annast skoðun yfir ákveðið tímabil, en ekki stykkjafjölda varnings í einstökum vörusendingum.

3. Á sendingar- og ákvörðunarstöðum vöru ber samningsaðilum að auðvelda notkun einfaldra starfsreglna sem og aðferða við gagnavinnslu og gagnaflutninga vegna útflutnings, umflutnings og innflutnings vörunnar.

4. Samningsaðilar skulu leitast við að staðsetja tollstofur, að meðtöldum þeim sem eru inni á yfirráðasvæði þeirra, á þann hátt að sem best sé gætt að hagsmunum þeirra aðila sem viðskiptin stunda.

4. gr.

Reglur um heilbrigði dýra

Á sviðum er snerta heilsuvernd manna og dýra og dýravernd ákvarðar sameiginlega EES-nefndin í samræmi við 2. mgr. 93. gr. samningsins framkvæmd þeirra meginreglna sem gerð er grein fyrir í 3., 7. og 13. gr. og reglna um álögð gjöld vegna formsatriða og skoðana sem framfylgt verður.

8. gr.

Afgreiðslutími landamærastöðva

1. Þar sem umferðarþungi réttlætir slíkt skulu samningsaðilar sjá til þess að:

a) landamærastöðvar séu opnar, nema þegar umferð er bönnuð, til þess að:

- hægt sé að fara yfir landamæri allan sólarhringinn með samsvarandi skoðun og formsatriðum og gilda um vörur sem eru meðhöndlaðar samkvæmt tollareglum um umflutning, þegar flutninga- og ökutæki fara um án farms, nema þar sem skoðun við landamæri er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma eða til þess að vernda dýr;

- hægt sé að framfylgja skoðun og formsatriðum í tengslum við umferð flutningatækja og vörur sem ekki eru fluttar samkvæmt tollareglum um umflutning, frá mánudegi til föstudags í að minnsta kosti tíu klukkustundir samfellt, og á laugardögum í að minnsta kosti sex klukkustundir samfellt, nema um opinbera frídaga sé að ræða;

b) sá tími sem um getur í öðrum undirlið a-liðar verði lagaður að raunverulegum þörfum, hvað varðar ökutæki og vörur sem eru fluttar flugleiðis, og honum verði skipt niður eða hann lengdur ef nauðsyn ber til.

2. Ef almenn aðlögun að þeim tímabilum sem um getur í öðrum undirlið a-liðar 1. mgr. og b-lið 1. mgr. veldur vandkvæðum vegna dýralæknaþjónustu skulu samningsaðilar, með því skilyrði að flutningsaðili gefi að minnsta kosti tólf klukkustunda fyrirvara, sjá til þess að sérfræðingur í dýralækningum sé tiltækur á þeim tímabilum; við flutning lifandi dýra má þó lengja fyrirvarann í átján klukkustundir.

3. Ef fleiri landamærastöðvar en ein eru staðsettar í næsta nágrenni við eitt og sama landamærasvæðið geta hlutaðeigandi samningsaðilar í sameiningu samþykkt, vegna tiltekinna stöðva, að víkja frá 1. mgr. að því tilskildu að aðrar stöðvar á því svæði geti afgreitt vörur og ökutæki í samræmi við þá málsgrein.

4. Að því er varðar þær landamærastöðvar og tollstofur og þjónustu sem um getur í 1. mgr., og með þeim skilmálum sem samningsaðilarnir setja, skulu þar til bær yfirvöld, sé þess sérstaklega óskað á afgreiðslutíma og af réttmætum ástæðum, kveða á um að undantekning sé gerð til að framfylgja skoðun og formsatriðum utan afgreiðslutíma, með því skilyrði og eftir því sem við á, að greitt verði fyrir veitta þjónustu.

9. gr.

Hraðreinar

Samningsaðilar skulu kappkosta að hafa við landamærastöðvar, þar sem slíkt er tæknilega mögulegt og réttlætanlegt vegna umferðarþunga, hraðreinar fyrir vörur, sem eru meðhöndlaðar samkvæmt tollareglum um umflutning, þegar flutninga- og ökutæki fara um án farms og allur varningur er háður skoðun og formsatriðum sem ekki eru ítarlegri en skoðun og formsatriði vegna umflutnings vöru.

5. gr.

Reglur um heilbrigði plantna

1. Skoðun á heilbrigði innfluttra plantna skal eingöngu felast í slembiathugunum og sýnatöku nema gild rök réttlæti annað. Slík skoðun skal annaðhvort fara fram á ákvörðunarstað vöru eða á öðrum stað sem tilnefndur hefur verið á viðkomandi yfirráðasvæði með því skilyrði að flutningsáætlun vörunnar raskist sem allra minnst.

2. Sameiginlega EES-nefndin skal ákveða, í samræmi við 2. mgr. 93. gr. samningsins, reglur um sannkennslisathuganir á innflutningi í tengslum við vörur sem falla undir löggjöf um heilbrigði plantna. Sameiginlega EES-nefndin skal ákveða, í samræmi við 2.mgr. 93. gr. samningsins, ráðstafanir er lúta að álögðum þóknunum vegna formsatriða og skoðunar í sambandi við heilbrigði plantna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um aðrar vörur en þær sem eru framleiddar í bandalaginu eða í EFTA-ríki nema þær, eðlis síns vegna, stofni ekki heilbrigði plantna í hættu eða hafi verið skoðaðar með tilliti til heilbrigðis plantna þegar þær voru fluttar inn á yfirráðasvæði hlutaðeigandi samningsaðila og í ljós hefur komið, við skoðun, að þær standast kröfurnar sem settar eru í löggjöf þeirra um heilbrigði plantna.

4. Ef samningsaðili álítur bráða hættu stafa af innflutningi eða útbreiðslu skaðlegra lífvera á yfirráðasvæði sínu getur hann gert nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til þess að verjast þeirri hættu. Samningsaðilar skulu þegar í stað tilkynna hver öðrum um aðgerðir sem gripið er til og útskýra nauðsyn þeirra.

6. gr.

Framsal á valdi

Samningsaðilar skulu sjá til þess, með beinu framsali þar til bærra yfirvalda og fyrir þeirra hönd, að ein hinna þjónustustofnananna sem í hlut eiga, helst tollgæslan, megi annast skoðun sem þessi yfirvöld eru ábyrg fyrir og, að svo miklu leyti sem slík skoðun tengist kröfunni um að nauðsynleg skjöl séu lögð fram, athuganir á réttmæti og staðfestingu þeirra og sannkennsli vörunnar sem tilgreind er í slíkum skjölum. Þegar um slíkt er að ræða ber hlutaðeigandi yfirvöldum að tryggja að aðstaða sé fyrir hendi til þess að framkvæmda þessar athuganir.

7. gr.

Viðurkenning á skoðun og skjölum

Við framkvæmd þessarar bókunar og með þeim fyrirvara að hægt sé að gera slembiathuganir, skulu samningsaðilar, við innflutning eða umflutning vöru, viðurkenna þá skoðun sem framkvæmd er og þau skjöl sem eru útbúin af þar til bærum yfirvöldum hinna samningsaðilanna og staðfesta að vörurnar samræmist lagalegum kröfum innflutningsríkisins eða sambærilegum kröfum útflutningsríkisins.

III. KAFLI

SAMSTARF

10. gr.

Samstarf yfirvalda

1. Til þess að greiða fyrir umferð um landamæri skulu samningsaðilar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að efla á landsvísu, í héruðum og sveitarfélögum samstarf yfirvalda sem annast skipulag skoðunar og samstarf deilda sem annast skoðun og formsatriði sitt hvorum megin landamæranna.

2. Hver samningsaðili skal, að svo miklu leyti sem hann á hlut að máli, sjá til þess að einstaklingar sem stunda viðskipti er falla undir þessa bókun geti látið þar til bær yfirvöld vita með skjótum hætti um vandkvæði sem koma upp þegar farið er yfir landamæri.

3. Samstarfið sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka til:

a) staðsetningar landamærastöðva í samræmi við umferð;

b) breytingar á landamæraskrifstofum þannig að þar geti einnig farið fram skoðun, ef þess er nokkur kostur;

c) samhæfingar á ábyrgðarhlutverki landamærastöðva og -skrifstofa sem eru sitt hvorum megin við landamæri;

d) leitar að réttum lausnum á þeim vandkvæðum sem tilkynnt er um.

4. Samningsaðilar skulu í sameiningu vinna að því að samræma afgreiðslutíma þeirra deilda sem annast skoðun og formsatriði sitt hvorum megin við landamærin.

11. gr.

Tilkynning um nýja tegund skoðunar og formsatriða

Þegar samningsaðili hyggst innleiða nýja tegund skoðunar eða formsatriða ber honum að láta hina samningsaðilana vita. Hlutaðeigandi samningsaðili skal tryggja að ráðstafanir sem gerðar eru til þess að auðvelda umferð um landamæri verði ekki gagnslausar með beitngu nýrrar tegundar skoðunar eða formsatriða.

12. gr.

Hindrunarlaus umferð

1. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að biðtími vegna skoðunar og formsatriða verði ekki lengri en sá tími sem fer í að ljúka þeim á viðunandi hátt. Í þessu skyni ber þeim að skipuleggja afgreiðslutíma deildanna sem eiga að annast skoðun og formsatriði, tiltækt starfslið og hagnýtar ráðstafanir í meðferð vöru og skjala, þegar skoðun og formsatriðum er framfylgt, á þann hátt að biðtíminn í umferðinni verði eins stuttur og hægt er.

2. Ef alvarleg röskun verður í tengslum við vöruflutninga á yfirráðasvæðum samningsaðila og líkur eru á að hún stofni í hættu því markmiði að einfalda og flýta fyrir umferð um landamæri skulu þar til bær yfirvöld þessara samningsaðila þegar í stað tilkynna það þar til bærum yfirvöldum annarra samningsaðila þar sem slík röskun hefur áhrif.

3. Þar til bær yfirvöld sérhvers samningsaðila sem áhrifanna gætir hjá skulu þegar í stað gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja hindrunarlausa umferð, eftir því sem hægt er. Ráðstafanirnar ber að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni sem skal halda skyndifund, eftir því sem við á, að beiðni samningsaðila til þess að ræða þessar ráðstafanir.

13. gr.

Aðstoð stjórnvalda

Til þess að tryggja snurðulaus viðskipti milli samningsaðila og til þess að auðveldara verði að uppgötva óreiðu eða brot skulu þar til bær yfirvöld samningsaðila hafa samvinnu sín á milli í samræmi við, að breyttu breytanda, ákvæði bókunar 11.

14. gr.

Samráðshópar

1. Þar til bær yfirvöld hlutaðeigandi samningsaðila geta stofnað samráðshópa sem í héruðum og sveitarfélögum bera ábyrgð á málum af hagnýtum eða tæknilegum toga eða sem varða skipulagningu.

2. Samráðshóparnir skulu koma saman að beiðni þar til bærra yfirvalda samningsaðila hvenær sem nauðsyn ber til. Samningsaðilarnir sem bera ábyrgð á þeim skulu láta sameiginlegu EES-nefndina fá upplýsingar reglulega um umfjöllun þeirra.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Greiðslukjör

Samningsaðilar skulu sjá til þess að gjaldfallnar fjárhæðir vegna skoðunar og formsatriða sem beitt er í viðskiptum megi einnig greiða með alþjóðlegri ávísun, sem er staðfest eða með ábyrgð, í gjaldmiðli þess ríkis þar sem greiða á fjárhæðina.

16. gr.

Tengsl við aðra samninga og innlenda löggjöf

Bókun þessi kemur ekki í veg fyrir að tveir eða fleiri samningsaðilar veiti hver öðrum betri kjör, né rétt samningsaðila til að fara eftir eigin löggjöf við eftirlit og formsatriði við landamæri sín, að því tilskildu að slíkt ryri ekki á neinn hátt þau kjör sem fást með þessari bókun.

BÓKUN 11

UM GAGNKVÆMA AÐSTOÐ Í TOLLAMÁLUM

1. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa bókun merkir:

a) „tollalöggjöf" gildandi ákvæði á yfirráðasvæði samningsaðila um innflutning, útflutning og umflutning vöru og meðhöndlun hennar samkvæmt hvaða tollareglum sem er, að meðtöldu banni, takmörkunum og eftirliti sem áðurnefndir aðilar samþykkja;

b) „tollar" alla tolla, skatta, þóknanir og önnur gjöld sem lögð eru á og innheimt á yfirráðasvæði samningsaðila samkvæmt tollalöggjöf, þó ekki þóknanir og gjöld sem takmarkast við áætlaðan kostnað veittrar þjónustu;

c) „yfirvald sem sækir um" lögbært stjórnvald skipað af samningsaðila til þess að sækja um aðstoð í tollamálum;

d) „yfirvald sem leitað er til" lögbært stjórnvald skipað af samningsaðila til þess að taka við beiðnum um aðstoð í tollamálum;

e) „brot" hvert brot á tollalöggjöf svo og hverja tilraun til þess að brjóta slíka löggjöf.

2. gr.

Gildissvið

1. Samningsaðilum ber að veita hver öðrum gagnkvæma aðstoð, á þann hátt og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari bókun, við að tryggja að farið sé að tollalöggjöf, einkum með því að koma í veg fyrir, uppgötva og rannsaka brot á löggjöfinni.

2. Aðstoð í tollamálum, eins og kveðið er á um í þessari bókun, gildir um hvert það stjórnvald samningsaðila sem hefur vald til að beita ákvæðum þessarar bókunar. Hún hefur ekki áhrif á reglur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum.

3. gr.

Aðstoð samkvæmt beiðni

1. Að beiðni yfirvalds sem sækir um skal yfirvald sem leitað er til veita því allar viðeigandi upplýsingar svo að það geti tryggt að farið sé að tollalöggjöf, þar á meðal upplýsingar um starfsemi sem tekið hefur verið eftir eða skipulögð og stríðir eða gæti strítt gegn slíkri löggjöf.

2. Að beiðni yfirvalds sem sækir um skal yfirvald sem leitað er til láta vita hvort útflutningsvörur frá yfirráðasvæði eins samningsaðila hafi verið fluttar inn á yfirráðasvæði annars aðila á réttan hátt, og tilgreina, eftir því sem við á, eftir hvaða tollareglum vörurnar voru meðhöndlaðar.

3. Að beiðni yfirvalds sem sækir um skal yfirvald sem leitað er til gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að eftirlit sé haft með:

a) einstaklingum eða lögpersónum ef réttmæt ástæða er til að ætla að þeir brjóti eða hafi brotið tollalöggjöf;

b) vöruflutningum ef tilkynnt hefur verið að þeir geti haft í för með sér alvarlegt brot á tollalöggjöf;

c) flutningatækjum ef réttmæt ástæða er til að ætla að þau hafi verið notuð, séu notuð eða geti verið notuð við brot á tollalöggjöf.

4. gr.

Aðstoð án beiðni

Samningsaðilar skulu eftir því sem þeir eru færir um slíkt veita hver öðrum aðstoð telji þeir það nauðsynlegt við beitingu á tollalöggjöf, einkum þegar þeir fá upplýsingar sem lúta að:

- starfsemi sem hefur strítt gegn, stríðir gegn eða gæti strítt gegn slíkri löggjöf og gætu verið gagnlegar öðrum samningsaðilum;
- nýjum úrræðum eða aðferðum sem beitt er til þess að komast að slíkri starfsemi;
- vörum sem vitað er að tengjast alvarlegu broti á tollalöggjöf um innflutning, útflutning, umflutning eða öðrum tollareglum.

5. gr.

Afhending/Tilkynningar

Að beiðni yfirvalds sem sækir um skal yfirvald sem leitað er til gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við löggjöf sína til þess að:

- afhenda öll skjöl;
- tilkynna allar ákvarðanir;

sem heyra undir gildissvið þessarar bókunar til viðtakanda sem er búsettur eða hefur staðfestu á yfirráðasvæði þess.

6. gr.

Form og efni aðstoðarbeiðna

1. Beiðnir sem eru lagðar fram samkvæmt þessari bókun eiga að vera skriflegar. Nauðsynleg skjöl fyrir framkvæmd slíkrar beiðni skulu fylgja henni. Í brýnum tilvikum er leyfilegt að samþykkja munnlegar beiðnir en þær verður þegar í stað að staðfesta skriflega.

2. Beiðnir sem lagðar eru fram samkvæmt 1. mgr. eiga að fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

a) hvaða yfirvald sækir um;

b) hvaða ráðstöfun farið er fram á;

c) markmið með og ástæða fyrir beiðninni;

d) hvaða lög, reglur og annar lagagerningur eru málinu viðkomandi;

e) upplýsingar sem eru eins nákvæmar og tæmandi og hægt er um einstaklinga og lögaðila sem rannsóknin beinist að;

f) yfirlit yfir þau atriði sem málið varða, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 5. gr.

3. Beiðnir skulu lagðar fram á opinberu tungumáli þess yfirvalds sem leitað er til eða á tungumáli sem það yfirvald samþykkir.

4. Ef beiðni fullnægir ekki kröfum um form, er hægt að fara fram á að hún verði leiðrétt eða að lokið verði við hana; þó er hægt að fara fram á að varúðarráðstafanir verði gerðar.

7. gr.

Beiðnum framfylgt

1. Til þess að framfylgja beiðni um aðstoð skal yfirvaldið sem leitað er til eða, ef það er ekki einfært um að bregðast við, stjórnsýsludeild sem það hefur beint beiðninni til, veita fyrirliggjandi upplýsingar, annast viðeigandi rannsókn eða láta rannsókn fara fram, eftir því sem það er fært um og með tiltækum ráðum, eins og það væri að bregðast við að eigin frumkvæði eða að beiðni annarra yfirvalda sama samningsaðila.

2. Beiðnum um aðstoð verður framfylgt í samræmi við lög, reglur og annan lagagerning samningsaðilans sem leitað er til.

3. Embættismenn með löglegt umboð samningsaðila geta, með samþykki annars hlutaðeigandi samningsaðila og með skilyrðum sem síðarnefndi aðilinn setur, fengið frá skrifstofum yfirvaldsins sem leitað er til eða annars yfirvalds sem það ber ábyrgð á upplýsingar um brot á tollalöggjöf sem yfirvaldið sem sækir um þarf á að halda vegna þessarar bókunar.

4. Embættismenn samningsaðila geta, með samþykki annars samningsaðila, verið viðstaddir rannsókn sem fram fer á yfirráðasvæði hins síðarnefnda.

8. gr.

Hvernig upplýsingum er komið á framfæri

1. Yfirvald sem leitað er til skal senda niðurstöður rannsókna til yfirvalds sem sækir um í formi skjala, vottfestra afrita skjala, skýrslna og sambærilegra gagna.

2. Í staðinn fyrir skjölin sem kveðið er á um í 1. mgr. geta komið hvers kyns tölvugögn sem útbúin eru í sama skyni.

9. gr.

Undantekningar frá þeirri skyldu að veita aðstoð

1. Samningsaðilar geta neitað að veita þá aðstoð sem kveðið er á um í þessari bókun þegar hún myndi:

a) vera líkleg til að hafa áhrif á fullveldi, allsherjarreglu (l'ordre publique), öryggi eða aðra mikilvæga hagsmuni; eða

b) vera til þess að beita þurfi öðrum reglugerðum um gjaldmiðil eða skatta en þær sem varða tolla; eða

c) vera til þess að upp komist um leyndarmál á sviði iðnaðar, viðskipta eða fagstarfsemi.

2. Þegar yfirvald sækir um aðstoð sem það væri sjálft ekki fært um að veita ber ef um væri beðið að vekja athygli á því í beiðninni. Yfirvald sem leitað er til ákveður hvernig slíkri beiðni er svarað.

3. Ef hætt er við aðstoð eða synjað um hana skal þegar í stað tilkynna það yfirvaldinu sem sækir um og geta um ástæðu fyrir synjuninni.

10. gr.

Trúnaðarskylda

Upplýsingar sem veittar eru í samræmi við þessa bókun, í hvaða formi sem það er gert, skulu vera trúnaðarmál. Þær heyra undir opinbera þagnarskyldu og njóta verndar í samræmi við viðeigandi lög sem gilda hjá samningsaðilanum sem fékk þær og samsvarandi ákvæði sem gilda um yfirvöld bandalagsins.

11. gr.

Notkun upplýsinga

1. Aðfengnar upplýsingar skal eingöngu nota vegna þessarar bókunar og þær má eingöngu nota í öðrum tilgangi hjá öðrum samningsaðila með fyrirfram skriflegu samþykki þess stjórnvalds sem veitti þær og skulu vera háðar þeim höftum sem það stjórnvald setur. Þessi ákvæði gilda ekki um upplýsingar varðandi brot í tengslum við fíknilyf og geðlyf. Slíkar upplýsingar má veita öðrum yfirvöldum sem beinlínis eiga í baráttu við ólöglega eiturlyfjasölu.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir notkun upplýsinga í hvers konar málarekstri af hálfu dómstóla eða stjórnvalda sem stofnað er til síðar vegna þess að ekki hefur verið farið að tollalöggjöf.

3. Samningsaðilar geta, í skráðum sönnunargögnum sínum, skýrslum og vitnisburði og málarekstri og kærum sem koma fyrir dómstóla, notað sem sönnunargögn upplýsingar sem fengist hafa og skjöl sem hafa verið skoðuð í samræmi við ákvæði þessarar bókunar.

12. gr.

Sérfræðingar og vitni

Veita má embættismanni yfirvalds sem leitað er til heimild til þess að mæta fyrir rétti, innan þeirra takmarkana sem í heimildinni felast, sem sérfræðingur eða vitni í málarekstri fyrir dómstólnum eða stjórnvöldum í málum sem þessi bókun tekur til í lögsagnarumdæmi annars samningsaðila, og að leggja fram hluti, skjöl eða staðfest afrit þeirra eftir því sem nauðsynlegt er vegna málareksturs. Í beiðni um mætingu verður að tilgreina sérstaklega í hvaða máli og á grundvelli hvaða stöðu eða hæfni embættismaðurinn verður yfirheyrður.

13. gr.

Kostnaður vegna aðstoðar

Samningsaðilar skulu fella niður allar kröfur á hendur hver öðrum um endurgreiðslu kostnaðar sem stofnað hefur verið til samkvæmt þessari bókun, nema, eftir því sem við á, greiðslur til sérfræðinga og vitna og til túlka og þýðenda sem eru ekki í þjónustu hins opinbera.

14. gr.

Framkvæmd

1. Framkvæmd þessarar bókunar skal falin annars vegar yfirstjórn tollyfirvalda EFTA-ríkjanna og hins vegar lögbærum þjónustustofnunum framkvæmdastjórnar EB og, eftir því sem við á, tollyfirvöldum aðildarríkja Evrópubandalagsins. Þessir aðilar skulu taka ákvarðanir um allar nauðsynlegar hagnýtar ráðstafanir og fyrirkomulag vegna beitingar hennar, með hliðsjón af reglum um verndun gagna. Þeir geta mælt með breytingum sem þeir telja að gera þurfi á bókuninni við lögbæra aðila.

2. Samningsaðilar skulu senda hver öðrum lista yfir lögbær yfirvöld sem eru skipaðir samskiptaaðilar við rekstrarlega framkvæmd þessarar bókunar.

Í málum sem heyra undir valdsvið bandalagsins skal taka viðeigandi tillit hvað þetta varðar til ákveðinna aðstæðna sem, vegna þess hve knýjandi það er eða þeirrar staðreyndar að einungis tvö lönd eiga hlut að beiðni eða samskiptum, kalla á beint samband milli lögbærra þjónustustofnana EFTA-ríkja og aðildarríkja EB við meðferð beiðna eða upplýsingaskipti. Auk þessara upplýsinga skulu vera listar sem breytt er þegar nauðsyn krefur, yfir embættismenn þeirra þjónustustofnana sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, rannsaka og fást við brot á tollalöggjöf.

Að auki skulu samningsaðilar, til þess að tryggja hámarksárangur við framkvæmd þessarar bókunar, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að þær deildir sem fást við brot á tollalöggjöf séu í beinu persónulegu sambandi, einnig þegar um er að ræða staðaryfirvöld, til þess að auðvelda upplýsingaskipti og meðferð beiðna.

3. Samningsaðilum ber að hafa samráð og veita síðan hver öðrum nákvæmar upplýsingar um þær framkvæmdarreglur sem samþykktar eru í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

15. gr.

Stuðningur

1. Bókun þessi á að styðja en ekki hindra beitingu samninga um gagnkvæma aðstoð sem gerðir hafa verið eða kunna að verða gerðir milli aðildarríkja EB og EFTA-ríkja og eins milli EFTA-ríkja. Hún skal ekki heldur koma í veg fyrir enn víðtækari aðstoð sem veitt er samkvæmt slíkum samningum.

2. Með fyrirvara um 11. gr. hafa slíkir samningar ekki áhrif á ákvæði bandalagsins um skipti lögbærra þjónustustofnana framkvæmdastjórnar EB og tollyfirvalda aðildarríkjanna á upplýsingum um tollamál sem gætu verið bandalaginu í hag.

BÓKUN 12

UM SAMNINGA VIÐ ÞRIÐJU LÖND UM SAMRÆMISMAT

Bandalagið hefur frumkvæði að því að semja við þriðju lönd um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats á afurðum ef nota skal vörumerki samkvæmt löggjöf Evrópubandalagsins. Bandalagið mun semja á þeim grundvelli að hlutaðeigandi þriðju lönd geri samhliða samninga við EFTA-ríkin um gagnkvæma viðurkenningu sem verði sambærilegir við þá sem gerðir verða við bandalagið. Samningsaðilar skulu vinna saman í samræmi við þær almennu reglur um upplýsingar og samráð sem settar eru fram í EES-samningnum. Komi upp ágreiningur í sambandi við þriðju lönd verður fjallað um hann samkvæmt viðeigandi ákvæðum EES-samningsins.

BÓKUN 13

UM AÐ JÖFNUNARTOLLUM OG AÐGERÐUM GEGN UNDIRBOÐUM VERÐI EKKI BEITT

Beiting 26. gr. þessa samnings á aðeins við þau svið sem ákvæði hans taka til og þar sem réttarreglur bandalagsins teljast óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Enn fremur, nema samningsaðilar komi sér saman um aðrar lausnir, hefur beiting hennar áhrif á þær ráðstafanir sem samningsaðilar kunna að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir að eftirfarandi ráðstafanir sem beinast að þriðju löndum séu sniðgengnar:

— ráðstafanir gegn undirboðum;

— jöfnunartollar;

— ráðstafanir gegn ólöglegum viðskiptaháttum sem rekja má til þriðju landa.

BÓKUN 14

UM VERSLUN MEÐ KOLA- OG STÁLVÖRUR

1. gr.

Þessi bókun á við um vörur sem gert er ráð fyrir í hinum tvíhliða fríverslunarsamningum (hér eftir nefndir „fríverslunarsamningarnir") sem gerðir voru milli Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og einstakra EFTA-ríkja hins vegar eða, eftir atvikum, milli aðildarríkja Kola-og stálbandalags Evrópu og einstakra EFTA-ríkja.

2. gr.

1. Fríverslunarsamningarnir skulu haldast óbreyttir nema kveðið sé á um annað í þessari bókun. Ákvæði þessa samnings gilda þegar fríverslunarsamningarnir gilda ekki. Gildi efnisákvæði fríverslunarsamninganna áfram gilda ákvæði þeirra um stofnanir einnig.

2. Afnema skal magntakmarkanir á útflutningi, ráðstafanir sem hafa sambærileg áhrif og tolla og gjöld sem hafa sambærileg áhrif, er gilda í viðskiptum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Samningsaðilar skulu ekki koma á neinum þeim höftum eða stjórnunar- og tæknilegum reglugerðum sem gætu í viðskiptum samningsaðila hindrað frjálsa vöruflutninga samkvæmt þessari bókun.

4. gr.

Meginatriði samkeppnisreglna er gilda um fyrirtæki varðandi vörur sem bókun þessi nær til er að finna í bókun 25. Afleiddar réttarreglur er að finna í bókun 21 og XIV. viðauka.

5. gr.

Samningsaðilar skulu fara að reglum um aðstoð við stáliðnaðinn. Einkum fallast þeir á mikilvægi, og samþykkja reglur bandalagsins um aðstoð við stáliðnaðinn eins og ákveðið er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 322/89/KSE sem fellur úr gildi 31. desember 1991. Samningsaðilar lýsa áformi sínu um að setja inn í EES-samninginn nýjar reglur bandalagsins um aðstoð við stáliðnaðinn með gildistöku samningsins, að því tilskildu að þær séu efnislega líkar reglum framangreindrar gerðar.

6. gr.

1. Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um markaði. EFTA-ríkin skulu leitast við af fremsta megni að tryggja að stálframleiðendur, neytendur og kaupmenn veiti slíkar upplýsingar.

2. EFTA-ríkin skulu af fremsta megni leitast við að tryggja að stáliðnaðarfyrirtæki með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra taki þátt í árlegum könnunum varðandi þær fjárfestingar sem um getur í 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3302/81/KSE frá 18. nóvember 1981. Samningsaðilar munu, með fyrirvara um kröfur um viðskiptaleynd, skiptast á upplýsingum um mikilvæg verkefni er varða fjárfestingu eða afnám fjárfestingar.

3. Í hinum almennu ákvæðum samningsins um stofnanir skal gert ráð fyrir öllum þeim málefnum sem tengjast upplýsingaskiptum milli samningsaðila.

7. gr.

Samningsaðilar athugi að bókun 4 í þessum samningi kemur í staðinn fyrir upprunareglur sem ákvarðaðar eru í bókun 3 í fríverslunarsamningum milli Efnahagsbandalags Evrópu og einstakra EFTA-ríkja.

BÓKUN 15

UM AÐLÖGUNARTÍMABIL VEGNA FRJÁLSRA FÓLKSFLUTNINGA

(SVISS OG LIECHTENSTEIN)

1. gr.

Ákvæði samningsins og viðauka hans er varða frjálsa fólksflutninga milli aðildarríkja EB og EFTA-ríkja gilda með fyrirvara um bráðabirgðaákvæðin sem sett eru í þessari bókun.

2. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta Sviss annars vegar og aðildarríki EB og önnur EFTA-ríki til 1. janúar 1998 viðhaldið innlendum ákvæðum, sem áskilja leyfi fyrirfram til komu, búsetu og atvinnu, varðandi ríkisborgara frá aðildarríkjum EB og öðrum EFTA-ríkjum auk ríkisborgara Sviss.

2. Sviss er heimilt að beita áfram fjöldatakmörkunum vegna nýrra íbúa og árstíðabundins vinnuafls til 1. janúar 1998 að því er varðar ríkisborgara aðildarríkja EB og annarra EFTA-ríkja. Þessar fjöldatakmarkanir verða smám saman afnumdar á aðlögunartímabilinu.

3. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur Sviss viðhaldið til 1. janúar 1998 innlendum ákvæðum sem takmarka hreyfanleika árstíðabundins vinnuafls innan tiltekinna greina eða á ákveðnum landsvæðum, að meðtalinni þeirri skuldbindingu sem lögð er á slíka launþega að þeir yfirgefi yfirráðasvæði Sviss í að minnsta kosti þrjá mánuði er árstíðabundið leyfi þeirra rennur út. Frá og með 1. janúar 1993 endurnýjast árstíðabundin leyfi sjálfkrafa vegna launþega í árstíðabundnum störfum sem hafa árstíðabundinn ráðningarsamning er þeir snúa aftur til yfirráðasvæðis Sviss.

2. Ákvæði 10., 11. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68, sem tilgreind er í 2. tölul. V. viðauka við samninginn, gilda í Sviss um árstíðabundið vinnuafl frá og með 1. janúar 1997.

3. Frá og með 1. janúar 1993 og þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þessarar bókunar skulu ákvæði 28. gr. samningsins og V. viðauka við samninginn gilda um árstíðabundið vinnuafl í Sviss, að því tilskildu að slíkir launþegar hafi unnið þrjátíu mánuði við árstíðabundin störf á yfirráðasvæði Sviss innan undanfarandi viðmiðunartímabils sem nær yfir fjögur ár samfellt.

4. gr.

Sviss getur viðhaldið til:

— 1. janúar 1996 innlendum ákvæðum þar sem þess er krafist að launþegi, búsettur á öðru yfirráðasvæði en í Sviss, sem er við störf á svissnesku yfirráðasvæði (launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri) hverfi aftur til síns heima daglega;

— 1. janúar 1998 innlendum ákvæðum þar sem þess er krafist að launþegi, búsettur á öðru yfirráðasvæði en í Sviss, sem er við störf á svissnesku yfirráðasvæði (launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri) hverfi aftur til síns heima vikulega;

— 1. janúar 1997 innlendum ákvæðum um takmarkanir á ráðningu launþega sem sækja vinnu yfir landamæri við skilgreind landamærasvæði;

— 1. janúar 1995 innlendum ákvæðum sem tilskilja störf sem unnin eru í Sviss af launþegum sem sækja vinnu yfir landamæri við fyrirfram veitt leyfi.

5. gr.

1. Liechtenstein annars vegar og aðildarríki EB og EFTA-ríkin hins vegar geta til 1. janúar 1998 viðhaldið innlendum ákvæðum, varðandi ríkisborgara frá aðildarríkjum EB eða öðrum EFTA-ríkjum auk ríkisborgara Liechtensteins, þar sem krafist er leyfis fyrirfram vegna komu, dvalar og atvinnu.

2. Liechtenstein er heimilt að beita áfram fjöldatakmörkunum vegna nýrra íbúa, launþega sem sækja vinnu yfir landamæri og árstíðabundins vinnuafls til 1. janúar 1998, að því er varðar ríkisborgara aðildarríkja EB og annarra EFTA-ríkja. Þessar fjöldatakmarkanir verða smám saman afnumdar.

6. gr.

1. Liechtenstein getur viðhaldið til 1. janúar 1998, innlendum ákvæðum sem takmarka hreyfanleika árstíðabundins vinnuafls innan tiltekinna greina, að meðtalinni þeirri skuldbindingu sem lögð er á slíka launþega að þeir yfirgefi yfirráðasvæði Liechtenstein í að minnsta kosti þrjá mánuði er árstíðabundið leyfi þeirra rennur út. Frá og með 1. janúar 1993 endurnýjast árstíðabundin leyfi sjálfkrafa vegna launþega í árstíðabundnum störfum sem hafa árstíðabundinn ráðningarsamning er þeir snúa aftur til yfirráðasvæðis Liechtensteins.

2. Ákvæði 10., 11. og 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1612/68, sem tilgreind er í 2. tölul. V. viðauka við samninginn, gilda í Liechtenstein frá og með 1. janúar 1995 um þá sem þar eru búsettir og frá og með 1. janúar 1997 um árstíðabundið vinnuafl.

3. Fyrirkomulagið sem kveðið er á um í 2. mgr. tekur einnig til aðstandenda sjálfstætt starfandi einstaklings á yfirráðasvæði Liechtensteins.

7. gr.

Liechtenstein getur viðhaldið til:

— 1. janúar 1998 innlendum ákvæðum þar sem þess er krafist að launþegi, búsettur á öðru yfirráðasvæði en í Liechtenstein, sem er við störf á yfirráðasvæði Liechtensteins (launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri) hverfi aftur til síns heima daglega;

— 1. janúar 1998 innlendum ákvæðum um takmarkanir á hreyfanleika innan tiltekinna greina og aðgangi að starfsgreinum varðandi alla hópa launþega;

— 1. janúar 1995 innlendum ákvæðum um takmarkanir á aðgangi að atvinnustarfsemi að því er tekur til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem eru búsettir á yfirráðasvæði Liechtensteins. Viðhafa má takmarkanir af þessu tagi til 1. janúar 1997 að því er tekur til sjálfstætt starfandi einstaklinga sem eru búsettir annars staðar en á yfirráðasvæði Liechtensteins.

8. gr.

1. Hvorki Sviss né Liechtenstein er heimilt að taka upp neinar frekari takmarkanir en þær sem fram koma í 2. – 7. gr. er varða komu, atvinnu eða búsetu launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga frá og með þeim degi sem samningur þessi er undirritaður.

2. Sviss og Liechtenstein skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að greiða fyrir því að ríkisborgarar aðildarríkja EB og annarra EFTA-ríkja geti á aðlögunartímabilunum tekið þau störf sem í boði eru á yfirráðasvæði Sviss og Liechtensteins með sama forgangsrétti og ríkisborgarar Sviss eða Liechtensteins.

9. gr.

1. Frá og með 1. janúar 1996 skulu samningsaðilar kanna hvernig til hefur tekist að beita aðlögunartímabilunum sem mælt er fyrir um í 2. – 4. gr. Að þeirri könnun lokinni geta samningsaðilar, á grundvelli nýrra gagna og með það í huga að stytta ef til vill aðlögunartímabilið, lagt fram tillögur að ákvæðum um breytt aðlögunartímabil.

2. Við lok aðlögunartímabilsins vegna Liechtensteins skulu samningsaðilar endurskoða bráðabirgðaráðstafanirnar sameiginlega og taka tilhlýðilegt tillit til hinnar sérstöku landfræðilegu legu Liechtensteins.

10. gr.

Á aðlögunartímabilum skal farið eftir gildandi tvíhliða samningum nema af samningnum leiði ákvæði sem eru hagstæðari ríkisborgurum aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna.

11. gr.

Að því er þessa bókun varðar hafa hugtökin „launþegi sem vinnur árstíðabundin störf“ (eða „árstíðabundið vinnuafl“) og „launþegi sem sækir vinnu yfir landamæri“ sem koma hér fyrir sömu merkingu og þau hafa í innlendri löggjöf Sviss eða Liechtensteins við undirritun samningsins.

BÓKUN 16

UM RÁÐSTAFANIR Á SVIÐI FÉLAGSLEGS ÖRYGGIS VARÐANDI AÐLÖGUNARTÍMABIL VEGNA FRJÁLSRA FÓLKSFLUTNINGA

(SVISS OG LIECHTENSTEIN)

1. gr.

Við beitingu þessarar bókunar og reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971, um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (Stjtíð. EB nr. L 149, 5.7. 1971, bls. 416), merkir „launþegi sem vinnur árstíðabundin störf", að því er varðar Sviss og Liechtenstein, hvern þann launþega sem er ríkisborgari aðildarríkis EB eða annars EFTA-ríkis og hefur undir höndum árstíðabundið leyfi í skilningi innlendrar löggjafar Sviss eða Liechtensteins sem gildir í hæsta lagi í níu mánuði.

2. gr.

Á gildistíma leyfisins skal launþegi sem vinnur árstíðabundin störf eiga rétt á atvinnuleysisbótum í samræmi við gildandi löggjöf í Sviss eða Liechtenstein og í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

3. gr.

Hluti af atvinnuleysisiðgjöldum launþega sem vinna árstíðabundin störf skal endurgreiddur af Sviss eða Liechtenstein til búseturíkja þessara launþega í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:

a) Heildarfjárframlag til hvers ríkis skal ákvarðað með tilliti til fjölda launþega sem vinna árstíðabundin störf og eru ríkisborgarar þess ríkis en dveljast í Sviss eða Liechtenstein í ágústlok, til jafnaðarlengdar árstíðabundinnar vertíðar, til kaupsins og þeirra iðgjalda sem tilskilin eru samkvæmt atvinnuleysistryggingum í Sviss eða Liechtenstein (hlutdeild vinnuveitanda og launþega).

b) Fjárhæðin sem hverju ríki er endurgreidd skal samsvara fimmtíu hundraðshlutum af heildarfjárframlögunum sem reiknuð eru samkvæmt a-lið.

c) Endurgreiðsla skal einungis fara fram þegar heildarfjöldi þeirra launþega sem vinna árstíðabundin störf og eru búsettir í hlutaðeigandi ríki er meiri, á viðmiðunartímabilinu, en fimm hundruð að því er varðar Sviss og fimmtíu að því er varðar Liechtenstein.

4. gr.

Ákvæði um endurgreiðslu atvinnuleysisiðgjalda í samningum um atvinnuleysistryggingar sem gerðir hafa verið af hálfu Sviss við Frakkland (samningur frá 14. desember 1978), Ítalíu (samningur frá 12. desember 1978), Sambandslýðveldið Þýskaland (samningur frá 17. nóvember 1982), Austurríki (samningur frá 14. desember 1978) og furstadæmið Liechtenstein (samningur frá 15. janúar 1979) gilda áfram á aðlögunartímabilunum.

5. gr.

Gildistími þessarar bókunar takmarkast við lengd aðlögunartímabilanna eins og þau eru skilgreind í bókun 15.

BÓKUN 17

VARÐANDI 34. GR.

1. Ákvæði 34. gr. samningsins skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðilar samþykki löggjöf eða beiti neinum þeim ráðstöfunum sem varða aðgang þriðja lands að mörkuðum þeirra.

Farið skal með löggjöf á sviði sem samningurinn tekur til í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í samningnum og samningsaðilum ber að kappkosta að starfa í samræmi við samsvarandi reglur EES.

Samningsaðilum ber í öllum öðrum tilvikum að upplýsa sameiginlegu EES-nefndina um ráðstafanirnar og leitast við, eftir því sem þörf krefur, að samþykkja ákvæði er tryggi að ráðstafanirnar séu ekki sniðgengnar á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila.

Ef ekki tekst að komast að samkomulagi um slíkar reglur eða ákvæði getur hlutaðeigandi samningsaðili gripið til ráðstafana sem nauðsynlegar kunna að reynast til að koma í veg fyrir sniðgöngu.

2. Þegar skilgreint er hverjir eigi að njóta þeirra réttinda sem leiða af 34. gr. gildir I. bálkur almennu áætlunarinnar um afnám hafta á staðfesturétti (Stjtíð. EB nr. 2, 15.1. 1962, bls. 36/62) með sömu réttaráhrifum og innan bandalagsins.

BÓKUN 18

UM REGLUR AÐILA VEGNA FRAMKVÆMDAR 43. GR.

Að því er bandalagið varðar eru þær reglur sem fara á eftir við framkvæmd 43. gr. samningsins settar fram í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu.

Að því er EFTA-ríkin varðar eru reglurnar settar fram í samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna og munu þær taka til eftirfarandi atriða:

EFTA-ríki sem hefur í hyggju að gera ráðstafanir í samræmi við 43. gr. samningsins skal tilkynna það fastanefnd EFTA-ríkjanna með góðum fyrirvara.

Þó, ef um leynd er að ræða eða málið er aðkallandi, skal tilkynna það hinum EFTA-ríkjunum og fastanefnd EFTA-ríkjanna í síðasta lagi daginn sem ráðstafanirnar öðlast gildi.

Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal athuga aðstæður og skila áliti um hvort beita skuli þessum ráðstöfunum. Hún skal endurskoða aðstæður og henni er heimilt hvenær sem er, með meirihluta atkvæða, að mælast til um hugsanlegar breytingar, frestun framkvæmdar eða afnám á þeim ráðstöfunum sem komið hefur verið á eða, varðandi aðrar ráðstafanir, aðstoða hlutaðeigandi EFTA-ríki við að ráða fram úr vandamálum sínum.

BÓKUN 19

UM FLUTNINGA Á SJÓ

Samningsaðilar skulu ekki beita sín á milli þeim ráðstöfunum sem um getur í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 4057/86 (Stjtíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 14) og (EBE) nr. 4058/86 (Stjtíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 21) og ákvörðun ráðsins nr. 83/573/EBE (Stjtíð. EB nr. L 332, 28. 11. 1983, bls. 37) né neinum öðrum sambærilegum ráðstöfunum, að því tilskildu að réttarreglurnar um flutninga á sjó sem samningurinn hefur að geyma séu að fullu komnar til framkvæmda.

Samningsaðilar munu samræma aðgerðir sínar og ráðstafanir gagnvart þriðju löndum og félögum í þriðju löndum á sviði flutninga á sjó í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

1. Ákveði samningsaðili að hafa eftirlit með starfsemi tiltekinna þriðju landa á sviði farmflutninga með skipum skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni og er heimilt að leggja til við aðra samningsaðila að þeir taki þátt í þessari aðgerð.

2. Ákveði samningsaðili að grípa til aðgerða fyrir milligöngu stjórnarerindreka gegn þriðja landi vegna takmarkana eða hótana um að takmarka frjálsan aðgang að farmi í viðskiptum á sjó, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Öðrum samningsaðilum er heimilt að ákveða hvort þau taki þátt í slíkum aðgerðum stjórnarerindreka.

3. Hafi samningsaðili í hyggju að gera ráðstafanir eða hefja aðgerðir gegn þriðja landi og/eða skipaeigendum í þriðja landi til þess meðal annars að bregðast við ósanngjarnri verðlagningu af hálfu tiltekinna skipaeigenda, sem fást við reglubundna farmflutninga milli landa með skipum, eða takmörkunum eða hótunum um að takmarka frjálsan aðgang að farmi í viðskiptum á sjó, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Hvenær sem við á er samningsaðila, sem hefur málsmeðferðina, heimilt að krefjast þess að aðrir samningsaðilar taki þátt í henni.

   Öðrum samningsaðilum er heimilt að ákveða að gera sömu ráðstafanir og aðgerðir varðandi eigin lögsagnarumdæmi. Ef sneitt er hjá ráðstöfunum eða aðgerðum sem samningsaðili hefur gert með því að fara um yfirráðasvæði annars samningsaðila sem hefur ekki samþykkt slíkar ráðstafanir eða aðgerðir er samningsaðila þeim, sem orðið hefur fyrir því að sneitt er hjá ráðstöfunum eða aðgerðum hans, heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu.

4. Hafi samningsaðili í hyggju að gera samkomulag um farmskipti eins og lýst er í 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4055/86 (Stjtíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1986, bls. 1), eða færa út ákvæði þessarar reglugerðar til ríkisborgara í þriðja landi eins og fyrirhugað er í 7. gr. hennar, skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni.

   Mótmæli einn eða fleiri samningsaðilar fyrirhugaðri aðgerð mun verða leitast við að finna viðunandi lausn innan sameiginlegu EES-nefndarinnar. Komist samningsaðilar ekki að samkomulagi er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir. Finnist engar aðrar tiltækar leiðir geta slíkar ráðstafanir falið í sér að samningsaðilar afturkalli sín á milli meginregluna um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó sem sett er fram í 1. gr. reglugerðarinnar.

5. Þegar unnt er skal ætíð veita upplýsingarnar sem um getur í 1. – 4. mgr. með góðum fyrirvara til þess að samningsaðilar geti samræmt aðgerðir sínar.

6. Að beiðni samningsaðila skal samráð eiga sér stað milli samningsaðila um málefni varðandi siglingar er alþjóðastofnanir fást við, um mismunandi hliðar þeirrar þróunar sem orðið hefur á sambandi samningsaðila og þriðju landa í siglingamálum og um framkvæmd tvíhliða eða marghliða samninga sem gerðir hafa verið á þessu sviði.

BÓKUN 20

UM AÐGANG AÐ SKIPGENGUM VATNALEIÐUM

1. Sérhver samningsaðili skal veita gagnkvæma aðgangsheimild að skipgengum vatnaleiðum sínum. Að því er Rín og Dóná varðar munu samningsaðilar gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að ná samtímis markmiðinu um jafnan aðgang og staðfesturétt á sviði skipgengra vatnaleiða.

2. Ráðstafanir til að tryggja gagnkvæman jafnan aðgang að skipgengum vatnaleiðum innan yfirráðasvæðis samningsaðila fyrir alla samningsaðila skulu gerðar á vegum hlutaðeigandi alþjóðlegra stofnana fyrir 1. janúar 1996, að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem er að finna í tilheyrandi marghliða samningum.

3. Allar tilheyrandi réttarreglur varðandi skipgengar vatnaleiðir gilda við gildistöku samningsins í þeim EFTA-ríkjum sem hafa þá þegar aðgang að skipgengum vatnaleiðum bandalagsins og í öðrum EFTA-ríkjum jafnskjótt og þau öðlast rétt til jafns aðgangs.

Þó gildir 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 (Stjtíð. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25), eins og hún hefur verið aðlöguð vegna samningsins, um skip í siglingum á þessum skipgengu vatnaleiðum frá síðarnefndu EFTA-ríkjunum sem eru tekin í notkun eftir 1. janúar 1993 jafnskjótt og þessi ríki hafa fengið aðgang að skipgengum vatnaleiðum bandalagsins.

BÓKUN 21

UM FRAMKVÆMD SAMKEPPNISREGLNA SEM GILDA UM FYRIRTÆKI

1. gr.

Með samningi milli EFTA-ríkjanna skal eftirlitsstofnun EFTA falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB, við undirritun samningsins, við beitingu á samkeppnisreglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu, sem gerir eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma þær meginreglur sem settar eru í e-lið 2. mgr. 1. gr. og 53. – 60. gr. samningsins og í bókun 25.

Bandalagið skal, eftir því sem nauðsyn ber til, samþykkja ákvæði til framkvæmdar meginreglunum sem settar eru í e-lið 2. mgr. 1. gr. og 53. – 60. gr. samningsins, og í bókun 25, til þess að tryggja að framkvæmdastjórn EB hafi sambærilegt valdsvið og gegni svipuðum störfum samkvæmt samningnum og hún gerir, við undirritun samningsins, við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu.

2. gr.

Ef samþykktar eru nýjar gerðir til framkvæmdar á e-lið 2. mgr. 1. gr. og 53. – 60. gr. og bókunar 25, eða á breytingum við þær gerðir sem taldar eru upp í 3. gr. þessarar bókunar, í kjölfar þeirra reglna sem gerð er grein fyrir í VII. hluta samningsins, skal gera samsvarandi breytingar á stofnsamningi eftirlitsstofnunar EFTA til þess að tryggja að henni verði samtímis falið sambærilegt valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur.

3. gr.

1. Til viðbótar þeim gerðum sem taldar eru upp í XIV. viðauka sýna eftirfarandi gerðir valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu:

Eftirlit með samfylkingum

1. 389 R 4064: Ákvæði 6. – 25. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

2. 390 R 2367: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2367/90 frá 25. júlí 1990 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 219, 14.8.1990, bls. 5).

Almennar reglur um starfshætti

3. 362 R 0017: Reglugerð ráðsins nr. 17/62 frá 6. febrúar 1962. Fyrsta reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 85. og 86. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 204/62), eins og henni var breytt með:

   — 362 R 0059: Reglugerð nr. 59/62 frá 3. júlí 1962 (Stjtíð. EB nr. 58, 10.7.1962, bls. 1655/62);

   — 363 R 0118: Reglugerð nr. 118/63 frá 5. nóvember 1963 (Stjtíð. EB nr. 162, 7.11.1963, bls. 2696/63);

   — 371 R 2822: Reglugerð (EBE) nr. 2822/71 frá 20. desember 1971 (Stjtíð. EB nr. L 285, 29.12.1971, bls. 49);

   — 1 72 B: *Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalögunum* (Stjtíð. EB nr. L 73, 27.3.1972, bls. 92);

   — 1 79 H: *Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum* (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 93);

   — 1 85 I: *Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum* (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 165).

4. 362 R 0027: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 27/62 frá 3. maí 1962. Fyrsta reglugerð til framkvæmdar reglugerð ráðsins nr. 17 frá 6. febrúar 1962 (um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar) (Stjtíð. EB nr. 35, 10.5.1962, bls. 1118/62), eins og henni var breytt með:

   — 368 R 1133: Reglugerð (EBE) nr. 1133/68 frá 26. júlí 1968 (Stjtíð. EB nr. L 189, 1.8.1968, bls. 1);

   — 375 R 1699: Reglugerð (EBE) nr. 1699/75 frá 2. júlí 1975 (Stjtíð. EB nr. L 172, 3.7.1975, bls. 11);

   — 1 79 H: *Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum* (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 94);

   — 385 R 2526: Reglugerð (EBE) nr. 2526/85 frá 5. ágúst 1985 (Stjtíð. EB nr. L 240, 7.9.1985, bls. 1);

   — 1 85 I: *Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum* (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 166).

5. 363 R 0099: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 99/63 frá 25. júlí 1963 um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 (Stjtíð. EB nr. 127, 20.8.1963, bls. 2268/63).

Flutningastarfsemi

6. 362 R 0141: Reglugerð ráðsins nr. 141/62 frá 26. nóvember 1962 um að undanþiggja flutninga frá beitingu reglugerðar ráðsins nr. 17, breytt með reglugerðum nr. 165/65/EBE og 1002/67/EBE (Stjtíð. EB nr. 124, 28.11.1962, bls. 2751/62).

7. 368 R 1017: Ákvæði 6. gr. og 10. – 31. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB nr. L 175, 23.7.1968, bls. 1).

8. 369 R 1629: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1629/69 frá 8. ágúst 1969 um framsetningu, efni og önnur atriði varðandi kærur á grundvelli 10. gr., umsóknir á grundvelli 12. gr. og tilkynningar á grundvelli 1. mgr. 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 (Stjtíð. EB nr. L 209, 21.8.1969, bls. 1).

9. 369 R 1630: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1630/69 frá 8. ágúst 1969 um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 (Stjtíð. EB nr. L 209, 21.8.1969, bls. 11).

10. 374 R 2988: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2988/74 frá 26. nóvember 1974 um fyrningarfrest við meðferð mála og hvernig beita skuli refsiaðgerðum samkvæmt reglum Efnahagsbandalags Evrópu um flutninga og samkeppni (Stjtíð. EB nr. L 319, 29.11.1974, bls. 1).

11. 386 R 4056: II. þáttur reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Stjtíð. EB nr. L 378, 31.12.1986, bls. 4).

12. 388 R 4260: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 frá 16. desember 1988 um tilkynningar, kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Stjtíð. EB nr. L 376, 31.12.1988, bls. 1).

13. 387 R 3975: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 frá 14. desember 1987 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtíð. EB nr. L 374, 31.12.1987, bls. 1), eins og henni var breytt með:

    — 391 R 1284: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1284/91 frá 14. maí 1991 (Stjtíð. EB nr. L 122, 15.5.1991, bls. 2).

14. 388 R 4261: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4261/88 frá 16. desember 1988 um kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti (Stjtíð. EB nr. L 376, 31.12.1988, bls. 10).

2. Til viðbótar þeim gerðum sem taldar eru upp í XIV. viðauka sýna eftirfarandi gerðir valdsvið og störf framkvæmdastjórnar EB við beitingu samkeppnisreglna stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (KSE):

1. Þriðja til fimmta undirgrein 2. mgr., 3. mgr., önnur undirgrein 4. mgr. og 5. mgr. 65. gr. (KSE).

2. Önnur til fjórða undirgrein 2. mgr. og 4. – 6. mgr. 66. gr. (KSE).

3. 354 D 7026: Ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 26/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um beitingu 4. mgr. 66. gr. sáttmálans um upplýsingaskyldu (Stjtíð. KSE nr. 9., 11.5.1954, bls. 350/54).

4. 378 S 0715: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 715/78/KSE frá 6. apríl 1978 um fyrningarfrest við meðferð mála og beitingu viðurlaga samkvæmt stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (Stjtíð. EB nr. L 94, 8.4.1978, bls. 22).

5. 384 S 0379: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 379/84/KSE frá 15. febrúar 1984 um skilgreiningu á umboði embættismanna og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar sem fyrirmæli hafa um að gera þær kannanir sem kveðið er á um í stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu og á ákvörðunum sem samþykktar eru vegna beitingar hans (Stjtíð. EB nr. L 46, 16.2.1984, bls. 23).

4. gr.

1. Samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr., sem verða til eftir gildistöku samningsins og eru þess valdandi að aðilar leitast við að beita 3. mgr. 53. gr., ber að tilkynna þar til bærri eftirlitsstofnun samkvæmt 56. gr., bókun 23 og þeim reglum sem um getur í 1. – 3. gr. þessarar bókunar. Ekki má taka neina ákvörðun um að beita 3. mgr. 53. gr. fyrr en tilkynning hefur verið afhent.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir þegar:

a) einu aðilarnir að þeim eru fyrirtæki frá einu aðildarríki EB eða einu EFTA-ríki og samningarnir, ákvarðanirnar eða samstilltu aðgerðirnar tengjast ekki innflutningi eða útflutningi milli samningsaðila;

b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningarnir hafa eingöngu þau áhrif:

i) að hefta frelsi eins samningsaðila við að ákvarða verð eða viðskiptaskilmála sem vörur fengnar frá hinum samningsaðilanum eru endurseldar á; eða

ii) að setja höft á rétt framsalshafa eða neytanda hugverkaréttar á sviði iðnaðar — einkum einkaleyfa, smáeinkaleyfa, iðnteikninga og vörumerkja — eða einstaklings sem er framsalshafi réttinda eða leyfis samkvæmt samningi, til þess að nota framleiðsluaðferð eða þekkingu sem tengist notkun og beitingu vinnsluaðferða í iðnaði;

c) eina markmiðið með þeim er:

i) þróun eða samræmd beiting staðla eða gerða; eða

ii) sameiginlegt rannsókna- eða þróunarstarf; eða

iii) sérhæfing í framleiðslu vara, að meðtöldum nauðsynlegum samningum til þess að fá henni framgengt,

— þegar vörurnar sem sérhæfingin beinist að eru ekki, víðast hvar á svæðinu sem samningurinn tekur til, meira en 15% þeirra viðskipta sem eiga sér stað með sams konar vörur eða vörur sem neytendur telja vera sambærilegar vegna eiginleika þeirra, verðs og notkunar, og

— þegar heildarársvelta hlutaðeigandi fyrirtækja er ekki meiri en 200 milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

Þessa samninga, ákvarðanir og samstilltu aðgerðir má tilkynna til þar til bærrar eftirlitsstofnunar í samræmi við 56. gr., bókun 23 og þær reglur sem um getur í 1. – 3. gr. þessarar bókunar.

5. gr.

1. Samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr., sem eru fyrir hendi við gildistöku samningsins og eru þess valdandi að aðilar leitast við að beita 3. mgr. 53. gr., ber að tilkynna til þar til bærrar eftirlitsstofnunar samkvæmt 56. gr., bókun 23 og þeim reglum sem um getur í 1. – 3. gr. þessarar bókunar innan sex mánaða frá gildistöku samningsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem lýst er í 1. mgr. 53. gr. samningsins og falla undir 2. mgr. 4. gr. þessarar bókunar; tilkynningu þar um má senda til þar til bærrar eftirlitsstofnunar samkvæmt 56. gr., bókun 23 og þeim reglum sem um getur í 1. – 3. gr. þessarar bókunar.

6. gr.

Þar til bær eftirlitsstofnun skal í ákvörðunum sínum samkvæmt 3. mgr. 53. gr. tilgreina dagsetninguna þegar ákvarðanir eiga að öðlast gildi. Sú dagsetning má vera á undan dagsetningu tilkynningar að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir sem falla undir 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. þessarar bókunar, eða falla undir 1. mgr. 5. gr. þessarar bókunar og tilkynnt hefur verið um innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

1. Þegar samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, eins og lýst er í 1. mgr. 53. gr., sem fyrir hendi eru við gildistöku samningsins og tilkynnt er um innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr. 5. gr. þessarar bókunar, fullnægja ekki kröfum 3. mgr. 53. gr. og hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hætta að framfylgja þeim eða breyta þeim þannig að bannið í 1. mgr. 53. gr. eigi ekki lengur við eða þær fullnægi kröfum 3. mgr. 53. gr., skal bannið í 1. mgr. 53. gr. eingöngu gilda þann tíma sem þar til bær eftirlitsstofnun ákvarðar. Ákvörðun tekin af þar til bærri eftirlitsstofnun samkvæmt undanfarandi málslið skal ekki gilda þegar henni er beint gegn fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja sem samþykktu ekki tilkynninguna gagngert.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem falla undir 2. mgr. 4. gr. þessarar bókunar og fyrir hendi eru við gildistöku samningsins ef tilkynnt er um þær innan sex mánaða frá gildistökunni.

8. gr.

Umsóknir og tilkynningar sendar til framkvæmdastjórnar EB fyrir gildistöku samningsins teljast falla undir ákvæði hans um umsóknir og tilkynningar.

Þar til bær eftirlitsstofnun getur samkvæmt 56. gr. samningsins og 10. gr. bókunar 23 krafist þess að fá afhent rétt útfyllt eyðublað, eins og fyrirskipað er vegna framkvæmdar samningsins, innan þeirra tímamarka sem hún ákvarðar. Í því tilviki teljast umsóknir og tilkynningar ekki lögmætar nema eyðublöðin séu afhent innan tilgreindra tímamarka og í samræmi við ákvæði samningsins.

9. gr.

Ekki skal sekta fyrir brot á 1. mgr. 53. gr. vegna neins sem aðhafst hefur verið áður en tilkynnt hefur verið um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem falla undir 5. og 6. gr. þessarar bókunar og tilkynnt er um innan tilgreindra tímamarka.

10. gr.

Samningsaðilum ber að tryggja að ráðstafanir sem veita embættismönnum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórn EB nauðsynlegan stuðning til þess að vinna að rannsóknum sínum, eins og ráð er fyrir gert samkvæmt samningnum, séu gerðar innan sex mánaða frá gildistöku samningsins.

11. gr.

Að því er varðar samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem fyrir hendi eru við gildistöku samningsins og falla undir 1. mgr. 53. gr., gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki, þegar samningum, ákvörðunum eða aðgerðum er breytt innan sex mánaða frá gildistöku samningsins til þess að skilyrðum sem felast í heildarundanþágum þeim sem kveðið er á um í XIV. viðauka sé fullnægt.

12. gr.

Að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem fyrir hendi eru við gildistöku samningsins og falla undir 1. mgr. 53. gr., gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki frá gildistöku samningsins, þegar samningum, ákvörðunum eða aðgerðum er breytt innan sex mánaða frá gildistöku samningsins til þess að heyra ekki lengur undir bannið í 1. mgr. 53. gr.

13. gr.

Samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem njóta sérstakrar undanþágu á grundvelli 3. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu fyrir gildistöku samningsins, skulu áfram undanþegin ákvæðum samningsins, þar til samningarnir, ákvarðanirnar og aðgerðirnar falla úr gildi eins og kveðið er á um í ákvörðunum þar sem undanþágurnar eru veittar eða þar til framkvæmdastjórn EB ákveður annað, hvort heldur sem verður fyrr.

BÓKUN 22

UM SKILGREININGU Á „FYRIRTÆKI“ OG „VELTU“ (56. GR.)

1. gr.

Að því er varðar útdeilingu mála samkvæmt 56. gr. samningsins er „fyrirtæki“ stofnun þar sem lögð er stund á viðskipta- eða efnahagsstarfsemi.

2. gr.

Í skilningi 56. gr. samningsins er „velta“ þær fjárhæðir sem viðkomandi fyrirtæki hefur fengið á undangengnu fjárhagsári, á svæðinu sem samningurinn tekur til, fyrir selda vöru eða veitta þjónustu sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækisins, að frádregnum söluafslætti og virðisaukaskatti og öðrum skatti sem tengist veltunni með beinum hætti.

3. gr.

Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

a) þegar um er að ræða lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir: heildareignir þeirra margfaldaðar með hlutfalli milli krafna á lánastofnanir og viðskiptavini í viðskiptum við íbúa á svæðinu sem samningurinn tekur til og heildarfjárhæðar þessara krafna;

b) þegar um er að ræða vátryggingafélög: verðmæti vergra iðgjalda frá íbúum á svæðinu sem samningurinn tekur til, þ.e. allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga sem vátryggingafélögin eða aðrir fyrir þeirra hönd hafa gert, auk endurtryggingaiðgjalda, og eftir skattafrádrátt og skattatengd framlög eða gjöld sem eru innheimt vegna einstakra iðgjalda eða heildariðgjalda.

4. gr.

1. Þrátt fyrir þá skilgreiningu um veltu sem á við vegna beitingar 56. gr. samningsins, eins og fram kemur í 2. gr. þessarar bókunar, skal viðkomandi velta samanstanda:

a) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að dreifingu og birgðatilhögun milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum, og fyrir aðra vöru og þjónustu sem notendur álíta að sé eins vegna eiginleika hennar, verðs og áætlaðrar notkunar;

b) að því er varðar samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir er lúta að tilhögun við miðlun tækniþekkingar milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni: af fjárhæðum sem fást fyrir selda vöru og veitta þjónustu er tengist tækniþekkingu sem fjallað er um í þessum samningum, ákvörðunum eða samstilltu aðgerðum og fjárhæðum fyrir aðra vöru og þjónustu sem þessari tækni er ætlað að bæta eða koma í staðinn fyrir.

2. Ef hins vegar er ekki vitað hver velta vegna seldrar vöru eða þjónustu er, þegar ráðstafanir þær sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. koma til framkvæmda, skal almennt ákvæði 2. gr. gilda.

5. gr.

1. Þegar úrskurða þarf í málum þar sem fjallað er um vörur sem falla undir gildissvið bókunar 25 skal viðkomandi velta vera sú sem er tilkomin vegna þessara vara.

2. Þegar mál snerta vörur sem falla undir gildissvið bókunar 25, og vöru og þjónustu sem fellur undir gildissvið 53. og 54. gr. samningsins, skal viðkomandi velta ákveðin með því að taka til greina allar vörur og þjónustu eins og kveðið er á um í 2. gr.

BÓKUN 23

UM SAMVINNU MILLI EFTIRLITSSTOFNANA (58. GR.)

ALMENNAR MEGINREGLUR

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um almenn stefnumál fari önnur hvor þessara eftirlitsstofnana fram á það.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu, í samræmi við eigin reglur og með hliðsjón af 56. gr. samningsins og bókun 22 og sjálfsákvörðunarrétti beggja aðila, hafa samvinnu í einstökum málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr. og annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins, samanber ákvæðin hér á eftir.

Að því er þessa bókun varðar merkir hugtakið „svæði eftirlitsstofnunar" að því er varðar framkvæmdastjórn EB það yfirráðasvæði aðildarríkja EB sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu eða stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu, eftir því hvort á við, tekur til með skilmálum þeim sem settir eru í þessum sáttmálum og, að því er varðar eftirlitsstofnun EFTA, það yfirráðasvæði EFTA-ríkja sem samningurinn tekur til.

UPPHAF MÁLAREKSTURS

2. gr.

Í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB senda hvor annarri án ónauðsynlegra tafa tilkynningar og kvartanir ef ekki þykir ljóst að þær hafi borist báðum eftirlitsstofnununum. Þeim ber einnig að tilkynna hvor annarri þegar þær hefja málsmeðferð í krafti embættis síns.

Eftirlitsstofnunin sem hefur fengið upplýsingar eins og kveðið er á um í fyrstu málsgrein getur komið athugasemdum sínum um málið á framfæri innan 40 virkra daga frá móttöku upplýsinganna.

3. gr.

Þar til bær eftirlitsstofnun skal, í tilvikum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins, ráðfæra sig við hina eftirlitsstofnunina þegar hún:

— birtir ætlun sína um að hreyfa ekki mótmælum;

— birtir ætlun sína um að taka ákvörðun um að beita 3. mgr. 53. gr.; eða

— ber fram andmæli sín við fyrirtæki eða samtök hlutaðeigandi fyrirtækja.

Hin eftirlitsstofnunin getur komið athugasemdum sínum á framfæri innan þeirra tímamarka sem fram koma í framangreindum ákvörðunum eða andmælum.

Senda skal hinni eftirlitsstofnuninni athugasemdir sem koma frá hlutaðeigandi fyrirtækjum eða þriðju aðilum.

4. gr.

Í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins skal þar til bær eftirlitsstofnun senda hinni eftirlitsstofnuninni þau stjórnsýsluskjöl þar sem fram kemur að máli er lokað eða beiðni hafnað.

5. gr.

Í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins skal þar til bær eftirlitsstofnun bjóða hinni eftirlitsstofnuninni að vera við skýrslugjöf hlutaðeigandi fyrirtækja. Boðið skal einnig ná til ríkja sem falla undir valdsvið hinnar eftirlitsstofnunarinnar.

RÁÐGJAFARNEFNDIR

6. gr.

Í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins skal þar til bær eftirlitsstofnun, þegar þar að kemur, tilkynna hinni eftirlitsstofnuninni um fundardag ráðgjafarnefndarinnar og senda viðeigandi skjöl.

Öll skjöl send í þessum tilgangi frá hinni eftirlitsstofnuninni skulu lögð fyrir ráðgjafarnefnd þeirrar eftirlitsstofnunar sem er til þess bær að skera úr um mál í samræmi við 56. gr., ásamt gögnum sem sú eftirlitsstofnun leggur fram.

Hvor eftirlitsstofnunin um sig og ríki sem falla undir valdsvið hennar eiga rétt á að vera viðstödd fundi ráðgjafarnefnda hinnar eftirlitsstofnunarinnar og að láta álit sitt í ljós; þau skulu þó ekki hafa atkvæðisrétt.

BEIÐNI UM SKJÖL OG RÉTTUR TIL ÞESS AÐ GERA ATHUGASEMDIR

7. gr.

Í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins getur eftirlitsstofnun sem ekki er til þess bær að taka ákvörðun í máli í samræmi við 56. gr. beðið um afrit af mikilvægustu skjölunum á öllum stigum málarekstursins hjá þar til bærri eftirlitsstofnun til staðfestingar á broti á 53. og 54. gr. samningsins eða til þess að fá samþykki um að mótmælum verði ekki hreyft eða undanþágu og enn fremur getur hún, áður en lokaákvörðun er tekin, gert þær athugasemdir sem hún telur vera við hæfi.

AÐSTOÐ STJÓRNVALDA

8. gr.

1. Þegar beiðni um upplýsingar er send til fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja á svæði hinnar eftirlitsstofnunarinnar skal þar til bæra eftirlitsstofnunin, eins og hún er skilgreind í 56. gr. samningsins, samtímis senda eintak af beiðninni til hinnar eftirlitsstofnunarinnar.

2. Ef fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veita ekki umbeðnar upplýsingar innan þeirra tímamarka sem þar til bær eftirlitsstofnun setur, eða veita ófullkomnar upplýsingar, skal þar til bær eftirlitsstofnun krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar verði veittar. Þegar fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eru staðsett á svæði hinnar eftirlitsstofnunarinnar skal þar til bæra eftirlitsstofnunin senda eintak af ákvörðuninni til hinnar eftirlitsstofnunarinnar.

3. Að beiðni þar til bærrar eftirlitsstofnunar, eins og hún er skilgreind í 56. gr. samningsins, skal hin eftirlitsstofnunin, í samræmi við eigin reglur, annast rannsóknir á sínu svæði í þeim málum sem þar til bæra eftirlitsstofnunin, sem fer fram á rannsókn, álítur það nauðsynlegt.

4. Þar til bæra eftirlitsstofnunin á rétt því að hafa fulltrúa og taka virkan þátt í rannsóknum sem hin eftirlitsstofnunin lætur fara fram að því er varðar 3. mgr.

5. Allar upplýsingar sem fást með slíkum rannsóknum samkvæmt beiðni skulu sendar um leið og rannsókn lýkur til eftirlitsstofnunarinnar sem fór fram á rannsóknina.

6. Þegar þar til bær eftirlitsstofnun, í málum sem falla undir b- og c-lið 1. mgr., annan málslið 2. mgr. og 3. mgr. 56. gr. samningsins, lætur fara fram rannsókn á sínu svæði skal hún tilkynna hinni eftirlitsstofnuninni að slík rannsókn hafi farið fram og senda henni þær niðurstöður rannsóknanna sem máli skipta, fari hún þess á leit við hana.

9. gr.

1. Upplýsingar sem fást með beitingu þessarar bókunar skal eingöngu nota vegna málsmeðferðar samkvæmt 53. og 54. gr. samningsins.

2. Framkvæmdastjórn EB, eftirlitsstofnun EFTA, lögbær yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA-ríkja, embættismenn þeirra og aðrir starfsmenn skulu ekki láta í té upplýsingar sem þeir hafa fengið með beitingu þessarar bókunar eða upplýsingar af því tagi sem þagnarskylda gildir um.

3. Reglur um þagnarskyldu og takmarkaða notkun upplýsinga sem kveðið er á um í þessum samningi eða í löggjöf samningsaðila koma ekki í veg fyrir upplýsingaskipti eins og gerð er grein fyrir í þessari bókun.

10. gr.

1. Þegar tilkynnt er um samninga skulu fyrirtæki beina tilkynningunni til þar til bærrar eftirlitsstofnunar í samræmi við 56. gr. samningsins. Kvartanir má senda til annarrar hvorrar eftirlitsstofnunarinnar.

2. Tilkynningar eða kvartanir sem beint er til eftirlitsstofnunar sem, samkvæmt 56. gr. samningsins, er ekki til þess bær að fjalla um tiltekið mál skal þegar í stað afhenda þar til bæru eftirlitsstofnuninni.

3. Ef í ljós kemur við undirbúning eða upphaf málsmeðferðar í krafti embættis að hin eftirlitsstofnunin er bær til að taka ákvörðun um mál í samræmi við 56. gr. samningsins skal málið sent þar til bæru eftirlitsstofnuninni.

4. Þegar mál hefur verið sent hinni eftirlitsstofnuninni eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. má ekki senda það til baka. Ekki má senda mál eftir birtingu ásetnings um að gefa samþykki, birtingu ásetnings um ákvarðanatöku með því að beita 3. mgr. 53. gr. samningsins, eftir að skjalfest andmæli hafa verið afhent hlutaðeigandi fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja eða bréf hefur verið sent til þess að láta umsækjanda vita að ástæður fyrir málarekstri séu ófullnægjandi.

11. gr.

Dagurinn sem framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA fær í hendur umsókn eða tilkynningu telst afhendingardagur hennar, án tillits til þess hvor þessara aðila er bær um að taka ákvörðun í málinu samkvæmt 56. gr. samningsins. Sé umsóknin eða tilkynningin send í ábyrgðarpósti er dagsetningin á póststimpli á sendingarstað þó talin afhendingardagur.

TUNGUMÁL

12. gr.

Fyrirtæki eiga rétt á að nota og að notað sé það opinbert tungumál EFTA-ríkis eða EB sem þau kjósa í tilkynningum, umsóknum og kvörtunum sem fara á milli þeirra og eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Þetta á einnig við um öll stig málareksturs, hvort sem hann hefst með tilkynningu, umsókn eða kvörtun eða í krafti embættis þar til bærrar eftirlitsstofnunar.

BÓKUN 24

UM SAMVINNU VARÐANDI EFTIRLIT MEÐ SAMFYLKINGUM

Almennar meginreglur

1. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra um almenn stefnumál fari önnur hvor þessara eftirlitsstofnana fram á það.

2. Í málum sem falla undir a-lið 2. mgr. 57. gr. samningsins skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA vinna saman að umfjöllun um samfylkingar eins og ákvarðað er í eftirfarandi ákvæðum.

3. Að því er þessa bókun varðar merkir hugtakið „svæði eftirlitsstofnunar" að því er varðar framkvæmdastjórn EB það yfirráðasvæði aðildarríkja EB sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu eða stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu, eftir því hvort á við, tekur til með skilmálum þeim sem settir eru í þessum sáttmálum og, að því er varðar eftirlitsstofnun EFTA, það yfirráðasvæði EFTA-ríkja sem samningurinn gildir um.

2. gr.

1. Samvinna skal höfð í samræmi við ákvæði þessarar bókunar þegar:

a) samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja er 25% eða meira af heildarveltu þeirra á svæðinu sem samningurinn tekur til; eða

b) eitt eða annað af tveimur hlutaðeigandi fyrirtækjum veltir yfir 250 milljónum ECU (evrópska mynteiningin) á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna; eða

c) líkur eru á að samfylkingin skapi eða styrki yfirburðastöðu sem á yfirráðasvæði EFTA-ríkja eða stórum hluta þess yrði virkri samkeppni veruleg hindrun.

2. Samvinna skal einnig höfð þegar:

a) hætta er á að samfylkingin skapi eða styrki yfirburðastöðu sem yrði virkri samkeppni veruleg hindrun á markaði í EFTA-ríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðssvæðis, hvort sem um er að ræða stóran hluta svæðisins sem samningur þessi nær til eða ekki.

b) EFTA-ríki óskar eftir að grípa til ráðstafana til verndar réttmætum hagsmunum eins og gerð er grein fyrir í 7. gr.

UPPHAF MÁLAREKSTURS

3. gr.

1. Framkvæmdastjórn EB skal senda eftirlitsstofnun EFTA afrit af tilkynningum um þau mál sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr. innan þriggja virkra daga og, eins fljótt og auðið er, afrit af mikilvægustu skjölunum sem eru geymd hjá eða gefin út af framkvæmdastjórn EB.

2. Framkvæmdastjórn EB skal framfylgja settum reglum til framkvæmdar 57. gr. samningsins í nánu og stöðugu sambandi við eftirlitsstofnun EFTA. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríki geta látið í ljós álit sitt á þessum reglum. Hvað varðar 6. gr. þessarar bókunar skal framkvæmdastjórn EB fá upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi EFTA-ríkis og gefa þeim kost á að láta álit sitt í ljós á öllum stigum málarekstursins þar til ákvörðun hefur verið samþykkt samkvæmt þeirri grein. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórn EB veita þeim aðgang að málsskjölum.

SKÝRSLUGJÖF

4. gr.

Í málum sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr. skal framkvæmdastjórn EB bjóða eftirlitsstofnun EFTA að vera við skýrslugjöf hlutaðeigandi fyrirtækja. EFTA-ríkin mega einnig hafa fulltrúa við þessa skýrslugjöf.

RÁÐGJAFARNEFND EB UM SAMFYLKINGAR

5. gr.

1. Í málum sem um getur í 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr. skal framkvæmdastjórn EB, þegar þar að kemur, tilkynna eftirlitsstofnun EFTA um fundardag ráðgjafarnefndar EB um samfylkingar og senda viðeigandi skjöl.

2. Öll skjöl send í þessum tilgangi frá eftirlitsstofnun EFTA, að meðtöldum skjölum frá EFTA-ríkjum, skulu lögð fyrir ráðgjafarnefnd EB um samfylkingar ásamt öðrum viðeigandi skjölum frá framkvæmdastjórn EB.

3. Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríki eiga rétt á að vera viðstödd fundi ráðgjafarnefndar EB um samfylkingar og að láta álit sitt í ljós; þau skulu þó ekki hafa atkvæðisrétt.

RÉTTINDI EINSTAKRA RÍKJA

6. gr.

1. Framkvæmdastjórn EB getur, með ákvörðun sem þegar í stað er tilkynnt hlutaðeigandi fyrirtækjum, lögbærum yfirvöldum aðildarríkja EB og eftirlitsstofnun EFTA, vísað tilkynntri samfylkingu til EFTA-ríkis þar sem hætta er á að samfylking skapi eða styrki yfirburðastöðu sem yrði virkri samkeppni veruleg hindrun á markaði í því ríki, sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðssvæðis, hvort sem um er að ræða stóran hluta svæðisins sem samningurinn tekur til eða ekki.

2. Í málum sem um getur í 1. mgr. getur EFTA-ríki leitað til Evrópudómstólsins, af sömu ástæðum og með sömu skilyrðum og aðildarríki EB samkvæmt 173. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, og farið sérstaklega fram á bráðabirgðaráðstafanir svo að það geti beitt innlendum samkeppnislögum.

7. gr.

1. Enda þótt framkvæmdastjórn EB sé ein bær um að fjalla um samfylkingar innan bandalagsins eins og fram kemur í reglugerð (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989, bls. 1), geta EFTA-ríki gert viðeigandi ráðstafanir til þess að vernda aðra réttmæta hagsmuni en þá sem tillit er tekið til í fyrrnefndri reglugerð og samræmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum eins og ráð er fyrir gert, beint eða óbeint, samkvæmt samningnum.

2. Líta skal á almannaöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur sem réttmæta hagsmuni í skilningi 1. mgr.

3. Önnur almenn hagsmunamál verður að tilkynna til framkvæmdastjórnar EB og skal hún taka afstöðu til þeirra eftir að metið hefur verið hvort þau samræmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum eins og ráð er fyrir gert, beint eða óbeint, samkvæmt samningnum áður en gripið er til þeirra ráðstafana sem um getur hér að framan. Framkvæmdastjórn EB skal láta eftirlitsstofnun EFTA og hlutaðeigandi EFTA-ríki vita um ákvörðun sína innan eins mánaðar frá tilkynningunni.

AÐSTOÐ STJÓRNVALDA

8. gr.

1. Þegar framkvæmdastjórn EB rækir þær skyldur sem hún á að gegna vegna framkvæmdar 57. gr. er henni heimilt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-ríkjum.

2. Þegar framkvæmdastjórn EB sendir beiðni um upplýsingar til einstaklings, fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja á svæði eftirlitsstofnunar EFTA skal hún samtímis senda eintak af beiðninni til eftirlitsstofnunar EFTA.

3. Ef slíkir einstaklingar, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja veita ekki umbeðnar upplýsingar innan þeirra tímamarka sem framkvæmdastjórn EB setur, eða veita ófullkomnar upplýsingar, skal framkvæmdastjórnin krefjast þess með ákvörðun að upplýsingarnar verði veittar og senda eintak af ákvörðuninni til eftirlitsstofnunar EFTA.

4. Að beiðni framkvæmdastjórnar EB skal eftirlitsstofnun EFTA annast rannsóknir á sínu svæði.

5. Framkvæmdastjórn EB á rétt á að hafa fulltrúa og taka virkan þátt í rannsóknum sem fara fram samkvæmt 4. mgr.

6. Allar upplýsingar sem fást með slíkum rannsóknum samkvæmt beiðni skulu sendar til framkvæmdastjórnar EB um leið og rannsókn lýkur.

7. Þegar framkvæmdastjórn EB lætur fara fram rannsókn á svæði bandalagsins skal hún, í málum sem falla undir 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 2. gr., tilkynna eftirlitsstofnun EFTA að slík rannsókn hafi farið fram og senda henni á viðeigandi hátt þær niðurstöður rannsóknanna sem máli skipta, fari hún þess á leit við hana.

ÞAGNARSKYLDA

9. gr.

1. Upplýsingar sem fást með beitingu þessarar bókunar skal eingöngu nota vegna málsmeðferðar samkvæmt 57. gr. samningsins.

2. Framkvæmdastjórn EB, eftirlitsstofnun EFTA, lögbær yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA-ríkja, embættismenn þeirra og aðrir starfsmenn skulu ekki láta í té upplýsingar sem þeir hafa fengið með beitingu þessarar bókunar eða upplýsingar af því tagi sem þagnarskylda gildir um.

3. Reglur um þagnarskyldu og takmarkaða notkun upplýsinga sem kveðið er á um í samningnum eða í löggjöf samningsaðila koma ekki í veg fyrir upplýsingaskipti eins og gerð er grein fyrir í þessari bókun.

TILKYNNINGAR

10. gr.

1. Fyrirtæki skulu beina tilkynningum sínum til þar til bærrar eftirlitsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 57. gr. samningsins.

2. Tilkynningar eða kvartanir sem beint er til stofnunar sem, samkvæmt 57. gr., er ekki til þess bær að fjalla um tiltekið mál skal þegar í stað afhenda þar til bæru eftirlitsstofnuninni.

11. gr.

Dagurinn sem þar til bær eftirlitsstofnun fær tilkynningu í hendur telst afhendingardagur hennar.

Dagurinn sem framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA fær tilkynningu í hendur telst afhendingardagur hennar, ef tilkynnt er um mál í samræmi við framkvæmdarreglur samkvæmt 57. gr., en það fellur undir 53. gr.

TUNGUMÁL

12. gr.

1. Fyrirtæki eiga rétt á að nota og að notað sé opinbert tungumál EFTA-ríkis eða bandalagsins sem þau kjósa í tilkynningum sem fara á milli þeirra og eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Þetta á einnig við um öll stig málareksturs.

2. Kjósi fyrirtæki að beina máli sínu til eftirlitsstofnunar á tungumáli sem ekki er eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem valdsvið þeirrar stofnunar nær til, eða starfstungumáli þeirrar stofnunar, ber þeim jafnframt að láta fylgja með öllum skjölum þýðingu á opinberu tungumáli stofnunarinnar.

3. Fyrirtæki sem ekki eru aðilar að tilkynningunni skulu sömuleiðis eiga rétt á því að eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB ávarpi þau á viðeigandi opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða bandalagsins eða á starfstungumáli annarrar hvorrar þessara stofnana. Kjósi þau að beina máli sínu til eftirlitsstofnunar á tungumáli sem er ekki eitt af opinberum tungumálum þeirra ríkja sem valdsvið þeirrar stofnunar nær til, eða á starfstungumáli þeirrar stofnunar, skal 2. mgr. gilda.

4. Tungumálið sem þýtt er á er það tungumál sem lögbært yfirvald má nota í samskiptum við fyrirtækin.

TÍMAMÖRK OG ÖNNUR VAFAATRIÐI VARÐANDI MÁLSMEÐFERÐ

13. gr.

Að því er varðar tímamörk og önnur ákvæði um málsmeðferð skulu reglur um framkvæmd á 57. gr. einnig gilda um samvinnu milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-ríkja, nema kveðið sé á um annað í þessari bókun.

BRÁÐABIRGÐAREGLA

14. gr.

Ákvæði 57. gr. gilda ekki um samfylkingu sem var viðfangsefni samnings eða tilkynningar eða þegar undir eftirliti fyrir gildistöku samningsins. Hún skal ekki undir neinum kringumstæðum gilda um samfylkingu hafi innlend yfirvöld sem bera ábyrgð á samkeppni hafið málarekstur fyrir gildistökuna.

BÓKUN 25

UM SAMKEPPNI VARÐANDI KOL OG STÁL

1. gr.

1. Banna skal alla samninga milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir hvað varðar sérstakar framleiðsluvörur sem um getur í bókun 14 og haft geta áhrif á viðskipti milli samningsaðila í þá veru að koma í veg fyrir, takmarka eða raska eðlilegri samkeppni, beint eða óbeint, á svæðinu sem samningurinn tekur til, einkum ef með þeim er stefnt í þá átt að:

a) binda eða ákvarða verð;

b) takmarka eða stýra framleiðslu, tækniþróun eða fjárfestingum;

c) skipta mörkuðum, framleiðsluvörum, viðskiptavinum eða birgðaveitum á milli þeirra sem í hlut eiga.

2. Þar til bær eftirlitsstofnun skal, eins og kveðið er á um í 56. gr. samningsins, samt sem áður heimila sérsamninga eða samninga um sameiginleg kaup eða sameiginlega sölu varanna sem um getur í 1. mgr., telji hún að:

a) slík sérhæfing eða sameiginleg kaup og sala bæti framleiðslu eða dreifingu þessara vara verulega;

b) umræddur samningur sé nauðsynlegur til þess að ná þessum árangri og setji ekki meiri höft en nauðsynleg eru í þeim tilgangi; og

c) ekki séu líkur á að samningurinn veiti hlutaðeigandi fyrirtækjum vald til þess að ákvarða verð, eða stýra og hefta framleiðslu og markaðssetningu verulegs hluta umræddra vara á svæðinu sem samningurinn tekur til, eða verndi þau gegn virkri samkeppni annarra fyrirtækja á svæði því sem samningurinn tekur til.

Ef þar til bær eftirlitsstofnun kemst að raun um að ákveðnir samningar eru að öllu leyti hliðstæðir framangreindum samningum, með sérstakri hliðsjón af því að þessi málsgrein á við um dreifingarfyrirtæki, skal hún einnig heimila þá þegar fullvíst þykir að þeir uppfylli sömu skilyrði.

3. Samningur eða ákvörðun sem er bönnuð samkvæmt 1. mgr. ógildist sjálfkrafa og er ekki hægt að byggja á þeim fyrir dómstóli eða rétti í aðildarríkjum EB eða EFTA-ríkjunum.

2. gr.

1. Viðskipti eru háð því að þar til bær eftirlitsstofnun veiti leyfi fyrirfram, eins og kveðið er á um í 56. gr. samningsins, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar, leiði þau beinlínis eða óbeinlínis á svæðinu sem samningur þessi tekur til, sem afleiðing af aðgerðum einstaklings eða fyrirtækis eða hóps einstaklinga eða fyrirtækja, til að samfylking fyrirtækja myndist, þar sem að minnsta kosti eitt þeirra fellur undir 3. gr., sem haft getur áhrif á viðskipti milli samningsaðila, hvort sem viðskiptin varða eina eða fleiri mismunandi vörur og hvort sem áhrifin eru vegna samruna fyrirtækja, kaupa á hlutabréfum eða hlutum í fyrirtæki eða eignum, láns, samnings eða annars konar aðstöðu.

2. Þar til bær eftirlitsstofnun skal, eins og kveðið er á um í 56. gr. samningsins, veita leyfið sem um getur í 1. mgr. ef hún sér fram á að fyrirhuguð viðskipti muni ekki veita hlutaðeigandi einstaklingum eða fyrirtækjum umboð innan lögsögu hennar að því er varðar vöruna eða vörurnar:

— til þess að ákvarða verð, stýra eða takmarka framleiðslu og dreifingu eða koma í veg fyrir virka samkeppni á stórum hluta markaðarins fyrir þessar vörur; eða

— til þess að skjóta sér undan samkeppnisreglum sem komið er á í samningnum, einkum með því að koma sér upp óeðlilegri sérréttindastöðu sem hefur í för með sér verulegan ávinning varðandi aðgang að birgðum eða mörkuðum.

3. Flokka viðskipta má undanskilja frá kröfunni um að leyfi sé veitt fyrirfram, með hliðsjón af stærð viðkomandi eigna eða fyrirtækja og tegund samfylkingar.

4. Ef þar til bær eftirlitsstofnun, eins og kveðið er á um í 56. gr. samningsins, kemst að því að opinber fyrirtæki eða einkafyrirtæki, sem hafa eða öðlast, að lögum eða í raun, yfirburðastöðu, varðandi vöru innan lögsögu hennar, sem verndar þau gegn virkri samkeppni á verulegum hluta svæðisins sem samningurinn tekur til, og nota þessa aðstöðu í andstæðum tilgangi við markmið samningsins og slík misnotkun getur haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila, skal hún senda þeim viðeigandi tilmæli til þess að koma í veg fyrir að aðstaðan verði notuð á þann hátt.

3. gr.

Að því er varðar 1. og 2. gr. þessarar bókunar og einnig vegna þeirra upplýsinga sem þörf er á vegna beitingar þeirra og málareksturs í tengslum við þær merkir „fyrirtæki" framleiðslufyrirtæki í kola- og stáliðnaði á svæðinu sem samningur þessi tekur til, og fyrirtæki eða umboð sem fæst reglulega við annars konar dreifingu en sölu til viðskiptavina á heimamarkaði og handverksfyrirtækja.

4. gr.

Í XIV. viðauka við samninginn eru sérákvæði til framkvæmdar þeim meginreglum sem settar eru fram í 1. og 2. gr.

5. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB skulu tryggja beitingu þeirra meginreglna sem mælt er fyrir um í 1. og 2. gr. þessarar bókunar í samræmi við ákvæði um framkvæmd á 1. og 2. gr. í bókun 21 og XIV. viðauka við samninginn.

6. gr.

Ákvarðanir um einstök mál sem um getur í 1. og 2. gr. þessarar bókunar skulu teknar af framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 56. gr. samningsins.

7. gr.

Með það fyrir augum að þróa og viðhalda samræmdu eftirliti á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði samkeppni og stuðla að einsleitri framkvæmd, beitingu og túlkun ákvæða þessa samnings í þessum tilgangi, skulu lögbær yfirvöld vinna saman í samræmi við ákvæðin sem sett eru í bókun 23.

BÓKUN 26

UM VALDSVIÐ OG STÖRF EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA Á SVIÐI RÍKISAÐSTOÐAR

Með samningi milli EFTA-ríkjanna skal eftirlitsstofnun EFTA falið sams konar valdsvið og svipuð störf og framkvæmdastjórn EB hefur, við undirritun samningsins, við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, sem geri eftirlitsstofnun EFTA kleift að framkvæma þær meginreglur sem settar eru fram í e-lið 2. mgr. 1. gr., 49. og 61. – 64. gr. samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig hafa slíkt vald við beitingu samkeppnisreglna um ríkisaðstoð varðandi framleiðsluvörur sem falla undir stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins eins og um getur í bókun 14.

BÓKUN 27

UM SAMVINNU Á SVIÐI RÍKISAÐSTOÐAR

Til þess að tryggja samræmda framkvæmd, beitingu og túlkun reglna um ríkisaðstoð á yfirráðasvæði samningsaðila og einnig til þess að tryggja samhæfða þróun þeirra skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA virða eftirfarandi reglur:

a) Upplýsinga- og skoðanaskipti um almenn stefnumál svo sem beitingu, framkvæmd og túlkun á reglum um ríkisaðstoð sem settar eru fram í samningnum skulu fara fram reglulega eða samkvæmt beiðni annarrar hvorrar eftirlitsstofnunarinnar.

b) Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu reglulega útbúa kannanir á ríkisaðstoð í ríkjum á sínum svæðum. Hin eftirlitsstofnunin skal hafa aðgang að þessum könnunum.

c) Ef málsmeðferðin sem getið er um í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr. 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, eða samsvarandi málsmeðferð í stofnsamningi EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun EFTA, er hafin varðandi áætlanir um ríkisaðstoð og aðstoð í einstökum málum skal framkvæmdastjórn EB, eða eftirlitsstofnun EFTA, tilkynna það hinni eftirlitsstofnuninni svo og hlutaðeigandi aðila til að þeir geti komið athugasemdum sínum á framfæri.

d) Eftirlitsstofnanirnar skulu láta hvor aðra vita um allar ákvarðanir um leið og þær eru teknar.

e) Þar til bær eftirlitsstofnun skal birta opinberlega að málsmeðferðin sem um getur í c-lið sé hafin og birta ákvarðanirnar sem um getur í d-lið.

f) Þrátt fyrir ákvæði þessarar bókunar skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA, að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, veita upplýsingar og skiptast á skoðunum í hverju tilviki fyrir sig um einstakar áætlanir um ríkisaðstoð og aðstoð í einstökum málum.

g) Farið skal með upplýsingar sem fengnar eru í samræmi við f-lið sem trúnaðarmál.

BÓKUN 28

UM HUGVERKARÉTTINDI

1. gr.

Inntak verndunar

1. Í þessari bókun felur hugtakið „hugverk" í sér verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar og verslunar eins og gert er ráð fyrir í 13. gr. samningsins.

2. Með fyrirvara um ákvæði þessarar bókunar og XVII. viðauka skulu samningsaðilar við gildistöku þessa samnings aðlaga löggjöf sína um hugverk þannig að hún samrýmist meginreglunum um frjálsa dreifingu á vörum og þjónustu og því stigi í verndun eignarréttinda á sviði hugverka sem náðst hefur í lögum bandalagsins, einnig fullnustustigi þessara réttinda.

3. Með fyrirvara um réttarfarsákvæði samningsins og ákvæði þessarar bókunar og XVII. viðauka munu EFTA-ríkin, samkvæmt beiðni og að höfðu samráði samningsaðila, aðlaga löggjöf sína um hugverk til þess að ná að minnsta kosti því almenna stigi í verndun hugverka sem er í Evrópubandalaginu við undirritun þessa samnings.

2. gr.

Tæming réttinda

1. Samningsaðilar skulu sjá til þess að tæming hugverkaréttar sé í samræmi við lög bandalagsins að svo miklu leyti sem ráðstafanir bandalagsins eða réttarkerfi taka til tæmingar. Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber að túlka þetta ákvæði samkvæmt viðurkenndum skilningi í viðkomandi úrskurðum dómstóls Evrópubandalaganna sem kveðnir hafa verið upp fyrir undirritun samningsins.

2. Að því er varðar einkaleyfisréttindi skal þetta ákvæði koma til framkvæmda í síðasta lagi einu ári eftir að samningur þessi öðlast gildi.

3. gr.

Einkaleyfi í bandalaginu

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að leitast við af fremsta megni að ljúka samningaviðræðum, innan þriggja ára frá gildistöku samningsins um einkaleyfi í bandalaginu (89/695/EBE), um að EFTA-ríkin taki þátt í þeim samningi. Hvað Ísland varðar verður þessi dagsetning þó í fyrsta lagi 1. janúar 1998.

2. Sérstök skilyrði fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna að samningnum um einkaleyfi í bandalaginu (89/695/EBE) eru háð síðari samningaviðræðum.

3. Bandalagið skuldbindur sig til, eftir gildistöku samningsins um einkaleyfi í bandalaginu, að bjóða þeim EFTA-ríkjum sem þess æskja að taka þátt í samningaviðræðunum í samræmi við 8. gr. samningsins um einkaleyfi í bandalaginu, að því tilskildu að þau hafi að auki haft í heiðri ákvæði 4. og 5. mgr.

4. EFTA-ríkin skulu í löggjöf sinni fara eftir efnisákvæðum Evrópusáttmálans um einkaleyfi frá 5. október 1973.

5. Að því er varðar einkaleyfishæfi lyfja og matvæla skal Finnland fara eftir ákvæðum 4. mgr. eigi síðar en 1. janúar 1995. Að því er varðar einkaleyfishæfi lyfja skal Ísland fara eftir ákvæðum 4. mgr. eigi síðar en 1. janúar 1997. Bandalagið skal hins vegar ekki senda Finnlandi og Íslandi boð það sem um ræðir í 3. mgr. fyrir þessar tímasetningar.

6. Þrátt fyrir 2. gr. getur handhafi einkaleyfis, eða rétthafi hans, á framleiðsluvöru sem getið er í 5. mgr., sem lagt var fram hjá samningsaðila þegar ekki var hægt að fá einkaleyfi í Finnlandi eða á Íslandi á þeirri vöru, treyst á þau réttindi sem því einkaleyfi fylgja til þess að koma í veg fyrir innflutning og markaðssetningu vörunnar hjá þeim samningsaðilum þar sem hún nýtur einkaleyfisverndar, jafnvel þótt varan hafi verið markaðssett í Finnlandi eða á Íslandi í fyrsta skipti af honum eða með hans samþykki.

Að því er varðar vörurnar sem um getur í 5. mgr. má neyta þessara réttinda til loka annars ársins eftir að þær hafa verið gerðar einkaleyfishæfar í Finnlandi eða á Íslandi.

4. gr.

Hálfleiðarar

1. Samningsaðilar eiga rétt á að taka ákvarðanir um útvíkkun á lögvernd svæðislýsinga hálfleiðara til að ná til einstaklinga frá þriðja ríki eða yfirráðasvæði þess ríkis, sem er ekki aðili að samningnum, er njóta ekki réttinda til verndar ákvæðum samningsins. Þeir geta einnig gert með sér samninga í þessum tilgangi.

2. Hlutaðeigandi samningsaðili skal, þegar verndarréttur svæðislýsinga hálfleiðara er látinn ná til aðila sem ekki á hlutdeild í samningnum, leitast við að tryggja að sá aðili sem ekki á hlutdeild í samningnum veiti öðrum samningsaðilum rétt til verndar með sambærilegum skilmálum við þá sem hlutaðeigandi samningsaðila eru veittir.

3. Útvíkkun réttar, sem veittur er með samhliða eða jafngildum samningum eða samkomulagi eða jafngildum ákvörðunum milli samningsaðila og þriðju landa, skal viðurkennd og virt af öllum samningsaðilum.

4. Að því er varðar 1. – 3. mgr. gilda þær almennu upplýsingar, samráð og málsmeðferð við lausn deilumála sem í samningnum felst.

5. Í því tilviki að annars konar samskipti verði milli einhvers samningsaðilanna og þriðja lands skal þegar í stað haft samráð, eins og gerð er grein fyrir í 4. mgr., um áhrif slíks fráviks á framhald frjálsrar vörudreifingar samkvæmt samningnum. Hvenær sem slíkur samningur, samkomulag eða ákvörðun er samþykkt þrátt fyrir áframhaldandi ósamkomulag milli bandalagsins og annars hlutaðeigandi samningsaðila skal VII. hluti samningsins gilda.

5. gr.

Alþjóðasamningar

1. Samningsaðilar skuldbinda sig til að fylgja eftirfarandi marghliða samningum um hugverk og hugverk á sviði iðnaðar og verslunar fyrir 1. janúar 1995:

a) Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (Stokkhólmsgerð, 1967);

b) Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum (Parísargerð, 1971);

c) Alþjóðasamningur um vernd listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarps- og sjónvarpsstöðva (Róm, 1961);

d) Bókun í tengslum við Madridsáttmálann um alþjóðaskráningu vörumerkja (Madrid 1989);

e) Nicesáttmálinn um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja (Genf 1977, breytt 1979);

f) Búdapestsáttmálinn um alþjóðaviðurkenningu á geymslu örvera vegna umsókna um einkaleyfi (1980);

g) Samstarfssáttmáli um einkaleyfi (PCT) (1984).

2. Vegna aðildar Finnlands, Írlands og Noregs við bókunina í tengslum við Madridsamkomulagið skal breyta dagsetningunni sem greint frá í 1. mgr. í 1. janúar 1996 og 1. janúar 1997 vegna Íslands.

3. Samningsaðilar skulu í innlendri löggjöf sinni við gildistöku bókunar þessarar fara eftir efnisákvæðum samninganna sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið 1. mgr. Í löggjöf sinni skal Írland hins vegar fara eftir efnisákvæðum Bernarsáttmálans í síðasta lagi 1. janúar 1995.

6. gr.

Samningaviðræður um Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT)

Samningsaðilar samþykkja, með fyrirvara um valdsvið bandalagsins og aðildarríkja þess í málefnum er tengjast hugverkum, að bæta þær reglur um hugverk sem komið hefur verið á með samningnum í ljósi niðurstaðna Úrúgvæ-viðræðnanna.

7. gr.

Gagnkvæmar upplýsingar og samráð

Samningsaðilar skuldbinda sig til að veita hver öðrum upplýsingar í sambandi við störf á grundvelli alþjóðastofnana og samninga um hugverk.

Enn fremur skuldbinda samningsaðilar sig, á sviðum sem samþykkt ráðstöfun í lögum bandalagsins tekur til, til að hafa samráð fyrirfram samkvæmt beiðni á fyrrnefndum grundvelli og í fyrrnefndu samhengi.

8. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Samningsaðilar samþykkja aðild að samningaviðræðum til þess að þau EFTA-ríki sem áhuga hafa geti síðar meir tekið fullan þátt í ráðstöfunum vegna hugverka sem samþykktar kunna að verða í lögum bandalagsins.

Hafi slíkar ráðstafanir verið samþykktar fyrir gildistöku þessa samnings skulu samningaviðræður um þátttöku í þeim hefjast eins fljótt og auðið er.

9. gr.

Valdsvið

Ákvæði þessarar bókunar eru með fyrirvara um valdsvið bandalagsins og aðildarríkja þess á sviði hugverka.

BÓKUN 29

UM STARFSÞJÁLFUN

Til þess að stuðla að hreyfanleika ungs fólks innan EES samþykkja samningsaðilar að efla samstarf sín á milli á sviði starfsþjálfunar og leitast við að bæta skilyrði námsmanna sem vilja stunda nám í öðru ríki en sínu eigin. Í þessu samhengi samþykkja þeir að ákvæði samningsins um búseturétt námsmanna breyti ekki möguleikum einstakra samningsaðila, sem við lýði eru fyrir gildistöku samningsins, t.d. varðandi innheimtu skólagjalda af erlendum námsmönnum.

BÓKUN 30

UM SÉRSTÖK ÁKVÆÐI VARÐANDI SKIPULAGNINGU SAMVINNU Á SVIÐI HAGSKÝRSLUGERÐAR

1. Koma skal á ráðstefnu með fulltrúum innlendra hagskýrslustofnana samningsaðila, Hagstofu Evrópubandalagsins (Eurostat) og skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA-ríkjanna (OSA EFTA). Ráðstefnan skal hafa umsjón með samstarfi í hagskýrslugerð og móta í því sambandi vinnubrögð og starfsáætlanir sem séu samhæfðar hliðstæðum áætlunum bandalagsins og fylgjast með framkvæmd þeirra.

2. EFTA-ríkin skulu, frá því að samningurinn gengur í gildi, taka þátt í áætlunum um forgangsaðgerðir á sviði hagskýrslugerðar ([1]).

EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til slíkra aðgerða í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og fjárhagsreglugerðina sem tengist honum.

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða þróun slíkra aðgerða, að svo miklu leyti sem um er að ræða verkefni sem samningurinn tekur til.

3. Skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA skal samhæfa hagskýrslugögn frá EFTA-ríkjunum um málefni er heyra undir samninginn og afhenda Hagstofu Evrópubandalagsins. Hagstofa Evrópubandalagsins skal sjá um geymslu og vinnslu á upplýsingunum.

4. Hagstofa Evrópubandalagsins og Skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA skulu tryggja að hagskýrslum EES sé dreift til hinna ýmsu notenda og til almennings.

5. EFTA-ríkin skulu bera þann aukakostnað sem Hagstofa Evrópubandalagsins hefur af geymslu, vinnslu og dreifingu gagna frá löndum þeirra samkvæmt ákvæðum samningsins. Sameiginlega EES-nefndin skal með reglubundnu millibili ákvarða þær fjárhæðir sem hér er um að ræða.

6. Hagskýrslugögn sem eru háð trúnaðarkvöðum má einungis hagnýta til hagskýrslugerðar.

([1]) Til dæmis framtíðaráætlanir af þeim toga sem fram koma í 389Y0628(01) ályktun ráðsins frá 19. júní 1989 um framkvæmd forgangsaðgerða á sviði hagskýrslugerðar: Hagskýrsluáætlun Evrópubandalagsins 1989 til 1992 (Stjtíð. EB nr. C 161, 28.6.1989, bls. 1).

BÓKUN 31

UM SAMVINNU Á SÉRSTÖKUM SVIÐUM UTAN MARKA FJÓRÞÆTTA FRELSISINS

1. gr.

Rannsóknir og tækniþróun

1. a) EFTA-ríkin skulu frá gildistöku samnings þessa taka þátt í framkvæmd rammaáætlunar um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1990 – 1994) ([1]) með þátttöku í einstökum áætlunum.

b) EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirrar starfsemi sem um getur í a-lið í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.

c) EFTA-ríkin skulu samkvæmt b-lið hér að framan taka fullan þátt í öllum nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun umræddrar rammaáætlunar og einstakra áætlana hennar.

d) Vegna hinnar sérstöku samvinnu sem fyrirhuguð er á sviði rannsókna og tækniþróunar skulu fulltrúar EFTA-ríkjanna að auki eiga hlut að nefnd um vísinda- og tæknirannsóknir (CREST) og öðrum nefndum EB sem framkvæmdastjórn EB hefur samráð við á þessu sviði, að því leyti sem slíkt er nauðsynlegt til að tryggja góða samvinnu.

2. Að því er Ísland varðar skulu ákvæði 1. mgr. gilda frá 1. janúar 1994.

3. Veruleg stefnubreyting og endurmat á starfsemi sem tengist rammaáætlun um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1990 – 1994), eftir að samningurinn gengur í gildi, skal fara fram með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins.

4. Samningurinn skal gilda með fyrirvara annars vegar um tvíhliða samvinnu innan ramma-áætlunar um starfsemi bandalagsins á sviði rannsókna og tækniþróunar (1987 – 1991) ([2]) og hins vegar um tvíhliða rammasamninga um samvinnu á sviði vísinda og tækni milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna, að því leyti sem þeir snerta samvinnu sem fellur ekki undir samninginn.

([1]) 390D0221: Ákvörðun ráðsins 90/221/KBE, EBE frá 23. apríl 1990 (1990 – 1994) (Stjtíð. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 28).

([2]) 387D0516: Ákvörðun ráðsins 87/516/KBE, EBE frá 28. september 1987 (Stjtíð. EB nr. L 302, 24.10.1987, bls. 1).

2. gr.

Upplýsingaþjónusta

Sameiginlega EES-nefndin skal, frá gildistöku samnings þessa, ákveða skilmála og skilyrði fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna í áætlunum sem kveðið er á um í ákvörðunum ráðs EB sem um getur hér að aftan, eða áætlunum sem leiðir af þeim, á sviði upplýsingaþjónustu:

— 388D0524: Ákvörðun ráðsins 88/524/EBE frá 26. júlí 1988 um gerð aðgerðaáætlunar til að koma á fót markaði fyrir upplýsingaþjónustu (Stjtíð. EB nr. L 288, 21.10.1988, bls. 39);

— 389D0286: Ákvörðun ráðsins 89/286/EBE frá 17. apríl 1989 um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (1989 – 1993) (Sprintáætlunin) (Stjtíð. EB nr. L 112, 25.4.1989, bls. 12).

3. gr.

Umhverfismál

1. Styrkja skal samvinnu á sviði umhverfismála innan ramma starfsemi bandalagsins einkum varðandi eftirfarandi svið:

— stefnu- og framkvæmdaáætlanir um umhverfismál;

— aðlögun sjónarmiða á sviði umhverfisverndar að öðrum stefnumiðum;

— efnahags-og fjármálastjórnartæki;

— alþjóðleg umhverfisvandamál;

— mikilvæg svæðisbundin eða alþjóðleg málefni til umræðu innan alþjóðastofnana.

Samvinnan skal meðal annars fara fram á reglulegum fundum.

2. Nauðsynlegt er að taka ákvarðanir eins fljótt og unnt er eftir gildistöku samnings þessa til þess að tryggja þátttöku EFTA-ríkjanna í Evrópsku umhverfisstofnuninni, eftir að bandalagið hefur komið henni á fót, hafi ekki náðst samkomulag um þetta efni fyrir þann tíma.

3. Ákveði sameiginlega EES-nefndin að samvinnan skuli felast í því að samningsaðilar setji samhliða löggjöf sem er eins eða svipuð að efni til, skal málsmeðferðin sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins gilda þaðan í frá um undirbúning slíkrar löggjafar á umræddu sviði.

4. gr.

Menntun, þjálfun og æskulýðsmál

1. EFTA-ríkin skulu, frá gildistöku samnings þessa, taka þátt í áætlun bandalagsins Æska í Evrópu í samræmi við VI. hluta.

2. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1995, með fyrirvara um ákvæði VI. hluta, taka þátt í öllum áætlunum bandalagsins á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála sem eru í gildi þá eða hafa verið samþykktar. Með skipulagningu og þróun áætlana bandalagsins á þessu sviði skal, frá gildistöku samnings þessa, fara samkvæmt þeirri málsmeðferð sem um getur í VI. hluta, einkum 3. mgr. 79. gr.

3. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. til áætlananna sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. EFTA-ríkin skulu, allt frá upphafi samstarfs innan áætlana sem þau leggja fé til í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr., taka fullan þátt í öllum EB-nefndum sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun þessara áætlana.

5. EFTA-ríkin skulu, frá gildistöku samnings þessa, taka þátt í ýmiss konar starfsemi bandalagsins sem felur í sér upplýsingaskipti og, eftir því sem við á, samráð og fundi sérfræðinga, námskeið og ráðstefnur. Samningsaðilar skulu enn fremur fyrir tilstilli sameiginlegu EES-nefndarinnar eða á annan hátt taka annars konar frumkvæði í þessum málum eftir því sem þurfa þykir.

6. Samningsaðilar skulu hvetja til viðeigandi samstarfs milli þar til bærra samtaka, stofnana og annarra aðila á yfirráðasvæðum sínum þar sem slíkt gæti stuðlað að því að styrkja og efla samstarfið. Þetta á einkum við um málefni sem heyra undir starfsemi Evrópumiðstöðvar um þróun starfsmenntunar (CEDEFOP) ([3]).

([3]) 375R0337: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 337/75 frá 10. febrúar 1975 um að setja á fót Evrópumiðstöð um þróun starfsmenntunar (Stjtíð. EB nr. L 39, 13.2.1975, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 1 79 H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 99).

— 1 85 I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 170).

5. gr.

Félagsmál

1. Á sviði félagsmála skulu skoðanaskiptin sem um getur í 1. mgr. 79. gr. samningsins ná yfir, meðal annars, fundi, þar á meðal samráð sérfræðinga, könnun á gagnkvæmum hagsmunamálum á einstökum sviðum, upplýsingaskipti um starfsemi samningsaðila, úttekt á stöðu samvinnunnar og sameiginlega framkvæmd á starfsemi, svo sem námskeiðum og ráðstefnum.

2. Samningsaðilar skulu einkum leitast við að styrkja samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum bandalagsins:

— 388Y0203 (01): Ályktun ráðsins frá 21. desember 1987 um öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað (Stjtíð. EB nr. C 28, 3.2.1988, bls. 3);

— 391Y0531 (01): Ályktun ráðsins frá 21. maí 1991 um þriðju aðgerðaáætlun bandalagsins til meðallangs tíma um jöfn tækifæri fyrir konur og karla (1991-1995) (Stjtíð. EB nr. C 142, 31.5.1991, bls. 1);

— 390Y627(06): Ályktun ráðsins frá 29. maí 1990 um aðgerðir til aðstoðar við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi (Stjtíð. EB nr. C 157, 27.6.1990, bls. 4);

— 386X0379: Tilmælum ráðsins 86/379/EBE frá 24. júlí 1986 um atvinnu fatlaðra í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 225, 12.8.1986, bls. 43);

— 389D0457: Ákvörðun ráðsins 89/457/EBE frá 18. júlí 1989 um að koma á aðgerðaáætlun bandalagsins til meðallangs tíma um efnahagslega og félagslega aðlögun þeirra hópa í þjóðfélaginu sem eru efnahagslega og félagslega verr settir (Stjtíð. EB nr. L 224, 2.8.1989, bls. 10).

3. EFTA-ríkin skulu, frá gildistöku samnings þessa, taka þátt í aðgerðum bandalagsins varðandi eldri borgara ([4]).

EFTA-ríkin skulu leggja fram fé í samræmi við b-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun áætlunarinnar nema í málefnum sem varða dreifingu fjármagns EB milli aðildarríkja bandalagsins.

4. Sameiginlega EES-nefndin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir til þess að auðvelda samvinnu milli samningsaðila í áætlunum og starfsemi bandalagsins á sviði félagsmála í framtíðinni.

([4]) 391D0049: Ákvörðun ráðsins 91/49/EBE frá 26. nóvember 1991 (Stjtíð. EB nr. L 28, 2.2.1991, bls. 29).

5. Samningsaðilar skulu hvetja til viðeigandi samvinnu milli hlutaðeigandi samtaka, stofnana og annarra aðila á yfirráðasvæðum sínum þar sem slíkt gæti stuðlað að því að styrkja og útvíkka samstarfið. Þetta á einkum við um málefni sem heyra undir starfsemi Evrópustofnunarinnar um bætt starfsskilyrði og lífskjör. ([5])

6. gr.

Neytendavernd

1. Á sviði neytendaverndar skulu samningsaðilar auka skoðanaskipti sín í milli, eftir öllum viðeigandi leiðum, með það fyrir augum að finna þau svið og þá starfsemi þar sem nánari samvinna gæti stuðlað að því að markmið þeirra náist.

2. Samningsaðilar skulu leitast við að styrkja samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins, sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum, einkum til að tryggja áhrif og þátttöku neytenda:

— 389Y1122(01): Ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um seinni tíma forgangsröð til að endurvekja stefnu um neytendavernd (Stjtíð. EB nr. C 294, 22.11.1989, bls. 1);

— 590DC0098: Þriggja ára aðgerðaáætlun um stefnu í neytendamálum í EBE (1990-1992);

— 388Y1117(01): Ályktun ráðsins frá 4. nóvember 1988 um aukna þátttöku neytenda við gerð staðla (Stjtíð. EB nr. C 293, 17.11.1988, bls. 1).

([5]) 375R1365: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1365/75 frá 26. maí 1975 um stofnun Evrópustofnunar um bætt starfsskilyrði og lífskjör (Stjtíð. EB nr. L 139, 30.5.1975, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 1 79 H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 111).

— 1 85 I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 170).

7. gr.

Lítil og meðalstór fyrirtæki

1. Samvinna á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja skal einkum efld innan ramma aðgerða bandalagsins:

— til þess að létta óeðlilegum stjórnarfarslegum, fjárhagslegum og réttarfarslegum hömlum af fyrirtækjarekstri;

— til þess að upplýsa og aðstoða fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, um stefnur og áætlanir sem gætu verið þeim viðkomandi;

— til þess að hvetja til samvinnu og tengsla fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, frá ólíkum svæðum Evrópska efnahagssvæðisins.

2. Samningsaðilar skulu einkum leitast við að auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum bandalagsins:

— 388Y0727(02): Ályktun ráðsins frá 30. júní 1988 um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og aðgerðir til að efla þróun fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. C 197, 27.7.1988, bls. 6);

— 389D0490: Ákvörðun ráðsins 89/490/EBE frá 28. júlí 1989 um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og eflingu þróunar fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 239, 16.8.1989, bls. 33);

— 389Y1007(01): Ályktun ráðsins frá 26. september 1989 um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. C 254, 7.10.1989, bls. 1);

— 390X0246: Tilmælum ráðsins frá 28. maí 1990 um framkvæmd stefnu til einföldunar í stjórnun til hagsbóta fyrir LMF í aðildarríkjunum (Stjtíð. EB nr. L 141, 2.6.1990, bls. 55);

— 391Y0605 (01): Ályktun ráðsins frá 27. maí 1991 um aðgerðaáætlun varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki, þar með talið handverksfyrirtæki (Stjtíð. EB nr. C 146, 5.6.1991, bls. 3);

— 391D0319: Ákvörðun ráðsins 91/319/EBE frá 18. júní 1991 um endurskoðun áætlunar um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og eflingu þróunar fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 175, 4.7.1991, bls. 32).

3. Sameiginlega EES-nefndin skal, frá gildistöku samningsins, taka viðeigandi ákvarðanir um fyrirkomulag, meðal annars um fjárframlög EFTA-ríkjanna, sem skulu gilda að því er varðar samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins um framkvæmd ákvörðunar ráðsins um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og eflingu þróunar fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í bandalaginu ([6]) og starfsemi sem af þessu leiðir.

([6]) 389D0490: Ákvörðun ráðsins 89/490/EBE frá 28. júlí 1989 (Stjtíð. EB nr. C 239, 16.8.1989, bls. 33).

8. gr.

Ferðamál

Á sviði ferðamála skulu skoðanaskiptin sem um getur í 1. mgr. 79. gr. samningsins miða að því að finna þau svæði og aðgerðir þar sem nánari samvinna gæti stuðlað að framgangi ferðamála og almennt að bættum aðstæðum ferðaiðnaðarins á yfirráðasvæðum samningsaðila.

9. gr.

Hljóð- og myndmiðlun

Taka skal nauðsynlegar ákvarðanir eins fljótt og unnt er eftir gildistöku samningsins til þess að tryggja þátttöku EFTA-ríkjanna í áætlunum sem fram koma í ákvörðun ráðsins 90/685/EBE frá 21. desember 1990 varðandi framkvæmd aðgerðaáætlunar til að efla þróun evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins (MEDIA) (1991 til 1995) (Stjtíð. EB nr. L 380, 31.12.1990, bls. 37) hafi samkomulag ekki náðst um þetta málefni fyrir þann tíma.

10. gr.

Almannavarnir

1. Samningsaðilar skulu leitast við að auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem gæti leitt af ályktun ráðsins og aðildarríkjanna innan ráðsins 89/223/EBE frá 13. febrúar 1989 um nýja þróun í samvinnu innan bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtíð. EB nr. C 44, 23.2.1989. bls. 3).

2. EFTA-ríkin skulu tryggja að númerið 112 sé tekið upp á yfirráðasvæðum þeirra sem eina evrópska neyðarnúmerið í samræmi við ákvæði ákvörðunar ráðsins 91/396/EBE frá 29. júlí 1991 um að taka upp eitt evrópsku neyðarnúmeri (Stjtíð. EB nr. L 217, 6.8.1991, bls. 31).

BÓKUN 32

UM FJÁRHAGSFYRIRKOMULAG VEGNA FRAMKVÆMDAR 82. GR.

1. gr.

Tilhögun við ákvörðun fjárframlags EFTA-ríkjanna

1. Tilhögun við útreikning fjárframlags EFTA-ríkjanna í starfsemi bandalagsins skal vera sú sem sett er fram í eftirtöldum málsgreinum.

2. Framkvæmdastjórn EB skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni og leggja fram gögn til skýringar í síðasta lagi 30. maí á hverju fjárhagsári:

a) fjárhæðir sem færðar eru „til upplýsingar", í fjárhagsskuldbindingum og greiðsluskuldbindingum, á gjaldahlið í drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópubandalaganna, í samræmi við þá starfsemi sem EFTA-ríkin taka þátt í og eru reiknaðar í samræmi við ákvæði 82. gr.,

b) áætlaðar fjárhæðir framlaganna, sem fram koma „til upplýsingar" á tekjuhlið í drögum að fjárlagafrumvarpi í samræmi við þátttöku EFTA-ríkjanna í þessari starfsemi.

3. Sameiginlega EES-nefndin skal, fyrir 1. júlí ár hvert, staðfesta að fjárhæðirnar sem um getur í 2. mgr. að ofan séu í samræmi við ákvæði 82. gr. samningsins.

4. Fjárhæðir „til upplýsingar" í samræmi við þátttöku EFTA-ríkjanna, bæði í fjárhagsskuldbindingum og greiðsluskuldbindingum, ásamt upphæð fjárframlaga, skulu jafnaðar þegar fjárlögin eru samþykkt af fjármálayfirvaldi þannig að ákvæði 82. gr. séu virt.

5. Um leið og fjárlögin hafa verið samþykkt endanlega af fjármálayfirvaldi skal framkvæmdastjórn EB tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um fjárhæðir sem þar koma fram „til upplýsingar", bæði á gjalda- og tekjuhlið, í samræmi við þátttöku EFTA-ríkjanna.

Sameiginlega EES-nefndin skal, innan fimmtán daga frá því að tilkynningin var gefin út, staðfesta að þessar fjárhæðir séu í samræmi við ákvæði 82. gr.

6. Eigi síðar en 1. janúar á hverju fjárhagsári skal fastanefnd EFTA-ríkjanna veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar um endanlega skiptingu framlagsins milli EFTA-ríkjanna.

Þessi skipting er bindandi fyrir hvert EFTA-ríki.

Ef þessar upplýsingar hafa ekki komið fram 1. janúar gildir skipting fyrra árs til bráðabirgða.

2. gr.

Greiðsla á framlögum EFTA-ríkjanna

1. Á grundvelli upplýsinga sem fastanefnd EFTA-ríkjanna hefur sent samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 1. gr. skal framkvæmdastjórn EB staðfesta eftirfarandi:

a) Í samræmi við 1. mgr. 28. gr. fjárhagsreglugerðarinnar ([1]) tillögu að kröfu, í samræmi við fjárframlag EFTA-ríkjanna, sem er reiknuð á grundvelli fjárhagsskuldbindinga.

Með gerð tillögu að kröfu opnar framkvæmdastjórn EB formlega fyrir fjárhagsskuldbindingar á viðeigandi fjárlagaliðum innan ramma þess fjárlagaskipulags sem er komið á í þessu skyni.

Ef fjárlögin hafa ekki verið samþykkt við upphaf fjárhagsársins skulu ákvæði 9. gr. fjárhagsreglugerðarinnar gilda.

b) Í samræmi við 2. mgr. 28. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, kröfu um fé í samræmi við framlag EFTA-ríkjanna, sem er reiknað á grundvelli greiðsluskuldbindinga.

2. Þessi tilhögun kveður á um greiðslu hvers EFTA-ríkis á fjárframlagi sínu í tveimur þrepum:

— sex tólftu hluta framlagsins eigi síðar en 20. janúar;

— sex tólftu hluta framlagsins eigi síðar en 15. júlí.

Þeir sex tólftu hlutar sem eiga að greiðast eigi síðar en 20. janúar eru reiknaðir á grundvelli fjárhæðar sem fram kemur „til upplýsingar" í tekjuhlið í drögum að fjárlagafrumvarpi: jöfnun þessara greiðslna skal koma fram í þeim tólftu hlutum sem eiga að koma til greiðslu 15. júlí.

Ef fjárlög hafa ekki verið samþykkt fyrir 30. mars, skal önnur greiðsla einnig fara fram á grundvelli fjárhæða sem eru áætlaðar „til upplýsingar" í drögum að fjárlagafrumvarpi. Jöfnunin skal eiga sér stað þremur mánuðum eftir að málsmeðferð sú sem er lýst í 5. mgr. 1. gr. er frágengin.

([1]) Fjárhagsreglugerð frá 21. desember 1977 sem tekur til fjárlaga Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 356, 31. 12. 1977, bls. 1), eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (KBE, KSE, EBE) nr. 610/90 frá 13. mars 1990 (Stjtíð. EB nr. L 70, 16. 3. 1990, bls.1) nefnist hér eftir fjárhagsreglugerð.

Innheimtur í samræmi við greiðslur EFTA-ríkjanna á fjárframlögum sínum, leiða til þess að formlega er opnað fyrir fjárskuldbindingar á viðeigandi fjárlagaliðum innan ramma þeirrar gerðar fjárlagaskipulags sem er komið á í þessu skyni, með fyrirvara um beitingu ákvæða 9. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Framlögin skal nefna og greiða í evrópsku mynteiningunni (ECU).

4. Vegna þessa skal hvert EFTA-ríki stofna reikning í evrópsku mynteiningunni (ECU) hjá ríkissjóði eða stofnun sem það tilnefnir í þessu skyni fyrir hönd framkvæmdastjórnar EB.

5. Ef dregst að leggja inn á reikninginn sem um getur í 4. mgr. fram yfir eindaga, sem fram koma í 2. mgr., ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að greiða vexti í evrópsku mynteiningunni (ECU) jafna þeim sem Gjaldeyrissamvinnusjóður Evrópu notar vegna starfsemi sinnar, og 1,5 prósentustig að auki vegna þess mánaðar er fresturinn rann út í sem auglýstur er í hverjum mánuði í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, C-deild.

3. gr.

Aðlögun vegna framkvæmdar

1. Fjárhæðir vegna þátttöku EFTA-ríkjanna, sem ákveðnar eru vegna hvers fjárlagaliðar um sig í samræmi við ákvæði 82. gr. samningsins, skulu að öðru jöfnu haldast óbreyttar á viðkomandi fjárhagsári.

2. Framkvæmdastjórn EB skal, þegar reikningum fyrir hvert fjárhagsár (n) er lokað, samkvæmt reglum um stofnun gjalda- og tekjureikninga, jafna reikningana vegna þátttöku EFTA-ríkjanna með tilliti til:

— breytinga sem orðið hafa á fjárhagsárinu, annaðhvort með tilfærslum eða á fjáraukalögum,

— endanlegrar framkvæmdar skuldbindinga fjárhagsársins, að teknu tilliti til hugsanlegrar frestunar og tekjuafganga,

— fjárhæða vegna kostnaðar sem tengist bandalaginu og EFTA-ríkin borga hvert um sig eða greiðslna í fríðu sem EFTA-ríkin inna af hendi, t.d. stuðningur við stjórnun.

Þessi jöfnun skal eiga sér stað innan ramma fjárlaga næsta árs (n+2).

3. Framkvæmdastjórn EB getur þó við sérstakar aðstæður nægilega rökstuddar, að því tilskildu að hlutfallsstuðullinn raskist ekki, farið fram á viðbótarframlag frá EFTA-ríkjunum á sama fjárhagsári og breytingin er gerð, að fengnu samþykki sameiginlegu EES-nefndarinnar. Slíkt viðbótarframlag skal skrá á þá reikninga sem um getur í 4. mgr. 2. gr. á degi sem sameiginlega EES-nefndin ákveður og skal eftir því sem unnt er, fara fram um leið og jöfnunin sem um getur í 2. mgr. 2. gr. Verði töf á skráningunum skulu ákvæði 5. mgr. 2. gr. gilda.

4. Sameiginlega EES-nefndin skal samþykkja nákvæmar viðbótarreglur vegna framkvæmdar 1. – 3. mgr. eftir því sem nauðsyn krefur.

Þetta á einkum við um hvernig tekið skal tillit til fjárhæða sem eru tilkomnar vegna kostnaðar sem tengist bandalaginu og EFTA-ríkin borga hvert um sig eða greiðslna í fríðu sem EFTA-ríkin inna af hendi.

4. gr.

Endurskoðun

Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða ákvæði:

— 1. mgr. 2. gr.;

— 2. mgr. 2. gr.;

— 2. mgr. 3. gr.; og

— 3. mgr. 3. gr.;

fyrir 1. janúar 1994 og skal þeim breytt eftir því sem við á í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra og í ljósi ákvarðana bandalagsins sem hafa áhrif á fjárhagsreglugerðina og/eða framsetningu fjárlaga.

5. gr.

Skilyrði um framkvæmd

1. Um notkun framlags vegna þátttöku EFTA-ríkjanna skal fara í samræmi við ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar.

2. Að því er varðar reglur um tilhögun útboða, skulu útboð hins vegar opin öllum aðildarríkjum EB og öllum EFTA-ríkjum ef þau tengjast fjármögnun samkvæmt fjárlagaliðum sem varða þátttöku EFTA-ríkjanna.

6. gr.

Upplýsingar

1. Framkvæmdastjórn EB skal láta fastanefnd EFTA-ríkjanna í té í lok hvers ársfjórðungs útdrætti úr reikningsyfirliti sínu sem sýnir, bæði á tekju- og gjaldahlið, stöðuna varðandi framkvæmd áætlana og annarra aðgerða sem EFTA-ríkin taka þátt í að fjármagna.

2. Við lok fjárhagsársins skal framkvæmdastjórn EB veita fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar um áætlanirnar og aðrar aðgerðir sem EFTA-ríkin taka þátt í að fjármagna og koma fram á tekju- og gjaldareikningi og á efnahagsreikningi sem gerður er í samræmi við ákvæði 78. gr. og 81. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Bandalagið skal láta fastanefnd EFTA-ríkjanna í té aðrar upplýsingar um fjármál sem þau geta með réttu farið fram á vegna áætlananna og annarra aðgerða sem þau taka þátt í að fjármagna.

7. gr.

Eftirlit

1. Um eftirlit með ákvörðunum og aðgengi að tekjum, sem og eftirlit með skuldbindingum og útgjaldaáætlun í samræmi við þátttöku EFTA-ríkjanna, skal fara eftir ákvæðum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, fjárhagsreglugerðarinnar og hlutaðeigandi reglugerða á þeim sviðum sem um getur í 76. og 78. gr. samningsins.

2. Viðeigandi fyrirkomulagi skal komið á milli opinberra endurskoðenda bandalagsins og í EFTA-ríkjunum með það fyrir augum að auðvelda eftirlit með tekjum og gjöldum samkvæmt þátttöku EFTA-ríkjanna í starfsemi bandalagsins í samræmi við 1. mgr.

8. gr.

Upplýsingar varðandi verga landsframleiðslu sem taka ber tillit til við útreikning á „hlutfallsstuðli"

1. Upplýsingar um verga landsframleiðslu á markaðsverði sem um getur í 82. gr. samningsins skulu vera þær sömu og birtar eru vegna framkvæmdar 76. gr. samningsins.

2. Þó skulu upplýsingar um verga landsframleiðslu fyrir fjárhagsárin 1993 og 1994 vera þær sem OECD birtir. Sameiginlega EES-nefndin getur ákveðið að þetta ákvæði gildi áfram í eitt eða fleiri ár, ef nauðsyn krefur.

BÓKUN 33

UM GERÐARDÓMSMEÐFERÐ

1. Hafi deilumáli verið vísað til gerðardóms skulu gerðardómsmenn vera þrír nema deiluaðilar ákveði annað.

2. Hvor deiluaðili um sig skal tilnefna einn gerðardómsmann innan þrjátíu daga.

3. Gerðardómsmenn sem þannig hafa verið tilnefndir skulu koma sér saman um útnefningu eins oddamanns og skal hann vera ríkisborgari eins samningsaðila, þó ekki með sama ríkisfang og tilnefndir gerðardómsmenn. Komi þeir sér ekki saman um oddamann innan tveggja mánaða frá því að þeir voru tilnefndir skulu þeir velja hann úr hópi sjö manna af skrá frá sameiginlegu EES-nefndinni. Sameiginlega nefndin skal taka þessa skrá saman og endurskoða hana í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

4. Gerðardómurinn skal setja sér starfsreglur nema samningsaðilar ákveði annað. Hann tekur ákvarðanir með meirihluta atkvæða.

BÓKUN 34

UM AÐ DÓMSTÓLAR OG RÉTTIR EFTA-RÍKJA GETI FARIÐ FRAM Á ÞAÐ AÐ DÓMSTÓLL EVRÓPUBANDALAGANNA TAKI ÁKVÖRÐUN UM TÚLKUN Á EES-REGLUM SEM SAMSVARA EB-REGLUM

1. gr.

Þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningnum, sem að efni til eru eins og ákvæði í stofnsáttmálum Evrópubandalagsins, með áorðnum breytingum eða viðbótum, eða gerðum sem samþykktar hafa verið samkvæmt honum, í máli sem er fyrir dómstóli eða rétti í EFTA-ríki, getur dómstóllinn eða rétturinn, telji hann það nauðsynlegt, beðið dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun í slíku máli.

2. gr.

EFTA-ríki sem hyggst nýta sér þessa bókun skal tilkynna vörsluaðila og dómstóli Evrópubandalaganna að hve miklu leyti og með hvaða hætti bókunin muni gilda um dómstóla og rétti þess.

3. gr.

Vörsluaðili skal láta samningsaðila vita um allar tilkynningar samkvæmt 2. gr.

BÓKUN 35

UM FRAMKVÆMD EES-REGLNA

Þar eð með samningi þessum er stefnt að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins; og

þar eð þessum markmiðum verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi um sig;

Stök grein

Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.

BÓKUN 36

UM STOFNSAMÞYKKT SAMEIGINLEGU EES-ÞINGMANNANEFNDARINNAR

1. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin, stofnuð samkvæmt 95. gr. samningsins, skal skipuð og hún starfa í samræmi við ákvæði samningsins og þessarar stofnsamþykktar.

2. gr.

Sameiginlegu EES-þingmannanefndina skulu skipa alls sextíu og sex nefndarmenn.

Evrópuþingið og þjóðþing EFTA-ríkjanna skulu tilnefna jafn marga menn til setu í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni.

3. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal kjósa sér formann og varaformann úr röðum nefndarmanna. Evrópuþingið og þjóðþing EFTA-ríkis skulu til skiptis tilnefna formann nefndarinnar til eins árs í senn.

Nefndin skipar sér forsætisnefnd.

4. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal halda almenna nefndarfundi tvisvar á ári í bandalaginu og EFTA-ríki á víxl. Nefndin ákveður á hverjum fundi fyrir sig hvar næsti almenni nefndarfundur verður haldinn. Heimilt er að halda sérstaka fundi með ákvörðun nefndarinnar eða forsætisnefndar hennar í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

5. gr.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal samþykkja starfsreglur sínar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða nefndarmanna.

6. gr.

Kostnaður sá er fylgir þátttöku í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni skal greiddur af því þjóðþingi sem tilnefnir aðila í nefndina.

BÓKUN 37

MEÐ SKRÁ SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 101. GR.

1. Vísindanefnd um matvæli (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 74/234/EBE).
2. Lyfjafræðinefnd (ákvörðun ráðsins 75/320/EBE).
3. Vísindanefnd um dýralækningar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/651/EBE).
4. Nefnd um samgöngumannvirki (ákvörðun ráðsins 78/174/EBE).
5. Framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71).

6. Samráðsnefnd um peningaþvott (tilskipun ráðsins 91/308/EBE).

7. Ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 17/62).

8. Ráðgjafarnefnd um samfylkingu fyrirtækja (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89).

BÓKUN 38

UM FJÁRMAGNSKERFIÐ

1. gr.

1. Fjármagnskerfið skal veita fjárhagsaðstoð til þróunar og uppbyggingar á svæðunum sem um getur í 4. gr., annars vegar með vaxtaafslætti á lánum og hins vegar með beinum styrkjum.

2. EFTA-ríkin skulu fjármagna fjármagnskerfið. Þau skulu veita Fjárfestingarbanka Evrópu umboð og skal hann fara með það umboð í samræmi við eftirfarandi greinar. EFTA-ríkin skulu koma á fót nefnd um fjármagnskerfi sem tekur ákvarðanir í samræmi við 2. og 3. gr. um vaxtaafslátt og styrki.

2. gr.

1. Vaxtaafsláttinn sem kveðið er á um í 1. gr. skal veita af lánum frá Fjárfestingarbanka Evrópu og skal hann tilgreindur, eftir því sem kostur er, í evrópskum mynteiningum (ECU).

2. Vaxtaafsláttur af slíkum lánum skal vera þrjú prósentustig, á ári, af vaxtaprósentu Fjárfestingarbanka Evrópu og veitast í tíu ár vegna hvers láns.

3. Veita skal greiðslufrest í tvö ár áður en jafnar endurgreiðslur lánsins hefjast.

4. Vaxtaafslátturinn er háður samþykki nefndar EFTA um fjármagnskerfi og áliti framkvæmdastjórnar EB.

5. Heildarupphæð lána sem til greina koma á tímabilinu 1993 – 1997, að báðum árum meðtöldum, vegna vaxtaafsláttarins sem kveðið er á um í 1. gr. og skipta á í jafna hluta, skal vera 1 500 milljónir ECU.

3. gr.

1. Heildarupphæð styrkja sem kveðið er á um í 1. gr. skal vera 500 milljónir ECU, sem skiptist í jafna hluta á tímabilinu 1993 – 1997, að báðum árum meðtöldum.

2. Fjárfestingarbanki Evrópu skal ráðstafa þessum styrkjum, samkvæmt tillögum þeirra aðildarríkja EB sem njóta styrkjanna, eftir að hafa leitað álits framkvæmdastjórnar EB og fengið samþykki nefndar EFTA um fjármagnskerfi, en henni skal veita upplýsingar á öllum stigum málsins.

4. gr.

1. Fjárhagsaðstoðin sem kveðið er á um í 1. gr. skal takmarkast við verkefni á vegum stjórnvalda og opinberra fyrirtækja eða einkafyrirtækja í Grikklandi, á eyjunni Írlandi, í Portúgal og á þeim svæðum á Spáni sem skráð eru í viðbætinum. Bandalagið skal ákveða hve stór hluti af fjárhagsaðstoðinni rennur til hvers svæðis og tilkynna EFTA-ríkjunum þar um.

2. Þau verkefni hafa forgang þar sem lögð er sérstök áhersla á umhverfið (að meðtöldu skipulagi þéttbýlis), samgöngur (að meðtöldum samgöngumannvirkjum) eða á menntun og þjálfun. Við úthlutun verkefna til einkafyrirtækja skal einkum tekið tillit til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

3. Hámarksstyrkur sem veittur er af fjármagnskerfinu til einstakra verkefna skal ákveðinn í samræmi við stefnu EB í slíkum efnum.

5. gr.

EFTA-ríkin skulu semja við Fjárfestingarbanka Evrópu og framkvæmdastjórn EB um fyrirkomulag sem báðir aðilar telja viðeigandi til að tryggja snurðulausa starfsemi fjármagnskerfisins. Meðal annars skal kostnaður vegna fjármögnunar kerfisins ákveðinn í þessu samhengi.

6. gr.

Fjárfestingarbanki Evrópu skal hafa rétt til að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum sameiginlegu EES-nefndarinnar þegar mál tengd fjármagnskerfinu sem við koma Fjárfestingarbanka Evrópu eru á dagskrá.

7. gr.

Sameiginlega EES-nefndin getur sett frekari ákvæði um framkvæmd fjármagnskerfisins, eftir því sem nauðsyn krefur.

VIÐBÆTIR VIÐ BÓKUN 38

Skrá yfir þau svæði á Spáni sem koma til greina

Andalúsía
Asturias
Castilla y León
Castilla og La Mancha
Ceuta og Melilla
Valencia
Extremadura
Galisía
Kanaríeyjar
Murcia

BÓKUN 39

UM EVRÓPSKU MYNTEININGUNA (ECU)

Að því er þennan samning varðar merkir „ECU (evrópska mynteiningin)" það ECU sem lögbær yfirvöld bandalagsins hafa skilgreint. Í öllum gerðunum sem vísað er til í viðaukum við samninginn skal „ECU" koma í stað „evrópsku reiknieiningarinnar".

BÓKUN 40

UM SVALBARÐA

1. Við fullgildingu EES-samningsins hefur Konungsríkið Noregur rétt til að undanskilja Svalbarða þegar samningnum er beitt.

2. Ef Konungsríkið Noregur nýtir sér þennan rétt gilda fyrirliggjandi samningar áfram um Svalbarða, þ.e. samningurinn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, fríverslunarsamningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Konungsríkisins Noregs og fríverslunarsamningurinn milli aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu og Kola- og stálbandalags Evrópu annars vegar og Konungsríkisins Noregs hins vegar.

BÓKUN 41

UM GILDANDI SAMNINGA

Í samræmi við ákvæði 120. gr. EES-samningsins hafa samningsaðilar samþykkt að eftirtaldir tvíhliða eða marghliða samningar sem eru annars vegar bindandi fyrir Efnahagsbandalag Evrópu og hins vegar fyrir eitt eða fleiri EFTA-ríki, skuli gilda áfram eftir að EES-samningurinn gengur í gildi.

29.4.1963/ 3.12.1976	Alþjóðaráð til varnar mengun í Rín. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.
3.12.1976	Verndun Rínar gegn efnamengun. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.
1.12.1987	Samningur milli Lýðveldisins Austurríkis annars vegar og Sambandslýðveldisins Þýskalands og Efnahagsbandalags Evrópu hins vegar um samvinnu um stjórnun á vatnsnýtingu á vatnasviði Dónár.
19.11.1991	Samningur í formi bréfaskipta milli Lýðveldisins Austurríkis og Efnahagsbandalags Evrópu varðandi markaðssetningu, á austurrísku yfirráðasvæði, á borðvínum bandalagsins og „Landwein" á flöskum.

BÓKUN 42

UM TVÍHLIÐA FYRIRKOMULAG VARÐANDI TILTEKNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Samningsaðilar hafa í huga að á sama tíma og þessi samningur er gerður hafa tvíhliða samningar um viðskipti með landbúnaðarafurðir verið undirritaðir. Þessir samningar, sem þróa frekar eða fela í sér viðbætur við áður gerða samninga samningsaðila og eru enn fremur meðal annars til vitnis um samþykkt sameiginlegt markmið þeirra um að draga úr félagslegu og efnahagslegu misræmi milli svæða, skulu öðlast gildi í síðasta lagi um leið og þessi samningur.

BÓKUN 43

UM SAMNINGINN MILLI EBE OG LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS VARÐANDI UMFLUTNING VARA Á VEGUM OG JÁRNBRAUTUM

Samningsaðilar hafa í huga að á sama tíma og þessi samningur er undirritaður verður undirritaður tvíhliða samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum.

Ákvæði tvíhliða samningsins hnekkja ákvæðum þessa samnings að því leyti sem þau fjalla um sama efni og eins og tilgreint er í þessum samningi.

Sex mánuðum áður en samningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum rennur út skulu báðir aðilar endurskoða stöðu mála í flutningum á vegum.

BÓKUN 44

UM SAMNING MILLI EBE OG RÍKJASAMBANDSINS SVISS VARÐANDI VÖRUFLUTNINGA Á VEGUM OG JÁRNBRAUTUM

Samningsaðilar hafa í huga að á sama tíma og þessi samningur er undirritaður verður undirritaður tvíhliða samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum.

Ákvæði tvíhliða samningsins hnekkja ákvæðum þessa samnings að því leyti sem þau fjalla um sama efni og eins og tilgreint er í þessum samningi.

Sex mánuðum áður en samningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum rennur út skulu báðir aðilar endurskoða stöðu mála varðandi flutninga á vegum.

BÓKUN 45

UM AÐLÖGUNARTÍMABIL VARÐANDI SPÁN OG PORTÚGAL

Samningsaðilar álíta að samningurinn hafi ekki áhrif á aðlögunartímabil sem Spáni og Portúgal hafa verið veitt með aðildarsamningum þeirra að Evrópubandalögunum, sem gætu gilt eftir gildistöku samningsins, óháð þeim aðlögunartímabilum sem kveðið er á um í samningnum sjálfum.

BÓKUN 46

UM ÞRÓUN SAMVINNU Í SJÁVARÚTVEGI

Í ljósi niðurstaðna af endurskoðun, sem fram fer á tveggja ára fresti á stöðu samvinnu þeirra í sjávarútvegi, munu samningsaðilarnir leitast við að þróa þessa samvinnu með jafnvægi og gagnkvæma hagsmuni í huga og innan ramma stefnu hvers um sig í sjávarútvegsmálum. Fyrsta endurskoðun mun fara fram fyrir árslok 1993.

BÓKUN 47

UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN

Samningsaðilar skulu heimila innflutning og markaðssetningu á vínafurðum sem eru upprunnar á yfirráðasvæðum þeirra og eru í samræmi við löggjöf bandalagsins, eins og hún hefur verið aðlöguð hvað samninginn varðar, svo sem fram er sett í viðbæti við þessa bókun varðandi skilgreiningu á vínafurðum, starfsvenjur í vínfræði, samsetningu á vínum og aðferðir við dreifingu og markaðssetningu.

Að því er þessa bókun varðar skal „upprunavínafurð" merkja „vínafurð þar sem þrúgur, eða önnur efni leidd af þrúgum og notuð í hana, verða að vera fengnar að öllu leyti".

EFTA-ríkjunum er heimilt að halda áfram að beita innlendri löggjöf að því er varðar annað en viðskipti milli EFTA-ríkjanna og bandalagsins.

Ákvæði bókunar 1 um altæka aðlögun skulu gilda um gerðir sem vísað er til í viðbætinum við þessa bókun. Fastanefnd EFTA-ríkjanna skal gegna þeim störfum sem um ræðir í d-lið 4. tölul. og 5. tölul. bókunar 1.

VIÐBÆTIR

1. 373R2805: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2805/73 frá 12. október 1973 sem kveður á um skrá yfir hvít gæðavín framleidd í tilgreindum héruðum sem og skrá yfir innflutt hvít gæðavín sem innihalda ákveðið hundraðshlutfall af brennisteinsdíoxíði og mælir fyrir um tiltekin bráðabirgðaákvæði um hundraðshlutfall af brennisteinsdíoxíði í víni sem er framleitt fyrir 1. október 1973 (Stjtíð. EB nr. L 289, 16.10. 1973, bls. 21), eins og henni var breytt með:

   — 373R3548: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3548/73 frá 21. desember 1973 (Stjtíð. EB nr. L 361, 29.12. 1973, bls. 35);

   — 375R2160: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2160/75 frá 19. ágúst 1975 (Stjtíð. EB nr. L 220, 20.8. 1975, bls. 7);

   — 377R0966: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 966/77 frá 4. maí 1977 (Stjtíð. EB nr. L 115, 6.5. 1977, bls. 7).

   Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Vín sem eru upprunnin í EFTA-ríkjum og ákvæði reglugerðarinnar eiga við um skulu áfram heyra undir B þátt 1. gr.

2. 374R2319: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2319/74 frá 10. september 1974 þar sem tilgreind eru ákveðin vínræktarsvæði þar sem heimilt er að framleiða borðvín með 17% alkóhólstyrkleika hið mesta (Stjtíð. EB nr. L 278, 11.9. 1974, bls. 7).

3. 378R1972: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1972/78 frá 16. ágúst 1978 um nákvæmar reglur um starfsvenjur í vínfræði (Stjtíð. EB nr. L 226, 17.8. 1978, bls. 11), eins og henni var breytt með:

   — 380R0045: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 45/80 frá 10 janúar 1980 (Stjtíð. EB nr. L 7, 11.1. 1980, bls. 12).

4. 379R0358: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 358/79 frá 5. febrúar 1979 um freyðivín sem framleidd eru innan bandalagsins og skilgreind í 13. lið II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 337/79 (Stjtíð. EB nr. L 54, 5.3. 1979, bls. 130), eins og henni var breytt með:

   — 379R2383: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2383/79 frá 29. október 1979 (Stjtíð. EB nr. L 274, 31.10. 1979, bls. 8);

   — 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11. 1979, bls. 83);

   — 380R3456: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3456/80 frá 22. desember 1980 (Stjtíð. EB nr. L 360, 31.12. 1980, bls. 18);

   — 384R3686: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3686/84 frá 19. desember 1984 (Stjtíð. EB nr. L 341, 29.12. 1984, bls. 3);

— 385R3310: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3310/85 frá 18. nóvember 1985 (Stjtíð. EB nr. L 320, 29.11. 1985, bls. 19);

— 385R3805: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3805/85 frá 20. desember 1985 (Stjtíð. EB nr. L 367, 31.12. 1985, bls. 39);

— 389R2044: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2044/89 frá 19. júní 1989 (Stjtíð. EB nr. L 202, 14.7. 1989, bls. 8);

— 390R1328: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1328/90 frá 14. maí 1990 (Stjtíð. EB nr. L 132, 23.5. 1990, bls. 74);

— 391R1735: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1735/91 frá 13. júní 1991 (Stjtíð. EB nr. L 163, 26.6. 1991, bls. 9).

5. 383R2510: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2510/83 frá 7. september 1983 um undantekningu varðandi rokgjarnt sýruinnihald tiltekinna vína (Stjtíð. EB nr. L 248, 8.9. 1983, bls. 16), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 265, 28.9. 1983, bls. 22.

6. 384R2394: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2394/84 frá 20. ágúst 1984 um skilyrði fyrir jónskipta resina og nákvæmar framkvæmdarreglur um framleiðslu á hreinsuðum þrúguþykknislegi (Stjtíð. EB nr. L 224, 21.8. 1984, bls. 8), eins og henni var breytt með:

— 385R0888: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 888/85 frá 2. apríl 1985 (Stjtíð. EB nr. L 96, 3.4. 1985, bls. 14);

— 386R2751: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2751/86 frá 4. september 1986 (Stjtíð. EB nr. L 253, 5.9. 1986, bls. 11).

7. 385R3309: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3309/85 frá 18. nóvember 1985 um almennar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og loftblönduðum freyðivínum (Stjtíð. EB nr. L 320, 29.11. 1985, bls. 9), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 72, 15.3. 1986, bls. 47, Stjtíð. EB nr. L 347, 28.11. 1989, bls. 37, Stjtíð. EB nr. L 286, 4.10. 1989, bls. 27 og Stjtíð. EB nr. L 367, 16.12. 1989, bls. 71, eins og henni var breytt með:

— 385R3805: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3805/85 frá 20. desember 1985 (Stjtíð. EB nr. L 367, 31.12. 1985, bls. 39);

— 386R1626: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1626/86 frá 6. maí 1986 (Stjtíð. EB nr. L 144, 29.5. 1986, bls. 3);

— 387R0538: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 538/87 frá 23. febrúar 1987 (Stjtíð. EB nr. L 55, 25.2. 1987, bls. 4);

— 389R2045: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2045/89 frá 19. júní 1989 (Stjtíð. EB nr. L 202, 14.7. 1989, bls.12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Fyrsti undirliður 4. mgr. 3. gr. gildir ekki.

b) Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„h) þegar um er að ræða gæðafreyðivín sem um getur í III. bálki reglugerðar (EBE) nr. 358/79, sem upprunnin eru í:
— Austurríki: „Qualitätsschaumwein", „Qualitätssekt"."

c) Eftirfarandi bætist við 6. gr.:

„5.b) Hugtakið „Hauersekt" skal notað um gæðafreyðivín sem eru sambærileg gæðafreyðivínum sem framleidd eru í tilgreindu héraði í samræmi við III. bálk reglugerðar (EBE) nr. 358/79 og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3309/85, að því tilskildu að þau séu
— framleidd í Austurríki
— framleidd úr þrúgum sem eru fengnar á sömu vínekru og framleiðandi framleiðir vín úr þrúgum sem ætlaðar eru fyrir gerð á gæðafreyðivíni
— sett á markað af framleiðanda og fáanleg með vörumerki þar sem vínekran, víntegundin og árið eru tilgreind
— undir eftirliti samkvæmt austurrískum reglum."

8. 385R3803: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3803/85 frá 20. desember 1985 um ákvæði sem gera kleift að ákvarða uppruna spænskra rauðra borðvína og fylgjast með viðskiptum með þau (Stjtíð. EB nr. L 367, 31.12. 1985, bls. 36).

9. 385R3804: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3804/85 frá 20. desember 1985 um skrá yfir vínræktarsvæði í tilteknum héruðum á Spáni þar sem borðvín mega hafa minni raunverulegan alkóhólstyrkleika en krafist er innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 367, 31.12. 1985, bls. 37).

10. 386R0305: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 305/86 frá 12. febrúar 1986 um hámark brennisteinsdíoxíðsinnihalds í vínum sem upprunnin eru í bandalaginu fyrir 1. september 1986 og um aðlögunartímabil fyrir innflutt vín (Stjtíð. EB nr. L 38, 13.2. 1986, bls. 13).

11. 386R1627: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1627/86 frá 6. maí 1986 um reglur fyrir lýsingu á sérstökum vínum með hliðsjón af upplýsingum um alkóhólstyrkleika (Stjtíð. EB nr. L 144, 29.5. 1986, bls. 4).

12. 386R1888: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1888/86 frá 18. júní 1986 um hámark brennisteinsdíoxíðsinnihalds í tilteknum freyðivínum sem upprunnin eru í bandalaginu og gerð fyrir 1. september 1986 og um aðlögunartímabil fyrir innflutt freyðivín (Stjtíð. EB nr. L 163, 19.6. 1986, bls. 19).

13. 386R2094: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2094/86 frá 3. júlí 1986 um nákvæmar reglur um notkun vínsýru til að afsýra tilgreind vín sem framleidd eru í tilteknum héruðum á svæði A (Stjtíð. EB nr. L 180, 4.7. 1986, bls. 17), eins og henni var breytt með:

— 386R2736: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2736/86 (Stjtíð. EB nr. L 252, 4.9. 1986, bls. 15).

14. 386R2707: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2707/86 frá 28. ágúst 1986 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á freyðivínum og loftblönduðum freyðivínum (Stjtíð. EB nr. 246, 30.8. 1986, bls. 71), eins og henni var breytt með:

— 386R3378: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3378/86 frá 4. nóvember 1986 (Stjtíð. EB nr. L 310, 5.11. 1986, bls. 5);

— 387R2249: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2249 frá 28. júlí 1987 (Stjtíð. EB nr. L 207, 29.7. 1987, bls. 26);

— 388R9575: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 575/88 frá 1. mars 1988 (Stjtíð. EB nr. L 56, 2.3. 1988, bls. 22);

— 388R2657: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2657/88 frá 25. ágúst 1988 (Stjtíð. EB nr. L 237, 27.8. 1988, bls. 17);

— 389R0596: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 596/89 frá 8. mars 1989 (Stjtíð. EB nr. L 65, 9.3. 1989, bls. 9);

— 390R2776: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2776/90 frá 27. september 1990 (Stjtíð. EB nr. L 267, 29.9. 1990, bls. 30);

— 390R3826: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3826/90 frá 19. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 366, 29.12. 1990, bls. 58).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

1. tölul. II. viðauka gildir ekki.

15. 387R0822: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (Stjtíð. EB nr. L 84, 27.3. 1987, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. nr. L 284, 19. 10. 1988, bls. 65, eins og henni var breytt með:

— 387R1390: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1390/87 frá 18. maí 1987 (Stjtíð. EB nr. L 133, 22.5. 1987, bls. 3);

— 387R1972: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1972/87 frá 2. júlí 1987 (Stjtíð. EB nr. L 184, 3.7. 1987, bls. 26);

— 387R3146: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3146/87 frá 19. október 1987 (Stjtíð. EB nr. L 300, 23.10. 1987, bls. 4);

— 387R3992: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3992/87 frá 23. desember 1987 (Stjtíð. EB nr. L 377, 31.12. 1987, bls. 20);

— 388R1441: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1441/88 frá 24. maí 1988 (Stjtíð. EB nr. L 132, 28.5. 1988, bls. 1);

— 388R2253: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2253/88 frá 19. júlí 1988 (Stjtíð. EB nr. L 198, 26.7. 1988, bls. 35);

— 388R2964: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2964/88 frá 26. september 1988 (Stjtíð. EB nr. L 269, 29.9. 1988, bls. 5);

— 388R4250: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4250/88 frá 21. desember 1988 (Stjtíð. EB nr. L 373, 31.12. 1988, bls. 55);

— 389R1236: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1236/89 frá 3. maí 1989 (Stjtíð. EB nr. L 128, 11.5. 1989, bls. 31);

— 390R0388: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 388/90 frá 12. febrúar 1990 (Stjtíð. EB nr. L 42, 16.2. 1990, bls. 9);

— 390R1325 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1325/90 frá 14. maí 1990 (Stjtíð. EB nr. L 132, 23.5. 1990, bls. 19);

— 390R3577 Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/90 frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12. 1990, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 1. mgr., c-, e- og g-liðar 4. mgr. 1. gr. gilda ekki.

b) Þrátt fyrir 6. mgr. 1. gr. hefst vínmarkaðsárið í Sviss 1. júlí ár hvert og lýkur 30. júní árið eftir.

c) I., að 13. gr. undanskilinni, III. og IV. bálkur gilda ekki.

d) Austurríki, Sviss og Liechtenstein skulu taka upp flokkunarkerfi fyrir víntegundir í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 13. gr.

e) Í 7. mgr. 16. gr. lesist „blöndun víns sem upprunnið er í þriðja landi“ sem „blöndun víns sem upprunnið er í þriðja landi eða EFTA-ríki“.

f) Að því er varðar framleiðsluafurðir frá yfirráðasvæðum hvers um sig er Austurríki, Sviss og Liechtenstein heimilt að beita innlendri löggjöf varðandi starfsvenjur sem um getur í 18., 19., 21., 22., 23. og 24. gr.

g) Ákvæði 20. gr. gilda ekki.

h) Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 66. gr. mega eftirfarandi gæðavín sem framleidd eru í Austurríki í samræmi við sérstakar aðferðir fara yfir 18 en ekki 22 prómill af rokgjarnri sýru á lítra: „Ausbruch", „Beerenauslese", „Trockenbeerenauslese", „Eiswein" og „Strohwein".

i) Ákvæði 70., 75., 76., 80. og 85. gr. gilda ekki.

j) Um ákvæði 78. gr. gildir 3. tölul. í bókun 1.

k) Eftirfarandi bætist við I. viðauka:

a) „Strohwein": afurð upprunnin í Austurríki og framleidd samkvæmt ákvæðum 1. tölul. 3. mgr. 17. gr. austurrískra vínlaga (Österreichisches Weingesetz, 1985).

b) Heimilt er að tilgreina þrúgulöginn í gerjun sem framleiddur er í samræmi við ákvæði 3. tölul. í I. viðauka sem

— „Sturm" ef hann er upprunninn í Austurríki;

— „Federweiss" eða „Federweisser" ef hann er upprunninn í Sviss eða Liechtenstein.

Hins vegar, vegna tæknilegra ástæðna má raunverulegur alkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál í undantekningartilvikum fara yfir þrjá fimmtu af heildaralkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

c) Hugtakið „Tafelwein" og sams konar vín svo sem um getur í 13. tölul. skal ekki notað um vín upprunnið frá Austurríki.

l) III., V. og VII. viðauki gilda ekki.

m) Að því er varðar IV. viðauka teljast Austurríki, Liechtenstein og Sviss tilheyra vínræktarsvæði B.

n) Þrátt fyrir VI. viðauka

— er Austurríki heimilt að viðhalda hinu almennu banni á sorbískri sýru,

— er Noregi og Svíþjóð heimilt að viðhalda almennu banni á meta-vínsýrum,

— er heimilt að meðhöndla vín sem upprunnin eru í Austurríki, Liechtenstein og Sviss með silfurklóríði samkvæmt lögum sem þar gilda um vín.

16. 387R0823: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87 frá 16. mars 1987 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum (Stjtíð. EB nr. L 084, 27.3. 1987, bls. 59), eins og henni var breytt með:

— 389R2043: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2043/89 frá 19. júní 1989 (Stjtíð. EB nr. L 202, 14.7. 1988, bls. 1);

— 390R3577: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/90 frá 4. desember 1990 (Stjtíð. EB nr. L 353, 17.12. 1990, bls. 23).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Vín upprunnin í EFTA-ríkjunum skulu teljast jafngilda gæðavínum sem eru framleidd í tilgreindum héruðum, að því tilskildu að þau séu í samræmi við innlenda löggjöf sem, að því er þessa bókun varðar, skal vera í samræmi við meginreglur 2. gr.

Hins vegar er ekki heimilt að nota lýsinguna „gæðavín sem eru framleidd í tilgreindum héruðum" sem og aðrar lýsingar sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fyrir þessi vín.

Skrá yfir gæðavín sem framleiðsluríki EFTA gera skal birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

3. 390D0683: Ákvörðun ráðsins 90/683/EBE frá 13. desember 1990 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmingarmatsins sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu (Stjtíð. EB nr. L 380, 21.12.1990, bls. 13).

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirfarandi gerða:

4. C/136/85/bls. 2: Niðurstöðum vegna stöðlunar sem samþykktar voru af ráðinu þann 16. júlí 1984 (Stjtíð. EB nr. C 136, 4.6.1985, bls. 2).

5. 385Y0604(01): Ályktun ráðsins 85/C 136/01 frá 7. maí 1985 um nýja aðferð við tæknilega samhæfingu og staðla (Stjtíð. EB nr. C 136, 4.6.1985, bls. 1).

6. 386Y1001(01): Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um að ekki beri að fara að tilteknum ákvæðum tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4).

7. C/67/89/bls. 3: Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um að birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins yfirskriftir draga að tæknilegum reglugerðum sem aðildarríkin tilkynna samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 88/182/EBE frá 22. mars 1988 (Stjtíð. EB nr. C 67, 17.3.1989, bls. 3).

8. 390Y0116(01): Ályktun ráðsins frá 21. desember 1989 um altæka aðferð við samræmingarmat (Stjtíð. EB nr. C 10, 16.1.1990, bls. 1).

9. 590DC0456: Grænbók framkvæmdastjórnarinnar um þróun staðlamála í Evrópu: aðgerð sem miðar að því að hraða tæknilegri sameiningu Evrópu (Stjtíð. EB nr. C 20, 28.1.1991, bls. 1).

XX. FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR — ALMENNT

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirfarandi gerða:

1. 390Y1003(01): Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um afleiðingar úrskurðar dómstóls Evrópubandalaganna frá 20. febrúar 1979 í máli 120/78 („Cassis de Dijon") (Stjtíð. EB nr. C 256, 3.10.1980, bls. 2).

2. 585PC0310: Orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um að innra markaðinum verði komið á að fullu COM (85) 310 lokaútgáfa („Hvítbókin").

XXI. BYGGINGARVÖRUR

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 389L0106: Tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur (Stjtíð. EB nr. L 40, 11.2.1989, bls. 12).

Ákvæði 100. gr. samningsins gilda að því er varðar þátttöku EFTA-ríkjanna í starfsemi Evrópusamtaka vegna tæknisamþykkis sem um ræðir í II. viðauka tilskipunarinnar.

XXII. PERSÓNUHLÍFAR

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 389L0686: Tilskipun ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar (Stjtíð. EB nr. L 399, 30.12.1989, bls. 18).

XXIII. LEIKFÖNG

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 388L0378: Tilskipun ráðsins 88/378/EBE frá 3. maí 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga (Stjtíð. EB nr. L 187, 16.7.1988, bls. 1).

Noregi ber að fara að ákvæðum tilskipunarinnar eigi síðar en 1. janúar 1995.

Ákvæði samningsins er varða flokkun og merkingu sem og allar takmarkanir á markaðssetningu og notkun hættulegra efna og efnablandna gilda einnig um ákvæði í 3. tölul. II. hluta í II. viðauka tilskipunarinnar.

XXIV. VÉLAR

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 389L0392: Tilskipun ráðsins 89/392/EBE frá 14.júní 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um vélar (Stjtíð. EB nr. L 183, 29.6.1989, bls. 9), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 296, 14.10.1989, bls. 40, eins og henni var breytt með:

— 391L0368: Tilskipun ráðsins 91/368/EBE frá 20. júní 1991 (Stjtíð. EB nr. L 198, 22.7.1991, bls. 16).

Svíþjóð ber að fara að ákvæðum tilskipunarinnar frá og með 1. janúar 1994.

XXV. TÓBAK

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 389L0622: Tilskipun ráðsins 89/622/EBE frá 13. nóvember 1989 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi merkingar á tóbaksvörum (Stjtíð. EB nr. L 359, 8.12.1989, bls. 1).

2. 390L0239: Tilskipun ráðsins 90/239/EBE frá 17. maí 1990 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi leyfilegt hámark tjöru sem vindlingar mega gefa frá sér (Stjtíð. EB nr. L 137, 30.5.1990, bls. 36).

XXVI. ORKA

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 385L0536: Tilskipun ráðsins 85/536/EBE frá 5. desember 1985 um hráolíusparnað með notkun eldsneytislíkis í bensíni (Stjtíð. EB nr. L 334, 12.12.1985, bls. 20). ([1])

([1]) Einungis birt hér í upplýsingaskyni. Sjá IV. viðauka um orku vegna beitingar.

XXVII. BRENNDIR DRYKKIR

Samningsaðilar skulu heimila innflutning og markaðssetningu á brenndum drykkjum sem samræmast löggjöf bandalagsins eins og tilgreint er í þessum kafla. Að öðru leyti er EFTA-ríkjunum heimilt að beita innlendri löggjöf.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 389R1576: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum (Stjtíð. EB nr. L 160, 12.6.1989, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 223, 2.8.1989, bls. 27.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði reglugerðarinnar hafa ekki áhrif á rétt EFTA-ríkjanna til að banna án mismununar að setja á markað innanlands brennda drykki sem mönnum eru ætlaðir til drykkjar sem hafa hærri alkóhólstyrkleika en 60%.

b) Í 2. mgr. 1. gr. er 2203, 2204, 2205, 2206 og 2207 í samræmdu tollskránni samsvarandi númerunum 2203 00, 2204, 2205, 2206 og 2207 í sameiginlegu tollnafnaskránni.

c) Að því er varðar skilgreiningu á brenndum ávaxtadrykkjum í l-lið 4. mgr. 1. gr.: Austurríki er heimilt að bæta við vínanda úr landbúnaði á hvaða stigi framleiðslunnar sem er, að því tilskildu að 33% lágmarkshlutfallið af vínandanum í fullunninni framleiðsluvöru sé fengið úr ávextinum sem drykkurinn er kenndur við.

d) Að því er varðar q-lið 4. mgr. 1. gr.: Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð er heimilt að banna markaðssetningu á vodka sem er framleitt úr öðru hráefni en kornvörum eða kartöflum.

e) Við beitingu 1. mgr. 6. gr. ætti vörulýsingunni að ljúka með eftirfarandi:

— orðunum „Suomalainen punssi/Finsk Punch/Finnish Punch“ og „Svensk Punsch/Swedish punch“ sem nota má um brenndan drykk sem er unninn úr eimuðum sykurreyr. Hann má blanda með vínanda úr landbúnaði og með sætuefnum. Einnig má bragðbæta hann með víni eða safa eða náttúrulegu bragðefni úr sítrusávöxtum eða öðrum ávöxtum eða berjum;

— orðið „Spritglögg“ má nota fyrir brenndan drykk sem er framleiddur með því að blanda etanóli úr landbúnaði saman við náttúrulega negulkjarna eða aðrar plöntur sem innihalda sömu meginbragðefni með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum:

  — leggja í bleyti og/eða eima,

  — endureima áfengið ásamt með blómhnöppunum eða öðrum plöntuhlutum sem eru tilgreindir hér að framan,

  — bæta við náttúrulegum eimuðum negulkjörnum,

  — sambland þessara þriggja aðferða.

Einnig má nota aðra náttúrulega plöntukjarna eða bragðefnafræ en negulbragðið verður að vera ráðandi.

— Orðið „Jägertee“ má nota um drykk sem er að jafnaði eimaður fyrir neyslu í heitu vatni eða tei sem á uppruna í Austurríki. Þessi drykkur er framleiddur úr etanóli úr landbúnaði, krafti tiltekinna áfengra drykkja eða tes sem búið er að bæta í nokkrum náttúrulegum bragðefnum. Alkóhólstyrkurinn verður að vera minnst 22,5% að rúmmáli. Sykurmagnið verður að vera minnst 100 g á lítra og tilgreint sem sykurinnihald.

Þennan drykk má einnig merkja sem „Jagertee“ eða „Jagatee“.

f) Í 2. mgr. 3. gr. komi „EES-samningurinn“ í stað orðsins „reglugerð“.

g) Ákvæði 7. (6. mgr.), 7. (7. mgr.), 10. (2. mgr.), 11. og 12. gr. gilda ekki.

h) Eftirfarandi bætist við II. viðauka:

5. *Brandy)*

„Wachauer Weinbrand
Weinbrand Dürnstein“

6. Þrúguhratsbrennivín

„Balzner Marc
Baselbieter Marc
Benderer Marc
Eschner Marc
Grappa del Ticino/Grappa Ticinese
Grappa della Val Calanca
Grappa della Val Bregaglia
Grappa della Val Mesolcina
Grappa della Valle di Poschiavo
Marc d'Auvernier
Marc de Dôle du Valais
Schaaner Marc
Triesner Marc
Vaduzer Marc“

7. Ávaxtabrennivín

„Aargauer Bure Kirsch
Abricotine du Valais/Walliser Aprikosenwasser
Baselbieterkirsch
Baselbieter Zwetschgenwasser
Bernbieter Birnenbrand
Bernbieter Kirsch
Bernbieter Mirabellen
Bernbieter Zwetschgenwasser
Bérudges de Cornaux
Emmentaler Kirsch
Freiämter Theilersbirnenbranntwein
Freiämter Zwetschgenwasser
Fricktaler Kirsch

Kirsch de la Béroche
Luzerner Birnenträsch
Luzerner Kirsch
Luzerner Theilersbirnenbranntwein
Luzerner Zwetschgenwasser
Mirabelle du Valais
Rigi Kirsch
Seeländer Pflümliwasser
Urschwyzerkirsch
Wachauer Marillenbrand
William du Valais/Walliser Williams
Zuger Kirsch“

9. Maríuvandarbrennivín

„Gentiane du Jura“

11. Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum

„Genièvre du Jura“

12. Brenndir drykkir bragðbættir með kúmeni

„Íslenskt brennivín/Icelandic Aquavit
Norsk Aquavit/Norsk Akvavit/Norwegian Aquavit
Svensk Aquavit/Svensk Akvavit/Swedish Aquavit“

14. Líkjör

„Bernbieter Griottes Liqueur
Bernbieter Kirschen Liqueur
Genépi du Valais
Grossglockner Alpenbitter
Mariazeller Magenlikör
Mariazeller Jagasaftl
Puchheimer Bitter
Puchheimer Schlossgeist
Steinfelder Magenbitter
Wachauer Marillenlikör“

15. Brenndir drykkir

„Bernbieter Cherry Brandy Liqueur
Bernbieter Kräuterbitter
Eau-de-vie d'herbes du Jura
Gotthard Kräuterbranntwein
Luzerner Chrüter (Kräuterbranntwein)
Suomalainen punssi/Finsk Punsch/Finnish punch
Svensk Punch/Swedish punch
Vieille lie du Mandement
Walliser Chrüter (Kräuterbranntwein)“

Landfræðilegar tilvísanir sem fram koma undir 15. tölul. varða framleiðsluvörur sem eru ekki skilgreindar í reglugerðinni. Af þeim sökum þurfa orðin „brenndir drykkir" að koma fram í vörulýsingunni.

EFTA-ríki sem framleiða þessa brenndu drykki skulu veita hinum samningsaðilunum upplýsingar um innlendar skilgreiningar á þessum framleiðsluvörum.

16. *Vodka*

„Íslenskt vodka/Icelandic Vodka
Norsk Vodka/Norwegian Vodka
Suomalainen Vodka/Finsk Vodka/Vodka of Finland
Svensk Vodka/Swedish Vodka".

2. 390R1014: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90/EBE frá 24. apríl 1990 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum (Stjtíð. EB nr. L 105, 25.4.1990, bls. 9), eins og henni var breytt með:

— 391R1180: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1180/91 frá 6. maí 1991 (Stjtíð. EB nr. L 115, 8.5.1991, bls. 5);

— 391R1781: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1781/91 frá 19. júní 1991 (Stjtíð. EB nr. L 160, 25.6.1991, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Við beitingu 2. og 6. gr. er Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð heimilt að viðhafa 1200 g hámarksstyrkleika metýlalkóhólsinnihalds á hektólítra vínanda miðað við 100% rúmmál.

3. 391R1601: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínum, drykkjum blönduðum með kryddvínum og hanastélum blönduðum með kryddvínum (Stjtíð. EB nr. L 149, 14.6.1991, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við ákvæði 2. mgr. 2. gr.

d) Starkvinsglögg:

Kryddvín unnið úr víni eins og um getur í a-lið 1. mgr. með ráðandi negulbragði sem fæst með notkun neguls er ætið verður að nota með öðrum kryddjurtum; blanda má sætuefnum í drykkinn samkvæmt a-lið 3. gr.

b) Í yfirskrift og texta f-liðar 3. mgr. 2. gr. skulu orðin „eða vinglögg" koma á eftir orðinu „Glühwein".

c) Ákvæði 8. (7. og 8. mgr.), 9. (2. mgr.), 10. og 11. gr. gilda ekki.

III. VIÐAUKI

SKAÐSEMISÁBYRGÐ

Skrá sem kveðið er á um í c-lið 23. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um almenna aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐ SEM VÍSAÐ ER TIL

385L0374: Tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum (Stjtíð. EB nr. L 210, 7.8.1985, bls. 29).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi atriði gilda um skaðsemisábyrgð innflytjanda eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 3. gr.:

   i) án þess það hafi áhrif á skaðsemisábyrgð framleiðanda er einstaklingur ábyrgur sem framleiðandi þegar hann flytur inn vöru á Evrópska efnahagssvæðið til sölu, leigu, eignarleigu eða dreifingar með einhverjum hætti meðan hann stundar viðskipti sín;

   ii) hið sama gildir um innfluttar vörur frá EFTA-ríki til bandalagsins eða frá bandalaginu til EFTA-ríkis eða frá einu EFTA-ríki til annars EFTA-ríkis.

   Þegar Luganosamningurinn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum frá 16. september 1988 öðlast gildi í aðildarríki EB eða EFTA-ríki fellur fyrsti málsliður þessa liðar úr gildi milli ríkja þar sem samningurinn hefur verið fullgiltur að svo miklu leyti sem hægt er, vegna þessara fullgildinga, að framfylgja innanlandsdómi sem er tjónþola í hag gegn framleiðanda eða innflytjanda í skilningi i-liðar;

   iii) Sviss og Liechtenstein geta fellt niður ábyrgð innflytjanda sín á milli.

b) Eftirfarandi gildir hvað varðar 14. gr.:

   tilskipunin gildir ekki um líkams- eða eignatjón sem verður vegna kjarnorkuslysa og fellur undir alþjóðasáttmála sem EFTA-ríki og aðildarríki EB hafa fullgilt.

   Að auki gildir tilskipunin ekki um Sviss og Liechtenstein ef landslög kveða á um sambærilega vernd og gert er í alþjóðasáttmálum í fyrrnefndum skilningi.

IV. VIÐAUKI

ORKA

Skrá sem kveðið er á um í 24. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 372R1056: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1056/72 frá 18. maí 1972 um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um áhugaverð fjárfestingarverkefni fyrir bandalagið á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku (Stjtíð. EB nr. L 120, 25.5.1972, bls. 7), eins og henni var breytt með:

   — 376R1215: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1215/76 frá 4. maí 1976 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1056/72 (Stjtíð. EB nr. L 140, 28.5.1976, bls. 1).

2. 375L0405: Tilskipun ráðsins 75/405/EBE frá 14. apríl 1975 um takmarkanir á notkun jarðolíuvara í orkuverum (Stjtíð. EB nr. L 178, 9.7.1975, bls. 26).

3. 376L0491: Tilskipun ráðsins 76/491/EBE frá 4. maí 1976 um starfshætti bandalagsins varðandi upplýsingamiðlun og samráð um verð hráolíu- og jarðolíuvara í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 140, 28.5.1976, bls. 4).

4. 378L0170: Tilskipun ráðsins 78/170/EBE frá 13. febrúar 1978 um hæfni tækja til upphitunar húsnæðis og öflunar heits vatns í nýjum eða eldri byggingum, sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar, og um einangrun hita- og neysluvatnskerfa í nýjum byggingum sem eru ekki notaðar til atvinnurekstrar (Stjtíð. EB nr. L 052, 23.2.1978, bls. 32), eins og henni var breytt með:

   — 382L0885: Tilskipun ráðsins 82/885/EBE frá 10. desember 1982 (Stjtíð. EB nr. L 378, 31.12.1982, bls. 19).

5. 379R1893: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1893/79 frá 28. ágúst 1979 um að koma á skráningu á innflutningi hráolíu- og/eða jarðolíuvara til bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 220, 30.8.1979, bls. 1), eins og henni var breytt með:

   — 388R4152: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4152/88 frá 21. desember 1988 (Stjtíð. EB nr. L 367, 31.12.1988, bls. 7).

6. 385L0536: Tilskipun ráðsins 85/536/EBE frá 5. desember 1985 um hráolíusparnað með notkun eldsneytislíkis í bensíni (Stjtíð. EB nr. L 334, 12.12.1985, bls. 20), eins og henni var breytt með:

   — 387L0441: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/441/EBE frá 29. júlí 1987 um hráolíusparnað með notkun eldsneytislíkis í bensíni (Stjtíð. EB nr. L 238, 21.8.1987, bls. 40).

7. 390L0377: Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni (Stjtíð. EB nr. L 185, 17.7.1990, bls. 16). ([1])

8. 390L0547: Tilskipun ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi (Stjtíð. EB nr. L 313, 13.11.1990, bls. 30).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Í 4. mgr. 3. gr.:

      i) sérhvert hlutaðeigandi fyrirtæki getur farið fram á það að fyrirtæki, sem framkvæmdastjórnin kemur á fót og veitir forstöðu og þau fyrirtæki sem bera ábyrgð á flutningskerfum fyrir raforku innan bandalagsins eiga fulltrúa í, samræmi skilmála um gegnumflutning að því er varðar viðskipti innan bandalagsins;

      ii) sérhvert hlutaðeigandi fyrirtæki getur farið fram á það að fyrirtæki, sem eftirlitsstofnun EFTA kemur á fót og veitir forstöðu og þau fyrirtæki sem bera ábyrgð á flutningskerfum fyrir raforku innan EFTA eiga fulltrúa í, samræmi skilmála um gegnumflutning að því er varðar viðskipti innan EFTA;

      iii) sérhvert hlutaðeigandi fyrirtæki getur farið fram á það að sameiginlega EES-nefndin ákveði samræmingarreglur um skilmála um gegnumflutning að því er varðar viðskipti milli bandalagsins og EFTA ríkis.

   b) Í 1. viðbæti er skrá yfir fyrirtæki og flutningskerfi sem snerta beitingu þessarar tilskipunar að því er varðar EFTA-ríkin.

([1]) Einungis birt hér í upplýsingaskyni. Sjá XXI. viðauka um hagskýrslugerð vegna beitingar.

9. 391L0296: Tilskipun ráðsins 91/296/EBE frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi (Stjtíð. EB nr. L 147, 12.6.1991, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 4. mgr. 3. gr.

i) sérhvert hlutaðeigandi fyrirtæki getur farið fram á það að fyrirtæki, sem framkvæmdastjórnin kemur á fót og veitir forstöðu og þau fyrirtæki sem bera ábyrgð á flutningskerfum fyrir jarðgas innan bandalagsins eiga fulltrúa í, samræmi skilmála um gegnumflutning að því er varðar viðskipti innan bandalagsins;

ii) sérhvert hlutaðeigandi fyrirtæki getur farið fram á það að fyrirtæki, sem eftirlitsstofnun EFTA kemur á fót og veitir forstöðu og þau fyrirtæki sem bera ábyrgð á flutningskerfum fyrir jarðgas innan EFTA eiga fulltrúa í, samræmi skilmála um gegnumflutning að því er varðar viðskipti innan EFTA;

iii) sérhvert hlutaðeigandi fyrirtæki getur farið fram á það að sameiginlega EES-nefndin ákveði samræmingarreglur um skilmála um gegnumflutning að því er varðar viðskipti milli bandalagsins og EFTA-ríkis.

b) Í 2. viðbæti er skrá yfir fyrirtæki og flutningskerfi sem snerta beitingu þessarar tilskipunar að því er varðar EFTA-ríkin.

1. VIÐBÆTIR

Skrá yfir fyrirtæki og flutningskerfi fyrir raforku sem heyra undir tilskipun ráðsins 90/547/EBE frá 29. október 1990 varðandi gegnumflutning á rafmagni um flutningskerfi.

EFTA-ríki	**Fyrirtæki**	**Flutningskerfi**
Austurríki	Österreichische Elektrizitätswirtschaft AG	Háspennuflutningskerfi
Finnland	Imatran Voima Oy	Háspennuflutningskerfi
	Teollisuuden Voimansiirto Oy	Háspennuflutningskerfi
Ísland	Landsvirkjun	Háspennuflutningskerfi
Liechtenstein	Liechtensteinische Kraftwerke	Samtengingarkerfi
Noregur	Statnett SF	Háspennuflutningskerfi
Svíþjóð	Statens Vattenfallsverk	Háspennuflutningskerfi
Sviss	Aare-Tessin Aktiengesellschaft für Elektrizität Bernische Kraftwerke AG Centralschweizerische Kraftwerke AG L'Energie Ouest-Suisse SA Elektrizitätsgesellschaft Laufenburg Nordostschweizerische Kraftwerke AG	Samtengingarkerfi

2. VIÐBÆTIR

Skrá yfir stofnanir og flutningskerfi fyrir gas undir háum þrýstingi sem heyra undir tilskipun ráðsins 91/296/EBE frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi.

EFTA-ríki	Fyrirtæki	Flutningskerfi
Austurríki	ÖMV Aktiengesellschaft	Flutningskerfi fyrir gas undir háum þrýstingi
Finnland	Neste Oy	Flutningskerfi fyrir gas undir háum þrýstingi
Liechtenstein	Liechtensteinische Gasversorgung	Flutningskerfi fyrir gas undir háum þrýstingi
Svíþjóð	Swedegas AB	Flutningskerfi fyrir gas undir háum þrýstingi
	Sydgas AB	Flutningskerfi fyrir gas undir háum þrýstingi
Sviss	Swissgas AG	Gegnumflutningskerfi
	Transitgas AG	Gegnumflutningskerfi

V. VIÐAUKI

FRELSI LAUNÞEGA TIL FLUTNINGA

Skrá sem kveðið er á um í 28. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Að því er þennan viðauka varðar og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki“ í gerðunum sem vísað er til feli í sér, auk þeirrar merkingar sem það hefur í viðkomandi EB-gerðum, Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noreg, Svíþjóð og Sviss.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 364L0221: Tilskipun ráðsins 64/221/EBE frá 25. febrúar 1964 um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis (Stjtíð. EB nr. 56, 4.4.1964, bls. 850).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Ákvæði 3. mgr. 4. gr. gilda ekki.

2. 368R1612: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 257, 19.10.1968, bls. 2), eins og henni var breytt með:

   — 376R0312: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 312/76 frá 9. febrúar 1976 (Stjtíð. EB nr. L 39, 14.2.1976, bls. 2).

   Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Í 2. mgr. 15. gr. á klausan „innan átján mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar“ ekki við.

   b) Ákvæði 40. gr. gilda ekki.

   c) Ákvæði 41. gr. gilda ekki.

   d) Ákvæði 1. mgr. 42. gr. gilda ekki.

   e) Í stað tilvísunar í 51. gr. sáttmálans í 2. mgr. 42. gr. komi tilvísun í 29. gr. þessa samnings.

   f) Ákvæði 48. gr. gilda ekki.

3. 368L0360: Tilskipun ráðsins 68/360/EBE frá 15. október 1968 um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum aðildarríkjanna og fjölskyldum þeirra (Stjtíð. EB nr. L 257, 19.10.1968, bls. 13).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Í 2. mgr. 4. gr. komi orðið „Dvalarleyfi“ í staðinn fyrir „Dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkis EBE“.

   b) Í 3. mgr. 4. gr. komi orðið „Dvalarleyfi“ í staðinn fyrir „Dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkis EBE“.

   c) Ákvæði 11. gr. gilda ekki.

   d) Ákvæði 13. gr. gilda ekki.

   e) Í viðaukanum:

i) komi eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar yfirlýsingarinnar:

„Þetta leyfi er gefið út samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 og samkvæmt ráðstöfunum sem gerðar voru við framkvæmd tilskipunar 68/360/EBE eins og þær hafa verið felldar inn í EES-samninginn.“;

ii) komi eftirfarandi í stað neðanmálsgreinarinnar:

„austurrísku/austurrískir, belgísku/belgískir, bresku/breskir, dönsku/danskir, finnsku/finnskir, frönsku/franskir, grísku/grískir, hollensku/hollenskir, írsku/írskir, íslensku/íslenskir, ítölsku/ítalskir, liechtensteinsku/liechtensteinskir, Lúxemborgar/frá Lúxemborg, norsku/norskir, portúgölsku/portúgalskir, spænsku/spænskir, svissnesku/svissneskir, sænsku/sænskir og þýsku/þýskir, eftir því hvaða land gefur leyfið út.“.

4. 370R1251: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70 frá 29. júní 1970 um rétt launþega til að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa gegnt starfi í því ríki (Stjtíð. EB nr. L 142, 30.6.1970, bls. 24).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 9. gr. gilda ekki.

5. 372L0194: Tilskipun ráðsins 72/194/EBE frá 18. maí 1972 um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE frá 25. febrúar 1964, um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis, svo að það nái einnig til launþega sem neyta réttarins til að dveljast áfram í aðildarríki eftir að hafa verið þar við störf (Stjtíð. EB nr. L 121, 26.5.1972, bls. 32).

6. 377L0486: Tilskipun ráðsins 77/486/EBE frá 25. júlí 1977 um menntun barna farandlaunþega (Stjtíð. EB nr. L 199, 6.8.1977, bls. 32).

VI. VIÐAUKI

FÉLAGSLEGT ÖRYGGI

Skrá sem kveðið er á um í 29. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

I. Að því er þennan viðauka varðar og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki" feli í sér í gerðunum sem vísað er til, auk þeirra merkingar sem það hefur í viðkomandi EB-gerðum, Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noreg, Svíþjóð og Sviss.

II. Þegar ákvæðum gerðanna sem vísað er til í þessum viðauka er beitt vegna samningsins skal sameiginlega EES-nefndin takast á hendur, í samræmi við ákvæði VII. hluta samningsins, réttindi þau og skyldur sem framkvæmdaráðinu um félagslegt öryggi farandlaunþega, er starfar í tengslum við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hefur verið falið og eins réttindi og skyldur endurskoðunarnefndarinnar sem starfar í tengslum við umrætt framkvæmdaráð.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja,

   eins og hún var leiðrétt og endurskoðuð með:

   — 383R2001: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2001/83 frá 2. júní 1983 (Stjtíð. EB nr. L 230, 22.8.1983, bls. 6)

   og síðar breytt með:

   — 385R1660: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1660/85 frá 13. júní 1985 (Stjtíð. EB nr. L 160, 20.6.1985, bls. P.A.);

   — 385R1661: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1661/85 frá 13. júní 1985 (Stjtíð. EB nr. L 160, 20.6.1985, bls. 7);

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgal að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 170);

   — 386R3811: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3811/86 frá 11. desember 1986 (Stjtíð. EB nr. L 335, 16.12.1986, bls. 5);

   — 389R1305: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1305/89 frá 11. maí 1989 (Stjtíð. EB nr. L 131, 13.5.1989, bls. 1);

   — 389R2332: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2332/89 frá 18. júlí 1989 (Stjtíð. EB nr. L 224, 2.8.1989, bls. 1);

   — 389R3427: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3427/89 frá 30. október 1989 (Stjtíð. EB nr. L 331, 16.11.1989, bls. 1);

   — 391R2195: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2195/91 frá 25. júní 1991 (Stjtíð. EB nr. L 206, 29.7.1991, bls. 2).

   Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Þriðja undirgrein j-liðar 1. gr. gildir ekki.

   b) Fyrsta undirgrein 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar tekur ekki til svissnesku sambandslaganna um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutrygginga fyrr en 1. janúar 1996.

   c) Í stað orðanna „106. gr. sáttmálans“ í 88. gr. komi „41. gr. EES-samningsins“.

   d) Ákvæði 9. mgr. 94. gr. gilda ekki.

   e) Ákvæði 96. gr. gilda ekki.

   f) Ákvæði 100. gr. gilda ekki.

   g) Eftirfarandi bætist við I. hluta I. viðauka:

   „M. AUSTURRÍKI

   Á ekki við.

N. FINNLAND

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi löggjafar um lífeyrissjóði vinnumarkaðarins telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

O. ÍSLAND

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ákvæða er tengjast slysatryggingum í lögum um almannatryggingar telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

P. LIECHTENSTEIN

Á ekki við.

Q. NOREGUR

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi almannatryggingalaga telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

R. SVÍÞJÓÐ

Einstaklingur sem er launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi löggjafar um atvinnuslysatryggingar telst launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í skilningi ii-liðar í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar.

S. SVISS

Á ekki við.“

h) Eftirfarandi bætist við II. hluta I. viðauka:

„M. AUSTURRÍKI

Á ekki við.

N. FINNLAND

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn samkvæmt skilgreiningu í lögum um sjúkratryggingar.

O. ÍSLAND

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 25 ára.

P. LIECHTENSTEIN

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er á framfæri og yngra en 25 ára.

Q. NOREGUR

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 25 ára.

R. SVÍÞJÓÐ

Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ maka eða barn sem er yngra en 18 ára.

S. SVISS

„Aðstandandi“ merkir fjölskyldumeðlimur eins og skilgreint er í löggjöf lögbæra ríkisins. Þegar réttur til aðstoðar er ákvarðaður samkvæmt a-lið 1. mgr. 22. gr. og 31. gr. reglugerðarinnar merkir „aðstandandi“ hins vegar maka eða barn sem er á framfæri og yngra en 25 ára.“

i) Eftirfarandi bætist við I. hluta II. viðauka:

„M. AUSTURRÍKI

Á ekki við.

N. FINNLAND

Á ekki við.

O. ÍSLAND

Á ekki við.

P. LIECHTENSTEIN

Á ekki við.

Q. NOREGUR

Á ekki við.

R. SVÍÞJÓÐ

Á ekki við.

S. SVISS

Á ekki við.“

j) Eftirfarandi bætist við II. hluta II. viðauka:

„M. AUSTURRÍKI

Almenni hluti fæðingarbótanna.

N. FINNLAND

Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar eða styrkur greiddur með eingreiðslu samkvæmt lögum um mæðrastyrki.

O. ÍSLAND

Engar.

P. LIECHTENSTEIN

Engar.

Q. NOREGUR

Styrkir greiddir með eingreiðslu við barnsfæðingu samkvæmt almannatryggingalögunum.

R. SVÍÞJÓÐ

Engar.

S. SVISS

Fæðingarbætur samkvæmt viðeigandi löggjöf kantónanna um fjölskyldubætur (Fribourg, Genève, Jura, Luzern, Neuchâtel, Schaffhausen, Schwyz, Solothurn, Uri, Valais, Vaud).“

k) Eftirfarandi bætist við A-hluta III. viðauka:

„67. AUSTURRÍKI – BELGÍA

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 4. apríl 1977 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) III. liður lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

68. AUSTURRÍKI – DANMÖRK

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 16. júní 1987 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) I. liður lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

69. AUSTURRÍKI – ÞÝSKALAND

a) Ákvæði 41. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 22. desember 1966 eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 10. apríl 1969, nr. 2 frá 29. mars 1974 og nr. 3 frá 29. ágúst 1980.

b) Ákvæði c- og d-liðar 3. mgr., 17. mgr., a-liðar 20. mgr. og 21. mgr. lokabókunar við umræddan samning.

c) Ákvæði 3. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

d) Ákvæði g-liðar 3. mgr. lokabókunar við umræddan samning að því er varðar einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

e) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. samningsins hvað snertir þýska löggjöf, en samkvæmt henni leiða slys (og atvinnusjúkdómar) sem verða utan yfirráðasvæðis Sambandslýðveldisins Þýskalands og tryggingatímabil sem lokið er utan þess ekki til greiðslu bóta, eða einungis til greiðslu við tilteknar aðstæður, þegar þeir sem njóta myndu bótaréttar eru búsettir utan yfirráðasvæðis Sambandslýðveldisins Þýskalands, í tilvikum þar sem:

i) bætur hafa þegar verið veittar eða unnt væri að veita þær á þeim degi sem þessi samningur tekur gildi;

ii) hlutaðeigandi einstaklingur hefur sest að í Austurríki fyrir gildistöku þessa samnings og lífeyrisgreiðslur hafist úr lífeyris- og slysatryggingasjóðum innan eins árs frá gildistöku þessa samnings.

f) Ákvæði b-liðar 19. mgr. í lokabókun við umræddan samning. Við beitingu c-liðar 3.-liðar þessa ákvæðis má upphæðin sem þar til bær stofnun tekur mið af ekki vera hærri en upphæðin sem þessari stofnun ber að greiða vegna sambærilegra tímabila.

g) Ákvæði 2. gr. viðbótarsamnings nr. 1 frá 10. apríl 1969 við umræddan samning.

h) Ákvæði 5. mgr. 1. gr. og 8. gr. samningsins um atvinnuleysistryggingu frá 19. júlí 1978.

i) Ákvæði 10. gr. lokabókunar við umræddan samning.

70. AUSTURRÍKI – SPÁNN

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 6. nóvember 1981 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

71. AUSTURRÍKI – FRAKKLAND

Engin.

72. AUSTURRÍKI – GRIKKLAND

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 14. desember 1979, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 21. maí 1986, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

73. AUSTURRÍKI – ÍRLAND

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 30. september 1988 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

74. AUSTURRÍKI – ÍTALÍA

a) Ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 9. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. janúar 1981.

b) Ákvæði 4. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

c) Ákvæði 2. mgr. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

75. AUSTURRÍKI – LÚXEMBORG

a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. desember 1971 eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 16. maí 1973 og nr. 2 frá 9. október 1978.

b) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

c) III. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

76. AUSTURRÍKI – HOLLAND

a) Ákvæði 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 7. mars 1974, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 5. nóvember 1980, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

77. AUSTURRÍKI – PORTÚGAL

Engin.

78. AUSTURRÍKI – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

a) Ákvæði 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 22. júlí 1980, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 9. desember 1985, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Bókun við umræddan samning um aðstoð, að 3. mgr. 2. gr. undanskilinni, við einstaklinga sem ekki geta krafist læknismeðferðar samkvæmt 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar.

79. AUSTURRÍKI – FINNLAND

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. desember 1985 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

80. AUSTURRÍKI – ÍSLAND

Enginn samningur.

81. AUSTURRÍKI – LIECHTENSTEIN

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 26. september 1968, eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 16. maí 1977 og nr. 2 frá 22. október 1987, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

82. AUSTURRÍKI – NOREGUR

a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 27. ágúst 1985.

b) Ákvæði 4. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

c) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

83. AUSTURRÍKI – SVÍÞJÓÐ

a) Ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 24. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. nóvember 1975, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 21. október 1982, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

84. AUSTURRÍKI – SVISS

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 15. nóvember 1967, eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 17. maí 1973, nr. 2 frá 30. nóvember 1977 og nr. 3 frá 14. desember 1987, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

85. FINNLAND – BELGÍA

Enginn samningur.

86. FINNLAND – DANMÖRK

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

87. FINNLAND – ÞÝSKALAND

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 23. apríl 1979.

b) Ákvæði a-liðar 9. tölul. lokabókunar við umræddan samning.

88. FINNLAND – SPÁNN

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 19. desember 1985.

89. FINNLAND – FRAKKLAND

Enginn samningur.

90. FINNLAND – GRIKKLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 21. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. mars 1988.

91. FINNLAND – ÍRLAND

Enginn samningur.

92. FINNLAND – ÍTALÍA

Enginn samningur.

93. FINNLAND – LÚXEMBORG

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 15. september 1988.

94. FINNLAND – HOLLAND

Enginn samningur.

95. FINNLAND – PORTÚGAL

Enginn samningur.

96. FINNLAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

97. FINNLAND – ÍSLAND

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

98. FINNLAND – LIECHTENSTEIN

Enginn samningur.

99. FINNLAND – NOREGUR

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

100. FINNLAND – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

101. FINNLAND – SVISS

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 28. júní 1985.

102. ÍSLAND – BELGÍA

Enginn samningur.

103. ÍSLAND – DANMÖRK

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

104. ÍSLAND – ÞÝSKALAND

Enginn samningur.

105. ÍSLAND – SPÁNN

Enginn samningur.

106. ÍSLAND – FRAKKLAND

Enginn samningur.

107. ÍSLAND – GRIKKLAND

Enginn samningur.

108. ÍSLAND – ÍRLAND

Enginn samningur.

109. ÍSLAND – ÍTALÍA

Enginn samningur.

110. ÍSLAND – LÚXEMBORG

Enginn samningur.

111. ÍSLAND – HOLLAND

Enginn samningur.

112. ÍSLAND – PORTÚGAL

Enginn samningur.

113. ÍSLAND – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

114. ÍSLAND – LIECHTENSTEIN

Enginn samningur.

115. ÍSLAND – NOREGUR

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

116. ÍSLAND – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

117. ÍSLAND – SVISS

Enginn samningur.

118. LIECHTENSTEIN – BELGÍA

Enginn samningur.

119. LIECHTENSTEIN – DANMÖRK

Enginn samningur.

120. LIECHTENSTEIN – ÞÝSKALAND

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 7. apríl 1977, eins og honum var breytt með viðbótarsamningi nr. 1 frá 11. ágúst 1989, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

121. LIECHTENSTEIN – SPÁNN

Enginn samningur.

122. LIECHTENSTEIN – FRAKKLAND

Enginn samningur.

123. LIECHTENSTEIN – GRIKKLAND

Enginn samningur.

124. LIECHTENSTEIN – ÍRLAND

Enginn samningur.

125. LIECHTENSTEIN – ÍTALÍA

Annar málsliður 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. nóvember 1976 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

126. LIECHTENSTEIN – LÚXEMBORG

Enginn samningur.

127. LIECHTENSTEIN – HOLLAND

Enginn samningur.

128. LIECHTENSTEIN – PORTÚGAL

Enginn samningur.

129. LIECHTENSTEIN – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Enginn samningur.

130. LIECHTENSTEIN – NOREGUR

Enginn samningur.

131. LIECHTENSTEIN – SVÍÞJÓÐ

Enginn samningur.

132. LIECHTENSTEIN – SVISS

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 8. mars 1989 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

133. NOREGUR – BELGÍA

Enginn samningur.

134. NOREGUR – DANMÖRK

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

135. NOREGUR – ÞÝSKALAND

Enginn samningur.

136. NOREGUR – SPÁNN

Enginn samningur.

137. NOREGUR – FRAKKLAND

Engin.

138. NOREGUR – GRIKKLAND

Ákvæði 5. mgr. 16. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 12. júní 1980.

139. NOREGUR – ÍRLAND

Enginn samningur.

140. NOREGUR – ÍTALÍA

Engin.

141. NOREGUR – LÚXEMBORG

Enginn samningur.

142. NOREGUR – HOLLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 13. apríl 1989.

143. NOREGUR – PORTÚGAL

Ákvæði 6. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 5. júní 1980.

144. NOREGUR – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Engin.

145. NOREGUR – SVÍÞJÓÐ

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

146. NOREGUR – SVISS

Ákvæði 2. mgr. 6. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. febrúar 1979.

147. SVÍÞJÓÐ – BELGÍA

Enginn samningur.

148. SVÍÞJÓÐ – DANMÖRK

Ákvæði 4. mgr. 14. gr. samnings Norðurlanda frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi.

149. SVÍÞJÓÐ – ÞÝSKALAND

a) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 27. febrúar 1976.

b) Ákvæði a-liðar 8. tölul. lokabókunar við umræddan samning.

150. SVÍÞJÓÐ – SPÁNN

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 16. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 29. júní 1987.

151. SVÍÞJÓÐ – FRAKKLAND

Engin.

152. SVÍÞJÓÐ – GRIKKLAND

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 23. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 5. maí 1978 eins og honum var breytt með viðbótarsamningi frá 14. september 1984.

153. SVÍÞJÓÐ – ÍRLAND

Enginn samningur.

154. SVÍÞJÓÐ – ÍTALÍA

Ákvæði 20. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 25. september 1979.

155. SVÍÞJÓÐ – LÚXEMBORG

a) Ákvæði 4. gr. og 1. mgr. 29. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. febrúar 1985 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði 30. gr. umrædds samnings.

156. SVÍÞJÓÐ – HOLLAND

Ákvæði 4. gr. og 3. mgr. 24. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 2. júlí 1976 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

157. SVÍÞJÓÐ – PORTÚGAL

Ákvæði 6. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 25. október 1978.

158. SVÍÞJÓÐ – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 29. júní 1987.

159. SVÍÞJÓÐ – SVISS

Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 20. október 1978.

160. SVISS – BELGÍA

a) Ákvæði 1. mgr. 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 24. september 1975 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði 4. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

161. SVISS – DANMÖRK

Engin.

162. SVISS – ÞÝSKALAND

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 25. febrúar 1964, eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 9. september 1975 og nr. 2 frá 2. mars 1989, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

163. SVISS – SPÁNN

Ákvæði 2. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 13. október 1969, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 11. júní 1982, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

164. SVISS – FRAKKLAND

Engin.

165. SVISS – GRIKKLAND

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 1. júní 1973 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

166. SVISS – ÍRLAND

Enginn samningur.

167. SVISS – ÍTALÍA

a) Annar málsliður 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 14. desember 1962, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 18. desember 1963, viðbótarsamningi nr. 1 frá 4. júlí 1969, viðbótarbókun frá 25. febrúar 1974 og viðbótarsamkomulagi nr. 2 frá 2. apríl 1980, varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) Ákvæði 1. mgr. 9. gr. umrædds samnings.

168. SVISS – LÚXEMBORG

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 3. júní 1967 eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 26. mars 1976.

169. SVISS – HOLLAND

Annar málsliður 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 27. maí 1970.

170. SVISS – PORTÚGAL

Annar málsliður 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 11. september 1975 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

171. SVISS – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

Ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. febrúar 1968 varðandi greiðslu bóta í peningum til einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.“

l) Eftirfarandi bætist við B-hluta III. viðauka:

„67. AUSTURRÍKI – BELGÍA

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 4. apríl 1977 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) III. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

68. AUSTURRÍKI – DANMÖRK

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 16. júní 1987 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) I. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

69. AUSTURRÍKI – ÞÝSKALAND

a) Ákvæði 41. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 22. desember 1966 eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 10. apríl 1969, nr. 2 frá 29. mars 1974 og nr. 3 frá 29. ágúst 1980.

b) Ákvæði a-liðar 20. mgr. lokabókunar við umræddan samning.

c) Ákvæði 3. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

d) Ákvæði g-liðar 3. mgr. lokabókunar við umræddan samning.

e) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. samningsins hvað snertir þýska löggjöf, en samkvæmt henni leiða slys (og atvinnusjúkdómar) sem verða utan yfirráðasvæðis Sambandslýðveldisins Þýskalands og tryggingatímabil sem lokið er utan þess ekki til greiðslu bóta, eða einungis til greiðslu við tilteknar aðstæður, þegar þeir sem njóta myndu bótaréttar eru búsettir utan yfirráðasvæðis Sambandslýðveldisins Þýskalands, í tilvikum þar sem:

i) bætur hafa þegar verið veittar eða unnt væri að veita þær á þeim degi sem þessi samningur tekur gildi;

ii) hlutaðeigandi einstaklingur hefur sest að í Austurríki fyrir gildistöku þessa samnings og lífeyrisgreiðslur hafist úr lífeyris- og slysatryggingasjóðum innan eins árs frá gildistöku samningsins.

f) Ákvæði b-liðar 19. mgr. í lokabókun við umræddan samning. Við beitingu c-liðar 3.-tölul. þessa ákvæðis má upphæðin sem þar til bær stofnun tekur mið af ekki vera hærri en upphæðin sem þessari stofnun ber að greiða vegna sambærilegra tímabila.

70. AUSTURRÍKI – SPÁNN

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 6. nóvember 1981 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

71. AUSTURRÍKI – FRAKKLAND

Engin.

72. AUSTURRÍKI – GRIKKLAND

a) Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 14. desember 1979, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 21. maí 1986, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

73. AUSTURRÍKI – ÍRLAND

Ákvæði 4. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 30. september 1988 varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

74. AUSTURRÍKI – ÍTALÍA

a) Ákvæði 3. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 9. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. janúar 1981.

b) Ákvæði 4. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

c) Ákvæði 2. mgr. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

75. AUSTURRÍKI – LÚXEMBORG

a) Ákvæði 2. mgr. 5. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 21. desember 1971 eins og honum var breytt með viðbótarsamningum nr. 1 frá 16. maí 1973 og nr. 2 frá 9. október 1978.

b) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. umrædds samnings varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

c) III. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

76. AUSTURRÍKI – HOLLAND

a) Ákvæði 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 7. mars 1974, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 5. nóvember 1980, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

b) II. tölul. lokabókunar við umræddan samning varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

77. AUSTURRÍKI – PORTÚGAL

Engin.

78. AUSTURRÍKI – BRESKA KONUNGSRÍKIÐ

a) Ákvæði 3. gr. samningsins um félagslegt öryggi frá 22. júlí 1980, eins og honum var breytt með viðbótarsamningnum frá 9. desember 1985, varðandi einstaklinga sem eru búsettir í þriðja ríki.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. komi orðið „dvalarleyfi" í stað orðanna „dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkis EB".

b) Ákvæði 10. gr. gilda ekki.

4. 375L0034: Tilskipun ráðsins 75/34/EBE frá 17. desember 1974 um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt (Stjtíð. EB nr. L 14, 20.1.1975, bls. 10).

5. 375L0035: Tilskipun ráðsins 75/35/EBE frá 17. desember 1974 um útfærslu gildissviðs tilskipunar 64/221/EBE, um samræmingu á sérstökum ráðstöfunum er varða flutninga og búsetu erlendra ríkisborgara og réttlættar eru með skírskotun til allsherjarreglu, almannaöryggis og almannaheilbrigðis, svo að það nái einnig til ríkisborgara aðildarríkis sem neyta réttarins til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt (Stjtíð. EB nr. L 14, 20.1.1975, bls. 14).

6. 390L0364: Tilskipun ráðsins 90/364/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt (Stjtíð. EB nr. L 180, 13.7.1990, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. komi orðið „dvalarleyfi" í stað orðanna „dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkis EB".

7. 390L0365: Tilskipun ráðsins 90/365/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum (Stjtíð. EB nr. L 180, 13.7.1990, bls. 28).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. komi orðið „dvalarleyfi" í stað orðanna „dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkis EB".

8. 390L0366: Tilskipun ráðsins 90/366/EBE frá 28. júní 1990 um búseturétt námsmanna (Stjtíð. EB nr. L 180, 13.7.1990, bls. 30).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr. komi orðið „dvalarleyfi" í stað orðanna „dvalarleyfi fyrir ríkisborgara aðildarríkis EB".

9. Þrátt fyrir 31. – 35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem hafa ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.

10. Þrátt fyrir 31. – 35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Noregi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar, á sviði sjávarútvegs eða útgerðarfélaga sem eiga eða gera út fiskiskip.

IX. VIÐAUKI

FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA
Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 36. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Að því er varðar upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja EB, sem gert er ráð fyrir í gerðunum sem tilgreindar eru í þessum viðauka, gildir 7. mgr. bókunar 1 að því er þennan samning varðar.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

I. VÁTRYGGINGAR

i) Skaðatryggingar

1. 364L0225: Tilskipun ráðsins 64/225/EBE frá 25. febrúar 1964 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði endurtrygginga (Stjtíð. EB nr. 56, 4. 4. 1964, bls. 878/64).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Ákvæði 3. gr. gilda ekki.

2. 373L0239: Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 3), eins og henni var breytt með:

   — 376L0580: Tilskipun ráðsins 76/580/EBE frá 29. júní 1976 (Stjtíð. EB nr. L 189, 13. 7. 1976, bls. 13);

   — 384L0641: Tilskipun ráðsins 84/641/EBE frá 10. desember 1984 með breytingu á fyrstu tilskipun 73/239/EBE, einkum að því er varðar aðstoð við ferðamenn, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB nr. L 339, 27. 12. 1984, bls. 21);

— 387L0343: Tilskipun ráðsins 87/343/EBE frá 22. júní 1987 um breytingu, að því er varðar greiðslu- og efndavátryggingar, á fyrstu tilskipun 73/239/EBE (Stjtíð. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 72);

— 387L0344: Tilskipun ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um réttaraðstoðarvátryggingar (Stjtíð. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 77);

— 388L0357: Önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur, og um breytingu á tilskipun 73/239/EBE (Stjtíð. EB nr. L 172, 4. 7. 1988, bls. 1);

— 390L0618: Tilskipun ráðsins 90/618/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE er fjalla um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, einkum hvað snertir ábyrgðartryggingu ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 330, 29. 11. 1990, bls. 44).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 4. gr.:

„f) *á Íslandi*

— Húsatryggingar Reykjavíkurborgar

— Viðlagatrygging Íslands

g) *í Sviss*

— Aargau: Aargauisches Versicherungsamt, Aarau

— Appenzell Ausser-Rhoden: Brand- und Elementarschadenversicherung Appenzell AR, Herisau

— Basel-Land: Basellandschaftliche Gebäudeversicherung, Liestal

— Basel-Stadt: Gebäudeversicherung des Kantons Basel-Stadt, Basel

— Bern/Berne: Gebäudeversicherung des Kantons Bern, Bern/Assurance immobilière du canton de Berne, Berne

— Fribourg/Freiburg: Etablissement cantonal d'assurance des bâtiments du canton de Friburg, Fribourg/Kantonale Gebäudeversicherungsanstalt Freiburg, Freiburg

— Glarus: Kantonale Sachversicherung Glarus, Glarus

— Graubünden/Grigioni/Grischun: Gebäudeversicherungsanstalt des Kantons Graubünden, Chur/Istituto d'assicurazione fabbricati del cantone dei Grigioni, Coira/Institut dil cantun Grischun per assicuranzas da baghetgs, Cuera

— Jura: Assurance immobilière de la République et canton du Jura, Saignelégier

— Luzern: Gebäudeversicherung des Kantons Luzern, Luzern

— Neuchâtel: Etablissement cantonal d'assurance immobilière contre l'incendie, Neuchâtel

— Nidwalden: Nidwaldner Sachversicherung, Stans

— Schaffhausen: Gebäudeversicherung des Kantons Schaffhausen, Schaffhausen

— Solothurn: Solothurnische Gebäudeversicherung, Solothurn

— St. Gallen: Gebäudeversicherungsanstalt des Kantons St.Gallen, St. Gallen

— Thurgau: Gebäudeversicherung des Kantons Thurgau, Frauenfeld

— Vaud: Etablissement d'assurance contre l'incendie et les éléments naturels du canton de Vaud, Lausanne

— Zug: Gebäudeversicherung des Kantons Zug, Zug

— Zürich: Gebäudeversicherung des Kantons Zürich, Zürich."

b) Eftirfarandi bætist við 8. gr.:

„— fyrir Austurríki:
Aktiengesellschaft, Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit

— fyrir Finnland:
Keskinäinen Vakuutusyhtiö/Ömsesidigt försäkringsbolag,
Vakuutusosakeyhtiö/Försäkringsaktiebolag,
Vakuutusyhdistys/Försäkringsförening

— fyrir Ísland:
Hlutafélag, Gagnkvæmt félag

— fyrir Liechtenstein:
Aktiengesellschaft, Genossenschaft

— fyrir Noreg:
Aksjeselskaper, Gjensidige selskaper

— fyrir Svíþjóð:
Försäkringsaktiebolag, Ömsesidiga försäkringsbolag, Understödsföreningar

— fyrir Sviss:
Aktiengesellschaft, Société anonyme, Società anonima, Genossenschaft, Société coopérative, Società cooperativa."

c) Ákvæði 29. gr. gilda ekki; í staðinn gilda eftirfarandi ákvæði:

Hverjum samningsaðila er heimilt, með samningum við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja að öðrum ákvæðum en þeim sem kveðið er á um í 23. – 28. gr. sé beitt, að því tilskildu að hinum vátryggðu sé veitt nægileg og sambærileg vernd. Áður en samningsaðilarnir gera slíka samninga skulu þeir láta hverjum öðrum í té upplýsingar og hafa samráð sín á milli.

Samningsaðilarnir skulu ekki beita ákvæðum gagnvart vátryggingarútibúum, sem eru með aðalskrifstofu fyrir utan yfirráðasvæði samningsaðilanna, er hefðu í för með sér betri kjör en þau sem búin eru vátryggingarútibúum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði samningsaðila.

d) Ákvæði 30., 31., 32. og 34 gr. gilda ekki; í staðinn gilda eftirfarandi ákvæði:

Skaðatryggingarfyrirtæki, sem verða tilgreind sérstaklega af Finnlandi, Íslandi og Noregi, skulu undanþegin 16. og 17. gr. Þar til bært eftirlitsyfirvald skal fara fram á að slík fyrirtæki uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í þessum greinum eigi síðar en 1. janúar 1995. Fyrir þann dag skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem uppfylla ekki kröfurnar og koma fram með viðeigandi tillögur. Uppfylli vátryggingarfyrirtæki ekki kröfur 16. og 17. gr. hefur það ekki rétt til að stofna útibú eða veita þjónustu á yfirráðasvæði annars samningsaðila. Fyrirtækjum sem óska eftir að færa út starfsemi sína í skilningi 2. mgr. 8. gr. eða 10. gr. er óheimilt að gera það, nema þau fari þegar í stað að reglum tilskipunarinnar.

e) Að því er varðar tengsl við vátryggingarfyrirtæki í þriðja landi sem lýst er í 29. gr. b (sjá 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/618/EBE) gildir eftirfarandi:

1. Með það fyrir augum að ná sem mestri samleitni í beitingu á reglum þriðja lands vegna vátryggingarfyrirtækja skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum svo sem lýst er í 1. og 5. mgr. 29. gr. b og viðræðufundir haldnir um málefni sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 29. gr. b innan ramma sameiginlegu EES-nefndarinnar og í samræmi við sérstaka málsmeðferð sem samþykkt verður af samningsaðilunum.

2. Leyfi, veitt af lögbærum yfirvöldum samningsaðila til vátryggingarfyrirtækja, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þriðja lands, skulu gilda í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar alls staðar innan yfirráðasvæða allra samningsaðila. Hins vegar,

a) leggi þriðja land á magntakmarkanir varðandi stofnsetningu vátryggingarfyrirtækja EFTA-ríkis, eða höft á slík vátryggingarfyrirtæki sem það leggur ekki á vátryggingarfyrirtæki bandalagsins, gilda leyfi veitt af lögbærum yfirvöldum innan bandalagsins til vátryggingarfyrirtækja, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þessa þriðja lands, aðeins innan bandalagsins, nema EFTA-ríki ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi;

b) hafi bandalagið ákveðið að leyfisveitingar vátryggingarfyrirtækja, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þriðja lands, skuli takmarkaðar eða felldar niður um tíma, skal leyfi veitt af lögbæru yfirvaldi EFTA-ríkis til slíkra vátryggingarfyrirtækja aðeins gilda í lögsagnarumdæmi þess, nema annar samningsaðili ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi;

c) er óheimilt er að beita takmörkununum eða niðurfellingunni sem um getur í a- og b-lið gagnvart vátryggingarfyrirtækjum eða dótturfyrirtækjum þeirra sem þegar hafa fengið leyfi á yfirráðasvæði samningsaðila.

3. Hvenær sem bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 3. og 4. mgr. 29. gr. b, til þess að ná fram sambærilegum kjörum og innlend fyrirtæki njóta og markaðsaðgangi í reynd fyrir vátryggingarfyrirtæki sín, skal það leggja kapp á að fá sömu kjör fyrir vátryggingarfyrirtæki EFTA-ríkjanna.

3. 373L0240: Tilskipun ráðsins 73/240/EBE frá 24. júlí 1973 um afnám hafta á staðfesturétti á sviði atvinnurekstrar með frumtryggingar aðrar en líftryggingar (Stjtíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 1., 2. og 5. gr. gilda ekki.

4. 378L0473: Tilskipun ráðsins 78/473/EBE frá 30. maí 1978 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um samtryggingar innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 151, 7. 6. 1978, bls. 25.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 9. gr. gilda ekki.

5. 384L0641: Tilskipun ráðsins 84/641/EBE frá 10. desember 1984 með breytingu á fyrstu tilskipun 73/239/EBE, einkum að því er varðar aðstoð við ferðamenn, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB nr. L 339, 27. 12. 1984, bls. 21).

6. 387L0344: Tilskipun ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um réttaraðstoðarvátryggingar (Stjtíð. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 77).

7. 388L0357: Önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur, og um breytingu á tilskipun 73/239/EBE (Stjtíð. EB nr. L 172, 4. 7. 1988, bls. 1), eins og henni var breytt með:

   — 390L0618: Tilskipun ráðsins 90/618/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE er fjalla um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, einkum hvað snertir ábyrgðartryggingu ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 330, 29. 11. 1990, bls. 44).

ii) Ökutækjatryggingar

8. 372L0166: Tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð (Stjtíð. EB nr. L 103, 2. 5. 1972, bls. 1), eins og henni var breytt með:

   — 372L0430: Tilskipun ráðsins 72/430/EBE frá 19. desember 1972 (Stjtíð. EB nr. L 291, 28. 12. 1972, bls. 162);

   — 384L0005: Annarri tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB nr. L 8, 11. 1. 1984, bls. 17);

   — 390L0232: Þriðju tilskipun ráðsins 90/232/EBE frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB nr. L 129, 19. 5. 1990, bls. 33).

   — 391D0323: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. maí 1991 um beitingu á tilskipun ráðsins 72/166/EBE (Stjtíð. EB nr. L 177, 5. 7. 1991, bls. 25);

9. 384L0005: Önnur tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB nr. L 8, 11. 1. 1984, bls. 17), eins og henni var breytt með:

   — 390L0232: Þriðju tilskipun ráðsins 90/232/EBE frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB nr. L 129, 19. 5. 1990, bls. 33).

10. 390L0232: Þriðja tilskipun ráðsins 90/232/EBE frá 14. maí 1990 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. EB nr. L 129, 19. 5. 1990, bls. 33).

iii) Líftryggingar

11. 379L0267: Fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu (Stjtíð. EB nr. L 63, 13. 3. 1979, bls. 1), eins og henni var breytt með:

   — 390L0619: Tilskipun ráðsins 90/619/EBE frá 8. nóvember 1990 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga, með ákvæðum um að greitt sé fyrir því að réttur til að veita þjónustu sé nýttur og um breytingu á tilskipun 79/267/EBE (Stjtíð. EB nr. L 330, 29. 11. 1990, bls. 50).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 4. gr.:

Tilskipun þessi varðar ekki lífeyrisstarfsemi lífeyristryggingarfyrirtækja sem mælt er fyrir um í lögum um lífeyrisréttindi launþega (TEL) og annarri finnskri löggjöf á þessu sviði. Þó skulu finnsk yfirvöld heimila öllum ríkisborgurum og félögum samningsaðila að stunda á jafnréttisgrundvelli, samkvæmt finnskri löggjöf, hverja þá starfsemi sem tilgreind er í 1. gr. og tengist þessari undanþágu hvort sem það er með:

— eignarhaldi eða hlutdeild í vátryggingarfélagi eða hópi sem þegar er starfandi;

— myndun eða hlutdeild í nýjum vátryggingarfélögum eða hópum, þar með talið lífeyristryggingarfélögum.

b) Eftirfarandi bætist við a-lið 1. mgr. 8. gr.:

„— í Austurríki:
Aktiengesellschaft, Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit

— í Finnlandi:
Keskinäinen Vakuutusyhtiö / Ömsesidigt Försäkringsbolag,
Vakuutusosakeyhtiö / Försäkringsaktiebolag,
Vakuutusyhdistys / Försäkringsförening

— á Íslandi:
Hlutafélag, Gagnkvæmt félag

— í Liechtenstein:
Aktiengesellschaft, Genossenschaft, Stiftung

— í Noregi:
Aksjeselskaper, Gjensidige selskaper

— í Svíþjóð:
Försäkringsaktiebolag, Ömsesidiga försäkringsbolag, Understödsföreningar

— í Sviss:
Aktiengesellschaft / Société anonyme / Società anonima,
Genossenschaft / Société coopérative, Società cooperativa,
Stiftung / Fondation / Fondazione."

c) Ákvæði 13. (5. mgr.), 33., 34., 35. og 36. gr. gilda ekki; í staðinn gilda eftirfarandi ákvæði:

Líftryggingarfyrirtæki, sem verða tilgreind sérstaklega af Íslandi, skulu undanþegin 18., 19. og 20. gr. Þar til bært eftirlitsyfirvald skal fara fram á að slík fyrirtæki uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í þessum greinum eigi síðar en 1. janúar 1995. Fyrir þann dag skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem uppfylla ekki kröfurnar og koma fram með viðeigandi tillögur. Uppfylli vátryggingarfyrirtæki ekki kröfurnar sem um getur í 18., 19. og 20. gr. hefur það ekki rétt til að stofna útibú eða veita þjónustu á yfirráðasvæði annars samningsaðila. Fyrirtækjum sem óska eftir að færa út starfsemi sína í skilningi 2. mgr. 8. gr. eða 10. gr. er óheimilt að gera það nema þau fari þegar í stað að reglum tilskipunarinnar.

d) Ákvæði 32. gr.gilda ekki; í staðinn gilda eftirfarandi ákvæði:

Hverjum samningsaðila er heimilt, með samningum við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja að öðrum ákvæðum en þeim sem kveðið er á um í 27. – 31. gr. tilskipunarinnar sé beitt að því tilskildu að hinum vátryggðu sé veitt nægileg og sambærileg vernd.

Áður en samningsaðilarnir gera slíka samninga skulu þeir láta hverjum öðrum í té upplýsingar og hafa samráð sín á milli.

Samningsaðilarnir skulu ekki beita ákvæðum gagnvart vátryggingarútibúum, sem eru með aðalskrifstofu fyrir utan yfirráðasvæði samningsaðilanna, er hefðu í för með sér betri kjör en þau sem búin eru vátryggingarútibúum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði samningsaðila.

e) Að því er varðar tengsl við vátryggingarfyrirtæki í þriðja landi sem lýst er í 32. gr. b (sjá 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/619/EBE) gildir eftirfarandi:

1. Með það fyrir augum að ná sem mestri samleitni í beitingu á stjórnarfyrirkomulagi þriðja lands vegna vátryggingarfyrirtækja skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum svo sem lýst er í 1. og 5. mgr. 32. gr. b og viðræðufundir haldnir um málefni sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 32. gr. b innan ramma sameiginlegu EES-nefndarinnar og í samræmi við sérstakar reglur sem samþykktar verða af samningsaðilunum.

2. Leyfi, veitt af lögbærum yfirvöldum samningsaðila til vátryggingarfyrirtækja sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þriðja lands, skulu gilda í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar alls staðar innan yfirráðasvæða allra samningsaðila. Hins vegar,

a) leggi þriðja land á magntakmarkanir varðandi stofnsetningu vátryggingarfyrirtækja EFTA-ríkis eða höft á slík vátryggingarfyrirtæki sem það leggur ekki á vátryggingarfyrirtæki bandalagsins, gilda leyfi veitt af lögbærum yfirvöldum innan bandalagsins til vátryggingarfyrirtækja, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þessa þriðja lands, aðeins innan bandalagsins, nema EFTA-ríki ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi;

b) hafi bandalagið ákveðið að leyfisveitingar vátryggingarfyrirtækja, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þriðja lands, skuli takmarkaðar eða felldar niður um tíma, skal leyfi veitt af lögbæru yfirvaldi EFTA-ríkis til slíkra vátryggingarfyrirtækja aðeins gilda í lögsagnarumdæmi þess, nema annar samningsaðili ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi;

c) er óheimilt er að beita takmörkununum eða niðurfellingunni sem um getur í a- og b-lið gagnvart vátryggingarfyrirtækjum eða dótturfyrirtækjum þeirra sem þegar hafa fengið leyfi á yfirráðasvæði samningsaðila.

3. Hvenær sem bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 3. og 4. mgr. 32. gr. b, til þess að ná fram sambærilegum kjörum og innlend fyrirtæki njóta og markaðsaðgangi í reynd fyrir vátryggingarfyrirtæki sín, skal það leggja kapp á að fá sömu kjör fyrir vátryggingarfyrirtæki EFTA-ríkjanna.

f) Í 3. mgr. 13. gr. komi orðin „á þeim tíma þegar EES-samningurinn er undirritaður“ í stað „á þeim tíma er tilskipun þessi er birt“.

12. 390L0619: Tilskipun ráðsins 90/619/EBE frá 8. nóvember 1990 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga, með ákvæðum um að greitt sé fyrir því að réttur til að veita þjónustu sé nýttur og um breytingu á tilskipun 79/267/EBE (Stjtíð. EB nr. L 330, 29. 11. 1990, bls. 50).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 9. gr.: sjá aðlögun e) við tilskipun ráðsins 79/267/EBE.

iv) Önnur málefni

13. 377L0092: Tilskipun ráðsins 77/92/EBE frá 13. desember 1976 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að umboðsmenn í vátryggingum og vátryggingamiðlarar (úr ISIC flokki 630) geti nýtt sér staðfesturétt og rétt til að stunda þjónustustarfsemi á því sviði, svo og sérstakar bráðabirgðaráðstafanir varðandi þá starfsemi (Stjtíð. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 14).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við a-lið 2. mgr. 2. gr.:

„í Austurríki:
— Versicherungsmakler
— Rückversicherungsmakler

í Finnlandi:
— Vakuutuksenvälittäjä / Försäkringsmäklare

á Íslandi:
— Vátryggingamiðlari

í Liechtenstein:
— Versicherungsmakler

í Noregi:
— Forsikringsmegler

í Svíþjóð:
— Försäkringsmäklare

í Sviss:
— Versicherungsmakler
— Courtier en assurances
— Mediatore d'assicurazione
— Broker."

b) Eftirfarandi bætist við b-lið 2. mgr. 2. gr.:

„í Austurríki:
— Versicherungsvertreter

í Finnlandi:
— Vakuutusasiamies/Försäkringsombud

á Íslandi:
— Vátryggingaumboðsmaður

í Liechtenstein:
— Versicherungs–Generalagent
— Versicherungsagent
— Versicherungsinspektor

í Noregi:
— Assurandør
— Agent

í Svíþjóð:
— Försäkringsombud

í Sviss:
— Versicherungs-Generalagent
— Agent général d'assurance
— Agente generale d'assicurazione
— Versicherungsagent
— Agent d'assurance

— Agente d'assicurazione
— Versicherungsinspektor
— Inspecteur d'assurance
— Ispettore d'assicurazione."

c) Eftirfarandi bætist við c-lið 2. mgr. 2. gr.:

„á Íslandi:
— Vátryggingasölumaður

í Noregi:
— Underagent."

II. BANKAR OG AÐRAR LÁNASTOFNANIR

i) Samræming á löggjöf um staðfestu og rétt til að veita þjónustu

14. 373L0183: Tilskipun ráðsins 73/183/EBE frá 28. júní 1973 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar sjálfstæða starfsemi banka og annarra fjármálastofnana (Stjtíð. EB nr. L 194, 16. 7. 1973, bls. 1, eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 320, 21. 11. 1973, bls. 26 og Stjtíð. EB nr. L 17, 22. 1. 1974, bls. 22).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 1., 2., 3. og 6. gr. tilskipunarinnar gilda ekki.

b) Í 1. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar komi orðin „í II. viðauka, nema 4. flokkur" í stað „í 2. gr.".

15. 377L0780: Fyrsta tilskipun ráðsins 77/780/EBE frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. EB nr. L 322, 17. 12. 1977, bls. 30), eins og henni var breytt með:

— 386L0524: Tilskipun ráðsins 86/524/EBE frá 27. október 1986 um breytingu á því ákvæði tilskipunar 77/780/EBE þar sem taldar eru upp tilteknar lánastofnanir sem undanþegnar skulu ákvæðum hennar til frambúðar (Stjtíð. EB nr. L 309, 4. 11. 1986, bls. 15);

— 389L0646: Annarri tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (Stjtíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 2. (5. og 6. mgr.), 3. (b-d liður 3. mgr.), 9. (2. og 3. mgr.) og 10. gr. tilskipunarinnar gilda ekki.

b) Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 2. gr.:

„— í Austurríki, fyrirtæki sem eru viðurkennd sem byggingafélög í almannaþágu
— á Íslandi, „Byggingarsjóðir ríkisins"
— í Liechtenstein, „Liechtensteinische Landesbank"
— í Svíþjóð, „Svenska skeppshypotekskassan"."

c) Ísland skal koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995.

16. 389L0646: Önnur tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (Stjtíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er varðar tengsl við lánastofnanir í þriðja landi sem lýst er í 8. og 9. gr. tilskipunarinnar gildir eftirfarandi:

1. Með það fyrir augum að ná sem mestri samleitni í beitingu á stjórnarfyrirkomulagi þriðja lands vegna lánastofnana skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum svo sem lýst er í 1. og 5. mgr. 9. gr. og viðræðufundir haldnir um málefni sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 9. gr. innan ramma sameiginlegu EES-nefndarinnar og í samræmi við sérstakar reglur sem samþykktar verða af samningsaðilunum.

2. Leyfi, veitt af lögbærum yfirvöldum samningsaðila til lánastofnana sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þriðja lands, skulu gilda í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar alls staðar innan yfirráðasvæða allra samningsaðila. Hins vegar,

a) leggi þriðja land á magntakmarkanir varðandi stofnsetningu lánastofnana EFTA-ríkis eða höft á slíkar lánastofnanir sem það leggur ekki á lánastofnanir bandalagsins, gilda leyfi veitt af lögbærum yfirvöldum innan bandalagsins til lánastofnana, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þessa þriðja lands, aðeins innan bandalagsins nema EFTA-ríki ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi;

b) hafi bandalagið ákveðið að leyfisveitingar lánastofnana, sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækja er heyra undir lög þriðja lands, skuli takmarkaðar eða felldar niður um tíma, skal leyfi veitt af lögbæru yfirvaldi EFTA-ríkis til slíkra lánastofnana aðeins gilda í lögsagnarumdæmi þess, nema annar samningsaðili ákveði annað fyrir eigið lögsagnarumdæmi;

c) er óheimilt er að beita takmörkununum eða niðurfellingunni sem um getur í a- og b-lið gagnvart lánafyrirtækjum eða dótturfyrirtækjum þeirra sem þegar hafa fengið leyfi á yfirráðasvæði samningsaðila.

3. Hvenær sem bandalagið semur við þriðja land á grundvelli 3. og 4. mgr. 9. gr., til þess að ná fram sambærilegum kjörum og innlend fyrirtæki njóta og markaðsaðgangi í reynd fyrir lánastofnanir sínar, skal það leggja kapp á að fá sömu kjör fyrir lánastofnanir EFTA-ríkjanna.

b) Í 2. mgr. 10. gr. komi orðin „þegar EES-samningurinn öðlast gildi" í stað „þegar tilskipunin kemur til framkvæmda" og „þann dag þegar EES-samningurinn er undirritaður" í stað „þann dag er þessi tilskipun var birt".

c) Ísland skal koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Á meðan á aðlögunartímabilinu stendur skal það viðurkenna, í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, leyfi sem veitt eru lánastofnunum af lögbærum yfirvöldum annarra samningsaðila. Leyfi veitt lánastofnunum af lögbærum íslenskum yfirvöldum skulu ekki gilda innan EES fyrr en farið er að beita tilskipuninni að fullu.

ii) Sanngirniskröfur og reglugerðir

17. 389L0299: Tilskipun ráðsins 89/299/EBE frá 17. apríl 1989 um eigið fé lánastofnana (Stjtíð. EB nr. L 124, 5. 5. 1989, bls. 16).

18. 389L0647: Tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989 um eiginfjárhlutfall lánastofnana (Stjtíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 14).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Lán sem eru að fullu tryggð með hlutum í finnskum íbúðarhúsnæðisfélögum, sem starfa á grundvelli finnskra laga um húsnæðisfélög frá 1991 eða síðari samsvarandi löggjöf, skulu hafa sama vægi og þau sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði í samræmi við reglur sem settar eru í 1. lið c-liðar í 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

b) Ákvæði 4. mgr. 11. gr. gilda einnig um Austurríki og Ísland.

c) Austurríki og Finnland skulu fyrir 1. janúar 1993 koma á kerfi til að komast að raun um hvaða lánastofnanir eru ófærar um að uppfylla kröfur 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar. Lögbært yfirvald skal gera viðeigandi ráðstafanir fyrir sérhverja þessara lánastofnana til þess að tryggja að 8% eiginfjárhlutfallinu sé náð svo skjótt sem verða má og eigi síðar en 1. janúar 1995. Þar til hlutaðeigandi lánastofnanir hafa náð 8% eiginfjárhlutfalli telja lögbær yfirvöld í Austurríki og Finnlandi, með hliðsjón af 3. mgr. 19. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE, að fjárhagur þessara lánastofnana standi höllum fæti.

19. 391L0031: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/31/EBE frá 19. desember 1990 um breytingu á tæknilegri skilgreiningu á „fjölþjóðlegum þróunarbönkum" í tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989 um eiginfjárhlutfall lánastofnana (Stjtíð. EB nr. L 17, 23. 1. 1991, bls. 20).

iii) Eftirlit og reikningar

20. 383L0350: Tilskipun ráðsins 83/350/EBE frá 13. júní 1983 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli (Stjtíð. EB nr. L 193, 18. 7. 1983, bls. 18).

21. 386L0635: Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtíð. EB nr. L 372, 31. 12. 1986, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Austurríki, Noregur og Svíþjóð skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995 og Liechtenstein og Sviss eigi síðar en 1. janúar 1996. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu ársreikningar útibúa sem birtir eru af lánastofnunum samningsaðilanna hljóta gagnkvæma viðurkenningu.

22. 389L0117: Tilskipun ráðsins 89/117/EBE frá 13. febrúar 1989 um skyldur útibúa lána- og fjármálastofnana, sem stofnuð eru í aðildarríki en hafa aðalstöðvar sínar utan þess, til að birta upplýsingar úr ársreikningi (Stjtíð. EB nr. L 44, 16. 2. 1989, bls. 40).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 3. gr. gilda ekki.

23. 391L0308: Tilskipun ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvottar (Stjtíð. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77).

Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

Sérfræðingi frá hverju EFTA-ríkjanna er heimilt að taka þátt í verkefnum samráðsnefndarinnar um peningaþvott sem lýst er í a- og b-lið 1. mgr. 13. gr. Að því er varðar þátttöku sérfræðinga EFTA-ríkjanna í verkefnunum sem lýst er í c- og d-lið 1. mgr. 13. gr. gilda viðeigandi ákvæði samningsins.

Framkvæmdastjórn EB skal, þegar þar að kemur, láta þátttökuaðila vita um fundardag nefndarinnar og senda viðeigandi gögn.

III. VERÐBRÉFAÞING OG VERÐBRÉF

i) Skráning verðbréfa á verðbréfaþingi og verðbréfaviðskipti

24. 379L0279: Tilskipun ráðsins 79/279/EBE frá 5. mars 1979 til samræmingar á skilmálum fyrir opinberri skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi (Stjtíð. EB nr. L 66, 16. 3. 1979, bls. 21), eins og henni var breytt með:

— 388L0627: Tilskipun ráðsins 88/627/EBE frá 12. desember 1988 um upplýsingar er birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem skráð er á verðbréfaþingi (Stjtíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1988, bls. 62).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ísland og Sviss skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu þessi lönd skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra samningsaðila varðandi málefni sem tilskipun þessi mælir fyrir um.

25. 380L0390: Tilskipun ráðsins 80/390/EBE frá 17. mars 1980 til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á skráningarlýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi (Stjtíð. EB nr. L 100, 17. 4. 1980, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 387L0345: Tilskipun ráðsins 87/345/EBE frá 22. júní 1987 (Stjtíð. EB nr. L 185, 4. 7. 1987, bls. 81);

— 390L0211: Tilskipun ráðsins 90/211/EBE frá 23. apríl 1990 um breytingu á tilskipun 80/390/EBE að því er varðar gagnkvæma viðurkenningu á að útboðslýsing almennra útboða gildi sem skráningarlýsing á verðbréfaþingi (Stjtíð. EB nr. L 112, 3. 5. 1990, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 25. gr. a í tilskipuninni sem komið var á með tilskipun 87/345/EBE gilda ekki.

b) Ísland og Sviss skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu þessi lönd skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra samningsaðila varðandi málefni sem tilskipun þessi mælir fyrir um.

26. 382L0121: Tilskipun ráðsins 82/121/EBE frá 15. febrúar 1982 um þær upplýsingar sem félög sem hafa fengið hlutabréf sín tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi eiga að birta reglulega (Stjtíð. EB nr. L 48, 20. 2. 1982, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ísland og Sviss skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu þessi lönd skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra samningsaðila varðandi málefni sem tilskipun þessi mælir fyrir um.

27. 388L0627: Tilskipun ráðsins 88/627/EBE frá 12. desember 1988 um upplýsingar er birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem skráð er á verðbréfaþingi (Stjtíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1988, bls. 62).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu þessi lönd skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra samningsaðila varðandi málefni sem tilskipun þessi mælir fyrir um.

28. 389L0298: Tilskipun ráðsins 89/298/EBE frá 17. apríl 1989 um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa (Stjtíð. EB nr. L 124, 5. 5. 1989, bls. 8).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 24. gr. tilskipunarinnar gilda ekki.

b) Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu þessi lönd skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra samningsaðila varðandi málefni sem tilskipun þessi mælir fyrir um.

29. 389L0592: Tilskipun ráðsins 89/592/EBE frá 13. nóvember 1989 um samræmingu á reglum um innherjaviðskipti (Stjtíð. EB nr. L 334, 18. 11. 1989, bls. 30).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Austurríki, Ísland, Sviss og Liechtenstein skulu koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995. Meðan á aðlögunartímabilinu stendur skulu þessi lönd skiptast á upplýsingum við lögbær yfirvöld annarra samningsaðila varðandi málefni sem tilskipun þessi mælir fyrir um.

b) Ákvæði 11. gr. gildir ekki.

ii) Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS)

30. 385L0611: Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 3), eins og henni var breytt með:

— 388L0220: Tilskipun ráðsins 88/220/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á fjárfestingarstefnu einstakra fyrirtækja samkvæmt tilskipun 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1988, bls. 31).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 57. gr. komi orðin „þegar EES-samningurinn öðlast gildi“ í stað „þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmdar“.

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirtalinna gerða:

31. 374X0165: Tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 74/165/EBE frá 6. febrúar 1974 til aðildarríkja um framkvæmd tilskipunar ráðsins frá 24. apríl 1972 (Stjtíð. EB nr. L 87, 30. 3. 1974, bls. 12).

32. 381X0076: Tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 81/76/EBE frá 8. janúar 1981 um að hraða bótauppgjöri vegna tjóns sem fellur undir ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 57, 4. 3. 1981, bls. 27).

33. 385X0612: Tilmælum ráðsins 85/612/EBE frá 20. desember 1985 varðandi aðra undirgrein 1. mgr. 25. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE (Stjtíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 19).

34. 387X0062: Tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 87/62/EBE frá 22. desember 1986 um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana (Stjtíð. EB nr. L 33, 4. 2. 1987, bls. 10).

35. 387X0063: Tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 87/63/EBE frá 22. desember 1986 um að komið verði á innlánatryggingakerfi innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 33, 4. 2. 1987, bls. 16).

36. 390X0109: Tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 90/109/EBE frá 14. febrúar 1990 um upplýsingaskyldu banka í sambandi við fjármálaviðskipti milli landa (Stjtíð. EB nr. L 67, 15. 3. 1990, bls. 39).

X. VIÐAUKI

HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUN

Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 36. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 389L0552: Tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtíð. EB nr. L 298, 17. 10. 1989, bls. 23).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Með tilliti til EFTA-ríkjanna eru þau verk sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar einnig verk, eins og lýst er í 3. mgr. 6. gr., gerð af og með framleiðendum sem hafa staðfestu í þriðja landi í Evrópu og hlutaðeigandi EFTA-ríki hefur gert samninga við í þessu skyni.

      Hafi samningsaðili í hyggju að gera samning eins og um ræðir í 3. mgr. 6. gr. skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni. Heimilt er að hefja samráð um efni slíkra samninga að beiðni hvaða samningsaðila sem er.

   b) Eftirfarandi bætist við 15. gr. tilskipunarinnar:

      „EFTA-ríkjunum er í sjálfsvald sett hvort þau geri kapalfyrirtækjum sem starfa á yfirráðasvæði þeirra skylt að rugla eða á annan hátt trufla auglýsingainnskot fyrir áfenga drykki. Þessi undantekning hefur ekki áhrif á takmarkanir á endurútsendingu á hluta sjónvarpsefnis öðru en auglýsingainnskotum fyrir áfenga drykki. Samningsaðilar munu endurskoða þessa undantekningu sameiginlega 1995."

XI. VIÐAUKI

FJARSKIPTAÞJÓNUSTA

Skrá sem kveðið er á um í 2. mgr. 36. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins er beint til;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 387L0372: Tilskipun ráðsins 87/372/EBE frá 25. júní 1987 um tíðnisvið sem taka á frá fyrir samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 196, 17. 7. 1987, bls. 85).

2. 390L0387: Tilskipun ráðsins 90/387/EBE frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á frjálsum aðgangi að netum (Stjtíð. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Í 3. mgr. 5. gr. lesist „85. og 86. gr. sáttmálans" sem „53. og 54. gr. EES-samningsins".

   b) Ísland skal koma ákvæðum tilskipunarinnar til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995.

3. 390L0388: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu (Stjtíð. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 10).

4. 390L0544: Tilskipun ráðsins 90/544/EBE frá 9. október 1990 um tíðnisvið sem tiltekin eru fyrir samræmda opnun á almennu samevrópsku boðkerfi innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 310, 9. 11. 1990, bls. 28).

5. 391L0287: Tilskipun ráðsins 91/287/EBE frá 3. júní 1991 um tíðnisvið sem tiltekin eru fyrir samræmda opnun evrópskra stafrænna þráðlausra fjarskipta (DECT) innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 144, 8. 6. 1991, bls. 45).

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirtalinna gerða:

6. 388Y1004(01): Ályktun ráðsins 88/C 257/01 frá 30. júní 1988 um að þróa sameiginlegan markað fyrir fjarskiptaþjónustu og -búnað fram til ársins 1992 (Stjtíð. EB nr. C 257, 4. 10. 1988, bls. 1).

7. 389Y0511(01): Ályktun ráðsins 89/C 117/01 frá 27. apríl 1989 um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta (Stjtíð. EB nr. C 117, 11. 5. 1989, bls. 1).

8. 389Y0801: Ályktun ráðsins 89/C 196/04 frá 18. júlí 1989 um að styrkja samræmingu í opnun á samþættri þjónustu í stafrænum netkerfum (ISDN) innan Evrópubandalagsins fram til ársins 1992 (Stjtíð. EB nr. C 196, 1. 8. 1989, bls. 4).

9. 390Y0707(02): Ályktun ráðsins 90/C 166/02 frá 28. júní um að styrkja samræmingu í allri Evrópu á útvarpstíðnum einkum með hliðsjón af þjónustu sem nær til allrar Evrópu (Stjtíð. EB nr. C 166, 7. 7. 1990, bls. 2).

10. 390Y3112(01): Ályktun ráðsins 90/C 329/09 frá 14. desember um lokastig samræmdrar opnunar almenns Evrópufarsíma innan bandalagsins (GSM) (Stjtíð. EB nr. C 329, 31. 12. 1990, bls. 9).

11. 384X0549: Tilmælum ráðsins 84/549/EBE frá 12. nóvember 1984 um að koma á samhæfingu á sviði fjarskipta (Stjtíð. EB nr. L 298, 16. 11. 1984, bls. 49).

12. 384X0550: Tilmælum ráðsins 84/550/EBE frá 12. nóvember 1984 varðandi fyrsta áfanga þess að opna aðgang að samningum á sviði almennra fjarskipta (Stjtíð. EB nr. L 298, 16. 11. 1984, bls. 51).

13. 386X0659: Tilmælum ráðsins 86/659/EBE frá 22. desember 1986 um samræmda opnun á samþættri þjónustu í stafrænum netkerfum (ISDN) innan Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 382, 31. 12. 1986, bls. 36).

14. 387X0371: Tilmælum ráðsins 87/371/EBE frá 25. júní 1987 um samræmda opnun á almennum Evrópufarsíma í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 196, 17. 7. 1987, bls. 81).

15. 390X0543: Tilmælum ráðsins 90/543/EBE frá 9. október 1990 um samræmda opnun á almennu samevrópsku boðkerfi innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 310, 9. 11. 1990, bls. 23).

16. 391X0288: Tilmælum ráðsins 91/288/EBE frá 3. júní 1991 um opnun evrópskra stafrænna þráðlausra fjarskipta (DECT) innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 144, 8. 6. 1991, bls. 47).

XII. VIÐAUKI

FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

Skrá sem kveðið er á um í 40. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐ SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 388L0361: Tilskipun ráðsins 88/361/EBE frá 24. júní 1988 um framkvæmd 67. greinar sáttmálans (Stjtíð. EB nr. L 178, 8. 7. 1988, bls. 5).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) EFTA-ríkin skulu tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um ráðstafanirnar sem um getur í 2. gr. tilskipunarinnar. Bandalagið skal tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni um ráðstafanir sem aðildarríki þess gera. Upplýsingaskipti um slíkar ráðstafanir skulu fara fram innan sameiginlegu EES-nefndarinnar.

   b) Þegar ráðstöfunum sem um getur í 3. gr. tilskipunarinnar er beitt skulu EFTA-ríkin fylgja þeirri málsmeðferð sem sett er fram í bókun 18. Í samvinnu milli samningsaðilanna gilda hinar sameiginlegu reglur sem settar eru fram í 45. gr. samningsins.

   c) Ákvarðanir sem bandalagið kann að taka í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar skulu ekki háðar reglum 2. kafla í VII. hluta samningsins. Bandalagið skal láta aðra samningsaðila vita um slíkar ákvarðanir. Heimilt er að viðhalda þeim takmörkunum sem lengingu aðlögunartímabila eru sett fyrir innan ramma samningsins með sömu skilmálum og innan bandalagsins.

   d) EFTA-ríkjunum er heimilt að halda áfram að beita innanlandslöggjöf er gildir um eignarrétt erlendra aðila, og/eða eignir sem eru í eigu erlendra aðila, þegar EES-samningurinn öðlast gildi en samkvæmt settum tímamörkum og innan eftirtalinna sviða:

      — Til 1. janúar 1995 á Íslandi að því er varðar skammtímafjármagnsflutningana sem um getur í II. viðauka tilskipunarinnar;

      — Til 1. janúar 1995 í Noregi að því er varðar kaup á innlendum verðbréfum og inntöku innlendra verðbréfa á erlenda fjármagnsmarkaði;

      — Til 1. janúar 1995 í Noregi og Sviþjóð og til 1. janúar 1996 í Finnlandi, Íslandi og Liechtenstein að því er varðar beinar fjárfestingar á innlendu yfirráðasvæði;

      — Til 1. janúar 1998 í Sviss að því er varðar beinar fjárfestingar í fasteignaviðskiptum í atvinnuskyni á innlendu yfirráðasvæði;

      — Til 1. janúar 1995 í Noregi, til 1. janúar 1996 í Austurríki, Finnlandi og Íslandi og fram til 1. janúar 1998 í Liechtenstein og Sviss að því er varðar fjárfestingar í fasteignum á innlendu yfirráðasvæði;

      — í Austurríki að því er varðar beinar fjárfestingar í flutningum á skipgengum vatnaleiðum, þar til sambærilegur aðgangur hefur fengist að vatnaleiðum Evrópubandalagsins.

   e) Á meðan aðlögunartímabilum stendur skulu EFTA-ríkin ekki meðhöndla nýjar fjárfestingar og fjárfestingar félaga eða ríkisborgara EB-aðildarríkja eða annarra EFTA-ríkja sem þegar eru fyrir hendi á óhagstæðari hátt en gert er samkvæmt þeirri löggjöf er gildir við undirritun samningsins, þetta gildir án þess að það hafi áhrif á rétt EFTA-ríkja til að koma á löggjöf sem er í samræmi við samninginn og sérstaklega ákvæði er varða kaup á íbúðarhúsnæði, sem notað er hluta úr ári, er samsvara í raun löggjöf sem hefur verið við lýði innan bandalagsins í samræmi við 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

f) Tilvísunin í inngangshluta I. viðauka tilskipunarinnar til 3. mgr. 68. gr. sáttmálans telst vera til 2. mgr. 42. gr. samningsins.

g) Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

h) Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Noregi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarhald erlendra aðila á fiskiskipum.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu á landi eða í félögum sem tengjast fiskveiðum aðeins óbeint. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum til að losa sig við fjárfestingar í fiskiskipum.

XIII. VIÐAUKI

FLUTNINGASTARFSEMI

Skrá sem kveðið er á um í 47. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

68. 391R0295: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi (Stjtíð. EB nr. L 36, 8. 2. 1991, bls. 5).

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilarnir taki mið af efni eftirtalinna gerða:

69. C/257/88/bls. 6: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi reglur um orðsendingar til framkvæmdastjórnarinnar um 4. og 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2671/88 frá 26. júlí 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlanagerð og samræmingu á framboði, skiptingu tekna og samráði um gjaldskrár í áætlunarflugi og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum (Stjtíð. EB nr. C 257, 4. 10. 1988, bls. 6).

70. C/119/89/bls. 6: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um beitingu a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2671/88 frá 26. júlí 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlanagerð og samræmingu á framboði, skiptingu tekna og samráði um gjaldskrár í áætlunarflugi og úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum (Stjtíð. EB nr. C 119, 13. 5. 1989, bls. 6).

71. 361Y0722(01): Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júní 1961 til aðildarríkjanna um beitingu reglugerðar nr. 11 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og -skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB nr. 50, 22. 7. 1961, bls. 975).

72. 485Y1231(01): Ályktun 85/C348/01 frá ráðinu og fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna sem funduðu með ráðinu til að bæta framkvæmd félagslegra reglugerða í flutningum á vegum (Stjtíð. EB nr. C 348, 31. 12. 1985, bls. 1).

73. 384X0646: Tilmæli 84/646/EBE ráðsins frá 19. desember 1984 um að efla samvinnu ríkisjárnbrautafélaga aðildarríkjanna í millilandaflutningum á farþegum og vörum (Stjtíð. EB nr. L 333, 21. 12. 1984, bls. 63).

74. 382X0922: Tilmæli 82/922/EBE framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 1982 til ríkisjárnbrautafyrirtækja um skilgreiningu á hágæðaþjónustu í farþegaflutningum milli landa (Stjtíð. EB nr. L 381, 31. 12. 1982, bls. 38).

75. 371Y0119(01): Ályktun ráðsins frá 7. desember 1970 um samvinnu milli járnbrautafyrirtækja (Stjtíð. EB nr. C 5, 19. 1. 1971, bls. 1).

XIV. VIÐAUKI

SAMKEPPNI

Skrá sem kveðið er á um í 60. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Ef ekki er kveðið á um annað skulu ákvæði viðaukans, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

I. Hugtakið „framkvæmdastjórn“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun“.

II. Hugtakið „sameiginlegur markaður“ lesist „svæðið sem EES-samningurinn tekur til“.

III. Hugtakið „viðskipti milli aðildarríkja“ lesist „viðskipti milli samningsaðila“.

IV. Hugtakið „framkvæmdastjórn og yfirvöld í aðildarríkjunum“ lesist „framkvæmdastjórn EB, eftirlitsstofnun EFTA, yfirvöld aðildarríkja EB og EFTA-ríkja“.

V. Tilvísanir til greina í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (EBE) eða stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins (KSE) lesist sem tilvísanir í EES-samninginn (EES) svo sem hér segir:

85. gr. (EBE)	–	53. gr. (EES)
86. gr. (EBE)	–	54. gr. (EES)
90. gr. (EBE)	–	59. gr. (EES)
66. gr. (KSE)	–	2. gr. bókunar 25 í EES-samningnum
80. gr. (KSE)	–	3. gr. bókunar 25 í EES-samningnum.

VI. Hugtakið „reglugerð þessi“ lesist „gerð þessi“.

VII. Hugtakið „samkeppnisreglur sáttmálans“ lesist „samkeppnisreglur EES-samningsins“.

VIII. Hugtakið „háa yfirvald“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun“.

Með fyrirvara um reglur um eftirlit með samfylkingum, lesist hugtakið „þar til bær eftirlitsstofnun“ sem vísað er til í reglunum hér á eftir sem „þar til bær eftirlitsstofnun sem hefur umboð til að skera úr um mál í samræmi við 56. gr. EES-samningsins“.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

A. EFTIRLIT MEÐ SAMRUNA

1. 389R4064: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12. 1989, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 257, 21.9. 1990, bls. 13.

Ákvæði 1. – 5. gr. reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 1. gr. skal klausunni „eða í samræmi við reglur sem fyrirhugaðar eru í bókun 21 við EES-samninginn“ skotið inn á eftir orðunum „með fyrirvara um 22. gr.“.

Enn fremur komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

b) Í 2. mgr. 1. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur komi „velta ... innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „velta ... innan bandalagsins“.

Í síðustu undirgreininni komi „ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“.

c) Ákvæði 3. mgr. 1. gr. gilda ekki.

d) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

e) Í lok 2. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

f) Í lok 3. mgr. 2. gr. komi „framkvæmd EES-samningsins“ í stað orðanna „hins sameiginlega markaðar“.

g) Í b-lið 5. mgr. 3. gr. komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríkis“.

h) Í 1. mgr. 4. gr. komi „hagsmuni bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „hagsmuni bandalagsins“.

Enn fremur skal klausunni „í samræmi við 57. gr. EES-samningsins“, í fyrsta málslið, skotið inn á eftir orðunum „Tilkynna skal framkvæmdastjórninni“.

i) Í 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi í stað síðustu undirgreinarinnar:

„Velta, innan bandalagsins eða aðildarríkis EB, skal samanstanda af tekjum af sölu vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan bandalagsins eða aðildarríkis EB eftir því sem við á. Sama gildir að því er varðar veltu á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða í EFTA-ríki.“.

j) Í annarri undirgrein a-liðar 3. mgr. 5. gr. komi „veltu innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „veltu innan bandalagsins“.

Enn fremur komi „íbúar innan bandalagsins eða EFTA“ í stað orðanna „íbúar innan bandalagsins“.

k) Í þriðju undirgrein a-liðar 3. mgr. 5. gr. komi „aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis“ í stað orðsins „aðildarríkis“.

l) Í síðustu setningu b-liðar 3. mgr. 5. gr. komi:

„..., skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis EB. Hið sama skal gilda hvað varðar heildariðgjöld frá íbúum á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna í heild eða frá íbúum eins EFTA-ríkis“.

í stað „..., skal taka til greina heildariðgjöld greidd af íbúum innan bandalagsins og af íbúum innan eins aðildarríkis“.

B. SAMNINGAR UM EINKAKAUP OG -SÖLU

2. 383R1983: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 frá 22. júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu (Stjtíð. EB nr. L 173, 30.6. 1983, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 166).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 5. gr. komi orðin „stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu“ í stað „sáttmálans“.

b) Í upphafsmálsgrein 6. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 6. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem eru fyrirhuguð í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.“

d) Ákvæði 7. gr. gilda ekki.

e) Ákvæði 10. gr. lesist:

„Gerð þessi fellur úr gildi 31. desember 1997.“

3. 383R1984: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83 frá 22. júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkakaup (Stjtíð. EB nr. L 173, 30.6. 1983, bls. 5), eins og hún var leiðrétt í Stjtíð. EB nr. L 281, 13.10. 1983, bls. 24, og eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 166);

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 5. gr. komi orðin „stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu“ í stað „sáttmálans“.

b) Í upphafsmálsgrein 14. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 14. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.“.

d) Ákvæði 15. gr. gilda ekki.

e) Ákvæði 19. gr. lesist:

„Gerð þessi fellur úr gildi 31. desember 1997.“

4. 385R0123: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 123/85 frá 12. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 15, 18.1. 1985, bls. 16), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 167).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í d-lið 2. liðar 1. mgr. 5. gr. komi „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“ í stað orðsins „aðildarríki“.

b) Ákvæði 7. gr. gilda ekki.

c) Ákvæði 8. gr. gilda ekki.

d) Ákvæði 9. gr. gilda ekki.

e) Í upphafsmálsgrein 10. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

f) Í 3. mgr. 10. gr. lesist orðið „aðildarríki“ sem „samningsaðilar“.

g) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 10. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.“.

h) Ákvæði 14. gr. lesist:

„Gerð þessi gildir til 30. júní 1995.“.

C. NYTJALEYFISSAMNINGAR VEGNA EINKALEYFA

5. 384R2349: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa (Stjtíð. EB nr. L 219, 16.8. 1984, bls. 15), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 166).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 4. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1699/75, og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum" sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27/62, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2526/85, og samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum".

b) Í 2. mgr. 4 gr. lesist hugtakið „framkvæmdastjórn" sem „framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA".

c) Ákvæði 4. mgr. 4. gr. gilda ekki.

d) Í stað annars málsliðar 5. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:
„Henni ber að andmæla undanþágu fái hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið áleiðis til þessara ríkja.".

e) Í stað annars málsliðar 6. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:
„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.".

f) Eftirfarandi bætist við í lok 9. mgr. 4. gr.:

„ , eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn.".

g) Ákvæði 6. gr. gilda ekki.

h) Ákvæði 7. gr. gilda ekki.

i) Ákvæði 8. gr. gilda ekki.

j) Í upphafsmálsgrein 9. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE" sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta".

k) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 9. gr.:
„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.".

l) Ákvæði 14. gr. lesist:

„Gerð þessi gildir til 31. desember 1994.".

D. SAMNINGAR UM SÉRHÆFINGU, RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

6. 385R0417: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85 frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu (Stjtíð. EB nr. L 53, 22.2. 1985, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 167).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 4. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27 og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum“ sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27/62, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2526/85, og samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum“.

b) Í 2. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „framkvæmdastjórn“ sem „framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA“.

c) Ákvæði 4. mgr. 4. gr. gilda ekki.

d) Í stað annars málsliðar 5. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Henni ber að andmæla undanþágu fái hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið áleiðis til þessara ríkja.“.

e) Í stað annars málsliðar 6. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.“.

f) Eftirfarandi bætist við í lok 9. mgr. 4. gr.:

„ , eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn.“.

g) Í upphafsmálsgrein 8. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 8. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.“.

i) Ákvæði 10. gr. lesist:

„Gerð þessi gildir til 31. desember 1997.“.

7. 385R0418: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85 frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun (Stjtíð. EB nr. L 53, 22.2. 1985, bls. 5), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15. 11. 1985, bls. 167).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 7. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27 og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum“ sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27/62, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2526/85, og samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum“.

b) Í 2. mgr. 7. gr. lesist hugtakið „framkvæmdastjórn“ sem „framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA“.

c) Ákvæði 4. mgr. 7. gr. gilda ekki.

d) Í stað annars málsliðar 5. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Henni ber að andmæla undanþágu fái hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið áleiðis til þessara ríkja.“.

e) Í stað annars málsliðar 6. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.“.

f) Eftirfarandi bætist við í lok 9. mgr. 7. gr.:

„ , eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn.“.

g) Í upphafsmálsgrein 10. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 10. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.“.

i) Ákvæði 11. gr. gilda ekki.

j) Ákvæði 13. gr. lesist:

„Gerð þessi gildir til 31. desember 1997.“.

E. UMBOÐSSAMNINGAR

8. 388R4087: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88 frá 30. nóvember 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum umboðssamninga (Stjtíð EB nr. L 359, 28.12. 1988, bls. 46).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. mgr. 6. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27 og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum“ sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27/62, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2526/85, og samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum“.

b) Í 2. mgr. 6. gr. lesist hugtakið „framkvæmdastjórn“ sem „framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA“.

c) Ákvæði 4. mgr. 6. gr. gilda ekki.

d) Í stað annars málsliðar 5. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„Henni ber að andmæla undanþágu fái hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið áleiðis til þessara ríkja.“.

e) Í stað annars málsliðar 6. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.“.

f) Eftirfarandi bætist við í lok 9. mgr. 6. gr.:

„ , eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn.“.

g) Í upphafsmálsgrein 8. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta“.

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 8. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.“.

i) Í c-lið 8. gr. lesist hugtakið „aðildarríki“ sem „aðildarríki EB eða EFTA-ríki“.

j) Ákvæði 9. gr. lesist:

„Gerð þessi gildir til 31. desember 1999.“.

F. NYTJALEYFISSAMNINGAR UM KUNNÁTTU

9. 389R0556: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 556/89 frá 30. nóvember 1988 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga um kunnáttu (Stjtíð. EB nr. L 61, 4.3. 1989, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 2. mgr. 1. gr. lesist hugtakið „EBE" sem "svæðisins sem EES-samningurinn tekur til".

b) Ákvæði 4. mgr. 1. gr. lesist:

„Að því marki sem skuldbindingarnar sem um getur í 1. – 5. lið 1. mgr. lúta að yfirráðasvæðum innan aðildarríkja EB eða EFTA-ríkjanna, þar sem sama tækniþekking nýtur nauðsynlegrar einkaleyfisverndar, gildir sú undanþága sem kveðið er á um í 1. mgr. áfram í þeim ríkjum meðan framleiðsluvaran eða vinnsluaðferðin sem heyrir undir nytjaleyfi nýtur verndar slíkra einkaleyfa í þeim ríkjum, enda standi sú vernd lengur en sem nemur þeim tíma sem tilgreindur er í 2. mgr.".

c) Í 6. og 8. tölul. 7. mgr. 1. gr. lesist hugtakið „aðildarríki" sem „aðildarríki EB eða EFTA-ríkjum".

d) Í 1. mgr. 4. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27 og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum" sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 27/62, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2526/85, og samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum".

e) Í 3. mgr. 4. gr. lesist hugtakið „framkvæmdastjórn" sem „framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA".

f) Ákvæði 5. mgr. 4. gr. gilda ekki.

g) Í stað annars málsliðar 6. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Henni ber að andmæla undanþágu fái hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið áleiðis til þessara ríkja.".

h) Í stað annars málsliðar 7. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.".

i) Eftirfarandi bætist við í lok 10. mgr. 4. gr.:

„ , eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn.".

j) Í upphafsmálsgrein 7. gr. lesist klausan „á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE" sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta".

k) Eftirfarandi bætist við í lok a- og b-liðar 5. tölul. í 7. gr.:

„Í slíkum tilvikum er þar til bærri eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það.".

l) Ákvæði 8. gr. gilda ekki.

m) Ákvæði 9. gr. gilda ekki.

n) Ákvæði 10. gr. gilda ekki.

o) Ákvæði 12. gr. lesist:

„Gerð þessi gildir til 31. desember 1999.“.

G. FLUTNINGAR

10. 368R1017: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB. nr. L 175, 23.7. 1986, bls. 1).

Ákvæði 1. – 5. gr. og 7. – 9. gr. reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 2. gr. lesist upphafsmálsgreinin svo sem hér segir:

„Með fyrirvara um ákvæði 3. – 6. gr. þessarar reglugerðar, og samsvarandi ákvæði við 6. gr. sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn, skal eftirfarandi bannað enda sé það ósamrýmanlegt EES-samningnum, og engin þörf á úrskurði þar um: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og miða að því eða hafa þær afleiðingar að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni á svæði því sem EES-samningurinn tekur til, einkum þar sem:“ .

b) Ákvæði 2. mgr. 3. gr. gilda ekki.

c) Ákvæði 6. gr. gilda ekki.

d) Í fyrstu málsgrein 8. gr. lesist klausan „samrýmist ekki hinum sameiginlega markaði“ sem „samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins“.

e) Ákvæði 1. mgr. 9. gr. lesist: „Þegar í hlut eiga opinber fyrirtæki eða fyrirtæki sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki hafa veitt sérstök réttindi eða einkarétt skulu samningsaðilar tryggja að aðgerðir gegn ákvæðum undanfarandi greina séu hvorki samþykktar né þeim viðhaldið.“.

f) Í 2. mgr. 9. gr. lesist orðið „bandalagið“ sem „samningsaðilar“.

g) Ákvæði 3. mgr. 9. gr. lesist: „Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu sjá til þess að ákvæðum þessarar greinar sé beitt og, ef þörf krefur, gera viðeigandi ráðstafanir í ríkjum innan lögsögu þeirra.“.

11. 386R4056: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó (Stjtíð. EB. nr. L 378, 31.12. 1986, bls. 4).

Ákvæði I. þáttar reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 2. mgr. 1. gr. lesist „hafnir innan bandalagsins“ sem „hafnir innan svæðisins sem EES-samningurinn tekur til“.

b) Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ekki.

c) Í upphafsmálsgrein 1. mgr. 7. gr. lesist hugtakið „II. þætti“ sem „II. þætti eða samsvarandi ákvæðum sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn“.

Enn fremur í lesist „4. mgr. 11. gr.“ í öðrum undirlið sem „4. mgr. 11. gr. eða samsvarandi ákvæði sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn“.

d) Í a-lið 2. mgr. 7. gr. lesist hugtakið „II. þætti“ sem „II. þætti eða samsvarandi ákvæðum sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn“.

e) Við i-lið c-liðar í 2. mgr. 7. gr. bætast eftirfarandi lokamálsgreinar:

„Hafi samningsaðili í hyggju að hefja viðræður við þriðja land í samræmi við þessa reglugerð skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni.

Hvenær sem við á er samningsaðila, sem hefur málsmeðferðina, heimilt að krefjast þess að aðrir samningsaðilar taki þátt í henni.

Mótmæli einn eða fleiri samningsaðilar fyrirhugaðri aðgerð verður leitast við að finna viðunandi lausn innan sameiginlegu EES-nefndarinnar. Komist samningsaðilar ekki að samkomulagi er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á röskun á samkeppni sem kann að fylgja í kjölfarið.“.

f) Í 2. mgr. 8. gr. lesist klausan „að beiðni aðildarríkis“ sem „að beiðni aðildarríkis sem heyrir undir lögsögu hennar“.

Enn fremur lesist hugtakið „10. gr.“ sem „10. gr. eða samsvarandi ákvæðum sem fyrirhuguð eru í bókun 21 við EES-samninginn“.

g) Í 1. mgr. 9. gr. lesist „hagsmunum bandalagsins í viðskiptum og siglingum“ sem „hagsmunum samningsaðila í viðskiptum og siglingum“.

h) Við 9. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„ 4. Hafi samningsaðili í hyggju að hefja viðræður við þriðja land í samræmi við þessa reglugerð skal hann tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni.

Hvenær sem við á er samningsaðila, sem hefur málsmeðferðina, heimilt að krefjast þess að aðrir samningsaðilar taki þátt í henni.

Mótmæli einn eða fleiri samningsaðilar fyrirhugaðri aðgerð verður leitast við að finna viðunandi lausn innan sameiginlegu EES-nefndarinnar. Komist samningsaðilar ekki að samkomulagi er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á röskun á samkeppni sem kann að fylgja í kjölfarið.“.

H. OPINBER FYRIRTÆKI

12. 388L0301: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/301/EBE frá 16. maí 1988 um samkeppni á mörkuðum fyrir notendabúnað til fjarskipta (Stjtíð. EB nr. L 131, 27.5. 1988, bls. 73).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í annarri málsgrein 2. gr. komi klausan „gildistöku EES-samningsins“ í stað „birtingu þessarar tilskipunar“.

b) Ákvæði 10. gr. gilda ekki.

c) Enn fremur gildir eftirfarandi:

Að því er EFTA-ríkin varðar er samkomulag um að öllum upplýsingum, boðskiptum, skýrslum og tilkynningum sé beint til eftirlitsstofnunar EFTA en innan bandalagsins er þeim, í samræmi við þessa tilskipun, beint til framkvæmdastjórnar EB.

Að því er varðar mismunandi aðlögunartímabil sem kveðið er á um í þessari gerð gildir almennt sex mánaða aðlögunartímabil frá gildistöku EES-samningsins.

13. 390L0388: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE frá 28. júní 1990 um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu (Stjtíð. EB nr. L 192, 24.7. 1990, bls. 10).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað fimmtu málsgreinar 3. gr. komi eftirfarandi:

"Framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA skal innan lögsögu sinnar ganga úr skugga um að þessar fyrirætlanir séu í samræmi við EES-samninginn, áður en til framkvæmdar þeirra kemur.

b) Í annarri málsgrein 6. gr. komi klausan „samhæfðar reglur sem fram koma ... í EES-samningnum" í stað „samræmdar bandalagsreglur ... samþykktar af ráðinu".

c) Fyrsta málsgrein 10. gr. gildir ekki.

d) Enn fremur gildir eftirfarandi:

Að því er EFTA-ríkin varðar er samkomulag um að öllum upplýsingum, boðskiptum, skýrslum og tilkynningum sé beint til eftirlitsstofnunar EFTA en innan bandalagsins er þeim, í samræmi við þessa tilskipun, beint til framkvæmdastjórnar EB.

Að því er varðar mismunandi aðlögunartímabil sem kveðið er á um í þessari gerð gildir almennt sex mánaða aðlögunartímabil frá gildistöku EES-samningsins.

I. KOL OG STÁL

14. 354D7024: Ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 24/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki (Stjtíð. KSE nr. 9, 11.5. 1954, bls. 345/54).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 4. gr. gilda ekki.

15. 367D7025: Ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 25/67 frá 22. júní 1967 varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi (Stjtíð. EB nr. 154, 14. 7. 1967, bls. 11), eins og henni var breytt með:

— 378S2495: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2495/78/KSE frá 20. október 1978 (Stjtíð. EB nr. L 300, 27.10. 1978, bls. 21).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 2. mgr. 1. gr. skal skjóta inn klausunni „og innan EFTA-ríkjanna" á eftir „... innan bandalagsins".

b) Í fyrirsögn 2. gr. lesist klausan „gildissvið sáttmálans" sem „gildissvið bókunar 25 við EES-samninginn".

c) Í fyrirsögn 3. gr. lesist klausan „gildissvið sáttmálans" sem „gildissvið bókunar 25 við EES-samninginn".

d) Ákvæði 11. gr. gilda ekki.

GERÐIR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRN EB OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL

Við beitingu 53. – 60. gr. samningsins og ákvæða sem vísað er til í þessum viðauka, skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA taka tilhlýðilegt tillit til meginreglna og annarra reglna sem eftirfarandi gerðir hafa að geyma:

Eftirlit með samfylkingum

16. C/203/90/bls. 5: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um takmarkanir sem lúta að samfylkingum (Stjtíð. EB. nr. C 203, 14.8. 1990, bls. 5).

17. C/203/90/bls. 10: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um samfylkingar- og samvinnuaðgerðir samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (Stjtíð. EB. nr. C 203, 14.8. 1990, bls. 10).

Samningar um einkakaup og -sölu

18. C/101/84/bls. 2: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 og (EBE) nr. 1984/83 frá 22. júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um einkadreifingu og einkakaup (Stjtíð. EB nr. C 101, 13.4. 1984, bls. 2).

19. C/17/85/bls. 4: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi reglugerð (EBE) nr. 123/85 frá 12. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja (Stjtíð. EB nr. C 17, 18.1. 1985, bls. 4).

Annað

20. 362X1224(01): Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi samninga við umboðsmenn um einkakaup og -sölu (Stjtíð. EB nr. 139, 24.12. 1962, bls. 2921/62).

21. C/75/68/bls. 3: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði samvinnu milli fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. C 75, 29.7. 1968, bls. 3), eins og henni var breytt í Stjtíð. EB nr. C 84, 28.8. 1968, bls. 14).

22. C/111/72/bls. 13: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi innflutning til bandalagsins á japönskum vörum sem falla undir gildissvið Rómarsáttmálans (Stjtíð. EB nr. C 111, 21.10. 1972, bls. 13).

23. C/1/79/bls. 2: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar frá 18. desember 1978 varðandi mat hennar á tilteknum samningum undirverktaka í tengslum við 1. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans (Stjtíð. EB nr. C 1, 3.1. 1979, bls. 2).

24. C/231/86/bls.2: Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi minniháttar samninga sem ekki falla undir 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Stjtíð. EB nr. C 231, 12.9. 1986, bls. 2).

25. C/233/91/bls. 2: Leiðbeiningar um beitingu samkeppnisreglna EBE á sviði fjarskipta (Stjtíð. EB nr. C 233, 6.9. 1991, bls. 2).

XV. VIÐAUKI

RÍKISAÐSTOÐ

Skrá sem kveðið er á um í 63. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

Opinber fyrirtæki

1. 380L0723: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE frá 25. júní 1980 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 195, 29.7. 1980, bls. 35), eins og henni var breytt með:

   — 385L0413: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/413/EBE frá 24. júlí 1985 um breytingu á tilskipun 80/723/EBE um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 229, 28.8. 1985, bls. 20).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Orðið „framkvæmdastjórn“ lesist „þar til bær eftirlitsstofnun samkvæmt skilgreiningu 62. gr. EES-samningsins“.

   b) Orðin „viðskipti milli aðildarríkja“ lesist „viðskipti milli samningsaðila“.

GERÐIR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRN EB OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL

Við beitingu 61. – 63. gr. samningsins og ákvæða sem vísað er til í þessum viðauka skulu framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA taka tilhlýðilegt tillit til meginreglna og annarra reglna sem eftirfarandi gerðir hafa að geyma:

Kannað af framkvæmdastjórninni

Fyrri tilkynningar um áætlaða ríkisaðstoð og aðrar framkvæmdarreglur

2. C/252/80/bls. 2: Tilkynning til framkvæmdastjórnarinnar um ríkisaðstoð samkvæmt 3. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans; vanræksla aðildarríkjanna á að standa við skuldbindingar sínar (Stjtíð. EB nr. C 252, 30.9. 1980, bls. 2).

3. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(81) 12740 frá 2. október 1981.

4. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(89) D/5521 frá 27. apríl 1989.

5. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(87) D/5540 frá 30. apríl 1989: Málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans – Tímamörk.

6. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(90) D/28091 frá 11. október 1990: Ríkisaðstoð – aðildarríkjunum tilkynnt um aðstoð sem hefur ekki verið andmælt af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

7. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(91) D/4577 frá 4. mars 1991: Orðsending til aðildarríkjanna varðandi málsmeðferð við tilkynningu á aðstoðaráætlunum og málsmeðferð sem beitt er þegar aðstoð er veitt þrátt fyrir reglur 3. mgr. 93. gr. EBE-sáttmálans.

Mat á minniháttar aðstoð

8. C/40/90/bls. 2: Tilkynning um aðstoðaráætlun vegna minniháttar aðstoðar (Stjtíð. EB nr. C 40, 20.2. 1990, bls. 2).

Eignarhlutur hins opinbera

9. Beiting 92. og 93. gr. EBE-sáttmálans gagnvart eignarhlutum hins opinbera (Fréttatilkynning EB 9-1984)

Ólögleg aðstoð

10. C/318/83/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um ólöglega aðstoð (Stjtíð. EB nr. C 318, 24.11. 1983, bls. 3).

Ríkisábyrgðir

11. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(89) D/4328 frá 5. apríl 1989.

12. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(89) D/12772 frá 12. október 1989.

Viðmiðanir fyrir aðstoðaráætlanir á tilteknum sviðum

Textíl- og fataiðnaður

13. Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um viðmiðanir varðandi aðstoð við textíliðnaðinn (SEC(71) 363 Endanlegt – júlí 1971).

14. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(77) D/1190 frá 4. febrúar 1977 og viðauki (Skjal. SEC(77) 317, 25.1. 1977): Um athugun á núverandi aðstæðum með tilliti til aðstoðar við textíl- og fataiðnaðinn.

Gerviefnaiðnaður

15. C/173/89/bls. 5: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um aðstoð til gerviefnaiðnaðar innan EBE (Stjtíð. EB nr. C 173, 8.7. 1989, bls. 5).

Bílaiðnaður

16. C/123/89/bls. 3: Viðmiðanir bandalagsins fyrir ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn (Stjtíð. EB nr. C 123, 18.5. 1989, bls. 3).

17. C/81/91/bls. 4: Viðmiðanir bandalagsins fyrir ríkisaðstoð við bílaiðnaðinn (Stjtíð. EB nr. C 81, 26.3. 1991, bls. 4).

Viðmiðanir fyrir almenn kerfi vegna aðstoðar við ákveðin svæði

18. 471Y1104: Ályktun ráðsins frá 20. október 1971 um almenn kerfi vegna aðstoðar við ákveðin svæði (Stjtíð. EB nr. C 111, 4.11. 1971, bls. 1).

19. C/111/71/bls. 7: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um ályktun ráðsins frá 20. október 1971 um almenn kerfi vegna aðstoðar við ákveðin svæði (Stjtíð. EB nr. C 111, 4.11. 1971, bls. 7).

20. Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um almenn kerfi vegna aðstoðar við ákveðin svæði (COM(75)77, endanlegt).

21. C/31/79/bls. 9: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1978 um kerfi vegna svæðaaðstoðar (Stjtíð. EB nr. C 31, 3.2. 1979, bls. 9).

22. C/212/88/bls. 2: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig a- og c-lið 3. mgr. 92. gr. skuli beitt um aðstoð við ákveðin svæði (Stjtíð. EB nr. C 212, 12.8. 1988, bls. 2).

23. C/10/90/bls. 8: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun orðsendingarinnar frá 21. desember 1978 (Stjtíð. EB nr. C 10, 16.1. 1990, bls. 8).

24. C/163/90/bls. 5: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig c-lið 3. mgr. 92. gr. skuli beitt um aðstoð við ákveðin svæði (Stjtíð. EB nr. C 163, 4.7. 1990, bls. 5).

25. C/163/90/bls. 6: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar hvernig a-lið 3. mgr. 92. gr. skuli beitt um aðstoð við ákveðin svæði (Stjtíð. EB nr. C 163, 4.7. 1990, bls. 6).

Altækar viðmiðanir

Viðmiðanir bandalagsins um ríkisaðstoð til umhverfismála

26. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna S/74/30.807 frá 7. nóvember 1974.

27. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(80) D/8287 frá 7. júlí 1980.

28. Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna (Viðauki við bréfið frá 7. júlí 1980).

29. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(87) D/3795 frá 23. mars 1987.

Viðmiðanir bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunarverkefna

30. C/83/86/bls. 2: Viðmiðun bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna og þróunarverkefna (Stjtíð. EB nr. C 83, 11.4. 1986, bls. 2).

31. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(90) D/01620 frá 5. febrúar 1990.

Reglur sem beita má við almennar aðstoðaráætlanir

32. Bréf framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna SG(79) D/10478 frá 14. september 1979.

33. Eftirlit með neyðaraðstoð og aðstoð vegna endurskipulagningar (Áttunda skýrsla um stefnu í samkeppnismálum, 228. tölul.).

Reglur sem beita má í tilvikum þegar um er að ræða uppsafnaða aðstoð í ólíkum tilgangi

34. C/3/85/bls. 3: Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um uppsafnaða aðstoð í ólíkum tilgangi (Stjtíð. EB nr. C 3, 5.1. 1985, bls. 3).

Aðstoð vegna atvinnu

35. Sextánda skýrsla um stefnu í samkeppnismálum, 253. tölul.

36. Tuttugasta skýrsla um stefnu í samkeppnismálum, 280. tölul.

Eftirlit með aðstoð við stáliðnaðinn

37. C/320/88/bls. 3: Viðmiðanir fyrir tiltekin svið innan stáliðnaðar sem KSE-sáttmálinn tekur ekki til (Stjtíð. EB nr. C 320, 13.12. 1988, bls. 3).

XVI. VIÐAUKI

OPINBER INNKAUP

Skrá sem kveðið er á um í 1. mgr. 65. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

1. Um beitingu tilskipana 71/305/EBE, 89/440/EBE og 90/531/EBE, sem vísað er til í þessum viðauka, gildir eftirfarandi:

   Þar til frelsi vinnuafls til flutninga verður óheft í samræmi við 28. gr. samningsins ber samningsaðilum að tryggja:

   — frjálsan aðgang lykilstarfsmanna hjá verktökum samningsaðila sem fengið hafa opinbera verksamninga;

   — jafnan rétt til atvinnuleyfa handa verktökum samningsaðila sem fengið hafa opinbera verksamninga.

2. Þegar til þess er ætlast í gerðunum, sem vísað er til í þessum viðauka, að birtar séu opinberar auglýsingar eða gögn gildir eftirfarandi:

   a) Skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal annast birtingu auglýsinga og annarra gagna, eins og til er ætlast í gerðunum sem vísað er til í þessum viðauka, í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins og í tölvubanka með daglegum upplýsingum um tilboð.

   b) Auglýsingar frá EFTA-ríkjunum skulu sendast skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna á að minnsta kosti einu af tungumálum bandalagsins. Þær skulu birtar, á tungumálum bandalagsins, í S-hluta Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins og í tölvubanka með daglegum upplýsingum um tilboð. Ekki er þörf á að þýða auglýsingar EB yfir á tungumál EFTA-ríkjanna.

3. Við beitingu 3. kafla VII. hluta samningsins um eftirlit vegna þessa viðauka, telst þar til bær stofnun varðandi eftirlit með meintum brotum vera framkvæmdastjórn EB, ef meint brot er framið af samningsstofnun innan bandalagsins, en eftirlitsstofnun EFTA sé það framið af samningsstofnun í EFTA-ríki.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 371L0304: Tilskipun ráðsins 71/304/EBE frá 26. júlí 1971 um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu á sviði opinberra verksamninga og um gerð opinberra verksamninga fyrir milligöngu umboða eða útibúa (Stjtíð. EB nr. L 185, 16.8.1971, bls. 1).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) II. viðauki við tilskipun 89/440/EBE komi í staðinn fyrir skrá yfir sérfræðistörf.

   b) Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1995;

   að því er Sviss varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1994.

   meðan á aðlögunartímabilunum stendur fresta þessi ríki og aðrir samningsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.

2. 371L0305: Tilskipun ráðsins 71/305/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga (Stjtíð. EB nr. L 185, 16.8.1971, bls. 5), eins og henni var breytt með:

— 389L0440: Tilskipun ráðsins 89/440/EBE frá 18. júlí 1989 (Stjtíð. EB nr. L 210, 21.7.1989, bls. 1).

— 390D0380: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/380/EBE frá 13. júlí 1990 um endurskoðun og leiðréttingar á I. viðauka við tilskipun ráðsins 89/440/EBE (Stjtíð. EB nr. L 187, 19.7.1990, bls. 55).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1995;

að því er Sviss varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1994;

meðan á aðlögunartímabilunum stendur fresta þessi ríki og aðrir samningsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.

b) Í a-lið 4. gr. lesist „í samræmi við stofnsáttmála EBE“ sem „í samræmi við EES-samninginn“.

c) Í 1. og 3. mgr. 4. gr. a, hafi honum ekki verið komið á í Finnlandi, Liechtenstein og Sviss merkir virðisaukaskattur:

— „liikevaihtovero/omsättningsskatt“ í Finnlandi;

— „Warenumsatzsteuer“ í Liechtenstein;

— „Warenumsatzsteuer/impôt sur le chiffre d'affaires/imposta sulla cifra d'affari“ í Sviss.

d) Í 2. mgr. 4. gr. a skulu fjárhæðir viðmiðunarmarka í gjaldmiðlum EFTA-ríkja miðast við gildistöku 1. janúar 1993 og skal meginreglan vera sú að þær séu endurskoðaðar á tveggja ára fresti frá 1. janúar 1995 og birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

e) Eftirfarandi bætist við 24. gr.:

„í Austurríki	Firmenbuch, Gewerberegister, Mitgliederverzeichnisse der Landeskammern,
í Finnlandi	Kaupparekisteri, Handelsregistret,
á Íslandi	Firmaskrá,
í Liechtenstein	Gewerberegister,
í Noregi	Foretaksregisteret,
í Svíþjóð	Aktiebolagsregistret, Handelsregistret,
í Sviss	Handelsregister, Registre du Commerce, Registro di Commercio.“

f) Í 1. mgr. 30. gr. a komi dagsetningin 31. október 1995 í stað 31. október 1993.

g) Við I. viðauka bætist 1. viðbætir þessa viðauka.

3. 377L0062: Tilskipun ráðsins 77/62/EBE frá 21. desember 1976 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup (Stjtíð. EB nr. L 13, 15.1.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með tilskipun 80/767/EBE og tilskipun 88/295/EBE, eins og henni var breytt og bætt var við hana með:

— 380L0767: Tilskipun ráðsins 80/767/EBE frá 22. júlí 1980 til að auka við og aðlaga tilskipun 77/62/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup að því er varðar tiltekin samningsyfirvöld (Stjtíð. EB nr. L 215, 18.8.1980, bls. 1), eins og henni var breytt með tilskipun 88/295/EBE.

— 388L0295: Tilskipun ráðsins 88/295/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 77/62/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup og afnám ákveðinna ákvæða í tilskipun 80/767/EBE (Stjtíð. EB nr. L 127, 20.5.1988, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er Liechtenstein varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1995;

að því er Sviss varðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari öðlast gildi 1. janúar 1994;

meðan á aðlögunartímabilunum stendur fresta þessi ríki og aðrir samningsaðilar beitingu þessarar tilskipunar.

b) Í 2. gr. a komi tilvísun í „123. gr. EES-samningsins“ í stað „b-liðar 1. mgr. 223. gr. stofnsáttmálans.“

c) Í a-lið 1. mgr. 5. gr., hafi honum ekki verið komið á í Finnlandi, Liechtenstein og Sviss merkir virðisaukaskattur:

— „liikevaihtovero/omsättningsskatt“ í Finnlandi;

— „Warenumsatzsteuer“ í Liechtenstein;

— „Warenumsatzsteuer/impôt sur le chiffre d'affaires/imposta sulla cifra d'affari“ í Sviss.

d) Með þann skilning í huga að viðmiðunarmörk sem sett eru í evrópsku mynteiningunni (ECU) gildi einungis innan EES, falla eftirfarandi orð í c-lið 1. mgr. 5. gr. niður:

— í fyrsta málslið orðin „fjárhæð viðmiðunarmarka GATT-samkomulagsins í evrópsku gjaldmiðilseiningunni (ECU)“;

— í öðrum málslið orðin „og meðaldaggengi evrópsku gjaldmiðilseiningarinnar (ECU) reiknuðu í sérstökum dráttarréttindum (SDR)“.

e) Í c-lið 1. mgr. 5. gr. skulu fjárhæðir viðmiðunarmarka í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna miðast við gildistöku 1. janúar 1993.

    Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

    Í Austurríki skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari koma til framkvæmda frá 1. janúar 1994.

20. 386L0378: Tilskipun ráðsins 86/378/EBE frá 24. júlí 1986 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina (Stjtíð. EB nr. L 225, 12.8.1986, bls. 40).

21. 386L0613: Tilskipun ráðsins 86/613/EBE frá 11. desember 1986 um beitingu meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, þar með talið landbúnað, og um vernd sjálfstætt starfandi kvenna við meðgöngu og barnsburð (Stjtíð. EB nr. L 359, 19.12.1986, bls. 56).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í Austurríki skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari koma til framkvæmda frá 1. janúar 1994.

Vinnuréttur

22. 375L0129: Tilskipun ráðsins 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir (Stjtíð. EB nr. L 48, 22.2.1975, bls. 29).

23. 377L0187: Tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (Stjtíð. EB nr. L 61, 5.3.1977, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 1. gr. komi „þess yfirráðasvæðis þar sem EES-samningurinn gildir“ í stað „þess yfirráðasvæðis þar sem sáttmálinn gildir“.

24. 380L0987: Tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota (Stjtíð. EB nr. L 283, 28.10.1980, bls. 23), eins og henni var breytt með:

— 387L0164: Tilskipun ráðsins 87/164/EBE frá 2. mars 1987 (Stjtíð. EB nr. L 66, 11.3.1987, bls. 11).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við I. þátt viðaukans:

„F. AUSTURRÍKI

1. Stjórnarmenn hlutafélags sem annast löggilt umboð fyrir hönd þess félags.

2. Félagsmenn sem hafa rétt til ákvarðanatöku í félagi, jafnvel þótt það sé gert fyrir annarra hönd.

G. LIECHTENSTEIN

Meðeigendur eða hluthafar sem hafa rétt til ákvarðanatöku í sameignarfélagi eða félagi.

H. ÍSLAND

1. Stjórnarmenn gjaldþrota félags eftir að fjárhagsstaða félagsins varð mjög slæm.

2. Þeir sem hafa átt 5% eða meira af fjármagni gjaldþrota hlutafélags.

3. Framkvæmdastjóri gjaldþrota félags eða aðrir sem vegna starfa sinna fyrir félagið höfðu þá yfirsýn yfir fjárhag þess að þeim mátti vera ljóst að gjaldþrot vofði yfir þegar teknanna var aflað.

4. Maki einstaklings sem er í þeirri aðstöðu sem tilgreind er í 1. – 3. lið svo og ættingi einstaklings og ættingi maka í beinan legg.

I. SVÍÞJÓÐ

Launþegi, eða eftirlifendur launþega, sem einn eða í félagi við nána ættingja átti stóran hlut í félagi eða atvinnurekstri vinnuveitanda og hafði umtalsverð áhrif á starfsemina. Þetta gildir einnig þegar vinnuveitandi er lögpersóna og ekki er um fyrirtæki eða atvinnurekstur að ræða."

b) Eftirfarandi bætist við II. þátt viðaukans:

„E. LIECHTENSTEIN

Tryggðir einstaklingar sem fá bætur úr ellitryggingasjóði.

F. SVISS

Tryggðir einstaklingar sem fá bætur úr ellitryggingasjóði."

XIX. VIÐAUKI

NEYTENDAVERND

SKRÁ SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 72. GR.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Í þessum viðauka og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki" í gerðunum sem vísað er til feli í sér, auk merkingar þess í viðkomandi EB-gerðum, Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noreg, Sviss og Svíþjóð.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 379L0581: Tilskipun ráðsins 79/581/EBE frá 19. júní 1979 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum er tilgreint (Stjtíð. EB nr. L 158, 26.6.1979, bls. 19), eins og henni var breytt með:

   — 388L0315: Tilskipun ráðsins 88/315/EBE frá 7. júní 1988 (Stjtíð. EB nr. L 142, 9.6.1988, bls. 23).

2. 384L0450: Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjtíð. EB nr. L 250, 19.9.1984, bls. 17).

3. 385L0577: Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva (Stjtíð. EB nr. L 372, 31.12.1985, bls. 31).

4. 387L0102: Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtíð. EB nr. L 42, 12.2.1987, bls. 48), eins og henni var breytt með:

   — 390L0088: Tilskipun ráðsins 90/88/EBE frá 22. febrúar 1990 (Stjtíð. EB nr. L 61, 10.3.1990, bls. 14).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Í a-lið 3. mgr. og a-lið 5. mgr. 1. gr. a komi dagsetningin 1. mars 1992 í staðinn fyrir 1. mars 1990.

5. 387L0357: Tilskipun ráðsins 87/357/EBE frá 25. júní 1987 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru (Stjtíð. EB nr. L 192, 11.7.1987, bls. 49).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Í 2. mgr. 4. gr. lesist tilvísun í ákvörðun 84/133/EBE sem tilvísun í ákvörðun 89/45/EBE.

6. 388L0314: Tilskipun ráðsins 88/314/EBE frá 7. júní 1988 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á vörum öðrum en matvörum er tilgreint (Stjtíð. EB nr. L 142, 9.6.1988, bls. 19).

7. 390L0314: Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtíð. EB nr. L 158, 23.6.1990, bls. 59).

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilar skulu taka mið af efni eftirtalinna gerða:

8. 388X0590: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 88/590/EBE frá 17. nóvember 1988 um greiðslumiðlanir, einkum sambandið milli korthafa og kortaútgefanda (Stjtíð. EB nr. L 317, 24.11.1988, bls. 55).

9. 388Y0611(01): Ályktun ráðsins 88/C 153/01 frá 7. júní 1988 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum og öðrum vörum er tilgreint (Stjtíð. EB nr. C 153, 11.6.1988, bls. 1).

XX. VIÐAUKI

UMHVERFISMÁL

skrá sem kveðið er á um í 74. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Í þessum viðauka og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki" í gerðunum sem vísað er til feli í sér, auk merkingar þess í viðkomandi EB-gerðum, Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noreg, Sviss og Svíþjóð.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

I. ALMENNT

1. 385L0337: Tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtíð. EB nr. L 175, 5.7.1985, bls. 40).

2. 390L0313: Tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálsan aðgang að upplýsingum um umhverfismál (Stjtíð. EB nr. L 158, 23.6.1990, bls. 56).

II. VATN

3. 375L0440: Tilskipun ráðsins 75/440/EBE frá 16. júní 1975 um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar (Stjtíð. EB nr. L 194, 25.7.1975, bls. 26), eins og henni var breytt með:

   — 379L0869: Tilskipun ráðsins 79/869/EBE frá 9. október 1979 (Stjtíð. EB nr. L 271, 29.10.1979, bls. 44).

4. 376L0464: Tilskipun ráðsins 76/464/EBE frá 4. maí 1976 um mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna sem losuð eru í vatn í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 129, 18.5.1976, bls. 23).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

5. 379L0869: Tilskipun ráðsins 79/869/EBE frá 9. október 1979 um mæliaðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni sem nýtt er til drykkjar í aðildarríkjunum (Stjtíð. EB nr. L 271, 29.10.1979, bls. 44), eins og henni var breytt með:

   — 381L0855: Tilskipun ráðsins 81/855/EBE frá 19. október 1981 (Stjtíð. EB nr. L 319, 7.11.1981, bls. 16);

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 219).

6. 380L0068: Tilskipun ráðsins 80/68/EBE frá 17. desember 1979 um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna (Stjtíð. EB nr. L 20, 26.1.1980, bls. 43).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Ákvæði 14. gr. gilda ekki.

7. 380L0778: Tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns (Stjtíð. EB nr. L 229, 30.8.1980, bls. 11), eins og henni var breytt með:

   — 381L0858: Tilskipun ráðsins 81/858/EBE frá 19. október 1981 (Stjtíð. EB nr. L 319, 7.11.1981, bls. 19);

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 219).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Ákvæði 20. gr. gilda ekki.

8. 382L0176: Tilskipun ráðsins 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkalí-klóríða (Stjtíð. EB nr. L 81, 27.3.1982, bls. 29).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

9. 383L0513: Tilskipun ráðsins 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum (Stjtíð. EB nr. L 291, 24.10.1983, bls. 1).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

10. 384L0156: Tilskipun ráðsins 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalí-klóríða (Stjtíð. EB nr. L 74, 17.3.1984, bls. 49).

    Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

    Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

11. 384L0491: Tilskipun ráðsins 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani (Stjtíð. EB nr. L 274, 17.10.1984, bls. 11).

    Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

12. 386L0280: Tilskipun ráðsins 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE (Stjtíð. EB nr. L 181, 4.7.1986, bls. 16), eins og henni var breytt með:

— 388L0347: Tilskipun ráðsins 88/347/EBE frá 16. júní 1988 um breytingu á II. viðauka við tilskipun 86/280/EBE (Stjtíð. EB nr. L 158, 25.6.1988, bls. 35);

— 390L0415: Tilskipun ráðsins 90/415/EBE frá 27. júlí 1990 um breytingu á II. viðauka við tilskipun 86/280/EBE (Stjtíð. EB nr. L 219, 14.8.1990, bls. 49).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

13. 391L0271: Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtíð. EB nr. L 135, 30.5.1991, bls. 40).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

III. LOFT

14. 380L0779: Tilskipun ráðsins 80/779/EBE frá 15. júlí 1980 um viðmiðunarmörk og leiðbeiningarmörk fyrir loftgæði varðandi brennisteinsdíoxíð og svifryk (Stjtíð. EB nr. L 229, 30.8.1980, bls. 30), eins og henni var breytt með:

— 381L0857: Tilskipun ráðsins 81/857/EBE frá 19. október 1981 (Stjtíð. EB nr. L 319, 7.11.1981, bls. 18);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 219);

— 389 L0427: Tilskipun ráðsins 89/427/EBE frá 21. júní 1989 (Stjtíð. EB nr. L 201, 14.7.1989, bls. 53).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

15. 382L0884: Tilskipun ráðsins 82/884/EBE frá 3. desember 1982 um viðmiðunarmörk fyrir blý í andrúmslofti (Stjtíð. EB nr. L 378, 31.12.1982, bls. 15).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

16. 384L0360: Tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum (Stjtíð. EB nr. L 188, 16.7.1984, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

17. 385L0203: Tilskipun ráðsins 85/203/EBE frá 7. mars 1985 um loftgæðastaðla fyrir köfnunarefnisdíoxíð (Stjtíð. EB nr. L 87, 27.3.1985, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 385L0580: Tilskipun ráðsins 85/580/EBE frá 20. september 1985 (Stjtíð. EB nr. L 372, 31.12.1985, bls. 36).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

18. 387L0217: Tilskipun ráðsins 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu (Stjtíð. EB nr. L 85, 28.3.1987, bls. 40).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 9. gr. lesist orðið „stofnsáttmálanum" sem „EES-samningnum".

b) Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

19. 388L0609: Tilskipun ráðsins 88/609/EBE frá 24. nóvember 1988 um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið (Stjtíð. EB nr. L 336, 7.12.1988, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í stað inn fyrir 5. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„5. a) Ef veruleg og óvænt breyting verður á orkuþörf eða framboði á tilteknum tegundum eldsneytis eða á sérstökum búnaði til orkuframleiðslu, og það veldur samningsaðila alvarlegum tæknilegum vanda við framkvæmd reglna um hámark útblásturs, getur sá samningsaðili farið fram á breytingu á útblástursmörkum og/eða þeim dagsetningum sem settar eru fram í I. og II. viðauka. Málsmeðferðinni sem sett er fram í b-lið skal beitt.

b) Samningsaðili skal þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, í gegnum sameiginlegu EES-nefndina, um slíka aðgerð og rökstyðja ákvörðun sína. Fari samningsaðili þess á leit skal sameiginlega EES-nefndin fjalla um réttmæti þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið. VII. hluti samningsins skal gilda."

b) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við töflu um hámarkstölur og markmið um að draga úr losun:

„	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Austurríki:	90	54	36	27	−40	−60	−70	−40	−60	−70
Finnland:	171	102	68	51	−40	−60	−70	−40	−60	−70
Svíþjóð:	112	67	45	34	−40	−60	−70	−40	−60	−70
Sviss:	28	14	14	14	−50	−50	−50	−50	−50	−50"

c) Í II. viðauka bætist eftirfarandi við töflu um hámarkstölur og markmið um að draga úr losun:

„	0	1	2	3	4	5	6
Austurríki:	19	15	11	−20	−40	−20	−40
Finnland:	81	65	48	−20	−40	−20	−40
Svíþjóð:	31	25	19	−20	−40	−20	−40
Sviss:	9	8	5	−10	−40	−10	−40 "

d) Við gildistöku samningsins eru engin stór brennsluver, samkvæmt skilgreiningu 1. gr., á Íslandi, í Liechtenstein eða í Noregi. Þessi ríki munu fara að tilskipuninni ef og þegar slík ver eru byggð þar.

20. 389L0369: Tilskipun ráðsins 89/369/EBE frá 8. júní 1989 um varnir gegn loftmengum frá nýjum sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga (Stjtíð. EB nr. L 163, 14.6.1989, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

21. 389L0429: Tilskipun ráðsins 89/429/EBE frá 21. júní 1989 um varnir gegn loftmengun frá starfandi sorpbrennslustöðvum sveitarfélaga (Stjtíð. EB nr. L 203, 15.7.1989, bls. 50).

IV. EFNI, ÁHÆTTA Í IÐNAÐI OG LÍFTÆKNI

22. 376L0403: Tilskipun ráðsins 76/403/EBE frá 6. apríl 1976 um förgun pólýklór-bífenýls (PCB) og pólýklór-terfenýls (PCT) (Stjtíð. EB nr. L 108, 26.4.1976, bls. 41).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í EFTA-ríkjunum skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995, með fyrirvara um endurskoðun fyrir þá dagsetningu.

23. 382L0501: Tilskipun ráðsins 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi (Stjtíð. EB nr. L 230, 5.8.1982, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 219);

— 387L0216: Tilskipun ráðsins 87/216/EBE frá 28. mars 1987 (Stjtíð. EB nr. L 85, 28.3.1987, bls. 36);

— 388L0610: Tilskipun ráðsins 88/610/EBE frá 24. nóvember 1988 (Stjtíð. EB nr. L 336, 7.12.1988, bls. 14).

24. 390L0219: Tilskipun ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um einangraða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtíð. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í Austurríki, Finnlandi, Liechtenstein, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

25. 390L0220: Tilskipun ráðsins 90/220/EBE frá 23. apríl 1990 um þau tilvik er erfðabreyttum lífverum er sleppt af ásettu ráði út í umhverfið (Stjtíð. EB nr. L 117, 8.5.1990, bls. 15).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í Austurríki, Finnlandi, Liechtenstein, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995.

b) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

1. Hafi samningsaðili rökstuddar ástæður til að ætla að vara, sem tilkynnt hefur verið um á réttan hátt og fengið hefur skriflegt samþykki samkvæmt tilskipun þessari, sé hættuleg heilsu manna eða umhverfinu, er honum heimilt að takmarka eða banna notkun og/eða sölu vörunnar á yfirráðasvæði sínu. Skal hann þegar í stað tilkynna öðrum samningsaðilum, í gegnum sameiginlegu EES-nefndina, um slíka aðgerð og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Fari samningsaðili þess á leit skal sameiginlega EES-nefndin fjalla um réttmæti þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið. VII. hluti samningsins skal gilda.

c) Samningsaðilar fallast á að tilskipunin nái eingöngu til þátta sem mönnum, jurtum, dýrum og umhverfi getur hugsanlega stafað hætta af.

EFTA-ríkin áskilja sér því rétt til að beita innlendri löggjöf á þessu sviði í tengslum við önnur málefni en heilbrigðis- og umhverfismál, að svo miklu leyti sem slíkt samræmist samningnum.

V. ÚRGANGUR

26. 375L0439: Tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs (Stjtíð. EB nr. L 194, 25.7.1975, bls. 23), eins og henni var breytt með:

— 387L0101: Tilskipun ráðsins 87/101/EBE frá 22. desember 1986 (Stjtíð. EB nr. L 42, 12.2.1987, bls. 43).

27. 375L0442: Tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang (Stjtíð. EB nr. L 194, 25.7.1975, bls. 39), eins og henni var breytt með:

— 391L0156: Tilskipun ráðsins 91/156/EBE frá 18. mars 1991 (Stjtíð. EB nr. L 78, 26.3.1991, bls. 32).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í Noregi skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1995, með fyrirvara um endurskoðun fyrir þá dagsetningu.

28. 378L0176: Tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títandíoxíðiðnaði (Stjtíð. EB nr. L 54, 25.2.1978, bls. 19), eins og henni var breytt með:

— 382L0883: Tilskipun ráðsins 82/883/EBE frá 3. desember 1982 um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er settur (Stjtíð. EB nr. L 378, 31.12.1982, bls. 1).

— 383L0029: Tilskipun ráðsins 83/29/EBE frá 24. janúar 1983 (Stjtíð. EB nr. L 32, 3.2.1983, bls. 28).

29. 378L0319: Tilskipun ráðsins 78/319/EBE frá 20. mars 1978 um eitraðan og hættulegan úrgang (Stjtíð. EB nr. L 84, 31.3.1978, bls. 43), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 111);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 219).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í EFTA-ríkjunum skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995, með fyrirvara um endurskoðun fyrir þá dagsetningu.

30. 382L0883: Tilskipun ráðsins 82/883/EBE frá 3. desember 1982 um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er settur (Stjtíð. EB nr. L 378, 31.12.1982, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 219).

31. 384L0631: Tilskipun ráðsins 84/631/EBE frá 6. desember 1984 um umsjón og eftirlit með flutningi hættulegs úrgangs milli landa innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 326, 13.12.1984, bls. 31), eins og henni var breytt með:

— 385L0469: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 85/469/EBE frá 22. júlí 1985 (Stjtíð. EB nr. L 272, 12.10.1985, bls. 1);

— 386L0121: Tilskipun ráðsins 86/121/EBE frá 8. apríl 1986 (Stjtíð. EB nr. L 100, 16.4.1986, bls. 20);

— 386L0279: Tilskipun ráðsins 86/279/EBE frá 12. júní 1986 (Stjtíð. EB nr. L 181, 4.7.1986, bls. 13).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við reit 36:

„ÍSLENSKA:	duft, duftkennt, fast, límkennt, seigfljótandi, þunnfljótandi, vökvi loftkennt
NORSK:	pulverformet, støvformet, fast, pastaformet, viskøst (tyktflytende), slamformet, flytende, gassformet
SUOMEKSI:	jauhemainen, pölymäinen, kiinteä, tahnamainen, siirappimainen, lietemäinen, nestamäinen, kaasumainen
SVENSKA:	pulverformigt, stoft, fast, pastöst, visköst, slamformigt, flytande, gasformigt.“

b) Eftirtalin ný atriði bætast við síðasta málslið í 6. ákvæði III. viðauka: AU fyrir Austurríki, SF fyrir Finnland, IS fyrir Ísland, LI fyrir Liechtenstein, NO fyrir Noreg, SE fyrir Svíþjóð og CH fyrir Sviss.

c) Í EFTA-ríkjunum skulu nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun koma til framkvæmda frá 1. janúar 1995, með fyrirvara um endurskoðun fyrir þá dagsetningu.

32. 386L0278: Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjtíð. EB nr. L 181, 4.7.1986, bls. 6).

GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF

Samningsaðilar skulu taka mið af efni eftirtalinna gerða:

33. 375X0436: Tilmælum ráðsins 75/436/KBE,KSE,EBE frá 3. mars 1975 um hvernig opinber yfirvöld skipta kostnaði vegna umhverfismála (Stjtíð. EB nr. L 194, 25.7.75, bls. 1) .

34. 379X0003: Tilmælum ráðsins 79/3/EBE frá 19. desember 1978 til aðildarríkjanna um aðferðir við mat á kostnaði vegna mengunarvarna í iðnaði (Stjtíð. EB nr. L 5, 9.1.1979, bls. 28).

35. 380Y0830(01): Ályktun ráðsins frá 15. júlí 1980 um loftmengun af völdum brennisteinsdíoxíðs og svifryks sem hefur áhrif yfir landamæri (Stjtíð. EB nr. C 222, 30.8.1980, bls. 1).

36. 389Y1026(01): Ályktun ráðsins (89/C 273/01) frá 16. október 1989 um ábendingar til að draga úr iðnaðarslysum og náttúruhamförum (Stjtíð. EB nr. C 273, 26.10.1989, bls. 1).

37. 390Y0518(01): Ályktun ráðsins (90/C 122/02) frá 7. maí 1990 um meðhöndlun úrgangs (Stjtíð. EB nr. C 122, 18.5.1990, bls. 2).

38. SEC (89) 934 lokaniðurstaða: Orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og þingsins frá 18. september 1989. Áætlun bandalagsins um eftirlit með úrgangsefnum

XXI. VIÐAUKI

HAGSKÝRSLUGERÐ

SKRÁ SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 76. GR.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

1. Í þessum viðauka og þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 ber að líta svo á að hugtakið „aðildarríki" í gerðunum sem vísað er til feli í sér, auk merkingar þess í viðkomandi EB-gerðum, Austurríki, Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noreg, Sviss og Svíþjóð.

2. Tilvísanir í „Atvinnuvegaflokkun Evrópubandalagsins (NICE)" og „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE)" ber að skilja, nema annað sé tekið fram, sem tilvísanir í „Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.)", eins og hún er skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, og eins og hún er notuð í þessum samningi. Tölumerkingarnar sem vísað er til ber að skilja sem samsvarandi breyttar merkingar í NACE, 1. endursk.

3. Ákvæði um það hver eigi að bera kostnað af könnunum og öðru slíku skipta ekki máli vegna þessa samnings.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

IÐNAÐARSKÝRSLUR

1. 364L0475: Tilskipun ráðsins 64/475/EBE frá 30. júlí 1964 um samræmdar árlegar kannanir á fjárfestingum í iðnaði (Stjtíð. EB nr. 131, 13.8.1964, bls. 2193/64), eins og henni var breytt með:

   — 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 73, 27.3.1972, bls. 121,159);

   — 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 112);

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 231).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   a) Viðaukinn skiptir ekki máli.

   b) Að því er Liechtenstein varðar skulu upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun vera innifaldar í upplýsingum fyrir Sviss.

   c) EFTA-ríkin skulu hvert um sig gera fyrstu könnunina sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun eigi síðar en 1995.

   d) Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun að minnsta kosti eftir þriggja stafa sundurliðun og, ef þess er kostur, eftir fjögurra stafa sundurliðun NACE, 1. endursk.

   e) Hvað varðar fyrirtæki sem flokkast undir atvinnugreinanúmer 27.10 samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins skulu Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss, fyrir atbeina þeirra innlendu hagskýrsluyfirvalda sem með málið fara, og að teknu fullu tilliti til trúnaðarkvaða í hagskýrslugerð samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðsins (KBE/EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins, eins og hún hefur verið aðlöguð þessum samningi, veita upplýsingar sem eru sambærilegar þeim sem um er beðið í spurningalistum 2.60 og

2.61 í viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 3302/81/KSE frá 18. nóvember 1981 um upplýsingar sem fyrirtæki í stáliðnaði veita um fjárfestingar sínar (Stjtíð. EB nr. L 333, 20.11.1981, bls. 35).

2. 372L0211: Tilskipun ráðsins 72/211/EBE frá 30. maí 1972 um samræmdar hagskýrslur um skammtímabreytingar á umsvifum í iðnaði og handiðnaði (Stjtíð. EB nr. L 128, 3.6.1972, bls. 28), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 112);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 231).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 5. tölul. í fyrstu málsgrein 3. gr. falli orðin „og fjöldi verkamanna tilgreindur sérstaklega" niður.

b) Ísland og Liechtenstein þurfa ekki að safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun.

c) Sviss skal safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1997. Þó ber að veita upplýsingarnar ársfjórðungslega frá 1995.

d) Finnland skal safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1997. Þó ber að veita upplýsingar um vísitölu iðnaðarframleiðslu mánaðarlega frá 1995.

e) Austurríki, Noregur og Svíþjóð skulu safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

3. 372L0221: Tilskipun ráðsins 72/221/EBE frá 6. júní 1972 um samræmdar árlegar kannanir á umsvifum í iðnaði (Stjtíð. EB nr. L 133, 10.6.1972, bls. 57), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 112);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 231).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Tilvísun í „NACE" í 3. gr. lesist „NACE, útg. 1970".

b) Að því er Liechtenstein varðar skulu upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun vera innifaldar í upplýsingum fyrir Sviss.

c) EFTA-ríkin skulu safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

d) Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu safna og veita upplýsingar þær sem krafist er í 2. og 5. gr. þessarar tilskipunar að minnsta kosti eftir þriggja stafa sundurliðun NACE, 1. endursk.

e) Sviss og Liechtenstein þurfa ekki að veita upplýsingar eftir rekstrareiningum og starfsstöðvum fyrir allar breytur nema veltu og fjölda starfsmanna.

f) EFTA-ríkin þurfa ekki að veita upplýsingar um þau atriði sem greinir í liðum 1.21, 1.21.1, 1.22 og 1.22.1 í viðaukanum.

4. 378L0166: Tilskipun ráðsins 78/166/EBE frá 13. febrúar 1978 um samræmdar hagskýrslur um skammtímabreytingar á umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (Stjtíð. EB nr. L 52, 23.1.1978, bls. 17), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 113);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 231).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Tilvísun í „I. hluta NACE" í annarri málsgrein 2. gr. lesist „I. hluta NACE, útg. 1970". Tilvísun í „NACE" í þriðju málsgrein lesist „NACE, 1. endursk. ".

b) Í a-lið 3. gr., upplýsinganna skal aflað ársfjórðungslega að minnsta kosti.

c) Í 1. mgr. 4. gr. falli orðin „mánuður eða" niður.

d) Ísland og Liechtenstein þurfa ekki að veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun.

e) Austurríki, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

FLUTNINGASKÝRSLUR

5. 378L0546: Tilskipun ráðsins 78/546/EBE frá 12. júní 1978 um hagskýrslur um vöruflutninga á vegum sem hluta af svæðaskýrslum (Stjtíð. EB nr. L 168, 26.6.1978, bls. 29), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 29);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 163);

— 389L0462: Tilskipun ráðsins 89/462/EBE frá 18. júlí 1989 (Stjtíð. EB. nr. L 226, 3.8.89, bls. 8).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er Liechtenstein varðar skulu upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun vera innifaldar í upplýsingum fyrir Sviss.

b) Í II. viðauka bætist eftirfarandi aftan við textann fyrir Breska konungsríkið:

„Austurríki

Burgenland
Kärnten
Niederösterreich
Oberösterreich

Salzburg
Steiermark
Tirol
Vorarlberg
Wien

Finnland

Suomi/Finland

Ísland

Ísland

Noregur

Norge/Noreg

Svíþjóð

Sverige

Sviss og Liechtenstein

Schweiz/Suisse/Svizzera og Liechtenstein."

c) Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

„LISTI YFIR LÖND

Belgía
Breska konungsríkið
Danmörk
Frakkland
Grikkland
Holland
Írland
Ítalía
Lúxemborg
Portúgal
Spánn
Þýskaland

Austurríki
Finnland
Ísland
Noregur
Svíþjóð
Sviss og Liechtenstein

Búlgaría
Júgóslavía
Pólland
Rúmenía

Sovétríkin
Tékkóslóvakía
Tyrkland
Ungverjaland

Önnur Evrópulönd
Lönd í Norður-Afríku
Lönd í Austurlöndum nær og Miðausturlöndum
Önnur lönd."

d) Í töflum B, C2 og C4 í IV. viðauka komi hugtakið „EES-ríki" í staðinn fyrir „aðildarríki".

e) Í töflum C1, C2, C3, C5 og C6 í IV. viðauka komi hugtakið „EES" í staðinn fyrir „EUR".

f) Í töflu C2 í IV. viðauka á síðasta númer lands við „Móttekið frá" og „Sent til" að vera 18.

g) Austurríki, Finnland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu taka saman þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995. Ísland skal taka upplýsingarnar saman í síðasta lagi frá 1998.

h) Fram til 1997 hefur Sviss leyfi til að senda ársfjórðungslegar upplýsingar um innanlandsflutninga (að meðtöldum flutningum til og frá Liechtenstein) sem krafist er í þessari tilskipun sem hluta af árlegum upplýsingum.

i) Ísland skal taka saman þær upplýsingar um innanlandsflutninga sem krafist er í þessari tilskipun að minnsta kosti þriðja hvert ár.

6. 380L1119: Tilskipun ráðsins 80/1119/EBE frá 17. nóvember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB nr. L 339, 15.12.1980, bls. 30), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 163).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í II. viðauka bætist eftirfarandi aftan við textann fyrir Breska konungsríkið:

„Austurríki

Burgenland
Kärnten
Niederösterreich
Oberösterreich
Salzburg
Steiermark
Tirol
Vorarlberg
Wien

Finnland

Suomi/Finland

Ísland

Ísland

Noregur

Norge/Noreg

Svíþjóð

Sverige

Sviss og Liechtenstein

Schweiz/Suisse/Svizzera og Liechtenstein."

b) III. viðauka er breytt á eftirfarandi hátt:

Eftirfarandi bætist við á milli fyrirsagnarinnar „LISTI YFIR ..." og I. hluta töflunnar:

„A. EES-ríki

Í stað II. — VII. hluta komi eftirfarandi:

„II. EFTA-ríki"

13. Austurríki
14. Finnland
15. Ísland
16. Noregur
17. Svíþjóð
18. Sviss og Liechtenstein

B. Lönd utan EES

III. Evrópulönd utan EES

19. Sovétríkin
20. Pólland
21. Tékkóslóvakía
22. Ungverjaland
23. Rúmenía
24. Búlgaría
25. Júgóslavía
26. Tyrkland
27. Önnur Evrópuríki utan EES

IV. 28. Bandaríki Norður-Ameríku

V. 29. Önnur lönd."

c) Hugtakið „hluti EBE“ í IV. viðauka, töflum 1(A) og 1(B), lesist „hluti EES“.

d) Í IV. viðauka, töflum 7(A), 7(B), 8(A) og 8(B), er dálkum sem bera yfirskriftina „Ríkisviðskiptalönd“ og „Önnur lönd“ víxlað; í stað dálkafyrirsagnarinnar „Önnur lönd“ komi „EFTA-lönd“; í stað dálkafyrirsagnarinnar „Ríkisviðskiptalönd“ komi „Önnur lönd“.

e) Í IV. viðauka, töflum 10(A) og 10(B) komi „Listi yfir lönd og landahópa“ úr breyttum III. viðauka í stað lista yfir lönd undir fyrirsögninni „Skráningarland skips“. Hugtakið „hluti EBE“ lesist „hluti EES“.

f) EFTA-ríkin skulu láta fara fram þær kannanir sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

7. 380L1177: Tilskipun ráðsins 80/1177/EBE frá 4. desember 1980 um hagskýrslur um vöruflutninga á járnbrautum sem hluta af svæðaskýrslum (Stjtíð. EB nr. L 350, 23.12.1980, bls. 23), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 164).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við a-lið 2. mgr. 1. gr.:

„ÖBB:	Österreichische Bundesbahnen
VR:	Valtionrautatiet/Statsjärnvägarna
NSB:	Norges Statsbaner
SJ:	Statens Järnvägar
SBB/CFF/FFS:	Schweizerische Bundesbahnen/Chemins de fer federaux/Ferrovie federali svizzere
BLS:	Bern-Lötschberg-Simplon.“

b) Í II. viðauka bætist eftirfarandi aftan við textann fyrir Breska konungsríkið:

„Austurríki
Österreich

Finnland
Suomi/Finland

Noregur
Norge/Noreg

Svíþjóð
Sverige

Sviss
Schweiz/Suisse/Svizzera.“

c) III. viðauka er breytt á eftirfarandi hátt:

Eftirfarandi bætist við á milli fyrirsagnarinnar „LISTI YFIR ..." og I. hluta töflunnar:

„A. EES-ríki"

Í stað II. hluta komi eftirfarandi:

„II. EFTA-ríki

13. Austurríki
14. Finnland
15. Noregur
16. Svíþjóð
17. Sviss

B. Lönd utan EES

18. Sovétríkin
19. Pólland
20. Tékkóslóvakía
21. Ungverjaland
22. Rúmenía
23. Búlgaría
24. Júgóslavía
25. Tyrkland
26. Lönd í Austurlöndum nær og Miðausturlöndum
27. Önnur lönd."

d) EFTA-ríkin skulu safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

VERSLUNARSKÝRSLUR

8. 375R1736: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75 frá 24. júní 1975 um hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 183, 14.7.1975, bls. 3), eins og henni var breytt með:

— 377R2845: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2845/77 frá 19. desember 1977 (Stjtíð. EB nr. L 329, 22.12.1977, bls. 3);

— 384R3396: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3396/84 frá 3. desember 1984 (Stjtíð. EB nr. L 314, 4.12.1984, bls. 10);

— 387R3367: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3367/87 frá 9. nóvember 1987 um að nota sameinaða flokkunarkerfið í hagskýrslum um verslun milli aðildarríkja bandalagsins og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75 um hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 321, 11.11.1987, bls. 3);

— 387R3678: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3678/87 frá 9. desember 1987 um tilhögun skýrslugerðar um utanríkisverslun bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 346, 10.12.1987, bls. 12);

— 388R0455: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88 frá 18. febrúar 1988 um lágmarkstölur í gerð hagskýrslna um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 46, 19.2.1988, bls. 19);

— 388R1629: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1629/88 frá 27. maí 1988 (Stjtíð. EB nr. L 147, 14.6.1988, bls. 1);

— 391R0091: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 91/91 frá 15. janúar 1991 (Stjtíð. EB nr. L 11, 16.1.1991, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 2. gr. lesist:

„a. vörur sem eru fluttar í eða úr tollvörugeymslum, að undanskildum þeim tollvörugeymslum sem taldar eru upp í viðauka A;

b. vörur sem eru fluttar á eða af frísvæðum sem talin eru upp í viðauka A."

b) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hagskýrslusvæði EES skal í grundvallaratriðum ná yfir tollsvæði samningsaðila. Samningsaðilum ber að skilgreina hagskýrslusvæði sín samkvæmt því.

2. Hagskýrslusvæði bandalagsins skal ná yfir tollsvæði bandalagsins eins og það er skilgreint í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2151/84 frá 23. júlí 1984 um skilgreiningu á tollsvæði bandalagsins, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 4151/88.

3. Hagskýrslusvæði EFTA-ríkjanna skal ná yfir tollsvæði þeirra. Hagskýrslusvæði Noregs skal þó ná yfir eyjaklasann Svalbarða og eyjuna Jan Mayen. Sviss og Liechtenstein mynda eitt hagskýrslusvæði."

c) Flokkunin sem um getur í 1. og 3. mgr. 5. gr. skal gerð að minnsta kosti niður í sex stafi.

d) Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi texti:

„Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2658/87 ætti að tilgreina eftirfarandi upplýsingar í að minnsta kosti sex stafa sundurliðun sameinaða flokkunarkerfisins."

e) Eftirfarandi ný málsgrein bætist við 9. gr.:

3. „Að því er EFTA-ríkin varðar er „upprunaland" það land sem vörurnar eru frá samkvæmt upprunareglum hvers þeirra."

f) 1. mgr. 17. gr.: Tilvísun í „reglugerð ráðsins (EBE) nr. 803/68 frá ... eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1028/75" á að vera „reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1224/80 frá 28. maí 1980 um verðmat vöru vegna tollafgreiðslu (Stjtíð. EB nr. L 134, 31.5.1980, bls. 1)".

g) Í stað 34. gr. komi eftirfarandi texti:

„Afla skal upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. 22. gr. fyrir hvern vörulið í sex stafa sundurliðun samkvæmt gildandi útgáfu sameinaða flokkunarkerfisins." C 87

h) Viðauka C er breytt á eftirfarandi hátt:

Eftirfarandi lína bætist við milli „EVRÓPA“ og „Bandalagið“:

„Evrópskt efnahagssvæði“

Eftirfarandi bætist við milli færslunnar „022 Ceuta og ....“ og fyrirsagnarinnar „Önnur Evrópulönd og yfirráðasvæði“:

„EFTA-lönd

024	Ísland	
028	Noregur	að meðtöldum eyjaklasanum Svalbarða og eynni Jan Mayen
030	Svíþjóð	
032	Finnland	að meðtöldum Álandseyjum
036	Sviss	að meðtöldu Liechtenstein, þýska yfirráðasvæðinu Büsingen og ítalska héraðinu Campione d'Italia
038	Austurríki	að undanskildum yfirráðasvæðunum Jungholz og Mittelberg.“

Í staðinn fyrir færslurnar 024, 025, 028, 030, 032, 036 og 038 á eftir „Önnur Evrópulönd ...“ komi „041 Færeyjar“.

i) EFTA-ríkin skulu afla þeirra upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1995.

9. 377R0546: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 546/77 frá 16. mars 1977 um tilhögun skýrslugerðar um utanríkisverslun bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 70, 17.3.1977, bls. 13), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 112);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 230);

— 387R3678: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3678/87 frá 9. desember 1987 um tilhögun skýrslugerðar um utanríkisverslun bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 346, 10.12.1987, bls. 12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„Austurríki	— Aktiver Veredelungsverkehr;
Finnland	— Vientietumenettely — Exportförmånsförfarandet;
Ísland	— Vinnsla innanlands fyrir erlendan aðila;
Noregur	— Foredling innenlands (aktiv);
Svíþjóð	— Industrirestitution;
Sviss	— Aktiver Eigen-/Lohnveredelungsverkehr — Traffic de perfectionnement actif à facon/commercial — Regime economico di perfezionamento activo a cottimo.“

b) Eftirfarandi bætist við 2. gr.:

„Austurríki	— Passiver Veredelungsverkehr;
Finnland	— Tullinalennusmenettely
	— Tullnedsättningsförfarandet;
Ísland	— Vinnsla erlendis fyrir innlendan aðila;
Noregur	— Foredling utenlands (passiv);
Svíþjóð	— Återinförsel efter annan bearbetning än reparation;
Sviss	— Passiver Eigen-/Lohnveredelungsverkehr
	— Traffic de perfectionnement passif à facon/commercial
	— Regime economico di perfezionamento passivo a cottimo.“

10. 379R0518: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 518/79 frá 19. mars 1979 um skráningu á útflutningi heilla verksmiðja í hagskýrslur um utanríkisverslun Evrópubandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 69, 20.3.1979, bls. 10), eins og henni var breytt með:

— 387R3521: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3521/87 frá 24. nóvember 1987 (Stjtíð. EB nr. L 335, 25.11.1987, bls. 8).

11. 380R3345: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3345/80 frá 23. desember 1980 um skráningu sendingarlands í hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 351, 24.12.1980, bls. 12).

12. 383R0200: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 200/83 frá 24. janúar 1983 um að aðlaga hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins að tilskipunum um samræmdar skráningarreglur fyrir vöruútflutning og innflutning til frjálsrar vörudreifingar (Stjtíð. EB nr. L 26, 28.1.1983, bls. 1).

13. 387R3367: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3367/87 frá 9. nóvember 1987 um að nota sameinaða flokkunarkerfið í hagskýrslum um verslun milli aðildarríkja bandalagsins og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75 um hagskýrslur um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 321, 11.11.1987, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Sameinaða flokkunarkerfið gildir, að minnsta kosti fyrstu sex stafir þess.

b) Síðasti málsliður í 2. mgr. 1. gr. gildir ekki.

14. 387R3522: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3522/87 frá 24. nóvember 1987 um skráningu flutningsmáta í hagskýrslum um verslun milli aðildarríkja (Stjtíð. EB nr. L 335, 25.11.1987, bls. 10).

15. 387R3678: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3678/87 frá 9. desember 1987 um tilhögun skýrslugerðar um utanríkisverslun bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 346, 10.12.1987, bls. 12).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 3. gr. gilda ekki.

16. 388R0455: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88 frá 18. febrúar 1988 um lágmarkstölur í gerð hagskýrslna um utanríkisverslun bandalagsins og verslun milli aðildarríkja þess (Stjtíð. EB nr. L 46, 19.2.1988, bls. 19).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi tafla bætist við 2. gr.:

„fyrir Austurríki:	ATS	11 500
fyrir Finnland:	FIM	4 000
fyrir Ísland:	ISK	60 000
fyrir Noreg:	NOK	6 300
fyrir Svíþjóð:	SEK	6 000
fyrir Sviss:	CHF	1 000.“

TRÚNAÐARKVAÐIR Í HAGSKÝRSLUM

17. 390R1588: Reglugerð ráðsins (KBE/EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 151, 15.6.1990, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi nýjum lið er bætt við 2. gr.:

„11. Starfsfólk á skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA; starfsfólk EFTA sem starfar á skrifstofum Hagstofu Evrópubandalagsins (SOEC).“

b) Í öðrum málslið 1. mgr. 5. gr. komi „SOEC (Hagstofa Evrópubandalagsins) og skrifstofa hagskýrsluráðgjafa EFTA“ í staðinn fyrir „SOEC“.

c) Eftirfarandi nýrri undirgrein er bætt við 2. mgr. 5. gr.:

Gögn sem eru háð trúnaðarkvöðum og send Hagstofu Evrópubandalagsins um skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA skulu einnig vera tiltæk starfsliði síðarnefndu skrifstofunnar.

d) Að því er þetta varðar felur hugtakið „Hagstofa Evrópubandalagsins“ í 6. gr. einnig í sér skrifstofu hagskýrsluráðgjafa EFTA.

MANNFJÖLDA- OG FÉLAGSMÁLASKÝRSLUR

18. 376R0311: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76 frá 9. febrúar 1976 um tölfræðilega skráningu erlends vinnuafls (Stjtíð. EB nr. L 39, 14.2.1976, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landsvæðum eins og krafist er í 1.gr.

b) EFTA-ríkin skulu afla þeirra upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1995.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR — VERG LANDSFRAMLEIÐSLA

19. 389L0130: Tilskipun ráðsins 89/130/EBE,KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtíð. EB nr. L 49, 21.2.1989, bls. 26).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Liechtenstein er undanþegið veitingu þeirra upplýsinga sem krafist er í þessari tilskipun.

b) Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

FLOKKUNARKERFI

20. 390R3037: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 frá 9. október 1990 um atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 293, 24.10.1990, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Austurríki, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu nota „NACE, 1. endursk.", eða innlenda flokkun sem er dregin af henni í samræmi við 3. gr. í síðasta lagi frá 1995. Finnland skal fara að þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1997.

LANDBÚNAÐARSKÝRSLUR

21. 372L0280: Tilskipun ráðsins 72/280/EBE frá 31. júlí 1972 um skýrslugerð vegna framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða (Stjtíð. EB nr. L 179, 7.8.1972, bls. 2), eins og henni var breytt með:

— 373L0358: Tilskipun ráðsins 73/358/EBE frá 19. nóvember 1973 (Stjtíð. EB nr. L 326, 27.11.1973, bls. 17);

— 378L0320: Tilskipun ráðsins 78/320/EBE frá 30. mars 1978 (Stjtíð. EB nr. L 84, 31.3.1978, bls. 49);

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 67, 88);

— 386L0081: Tilskipun ráðsins 86/81/EBE frá 25. febrúar 1986 (Stjtíð. EB nr. L 77, 22.3.1986, bls. 29).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði 2. mgr. 1. gr. gilda ekki.

b) Eftirfarandi listi fylgir svæðaskiptingunni sem um getur í a-lið 3. mgr. 4. gr.:

„Austurríki	Bundesländer
Finnland	—
Ísland	—
Noregur	—
Svíþjóð	—
Sviss	—."

c) Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995.

d) Liechtenstein er undanþegið öflun þeirra upplýsinga sem krafist er í þessari tilskipun.

e) Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss eru undanþegin öflun vikulegra upplýsinga sem krafist er í 1. mgr. 4. gr. í þessari tilskipun.

f) Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss eru undanþegin öflun upplýsinga um heimaneyslu mjólkur.

22. 372D0356: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 72/356/EBE frá 18. október 1972 um framkvæmdarákvæði hvað varðar skýrslugerð vegna framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða (Stjtíð. EB nr. L 246, 30.10.1972, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 88);

— 386D0180: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 86/180/EBE frá 19. mars 1986 (Stjtíð. EB nr. L 138, 24.5.1986, bls. 49).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi listi fylgir svæðaskiptingunni sem um getur í neðanmálsgrein 1 við töflu 4 í II. viðauka:

„Austurríki	Bundesländer
Finnland	Eingöngu eitt svæði
Ísland	Eingöngu eitt svæði
Noregur	Eingöngu eitt svæði
Svíþjóð	Eingöngu eitt svæði
Sviss	Eingöngu eitt svæði.“

b) Í B-hluta töflu 5 í II. viðauka er eftirfarandi nýrri neðanmálsgrein bætt við a-lið 1. tölul. „Heimaneysla“:

„1) Ekki krafist fyrir Finnland, Ísland, Noreg, Svíþjóð og Sviss“

Hinar neðanmálsgreinarnar tvær eru tölusettar að nýju til samræmis við þessa breytingu.

23. 388R0571: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88 frá 29. febrúar 1988 um skipulag kannana bandalagsins á nýtingu bújarða frá 1988 til 1997 (Stjtíð. EB nr. L 56, 2.3.1988, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 389R0807: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 807/89 frá 20. mars 1989 (Stjtíð. EB nr. L 86, 31.3.1989, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Texti 4. gr. sem hefst á „og að því leyti sem máli skiptir á hverjum stað...“ og til greinarloka gildir ekki.

b) Í stað textans í 2. mgr. 6. gr. „af reiknaðri framlegð (SGM) í skilningi ákvörðunar 85/377/EBE“ komi:

„af reiknaðri framlegð (SGM), í skilningi ákvörðunar 85/377/EBE, eða verðmæti heildarframleiðslu í landbúnaði“.

c) Í staðinn fyrir tilvísunina í 2. mgr. 8. gr. í „ákvörðun 83/461/EBE, eins og henni var breytt með ákvörðun 85/622/EBE og 85/643/EBE“ er vísað í „ákvörðun 89/651/EBE“. Ný neðanmálsgrein bætist við neðst á síðunni: Stjtíð. EB nr. L 391, 30.12.1989, bls. 1.

d) Ákvæði 10., 12. og 13. gr. og II. viðauki eiga ekki við.

e) Í I. viðauka er viðeigandi neðanmálsgreinum bætt við til marks um að eftirfarandi breytur séu valfrjálsar fyrir tiltekin ríki:

B.02:	Valfrjálst fyrir Ísland
B.03:	Valfrjálst fyrir Finnland, Ísland og Svíþjóð
B.04:	Valfrjálst fyrir Austurríki, Finnland og Sviss
C.03:	Valfrjálst fyrir Ísland
C.04:	Valfrjálst fyrir Austurríki, Finnland, Ísland, Noreg og Svíþjóð
E:	Valfrjálst fyrir Austurríki, Finnland, Ísland, Noreg, Svíþjóð og Sviss
G.05:	Valfrjálst fyrir Finnland
I.01:	Valfrjálst fyrir Noreg
I.01(a):	Valfrjálst fyrir Noreg
I.01(b):	Valfrjálst fyrir Noreg
I.01(c):	Valfrjálst fyrir Noreg
I.01(d):	Valfrjálst fyrir Noreg
I.02:	Valfrjálst fyrir Noreg
I.03:	Valfrjálst fyrir Austurríki, Finnland og Svíþjóð
I.03(a):	Valfrjálst fyrir Austurríki, Finnland og Svíþjóð
J.03:	Sundurliðun eftir kyni valfrjáls fyrir Ísland
J.04:	Sundurliðun eftir kyni valfrjáls fyrir Ísland
J.09(a):	Valfrjálst fyrir Finnland
J.09(b):	Valfrjálst fyrir Finnland
J.11:	Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjáls fyrir Ísland
J.12:	Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjáls fyrir Ísland
J.13:	Sundurliðun í grísi, gyltur til undaneldis og önnur svín er valfrjáls fyrir Ísland
J.17:	Valfrjálst fyrir Austurríki og Sviss
K:	Valfrjálst fyrir Ísland og Svíþjóð
K.02:	Valfrjálst fyrir Austurríki
L:	Finnland, Ísland og Svíþjóð mega láta í té þær upplýsingar sem taflan sýnir í samandregnara formi en þar greinir
L.10:	Valfrjálst fyrir Austurríki

f) Að því er Liechtenstein varðar skulu upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð vera innifaldar í upplýsingum fyrir Sviss.

g) Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss eru ekki skyldug til að sundurliða upplýsingar eftir landsvæðum eins og krafist er í 4. og 8. gr. og I. viðauka þessarar reglugerðar. Þessum ríkjum ber þó að tryggja að úrtök séu nægilega stór til að önnur sundurliðun en eftir landsvæðum verði marktæk.

h) Finnland, Ísland, Liechtenstein, Noregur, Svíþjóð og Sviss eru ekki skyldug til að fara eftir formgerðarflokkuninni sem um getur í 6., 7., 8. og 9. gr. og I. viðauka þessarar reglugerðar. Þessum ríkjum ber þó að senda nauðsynlegar viðbótarupplýsingar svo unnt verði að endurflokka í samræmi við þessa formgerðarflokkun.

i) EFTA-ríkin eru undanþegin þeirri skyldu að gera kannanirnar sem um getur í c-lið 3. gr.

j) EFTA-ríkin skulu safna þeim upplýsingum sem krafist er í þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1995.

24. 390R0837: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90 frá 26. mars 1990 um skýrslugerð aðildarríkjanna um kornrækt (Stjtíð. EB nr. L 88, 3.4.1990, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 4. mgr. 8. gr. falli orðin „tvisvar á ári" niður.

b) Í III. viðauka bætist eftirfarandi listi við á eftir textanum fyrir Breska konungsríkið:

„Austurríki	Bundesländer
Finnland	—
Ísland	—
Noregur	—
Svíþjóð	—
Sviss	—."

c) Liechtenstein er undanþegið öflun þeirra upplýsinga sem krafist er í þessari reglugerð.

d) Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1995.

FISKISKÝRSLUR

25. 391R1382: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1382/91 frá 21. maí 1991 um að leggja fram upplýsingar um landanir fiskafurða í aðildarríkjunum (Stjtíð. EB nr. L 133, 28.5.1991, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 3. viðauka er útliti töflunnar breytt á eftirfarandi hátt:

	EB	EFTA(*)
	Magn Verð	Magn Verð
TIL MANNELDIS: Þorskur (CDZ) Nýr í heilu lagi		

(*) EFTA-ríkin eiga að fylla þennan dálk út, svo og þau aðildarríki EB sem hafa skip frá EFTA-ríkjum á skrá.

b) EFTA-ríkin skulu veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari reglugerð í síðasta lagi frá 1995. Skýrslan sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr. og, ef þörf krefur, beiðni um að landanir í litlum höfnum sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. 5. gr. séu undanþegnar skýrslugerð, skulu lagðar fram á árinu 1995.

ORKUSKÝRSLUR

26. 390L0377: Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni (Stjtíð. EB nr. L 185, 17.7.1990, bls. 16).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi texti bætist við 1. og 3. mgr. 2. gr.:

„Að því er varðar Austurríki, Finnland, Noreg, Svíþjóð og Sviss ber að senda upplýsingarnar til Hagstofu Evrópubandalagsins (SOEC) í gegnum lögbær innlend yfirvöld þessara ríkja."

b) Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. gr. fer meðferð trúnaðarupplýsinga frá Austurríki, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Sviss eingöngu eftir reglugerð ráðsins (KBE/EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins, eins og hún er aðlöguð vegna þessa samnings.

c) Ísland og Liechtenstein þurfa ekki að láta í té upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun.

d) Austurríki, Finnland, Noregur, Svíþjóð og Sviss skulu veita þær upplýsingar sem krafist er í þessari tilskipun í síðasta lagi frá 1995. Þessi ríki skulu láta Hagstofu Evrópubandalagsins (SOEC) vita fyrir 1. janúar 1993 um staði og héruð þar sem verðupplýsinga verður aflað í samræmi við 11. tölul. í I. viðauka og 2. og 13. tölul. í II. viðauka.

XXII. VIÐAUKI

FÉLAGARÉTTUR

SKRÁ SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 77. GR.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi

— inngangsorð;

— viðtakendur gerða bandalagsins;

— tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;

— tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og

— tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Samþætting félagaforma sem eru ekki til við áritun EES-samningsins:

Ef eingöngu eða fyrst og fremst er vísað til einnar félagategundar í eftirtöldum tilskipunum má breyta tilvísuninni við setningu sérstakrar löggjafar um einkahlutafélög. Sameiginlegu EES-nefndinni verður tilkynnt um setningu slíkrar löggjafar og nöfn hlutaðeigandi félaga í síðasta lagi þegar viðeigandi tilskipanir koma til framkvæmda.

AÐLÖGUNARTÍMABIL

EFTA-ríkin skulu að öllu leyti hrinda í framkvæmd ákvæðum þessa viðauka, Sviss og Liechtenstein eigi síðar en þremur árum og Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku EES-samningsins.

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. 368L0151: Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE frá 9. mars 1968 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB nr. L 65, 14.3.1968, bls. 41), eins og henni var breytt með:

   — 172B: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Danmerkur, Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 73, 27.3.1972, bls. 89);

   — 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 89);

   — 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 157).

   Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

   Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

   „— í Austurríki:
   die Aktiengesellschaft,
   die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

   — í Finnlandi:
   osakeyhtiö, aktiebolag;

   — á Íslandi:
   almenningshlutafélag, einkahlutafélag,
   samlagsfélag;

   — í Liechtenstein:
   die Aktiengesellschaft,
   die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
   die Kommanditaktiengesellschaft;

   — í Noregi:
   aksjeselskap;

   — í Svíþjóð:
   aktiebolag;

— í Sviss:
die Aktiengesellschaft,
la société anonyme,
la società anonima;

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
la société à responsabilité limitée,
la società a garanzia limitata;

die Kommanditaktiengesellschaft,
la société en commandite par actions,
la società in accomandita per azioni."

2. 377L0091: Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE frá 13. desember 1976 um samræmingu verndarráðstafana, sem ætlað er að vera jafngildar í bandalaginu og aðildarríki krefjast þegar almenningshlutafélög eru stofnuð og um tilskilið hlutafé og heimilaðar breytingar á hlutafé þeirra í skilningi annarrar málsgreinar 58. gr. sáttmálans til að vernda hagsmuni félagsmanna og annarra (Stjtíð. EB nr. L 26, 31.1.1977, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 89);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 157).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við fyrstu undirgrein 1. mgr. 1. gr.:

„— í Austurríki:
die Aktiengesellschaft;

— í Finnlandi:
osakeyhtiö, aktiebolag;

— á Íslandi:
almenningshlutafélag;

— í Liechtenstein:
die Aktiengesellschaft;

— í Noregi:
aksjeselskap;

— í Svíþjóð:
aktiebolag;

— í Sviss:
die Aktiengesellschaft,
la société anonyme,
la società anonima."

b) Í 6. gr. kemur hugtakið „evrópska mynteiningin (ECU)" í staðinn fyrir „evrópsk reiknieining".

c) Bráðabirgðaráðstafanirnar sem vísað er til í 2. mgr. 43. gr. skulu einnig gilda að því er EFTA-ríkin varðar.

3. 378L0855: Þriðja tilskipun ráðsins 78/855/EBE frá 9. október 1978 um samruna almenningshlutafélaga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB nr. L 295, 20.10.1978, bls. 36), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 291, 19.11.1979, bls. 89);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 157).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við 1. mgr. 1. gr.:

„— Austurríki:
die Aktiengesellschaft;

— Finnland:
osakeyhtiö, aktiebolag;

— Ísland:
almenningshlutafélag;

— Liechtenstein:
die Aktiengesellschaft;

— Noregur:
aksjeselskap;

— Svíþjóð:
aktiebolag;

— Sviss:
die Aktiengesellschaft,
la société anonyme,
la società anonima."

b) Bráðabirgðaráðstafanirnar sem vísað er til í 3. og 4. mgr. 32. gr. skulu einnig gilda að því er EFTA-ríkin varðar.

4. 378L0660: Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtíð. EB nr. L 222, 14.8.1978, bls. 11), eins og henni var breytt með:

— 179H: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Grikklands að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr L 291, 19.11.1979, bls. 89);

— 383L0349: Sjöundu tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB nr. L 193, 18.7.1983, bls. 1);

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 157-158);

— 389L0666: Elleftu tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til (Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989, bls. 36);

— 390L0604: Tilskipun ráðsins 90/604/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar undanþágur fyrir lítil og meðalstór félög og birtingu reikninga í evrópskum mynteiningum (ECU) (Stjtíð. EB nr. L 317, 16.11.1990, bls. 57);

— 390L0605: Tilskipun ráðsins 90/605/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar gildissvið þessara tilskipana (Stjtíð. EB nr. L 317, 16.11.1990, bls. 60).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við fyrstu undirgrein 1. mgr. 1. gr.:

„— í Austurríki:
die Aktiengesellschaft,
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— í Finnlandi:
osakeyhtiö, aktiebolag;

— á Íslandi:
almenningshlutafélag,
einkahlutafélag;

— í Liechtenstein:
die Aktiengesellschaft,
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
die Kommanditaktiengesellschaft,

— í Noregi:
aksjeselskap;

— í Svíþjóð:
aktiebolag;

— í Sviss:
die Aktiengesellschaft,
la société anonyme,
la società anonima;

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
la société à responsabilité limitée,
la società a garanzia limitata;

die Kommanditaktiengesellschaft,
la société en commandite par actions,
la società in accomandita per azioni.“

b) Eftirfarandi bætist við aðra undirgrein 1. mgr. 1. gr.:

„m) í Austurríki:
die offene Handelsgesellschaft,
die Kommanditgesellschaft;

n) í Finnlandi:
avoin yhtiö, öppet bolag,
kommandiittiyhtiö,
kommanditbolag;

o) á Íslandi:
sameignarfélag,
samlagsfélag;

p) í Liechtenstein:
die offene Handelsgesellschaft,
die Kommanditgesellschaft;

q) í Noregi:
partrederi,

ansvarlig selskap,
kommanditselskap;

r) í Svíþjóð:
handelsbolag,
kommanditbolag.“

5. 382L0891: Sjötta tilskipun ráðsins 82/891/EBE frá 17. desember 1982 byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um skiptingu almenningshlutafélaga (Stjtíð. EB nr. L 378, 31.12.1982, bls. 47).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Bráðabirgðaráðstafanirnar sem vísað er til í 4. og 5. mgr. 26. gr. skulu einnig gilda að því er EFTA-ríkin varðar.

6. 383L0349: Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB nr. L 193, 18.7.1983, bls. 1), eins og henni var breytt með:

— 185I: Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum (Stjtíð. EB nr. L 302, 15.11.1985, bls. 158);

— 390L0604: Tilskipun ráðsins 90/604/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar undanþágur fyrir lítil og meðalstór félög og birtingu reikninga í evrópskum mynteiningum (ECU) (Stjtíð. EB nr. L 317, 16.11.1990, bls. 57);

— 390L0605: Tilskipun ráðsins 90/605/EBE frá 8. nóvember 1990 um breytingu á tilskipun 78/660/EBE um ársreikninga og tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga að því er varðar gildissvið þessara tilskipana (Stjtíð. EB nr. L 317, 16.11.1990, bls. 60).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við fyrstu undirgrein 1. mgr. 4. gr.:

„m) í Austurríki:
die Aktiengesellschaft,
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

n) í Finnlandi:
osakeyhtiö, aktiebolag;

o) á Íslandi:
almenningshlutafélag,
einkahlutafélag,
samlagsfélag;

p) í Liechtenstein:
die Aktiengesellschaft,
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
die Kommanditaktiengesellschaft;

q) í Noregi:
aksjeselskap;

r) í Svíþjóð:
aktiebolag;

s) í Sviss:
die Aktiengesellschaft,
la société anonyme,
la società anonima;

die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
la société à responsabilité limitée,
la società a garanzia limitata;

die Kommanditaktiengesellschaft,
la société en commandite par actions,
la società in accomandita per azioni."

7. 384L0253: Áttunda tilskipun ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmælta endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans (Stjtíð. EB nr. L 126, 12.5.1984, bls. 20).

8. 389L0666: Ellefta tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til (Stjtíð. EB nr. L 395, 30.12.1989, bls. 36).

9. 389L0667: Tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE frá 21. desember 1989 um einkahlutafélög eins aðila (Stjtíð. EB nr. L 395, bls. 40).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við 1. gr.:

„— í Austurríki:
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— í Finnlandi:
osakeyhtiö, aktiebolag;

— á Íslandi:
einkahlutafélag;

— í Liechtenstein:
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung;

— í Noregi:
aksjeselskap;

— í Svíþjóð:
aktiebolag;

— í Sviss:
die Gesellschaft mit beschränkter Haftung,
la société à responsabilité limitée,
la società a garanzia limitata.“

10. 385R2137: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2137/85 frá 25. júlí 1985 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (EFH) (Stjtíð. EB nr. L 199, 31.7.1985, bls. 1).

Fylgiskjal 2.

BÓKUN UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU,
KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,
KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,
SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,
LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,
KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,
LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,
ÍRLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,
STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,
KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,
LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,
HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS
OG
LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,
FURSTADÆMIÐ LIECHTENSTEIN,
KONUNGSRÍKIÐ NOREGUR,
KONUNGSRÍKIÐ SVÍÞJÓÐ,

sem nefnast hér á eftir SAMNINGSAÐILAR;

ÞAR EÐ samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó hinn 2. maí 1992;

ÞAR EÐ kveðið er á um það í 2. mgr. 129. gr. EES-samningsins að samningsaðilar skuli fullgilda eða samþykkja hann í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig;

ÞAR EÐ ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn;

ÞAR EÐ hinir undirritunaraðilarnir að EES-samningnum halda enn fast við markmið hans og eru staðráðnir í að hrinda samningnum í framkvæmd eins fljótt og auðið er;

ÞAR EÐ ákveða þarf nýjan gildistökudag EES-samningsins;

ÞAR EÐ setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku EES-samningsins að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein;

ÞAR EÐ gera þarf nokkrar breytingar á EES-samningnum sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

ÞAR EÐ æskilegt er að hafa meðal slíkra breytinga ákvæði sem sýnir vilja samningsaðila til að gera Sviss kleift að taka þátt í EES síðar meir;

HAFA ÁKVEÐIÐ að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi daginn sem bókun þessi öðlast gildi, milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu, aðildarríkja þeirra og Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal EES-samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi þann dag sem EES-ráðið ákveður og að því tilskildu að

— EES-ráðið hafi ákveðið að skilyrði b-liðar 121. gr. EES-samningsins, nánar tiltekið um að góð framkvæmd EES-samningsins raskist ekki, hafi verið fullnægt; og

— EES-ráðið hafi tekið viðeigandi ákvarðanir, einkum að því er varðar beitingu þeirra ákvarðana gagnvart Liechtenstein sem EES-ráðið og sameiginlega EES-nefndin hafa þegar tekið.

3. Liechtenstein skal vera heimilt að eiga þátt í ákvörðunum EES-ráðsins samkvæmt 2. mgr. hér að framan.

2. gr.

1. Þar eð Ríkjasambandið Sviss hefur ekki fullgilt EES-samninginn og er ekki aðili að honum skal tilvísun í inngangsorðunum að samningnum til „RÍKJASAMBANDSINS SVISS“ sem eins af samningsaðilunum felld niður.

2. Í stað b-liðar 2. gr. EES-samningsins komi eftirfarandi:

„hugtakið „EFTA-ríki“ merkir Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Finnland, Lýðveldið Ísland, Konungsríkið Noregur, Konungsríkið Svíþjóð og, með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, Furstadæmið Liechtenstein;“.

3. EES-samningnum skal enn fremur breytt í samræmi við 3. - 20. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

Í 120. gr. komi orðin „bókunum 41 og 43“ í stað „bókunum 41, 43 og 44“.

4. gr.

Í 1. mgr. 126. gr. komi orðin „Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar“ í stað „Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss“.

5. gr.

Í stað 1. mgr. 128. gr. komi eftirfarandi:

„Evrópuríki sem gengur í bandalagið er skylt, og Ríkjasambandinu Sviss eða öðru Evrópuríki sem gengur í EFTA heimilt, að sækja um að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.“

6. gr.

Í stað 3. mgr. 129. gr. komi eftirfarandi:

„3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í bókuninni um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.“

7. gr.

Í 11. tölul. bókunar 1 um altæka aðlögun komi „gildistökudag“ í stað „3. mgr. 129. gr.“.

8. gr.

Í 2. neðanmálsgrein V. viðbætis og 3. neðanmálsgrein VI. viðbætis við bókun 4 um upprunareglur komi orðin „Svíþjóð“ og „sænska“ í stað „Sviss“ og „svissneska“.

9. gr.

Í bókun 5 um fjáröflunartolla (Liechtenstein, Sviss):

— falli orðið „Sviss“ niður í fyrirsögninni;

— falli orðin „og Sviss“ og „Sviss eða“ niður í 1. og 2. mgr.

10. gr.

Í stað bókunar 6 um söfnun lögboðins varaforða í Sviss og Liechtenstein komi eftirfarandi:

„BÓKUN 6

UM SÖFNUN LÖGBOÐINS VARAFORÐA Í LIECHTENSTEIN

Þegar alvarlegur birgðaskortur ríkir í Liechtenstein má fella inn í áætlun um lögboðinn varaforða nauðsynlegar framleiðsluvörur fyrir lífsafkomu þegnanna séu þær ekki framleiddar í nægilega ríkum mæli eða alls ekki í Liechtenstein og eru þess eðlis að hægt er að geyma þær sem varaforða.

Í Liechtenstein skal, við framkvæmd þessarar áætlunar, hvorki með beinum né óbeinum hætti gert upp á milli innfluttra framleiðsluvara frá hinum samningsaðilunum og innlendra framleiðsluvara sem eru svipaðar eða koma í stað þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.“

11. gr.

Í bókun 8 um ríkiseinkasölur falli orðin „Sviss og“ niður.

12. gr.

Í bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir:

— falli orðin „og Sviss“ niður í 1. og 2. mgr. 2. gr. í 1. viðbæti og orðið „mega“ verði „má“ í 2. mgr.;

— falli orðin „Samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Ríkjasambandsins Sviss, undirritaður 22. júlí 1972, og eftirfarandi bréfaskipti varðandi landbúnað og sjávarútveg, undirritað 14. júlí 1986;“ niður í 3. viðbæti.

13. gr.

Í bókun 15 um aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein):

— falli orðin „Sviss og", „Sviss né" og „Sviss eða" niður í fyrirsögninni, 1. og 2. mgr. 8. gr. og 11. gr.;

— (á ekki við íslenska textann);

— ákvæði 2. - 4. gr. og 1. mgr. 9. gr. falli niður.

14. gr.

Í bókun 16 um ráðstafanir á sviði félagslegs öryggis varðandi aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein):

— falli orðin „Sviss og" og „Sviss eða" niður í fyrirsögninni, 1. og 2. gr. og fyrsta málslið og a-lið 3. gr.;

— (á ekki við íslenska textann);

— (á ekki við íslenska textann);

— falli orðin „fimm hundruð að því er varðar Sviss og" og orðin „að því er varðar Liechtenstein" niður í c-lið 3. gr.;

— falli ákvæði 4. gr. niður.

15. gr.

Eftirfarandi ákvæði EES-samningsins:

— a-, b-, d-, e- og f-liður 81. gr.;

— 82. gr.;

— fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. bókunar 30;

— a-, b- og c- liður 1. mgr. 1. gr., 1., 3. og 4. mgr. 4. gr., fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr. í bókun 31 og

— bókun 32

öðlist gildi 1. janúar 1994.

16. gr.

Í bókun 38 um fjármagnskerfið:

— komi orðið „tvö“ í stað „þrjú“ í 2. mgr. 2. gr.;

— komi eftirfarandi í stað 5. mgr. 2. gr.:

„5. Heildarupphæð lána sem til greina koma vegna vaxtaafsláttarins sem kveðið er á um í 1. gr. skal vera 1 500 milljónir ECU og skal þeim skipt í jafna hluta yfir fimm ára tímabil frá 1. júlí 1993. Gangi EES-samningurinn í gildi eftir þann dag skal tímabilið vera fimm ár frá gildistökunni.“

— komi eftirfarandi í stað 1. mgr. 3. gr.:

„1. Heildarupphæð styrkja sem kveðið er á um í 1. gr. skal vera 500 milljónir ECU, sem skiptist í jafna hluta yfir fimm ára tímabil frá 1. júlí 1993. Gangi EES-samningurinn í gildi eftir þann dag skal tímabilið vera fimm ár frá gildistökunni.“.

17. gr.

Í bókun 41 um gildandi samninga falli eftirfarandi niður:

„29.4.1963/3.12.1976 Alþjóðaráð til varnar mengun í Rín. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.

3.12.1976 Verndun Rínar gegn efnamengun. Blandaður samningur milli Ríkjasambandsins Sviss og Efnahagsbandalags Evrópu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Frakklands, Lúxemborgar og Hollands.“

18. gr.

Ákvæði bókunar 44 um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss varðandi vöruflutninga á vegum og járnbrautum falli niður.

19. gr.

Í viðbæti við bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín:

15. **387R0822:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87:

– aðlögunarlið b)

falli ákvæðið niður;

— aðlögunarliðum d), f), m) og n)

falli orðin „, Sviss (og)“ og „og Sviss“ niður;

— aðlögunarlið k), b-lið

falli orðin „Sviss eða“ niður.

22. **389R2392:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2392/89:

— aðlögunarlið a)

falli orðið „, Sviss“ niður;

— aðlögunarlið c)

falli orðin „Sviss og“ og orðið „hlutaðeigandi“ niður.

26. **390R3201:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90:

— aðlögunarliðum c), d) og f)

falli ákvæðin niður.

20. gr.

I. - IX. viðauka, XII., XIII., XVI. og XVIII. - XXII. viðauka við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við bókun þessa.

21. gr.

Ákvæði, tilvísanir, sérstök aðlögun, tímabil og dagsetningar sem varða Liechtenstein í EES-samningnum, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast þá fyrst gildi er samningurinn, eins og honum er breytt með bókun þessari, hefur öðlast gildi gagnvart Liechtenstein í samræmi við 2. mgr. 1. gr. bókunar þessarar.

22. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- eða samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993, að því tilskildu að samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. hafi komið fullgildingar- eða samþykktarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að síðustu skjölunum hefur verið komið í vörslu. Sé þeim hins vegar komið í vörslu þegar færri en fimmtán dagar eru að upphafi næsta mánaðar öðlast bókun þessi ekki gildi fyrr en fyrsta dag annars mánaðar eftir að skjölunum var komið í vörslu.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi þegar það hefur komið fullgildingarskjölum sínum vegna EES-samningsins og bókunar þessarar í vörslu, þann dag sem EES-ráðið ákveður með þeim skilyrðum sem eru sett í 2. mgr. 1. gr.

GJÖRT í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar 1993.

VIÐAUKI
SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 20. GR. BÓKUNAR UM BREYTINGU Á SAMNINGNUM UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

I. - IX. viðauka, XII., XIII., XVI. og XVIII. - XXII. viðauka við EES-samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

I **I. VIÐAUKI, HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

Ákvæði um Sviss og Liechtenstein undir fyrirsögninni „**AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM**“ ásamt sjálfri fyrirsögninni falli niður.

B. **I. kafli, Dýr**

— Inngangur kaflans

— 3. mgr.

í stað orðanna „frá því að níu mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins og í síðasta lagi frá 1. janúar 1994“ komi „frá 1. janúar 1994 eða frá því að sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins, eftir því hvor dagsetningin er síðar“.

— Í stað dagsetninganna varðandi EFTA-ríkin samkvæmt sérstökum aðlögunarákvæðum, er tengjast gerðunum sem um getur í kaflanum, komi eftirfarandi:

— í stað dagsetninganna „1. janúar 1993“ og „31. desember 1992“ komi „gildistökudagur samningsins“ og „dagurinn fyrir gildistökudag samningsins“;

— í stað dagsetningarinnar „1. apríl 1993“ komi „fyrsti dagur annars mánaðar eftir gildistöku samningsins“;

— í stað dagsetningarinnar „1. júlí 1993“ komi „fyrsti dagur fjórða mánaðar eftir gildistöku samningsins“;

— í stað dagsetningarinnar „1. september 1993“ komi „dagsetningin sem kveðið er á um í 3. mgr. inngangsins að I. kafla, Dýr, í I. viðauka við samninginn“.

1. **364L0432:** Tilskipun ráðsins 64/432/EBE:

— aðlögunarliður a)

„Sviss: Kanton/canton/cantone“ falli niður;

— aðlögunarliðir d), e) og g)

„Sviss/“ falli niður;

— aðlögunarliður f)

orðin „Sviss/“ og „Vétérinaire de contrôle/Veterinario di controllo“ falli niður.

3. **390L0426:** Tilskipun ráðsins 90/426/EBE:

— aðlögunarliður b)

orðin „Sviss/“ og „Vétérinaire de contrôle/Veterinario di controllo“ falli niður.

4. **390L0539:** Tilskipun ráðsins 90/539/EBE:

— aðlögunarliður b)

orðin „CH eða“ og „Sviss/“ falli niður;

— aðlögunarliður g)

„Sviss/“ falli niður.

12. **385L0511:** Tilskipun ráðsins 85/511/EBE:

— aðlögunarliður a)

„Sviss/“ falli niður; og

í stað orðanna „Eidgenössisches Institut für Viruskrankheiten und Immunprophylaxe, Mittelhäusern“ komi „—“;

— aðlögunarliður b)

„Sviss/“ falli niður.

14. **380L0217:** Tilskipun ráðsins 80/217/EBE:

— aðlögunarliður a)

„Sviss/“ falli niður.

18. **364L0433:** Tilskipun ráðsins 64/433/EBE:

— aðlögunarliður j)

„CH -“ falli niður.

20. **371L0118:** Tilskipun ráðsins 71/118/EBE og

21. **377L0099:** Tilskipun ráðsins 77/99/EBE:

— aðlögunarliður c)

„CH -“ og „CH/“ falli niður.

23. **389L0437:** Tilskipun ráðsins 89/437/EBE:

— aðlögunarliður f)

„CH/“ falli niður.

34. **391L0495:** Tilskipun ráðsins 91/495/EBE:

— aðlögunarliður e)

„CH,“ falli niður.

66. **389D0610:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/610/EBE:

— aðlögunarliður

„Sviss/“ falli niður.

C. **Ií. kafli, Fóður**

— Inngangsorð, 1. mgr.

í stað orðanna „skulu Sviss og Liechtenstein“ standi „skal Liechtenstein“.

— Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1993“, sem um getur að því er varðar EFTA-ríkin í sérstöku aðlögunarákvæðunum er tengjast gerðunum sem um getur í kaflanum, komi „gildistökudagur samningsins“.

3. **377L0101:** Tilskipun ráðsins 77/101/EBE og

4. **379L0373:** Tilskipun ráðsins 79/373/EBE:

— undanþága, annar undirliður

orðin „Sviss og“ falli niður; og

„geta“ verði „getur“.

II. **VIÐAUKI, TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR, STAÐLAR, PRÓFANIR OG VOTTUN**

A. **I. kafli, Vélknúin ökutæki**

1. **370L0156:** Tilskipun ráðsins 70/156/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „„Typengenehmigung"/„approbation du type"/„approvazione del tipo" í svissneskum lögum" falli niður.

2. **370L0157:** Tilskipun ráðsins 70/157/EBE:

— aðlögunarliðir a) og b)

„CH = Sviss," falli niður.

8. **370L0388:** Tilskipun ráðsins 70/388/EBE,
9. **371L0127:** Tilskipun ráðsins 71/127/EBE,
17. **374L0483:** Tilskipun ráðsins 74/483/EBE,
19. **376L0114:** Tilskipun ráðsins 76/114/EBE,
22. **376L0757:** Tilskipun ráðsins 76/757/EBE,
23. **376L0758:** Tilskipun ráðsins 76/758/EBE,
24. **376L0759:** Tilskipun ráðsins 76/759/EBE,
25. **376L0760:** Tilskipun ráðsins 76/760/EBE,
26. **376L0761:** Tilskipun ráðsins 76/761/EBE,
27. **376L0762:** Tilskipun ráðsins 76/762/EBE,
29. **377L0538:** Tilskipun ráðsins 77/538/EBE,
30. **377L0539:** Tilskipun ráðsins 77/539/EBE,
31. **377L0540:** Tilskipun ráðsins 77/540/EBE,
32. **377L0541:** Tilskipun ráðsins 77/541/EBE og
39. **378L0932:** Tilskipun ráðsins 78/932/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „14 fyrir Sviss" falli niður.

40. **378L1015:** Tilskipun ráðsins 78/1015/EBE:

— aðlögunarliður a)

orðin „„Typengenehmigung"/„approbation du type"/„approvazione del tipo" í svissneskum lögum" falli niður.

— aðlögunarliður b)

orðin „14 fyrir Sviss" falli niður.

41. **380L0780:** Tilskipun ráðsins 80/780/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „„Typengenehmigung"/„approbation du type"/„approvazione del tipo" í svissneskum lögum" falli niður.

44. **388L0077:** Tilskipun ráðsins 88/77/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „14 fyrir Sviss" falli niður.

B. **II. kafli, Landbúnaðardráttarvélar**

1. **374L0150:** Tilskipun ráðsins 74/150/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „„Typengenehmigung"/„approbation du type"/„approvazione del tipo" í svissneskum lögum" falli niður.

11. **377L0536:** Tilskipun ráðsins 77/536/EBE,
13. **378L0764:** Tilskipun ráðsins 78/764/EBE,
17. **379L0622:** Tilskipun ráðsins 79/622/EBE,
20. **386L0298:** Tilskipun ráðsins 86/298/EBE,
22. **387L0402:** Tilskipun ráðsins 87/402/EBE og
23. **389L0173:** Tilskipun ráðsins 89/173/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „14 fyrir Sviss" falli niður.

C. **III. kafli, Lyfti- og flutningabúnaður**

2. **384L0528:** Tilskipun ráðsins 84/528/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „CH fyrir Sviss," falli niður.

D. **VI. kafli, Byggingarsvæði- og búnaður**

8. **386L0295:** Tilskipun ráðsins 86/295/EBE og
9. **386L0296:** Tilskipun ráðsins 86/296/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „CH fyrir Sviss," falli niður.

E. **VIII. kafli, Þrýstihylki**

2. **376L0767:** Tilskipun ráðsins 76/767/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „CH fyrir Sviss," falli niður.

F. **IX. kafli, Mælitæki**

1. **371L0316:** Tilskipun ráðsins 71/316/EBE:

— aðlögunarliður a)

orðin „CH fyrir Sviss," falli niður;

— aðlögunarliður b)

„CH," falli niður.

6. **371L0348:** Tilskipun ráðsins 71/348/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „1 Rappen/1 centime/1 centesimo (Sviss)" falli niður.

12. **375L0106:** Tilskipun ráðsins 75/106/EBE:

— aðlögunarliður a)

orðin „Sviss og" falli niður.

G. **XIV. kafli, Áburður**

1. **376L0116:** Tilskipun ráðsins 76/116/EBE:

— aðlögunarliðir a) og b)

„og Sviss“ falli niður.

H. **XIX. kafli, Almenn ákvæði á sviði tæknilegra viðskiptahindrana**

1. **383L0189:** Tilskipun ráðsins 83/189/EBE:

— aðlögunarliður g)

„SNV (Sviss)“ og „CES (Sviss)“ ásamt heimilisföngum falli niður.

I. **XXVII. kafli, Brenndir drykkir**

1. **389R1576:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89:

— aðlögunarliður h)

6. Þrúguhratsbrennivín

eftirfarandi falli niður:

„— Baselbieter Marc“
„— Grappa del Ticino/Grappa Ticinese“
„— Grappa della Val Calanca“
„— Grappa della Val Bregaglia“
„— Grappa della Val Mesolcina“
„— Grappa della Valle di Poschiavo“
„— Marc d'Auvernier“
„— Marc de Dôle du Valais“;

7. Ávaxtabrennivín

eftirfarandi falli niður:

„— Aargauer Bure Kirsch“
„— Abricotine du Valais/Walliser Aprikosenwasser“
„— Baselbieterkirsch“
„— Baselbieter Zwetschgenwasser“
„— Bernbieter Birnenbrand“
„— Bernbieter Kirsch“
„— Bernbieter Mirabellen“
„— Bernbieter Zwetschgenwasser“
„— Bérudges de Cornaux“
„— Emmentaler Kirsch“
„— Freiämter Theilersbirnenbranntwein“
„— Freiämter Zwetschgenwasser“
„— Fricktaler Kirsch“
„— Kirsch de la Béroche“
„— Luzerner Birnenträsch“
„— Luzerner Kirsch“
„— Luzerner Theilersbirnenbranntwein“
„— Luzerner Zwetschgenwasser“
„— Mirabelle du Valais“
„— Rigi Kirsch“
„— Seeländer Pflümliwasser“
„— Urschwyzerkirsch“
„— William du Valais/Walliser Williams“
„— Zuger Kirsch“;

9. Maríuvandarbrennivín

eftirfarandi falli niður:

„9. Maríuvandarbrennivín
— Gentiane du Jura“;

11. Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum

eftirfarandi falli niður:

„11. Brenndir drykkir bragðbættir með einiberjum
— Genièvre du Jura“;

14. Líkjör

eftirfarandi falli niður:

„— Bernbieter Griottes Liqueur“
„— Bernbieter Kirschen Liqueur“
„— Genépi du Valais“;

15. Brenndir drykkir

eftirfarandi falli niður:

„— Bernbieter Cherry Brandy Liqueur“
„— Bernbieter Kräuterbitter“
„— Eau-de-vie d'herbes du Jura“
„— Gotthard Kräuterbranntwein“
„— Luzerner Chrüter (Kräuterbranntwein)“
„— Vieille lie du Mandement“
„— Walliser Chrüter (Kräuterbranntwein)“.

III **III. VIÐAUKI, SKAÐSEMISÁBYRGÐ**

385L0374: Tilskipun ráðsins 85/374/EBE:

— iii-liður í aðlögunarlið a) falli niður;

— aðlögunarliður b)

orðin „Sviss og“ falli niður.

IV **IV. VIÐAUKI, ORKA**

1. og 2. viðbætir:

„Sviss“ ásamt færslum fyrir Sviss undir Fyrirtæki og Flutningskerfi falli niður.

V **V. VIÐAUKI, FRELSI LAUNÞEGA TIL FLUTNINGA**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

Orðin „og Sviss“ falli niður.

B. 3. **368L0360:** Tilskipun ráðsins 68/360/EBE:

— ii-liður í aðlögunarlið e)

„svissnesku/svissneskir“ falli niður.

VI **VI. VIÐAUKI, FÉLAGSLEGT ÖRYGGI**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

— I. mgr.

orðin „og Sviss“ falli niður.

B. 1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71:

— aðlögunarliður b)

ákvæðið falli niður;

— aðlögunarliðir g), h), i), j), m) og n)

færslan „S. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliðir k) og l)

fyrirsagnir og ákvæði eftirfarandi færslna falli niður:

84, 101, 117, 132, 146, 159, 160, 161, 162, 163, 164, 165, 166, 167, 168, 169, 170, 171;

— aðlögunarliður o)

færslan „16.“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72:

— aðlögunarliðir a), b), c), d), e), f), g), h) og k)

færslan „S. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

20. **383Y0117:** Ákvörðun nr. 117 og

21. **383Y1112(02):** Ákvörðun nr. 118:

— aðlögunarliður

færslan „Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

34. **C/281/88/bls. 7:** Ákvörðun nr. 135:

— aðlögunarliður

færsla „s)“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

35. **C/64/88/bls. 7:** Ákvörðun nr. 136:

— aðlögunarliður

færslan „S. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

C. TILHÖGUN ÞÁTTTÖKU EFTA-RÍKJANNA Í FRAMKVÆMDARÁÐINU UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA OG Í ENDURSKOÐUNARNEFNDINNI SEM KOMIÐ ER Á Í TENGSLUM VIÐ RÁÐIÐ SAMKVÆMT 1. MGR. 101. GR. SAMNINGSINS

Orðin „og Sviss“ falli niður.

VII **VII. VIÐAUKI, GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

Orðin „og Sviss“ falli niður.

B. **Kafli A, Almennt kerfi**

1. **389L0048:** Tilskipun ráðsins 89/48/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður.

C. **Kafli B, Lögfræðistörf**

2. **377L0249:** Tilskipun ráðsins 77/249/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

D. **Kafli C, Lækningar og skyld starfsemi**

4. **375L0362:** Tilskipun ráðsins 75/362/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður;

— aðlögunarliður a)

færslan „s) *í Sviss:*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður b)

færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður c)

færslurnar „Sviss“, ásamt ákvæðunum, falli niður;

— aðlögunarliður d)

færslan „*hitabeltislækningar:*“ og færslurnar „Sviss“, ásamt ákvæðunum, falli niður.

5. **375L0363:** Tilskipun ráðsins 75/363/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður.

6. **386L0457:** Tilskipun ráðsins 86/457/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður.

8. **377L0452:** Tilskipun ráðsins 77/452/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður;

— aðlögunarliður a)

færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður b)

færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

9. **377L0453:** Tilskipun ráðsins 77/453/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður.

10. **378L0686:** Tilskipun ráðsins 78/686/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður;

— aðlögunarliður a)

færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður b)

færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður c) 1.

færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

11. **378L0687:** Tilskipun ráðsins 78/687/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður.

12. **378L1026:** Tilskipun ráðsins 78/1026/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

14. **380L0154:** Tilskipun ráðsins 80/154/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður;

— aðlögunarliður a)

færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður b)

færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

15. **380L0155:** Tilskipun ráðsins 80/155/EBE:

— undanþágan vegna Sviss falli niður.

17. **385L0433:** Tilskipun ráðsins 85/433/EBE:

— aðlögunarliður a)

færslan „s) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

E. **Kafli D, Byggingarlist**

18. **385L0384:** Tilskipun ráðsins 85/384/EBE:

— aðlögunarliður a)

færslan „r) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

F. **Kafli E, Verslun og milliliðir**

22. **364L0224:** Tilskipun ráðsins 64/224/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

28. **374L0557:** Tilskipun ráðsins 74/557/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „— *í Sviss:*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

G. **Kafli G, Greinar sem tengjast flutningum**

38. **382L0470:** Tilskipun ráðsins 82/470/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „*Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

H. **Kafli I, Önnur svið**

43. **367L0043:** Tilskipun ráðsins 67/43/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „*í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

VIII **VIII. VIÐAUKI, STAÐFESTURÉTTUR**

Aðlögun á tilteknum sviðum

Orðin „og Sviss“ falli niður.

IX **IX. VIÐAUKI, FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA**

A. **I. kafli, Vátryggingar**

2. **373L0239:** Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE:

— aðlögunarliður a)

færslan „g) *í Sviss*“, ásamt ákvæðinu, falli niður;

— aðlögunarliður b)

færslan „— fyrir Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

11. **379L0267:** Fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE:

— aðlögunarliður b)

færslan „— í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

13. **377L0092:** Tilskipun ráðsins 77/92/EBE:

— aðlögunarliðir a) og b)

færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

B. **II. kafli, Bankar og aðrar lánastofnanir**

21. **386L0635:** Tilskipun ráðsins 86/635/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „og Sviss“ falli niður.

C. **III. kafli, Verðbréfaþing og verðbréf**

24. **379L0279:** Tilskipun ráðsins 79/279/EBE:

— aðlögunarliður

í stað orðanna „Ísland og Sviss skulu“ komi „Ísland skal“; og

í stað orðanna „skulu þessi lönd“ komi „skal þetta land“.

25. **380L0390:** Tilskipun ráðsins 80/390/EBE:

— aðlögunarliður b)

í stað orðanna „Ísland og Sviss skulu“ komi „Ísland skal“; og

í stað orðanna „skulu þessi lönd“ komi „skal þetta land“.

26. **382L0121:** Tilskipun ráðsins 82/121/EBE:

— aðlögunarliður

í stað orðanna „Ísland og Sviss skulu“ komi „Ísland skal“; og

í stað orðanna „skulu þessi lönd“ komi „skal þetta land“.

27. **388L0627:** Tilskipun ráðsins 88/627/EBE:

— aðlögunarliður

„, Sviss“ falli niður.

28. **389L0298:** Tilskipun ráðsins 89/298/EBE:

— aðlögunarliður b)

„, Sviss“ falli niður.

29. **389L0592:** Tilskipun ráðsins 89/592/EBE:

— aðlögunarliður a)

„, Sviss“ falli niður.

X **XII. VIÐAUKI, FRJÁLSIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR**

1. **388L0361:** Tilskipun ráðsins 88/361/EBE:

— aðlögunarliður d)

fjórði undirliður falli niður;

fimmti undirliður

orðin „og Sviss“ falli niður.

XI **XIII. VIÐAUKI, FLUTNINGASTARFSEMI**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

— II. mgr.

fimmti undirliður falli niður.

B. **I. kafli, Flutningar á landi**

1. **370R1108:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1108/70:

— aðlögunarliður

viðbæturnar A.2 JÁRNBRAUTIR og B. VEGIR

færslurnar „Sviss“, ásamt ákvæðunum, falli niður.

12. **389R4060:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89:

— aðlögunarliður b) falli niður.

13. **375L0130:** Tilskipun ráðsins 75/130/EBE:

— síðasti málsliður aðlögunarinnar falli niður.

C. **II. kafli, Flutningar á vegum**

14. **385L0003:** Tilskipun ráðsins 85/3/EBE:

— önnur málsgrein aðlögunarinnar falli niður;

— aðlögunarliður, þriðja málsgrein

í stað orðanna „Austurríki og Sviss skulu“ komi „Austurríki skal“.

16. **377L0143:** Tilskipun ráðsins 77/143/EBE:

— aðlögunarliðurinn falli niður ásamt málsliðnum næst á undan.

20. **385R3820:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og

21. **385R3821:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85:

— aðlögunarliður b) falli niður.

22. **376L0914:** Tilskipun ráðsins 76/914/EBE:

— aðlögunarliðurinn falli niður ásamt málsliðnum næst á undan.

23. **388L0599:** Tilskipun ráðsins 88/599/EBE:

— aðlögunarliður

í stað orðanna „Austurríki og Sviss skulu“ komi „Austurríki skal“.

25. **362L2005:** Fyrsta tilskipun ráðsins:

— aðlögunarliður b)

orðin „og Sviss“ falli niður.

26. **376R3164:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3164/76:

— aðlögunarliður b)

orðin „og Sviss“ falli niður.

28. **374L0561:** Tilskipun ráðsins 74/561/EBE:

— aðlögunarliðurinn falli niður ásamt málsliðnum næst á undan.

34. **372R1172:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1172/72:

— aðlögunarliður

— „Sviss (CH),“ falli niður.

D. **IV. kafli, Flutningar á skipgengum vatnaleiðum**

46. **387L0540:** Tilskipun ráðsins 87/540/EBE:

— aðlögunarliður

eftirfarandi falli niður:

„Sviss skal koma tilskipuninni til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1995."

47. **382L0714:** Tilskipun ráðsins 82/714/EBE:

— aðlögunarliður

II. kafli
Svæði 3

færslan „*Sviss*", ásamt ákvæðinu, falli niður.

E. **VI. kafli, Almennt flug**

62. **390R2343:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2343/90:

— aðlögunarliður

færslan „Sviss:", ásamt ákvæðinu, falli niður.

XII **XVI. VIÐAUKI, OPINBER INNKAUP**

1. **371L0304:** Tilskipun ráðsins 71/304/EBE:

— aðlögunarliður b)

önnur undirgrein falli niður;

þriðja undirgrein

í stað orðsins „aðlögunartímabilunum" komi „aðlögunartímabilinu" og í stað orðanna „fresta þessi ríki" komi „frestar Liechtenstein".

2. **371L0305:** Tilskipun ráðsins 71/305/EBE:

— aðlögunarliður a)

önnur undirgrein falli niður;

þriðja undirgrein

í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“;

— aðlögunarliður c)

orðin „og Sviss“ falli niður;

þriðji undirliður falli niður;

— aðlögunarliður e)

færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

3. **377L0062:** Tilskipun ráðsins 77/62/EBE:

— aðlögunarliður a)

önnur undirgrein falli niður;

þriðja undirgrein

í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“;

— aðlögunarliður c)

orðin „og Sviss“ falli niður;

þriðji undirliður falli niður;

— aðlögunarliður h)

færslan „í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

4. **390L0531:** Tilskipun ráðsins 90/531/EBE:

— aðlögunarliður a)

önnur undirgrein falli niður;

þriðja undirgrein

í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“;

— aðlögunarliður e)

orðin „og Sviss“ falli niður;

þriðji undirliður falli niður.

5. **389L0665:** Tilskipun ráðsins 89/665/EBE og

6. **371R1182:** Reglugerð (EBE/KBE) nr. 1182 frá 3. júní 1971:

— aðlögunarliður a)

önnur undirgrein falli niður;

þriðja undirgrein

í stað orðsins „aðlögunartímabilunum“ komi „aðlögunartímabilinu“ og í stað orðanna „fresta þessi ríki“ komi „frestar Liechtenstein“.

1. og 3. viðbætir:

— færslan „VII. Í SVISS:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

2. og 4. - 13. viðbætir:

— færslan „SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

XIII **XVIII. VIÐAUKI, ÖRYGGI OG HOLLUSTUHÆTTIR Á VINNUSTÖÐUM, VINNURÉTTUR OG JAFNRÉTTI KYNJANNA**

18. **376L0207:** Tilskipun ráðsins 76/207/EBE:

— aðlögunarliður

orðin „Sviss og“ falli niður; og

(á ekki við íslenska textann).

24. **380L0987:** Tilskipun ráðsins 80/987/EBE:

— aðlögunarliður b)

færslan „F. SVISS“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

XIV **XIX. VIÐAUKI, NEYTENDAVERND**

Aðlögun á tilteknum sviðum

„, Sviss“ falli niður.

XV **XX. VIÐAUKI, UMHVERFISMÁL**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

„, Sviss og“ falli niður.

B. **III. kafli, Loft**

19. **388L0609:** Tilskipun ráðsins 88/609/EBE:

— aðlögunarliðir b) og c)

færslan „Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

C. **V. kafli, Úrgangur**

31. **384L0631:** Tilskipun ráðsins 84/631/EBE:

— aðlögunarliður b)

orðin „og CH fyrir Sviss“ falli niður.

XVI **XXI. VIÐAUKI, HAGSKÝRSLUGERÐ**

A. **Aðlögun á tilteknum sviðum**

— 1. mgr.

„, Sviss“ falli niður.

B. **Iðnaðarskýrslur**

1. **364L0475:** Tilskipun ráðsins 64/475/EBE:

— aðlögunarliður b)

ákvæðið falli niður;

— aðlögunarliðir d) og e)

orðin „og Sviss“ falli niður.

2. **372L0211:** Tilskipun ráðsins 72/211/EBE:

— aðlögunarliður c)

ákvæðið falli niður.

3. **372L0221:** Tilskipun ráðsins 72/221/EBE:

— aðlögunarliður b)

ákvæðið falli niður;

— aðlögunarliður d)

orðin „og Sviss“ falli niður;

— aðlögunarliður e)

orðin „Sviss og“ falli niður og „þurfa“ verði „þarf“.

4. **378L0166:** Tilskipun ráðsins 78/166/EBE:

— aðlögunarliður e)

orðin „og Sviss“ falli niður.

C. **Flutningaskýrslur**

5. **378L0546:** Tilskipun ráðsins 78/546/EBE:

— aðlögunarliður a)

ákvæðið falli niður;

— aðlögunarliður b)

orðin „Sviss og“ og „Schweiz/Suisse/Svizzera og“ falli niður;

— aðlögunarliður c)

orðin „Sviss og“ falli niður í öðrum landahópnum; og

„Sviss“ bætist við á undan orðinu „Búlgaría“ í þriðja landahópnum;

— aðlögunarliður g)

orðin „og Sviss“ falli niður;

— aðlögunarliður h)

ákvæðið falli niður.

6. **380L1119:** Tilskipun ráðsins 80/1119/EBE:

— aðlögunarliður a)

orðin „Sviss og Liechtenstein“ og „Schweiz/Suisse/Svizzera og Liechtenstein“ falli niður;

— aðlögunarliður b)

í staðinn fyrir fyrirsögnina „II. EFTA-ríki“ komi „II. EFTA-EES-ríki“;

orðin „18. Sviss og Liechtenstein“ falli niður;

„18. Sviss“ komi strax á eftir fyrirsögninni „III. Evrópulönd utan EES“;

— aðlögunarliður d)

í staðinn fyrir orðin „EFTA-lönd“ komi „EFTA-EES-lönd“.

7. **380L1177:** Tilskipun ráðsins 80/1177/EBE:

— aðlögunarliður a)

skammstafanirnar „SBB/CFF/FFS“ og „BLS“, ásamt fullu heiti, falli niður;

— aðlögunarliður b)

orðin „Sviss Schweiz/Suisse/Svizzera“ falli niður;

— aðlögunarliður c)

„17. Sviss“ falli niður undir fyrirsögninni „II. EFTA-ríki“ og komi strax á eftir fyrirsögninni „B. Lönd utan EES“;

í stað fyrirsagnarinnar „II. EFTA-ríki“ komi „II. EFTA-EES-ríki“.

D. **Verslunarskýrslur**

8. **375R1736:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1736/75:

— aðlögunarliður b), 3. mgr.

eftirfarandi falli niður

„Sviss og Liechtenstein mynda eitt hagskýrslusvæði.“;

— aðlögunarliður h) ákvæðið falli niður.

9. **377R0546:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 546/77:

— aðlögunarliðir a) og b)

færslan „Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

16. **388R0455:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 455/88:

— aðlögunarliður

orðin „fyrir Sviss: CHF 1 000“ falli niður.

E. **Mannfjölda- og félagsmálaskýrslur**

18. **376R0311:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76:

— aðlögunarliður a)

orðin „og Sviss“ falli niður.

F. **Þjóðhagsreikningar — verg landsframleiðsla**

19. **389L0130:** Tilskipun ráðsins 89/130/EBE,KBE:

— aðlögunarliður b)

orðin „og Sviss“ falli niður.

G. **Flokkunarkerfi**

20. **390R3037:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90:

— aðlögunarliður

orðin „og Sviss“ falli niður.

H. **Landbúnaðarskýrslur**

21. **372L0280:** Tilskipun ráðsins 72/280/EBE:

— aðlögunarliður b)

„Sviss: —“ falli niður;

— aðlögunarliðir c), e) og f)

orðin „og Sviss“ falli niður.

22. **372D0356:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 72/356/EBE:

— aðlögunarliður a)

„Sviss: Eingöngu eitt svæði“ falli niður;

— aðlögunarliður b)

orðin „og Sviss“ falli niður.

23. **388R0571:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 571/88:

— aðlögunarliður e)

færslur B.04, E og J.17

orðin „og Sviss“ falli niður.

— aðlögunarliður f)

ákvæðið falli niður;

— aðlögunarliðir g) og h)

orðin „og Sviss“ falli niður.

24. **390R0837:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 837/90:

— aðlögunarliður b)

„Sviss —“ falli niður;

— aðlögunarliður d)

orðin „og Sviss“ falli niður.

I. **Fiskiskýrslur**

25. **391R1382:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1382/91:

— aðlögunarliður a)

í stað fyrirsagnarinnar „EFTA“ komi „EFTA-EES-ríki“.

J. **Orkuskýrslur**

26. **390L0377:** Tilskipun ráðsins 90/377/EBE:

— aðlögunarliðir a), b) og d)

orðin „og Sviss“ falli niður.

XVII **XXII. VIÐAUKI, FÉLAGARÉTTUR**

A. **Aðlögunartímabil**

orðin „Sviss og“ falli niður.

B. 1. **368L0151:** Fyrsta tilskipun ráðsins 68/151/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

2. **377L0091:** Önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE:

— aðlögunarliður a)

færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

3. **378L0855:** Þriðja tilskipun ráðsins 78/855/EBE:

— aðlögunarliður a)

færslan „— Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

4. **378L0660:** Fjórða tilskipun ráðsins 78/660/EBE:

— aðlögunarliður a)

færslan „— í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

6. **383L0349:** Sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „s) í Sviss:“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

9. **389L0667:** Tólfta tilskipun ráðsins 89/667/EBE:

— aðlögunarliður

færslan „— í Sviss“, ásamt ákvæðinu, falli niður.

- - - - - -

Fylgiskjal 3.

LOKAGERÐ

Fulltrúar með fullu umboði

EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU,

KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU,

sem nefnast hér á eftir „bandalagið“, og

KONUNGSRÍKISINS BELGÍU,

KONUNGSRÍKISINS DANMERKUR,

SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,

LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,

KONUNGSRÍKISINS SPÁNAR,

LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,

ÍRLANDS,

LÝÐVELDISINS ÍTALÍU,

STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBORGAR,

KONUNGSRÍKISINS HOLLANDS,

LÝÐVELDISINS PORTÚGALS,

HINS SAMEINAÐA KONUNGSRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

samningsaðilar að stofnsáttmála EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU og stofnsáttmála KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU,

sem nefnast hér á eftir „aðildarríki EB“,

og

fulltrúar með fullu umboði

LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS,
LÝÐVELDISINS FINNLANDS,
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS,
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,
KONUNGSRÍKISINS NOREGS,
KONUNGSRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR,
RÍKJASAMBANDSINS SVISS,

sem nefnast hér á eftir „EFTA-ríkin“,

er koma saman í Óportó annan dag maímánaðar árið nítján hundruð níutíu og tvö til undirritunar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem nefnist hér á eftir EES-samningurinn, hafa samþykkt eftirfarandi texta:

I. samninginn um Evrópska efnahagssvæðið;

II. textana sem eru skráðir hér að aftan og fylgja samningnum um Evrópska efnahagssvæðið:

A. Bókun 1 um altæka aðlögun,

Bókun 2 um framleiðsluvörur sem falla ekki undir gildissvið samningsins í samræmi við a-lið 3. mgr. 8. gr.,

Bókun 3 um framleiðsluvörur sem um getur í b-lið 3. mgr. 8. gr. samningsins,

Bókun 4 um upprunareglur,

Bókun 5 um fjáröflunartolla (Liechtenstein, Sviss),

Bókun 6 um söfnun lögboðins varaforða í Sviss og Liechtenstein,

Bókun 7 um magntakmarkanir sem Ísland má viðhalda,

Bókun 8 um ríkiseinkasölur,

Bókun 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir,

Bókun 10 um að einfalda skoðun og formsatriði vegna vöruflutninga,

Bókun 11 um gagnkvæma aðstoð í tollamálum,

Bókun 12 um samninga við þriðju lönd um samræmismat,

Bókun 13 um að jöfnunartollum og aðgerðum gegn undirboðum verði ekki beitt,

Bókun 14 um verslun með kola- og stálvörur,

Bókun 15 um aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein),

Bókun 16 um ráðstafanir á sviði félagslegs öryggis varðandi aðlögunartímabil vegna frjálsra fólksflutninga (Sviss og Liechtenstein),

Bókun 17 varðandi 34. gr.,

Bókun 18 um reglur aðila vegna framkvæmdar 43. gr.,

Bókun 19 um flutninga á sjó,

Bókun 20 um aðgang að skipgengum vatnaleiðum,

Bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki,

Bókun 22 um skilgreiningu á „fyrirtæki“ og „veltu“ (56. gr.),

Bókun 23 um samvinnu milli eftirlitsstofnana (58. gr.),

Bókun 24 um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum,

Bókun 25 um samkeppni varðandi kol og stál,

Bókun 26 um valdsvið og störf eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar,

Bókun 27 um samvinnu á sviði ríkisaðstoðar,

Bókun 28 um hugverkaréttindi,

Bókun 29 um starfsþjálfun,

Bókun 30 um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar,

Bókun 31 um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins,

Bókun 32 um fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar 82. gr.,

Bókun 33 um gerðardómsmeðferð,

Bókun 34 um að dómstólar EFTA-ríkja geti farið fram á það að dómstóll Evrópubandalaganna taki ákvörðun um túlkun á EES-reglum sem samsvara EB-reglum,

Bókun 35 um framkvæmd EES-reglna,

Bókun 36 um stofnsamþykkt sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar,

Bókun 37 með skrá sem kveðið er á um í 101. gr.,

Bókun 38 um fjármagnskerfið,

Bókun 39 um evrópsku mynteininguna (ECU),

Bókun 40 um Svalbarða,

Bókun 41 um gildandi samninga,

Bókun 42 um tvíhliða fyrirkomulag varðandi tilteknar landbúnaðarvörur,

Bókun 43 um samninginn milli EBE og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum,

Bókun 44 um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss varðandi vöruflutninga á vegum og járnbrautum,

Bókun 45 um aðlögunartímabil varðandi Spán og Portúgal,

Bókun 46 um þróun samvinnu í sjávarútvegi,

Bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín,

Bókun 48 varðandi 105. og 111. gr.,

Bókun 49 um Ceuta og Melilla;

B. I. viðauki Heilbrigði dýra og plantna,

II. viðauki Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun,

III. viðauki Skaðsemisábyrgð,

IV. viðauki Orka,

V. viðauki Frelsi launþega til flutninga,

VI. viðauki Félagslegt öryggi,

VII. viðauki Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi,

VIII. viðauki Staðfesturéttur,

IX. viðauki Fjármálaþjónusta,

X. viðauki Hljóð- og myndmiðlun,

XI. viðauki Fjarskiptaþjónusta,

XII. viðauki Frjálsir fjármagnsflutningar,

XIII. viðauki Flutningastarfsemi,

XIV. viðauki Samkeppni,

XV. viðauki Ríkisaðstoð,

XVI. viðauki Opinber innkaup,

XVII. viðauki Hugverkaréttindi,

XVIII. viðauki Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna,

XIX. viðauki Neytendavernd,

XX. viðauki Umhverfismál,

XXI. viðauki Hagskýrslugerð,

XXII. viðauki Félagaréttur.

Fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa samþykkt sameiginlegu yfirlýsingarnar sem skráðar eru hér að aftan og fylgja þessari lokagerð:

1. Sameiginleg yfirlýsing um gerð sameiginlegra skýrslna samkvæmt 5. mgr. bókunar 1 um altæka aðlögun;
2. Sameiginleg yfirlýsing um gagnkvæma viðurkenningu og verndarsamninga um merkingu á víni og áfengum drykkjarvörum;
3. Sameiginleg yfirlýsing um aðlögunartímabil vegna útgáfu skjala varðandi sönnun á uppruna;
4. Sameiginleg yfirlýsing varðandi 10. gr. og 1. mgr. 14. gr. í bókun 11 við samninginn;
5. Sameiginleg yfirlýsing um rafmagnslækningatæki;
6. Sameiginleg yfirlýsing um ríkisborgara lýðveldisins Íslands með prófskírteini frá þriðja landi í sérgreinum læknisfræði, sérgreinum tannlækninga, dýralækningum, lyfjafræði, heimilislækningum eða byggingarlist;
7. Sameiginleg yfirlýsing um ríkisborgara lýðveldisins Íslands með prófskírteini af æðra skólastigi að lokinni minnst þriggja ára sérfræðimenntun og starfsþjálfun í þriðja landi;
8. Sameiginleg yfirlýsing um vöruflutninga á vegum;
9. Sameiginleg yfirlýsing um samkeppnisreglur;
10. Sameiginleg yfirlýsing um b-lið 3. mgr. 61. gr. samningsins;
11. Sameiginleg yfirlýsing um c-lið 3. mgr. 61. gr. samningsins;
12. Sameiginleg yfirlýsing um aðstoð sem veitt er úr þróunarsjóðum EB eða af öðrum fjármálastofnunum;
13. Sameiginleg yfirlýsing um c-lið bókunar 27 við samninginn;
14. Sameiginleg yfirlýsing um skipasmíðar;
15. Sameiginleg yfirlýsing um meðferð mála þegar EFTA-ríki, í krafti 76. gr. og VI. hluta samningsins og samsvarandi bókana, taka fullan þátt í EB-nefndum;
16. Sameiginleg yfirlýsing um samstarf í menningarmálum;
17. Sameiginleg yfirlýsing um samvinnu gegn ólöglegum viðskiptum með menningarverðmæti;
18. Sameiginleg yfirlýsing um tengsl sérfræðinga bandalagsins við störf nefnda sem starfa meðal EFTA-ríkjanna eða er komið á fót af eftirlitsstofnun EFTA;
19. Sameiginleg yfirlýsing um 103. gr. samningsins;
20. Sameiginleg yfirlýsing vegna bókunar 35 við samninginn;
21. Sameiginleg yfirlýsing varðandi fjármagnskerfið;
22. Sameiginleg yfirlýsing um tengslin milli EES-samningsins og gildandi samninga;
23. Sameiginleg yfirlýsing um samþykkta túlkun á 1. og 2. mgr. 4. gr. bókunar 9 um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir;

24. Sameiginleg yfirlýsing um tollaívilnanir fyrir tilteknar landbúnaðarafurðir;

25. Sameiginleg yfirlýsing um heilbrigði plantna;

26. Sameiginleg yfirlýsing um gagnkvæma aðstoð eftirlitsstofnana á sviði áfengra drykkja;

27. Sameiginleg yfirlýsing varðandi bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín;

28. Sameiginleg yfirlýsing um breyttar tollaívilnanir og sérstaka meðferð vegna Spánar og Portúgals;

29. Sameiginleg yfirlýsing um velferð dýra;

30. Sameiginleg yfirlýsing um samræmdu tollskrána.

Fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa samþykkt yfirlýsingarnar sem skráðar eru hér að aftan og fylgja þessari lokagerð:

1. Yfirlýsing ríkisstjórna aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna um auðveldun landamæraeftirlits;

2. Yfirlýsing ríkisstjórna aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna um pólitísk skoðanaskipti.

Fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa einnig tekið mið af fyrirkomulaginu sem gildir um vinnuhóp háttsettra embættismanna á tímabilinu fram að gildistöku EES-samningsins og fylgir þessari lokagerð. Þeir hafa jafnframt orðið ásáttir um að vinnuhópur háttsettra embættismanna skuli, í síðasta lagi við gildistöku EES-samningsins, staðfesta texta þeirra EB-gerða sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn og hafa verið þýddir á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

Fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa jafnframt tekið mið af fyrirkomulaginu sem gildir um birtingu upplýsinga sem tengjast EES og fylgir þessari lokagerð.

Jafnframt hafa fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna tekið mið af fyrirkomulaginu sem gildir um birtingu auglýsinga EFTA um opinber innkaup og fylgir þessari lokagerð.

Enn fremur hafa fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna orðið ásáttir um samþykktir frá samningaviðræðunum sem fylgja þessari lokagerð. Samþykktirnar eru bindandi.

Loks hafa fulltrúar með fullu umboði aðildarríkja EB og bandalagsins og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna jafnframt tekið mið af yfirlýsingunum sem skráðar eru hér að aftan og fylgja þessari lokagerð:

1. Yfirlýsing ríkisstjórna Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um áfengiseinkasölur;
2. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um áfengiseinkasölur;
3. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um gagnkvæma aðstoð í tollamálum;
4. Yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna um frjálsa för ökutækja til léttra flutninga;
5. Yfirlýsing ríkisstjórnar Liechtensteins um skaðsemisábyrgð;
6. Yfirlýsing ríkisstjórnar Liechtensteins varðandi sérstöðu landsins;
7. Yfirlýsing ríkisstjórnar Austurríkis um öryggisráðstafanir;
8. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
9. Yfirlýsing ríkisstjórnar Íslands um beitingu öryggisráðstafana samkvæmt EES-samningnum;
10. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um öryggisráðstafanir;
11. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
12. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um að koma á framhaldsnámi í byggingarlist við æðri tækniskóla;
13. Yfirlýsing ríkisstjórna Austurríkis og Sviss um hljóð- og myndmiðlun;
14. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um stjórnsýsluaðstoð;
15. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
16. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um notkun öryggisákvæðisins í sambandi við fjármagnsflutninga;
17. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
18. Yfirlýsing ríkisstjórnar Noregs um beint fullnustuhæfi ákvarðana stofnana EB um fjárskuldbindingar fyrirtækja með aðsetur í Noregi;
19. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
20. Yfirlýsing ríkisstjórnar Austurríkis um fullnustu ákvarðana stofnana EB um fjárskuldbindingar á austurrísku yfirráðasvæði;
21. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;
22. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um skipasmíðar;
23. Yfirlýsing ríkisstjórnar Írlands um bókun 28 um hugverk — alþjóðasamninga;
24. Yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna um stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks;

25. Yfirlýsing ríkisstjórnar Austurríkis um framkvæmd 5. gr. tilskipunar 76/207/EBE að því er varðar næturvinnu;

26. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

27. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um réttindi EFTA-ríkjanna gagnvart EB-dómstólnum;

28. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um réttindi lögfræðinga EFTA-ríkjanna samkvæmt lögum bandalagsins;

29. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um þátttöku sérfræðinga EFTA-ríkjanna í nefndum EB sem tengjast EES við beitingu 100. gr. samningsins;

30. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um 103. gr. samningsins;

31. Yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna um 1. mgr. 103. gr. samningsins;

32. Yfirlýsing Evrópubandalagsins varðandi umflutninga í sjávarútvegi;

33. Yfirlýsing Evrópubandalagsins og ríkisstjórna Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss um hvalaafurðir;

34. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um fjáröflunartolla;

35. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um tvíhliða samninga;

36. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum;

37. Yfirlýsing ríkisstjórnar Austurríkis um samning milli EBE og Lýðveldisins Austurríkis um vöruflutninga á vegum og járnbrautum;

38. Yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna um fjármagnskerfi EFTA;

39. Yfirlýsing ríkisstjórna EFTA-ríkjanna varðandi dómstól á fyrsta dómstigi.

SAMEIGINLEGAR YFIRLÝSINGAR

SAMNINGSAÐILA AÐ SAMNINGNUM

UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM GERÐ SAMEIGINLEGRA SKÝRSLNA SAMKVÆMT 5. MGR. BÓKUNAR 1 UM ALTÆKA AÐLÖGUN

Vegna endurskoðunar og tilhögunar skýrslugerðar samkvæmt 5. mgr. bókunar 1 um altæka aðlögun er litið svo á að sameiginlega EES-nefndin geti, hvenær sem hún telur að slíkt komi að gagni, farið fram á að sameiginleg skýrsla verði gerð.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU OG VERNDARSAMNINGA UM MERKINGU Á VÍNI OG ÁFENGUM DRYKKJARVÖRUM

Samningsaðilar fallast á að taka upp viðræður með það fyrir augum að ljúka fyrir 1. júlí 1993 sérstökum gagnkvæmum viðurkenningar- og verndarsamningum um merkingu á víni og áfengum drykkjarvörum með hliðsjón af núgildandi tvíhliða samningum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM AÐLÖGUNARTÍMABIL VEGNA ÚTGÁFU SKJALA VARÐANDI SÖNNUN Á UPPRUNA

a) Í tvö ár eftir gildistöku EES-samningsins skulu lögbær tollyfirvöld bandalagsins og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss viðurkenna, sem fullgilda sönnun á uppruna í skilningi bókunar 4 við EES-samninginn, eftirtalin skjöl sem um getur í 13. gr. bókunar 3 við Fríverslunarsamningana milli EBE og framangreindra EFTA-ríkja hvers um sig:

i) skírteini EUR. 1, að meðtöldum langtímaskírteinum, sem þar til bær tollstofa í útflutningsríkinu hefur viðurkennt með stimpli sínum;

ii) skírteini EUR. 1, að meðtöldum langtímaskírteinum, sem viðurkenndur útflytjandi hefur viðurkennt með sérstökum stimpli viðurkenndum af tollyfirvöldum í útflutningsríkinu; og

iii) vörureikninga með vísun til langtímaskírteina.

b) Í sex mánuði eftir gildistöku EES-samningsins skulu lögbær tollyfirvöld bandalagsins og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss viðurkenna sem fullgilda sönnun á uppruna í skilningi bókunar 4 við EES-samninginn eftirtalin skjöl sem um getur í 8. gr. í bókun 3 við Fríverslunarsamningana milli EBE og framangreindra EFTA-ríkja hvers um sig:

i) vörureikninga með yfirlýsingu útflytjanda eins og fram kemur í V. viðauka við bókun 3 og skal hún gefin í samræmi við 13. gr. bókunarinnar; og

ii) vörureikninga með yfirlýsingu útflytjanda eins og fram kemur í V. viðauka við bókun 3 og skal hún gefin út af útflytjanda.

c) Lögbær tollyfirvöld í bandalaginu og Austurríki, Finnlandi, Íslandi, Noregi, Svíþjóð og Sviss skulu taka til greina beiðnir um sannprófanir á skjölum sem um getur í a- og b-lið í tvö ár eftir útgáfu viðkomandi sönnunar á uppruna. Þessar sannprófanir skulu gerðar í samræmi við VI. bálk í bókun 4 við EES-samninginn.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING VARÐANDI 10. GR. OG 1. MGR. 14. GR. Í BÓKUN 11 VIÐ SAMNINGINN

Samningsaðilar ítreka hversu mikilvæg verndun nafngreindra upplýsinga er í þeirra augum. Þeir munu leita leiða til að tryggja viðeigandi verndun þessara upplýsinga samkvæmt bókun 11, og að hún verði að minnsta kosti ekki síðri en kveðið er á um í sáttmála Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM RAFMAGNSLÆKNINGATÆKI

Samningsaðilar taka mið af því að framkvæmdastjórnin hefur lagt fyrir ráðið tillögu að tilskipun ráðsins um rafmagnslækningatæki sem heyra enn sem komið er undir gildissvið tilskipunar 84/539/EBE (Stjtíð. EB nr. L 300, 19.11.1984, bls. 179) (II. viðauki).

Með tillögu framkvæmdastjórnarinnar er miðað að því að auka vernd sjúklinga, notenda og þriðju aðila með því að vísa til samhæfðra staðla sem CEN–CENELEC (Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu) hafa tekið upp í samræmi við lögformlegar kröfur, og með því að láta viðeigandi reglur um samræmismat gilda um þessar framleiðsluvörur, meðal annars með þátttöku þriðja aðila vegna tiltekinna tækja.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM RÍKISBORGARA LÝÐVELDISINS ÍSLANDS MEÐ PRÓFSKÍRTEINI FRÁ ÞRIÐJA LANDI Í SÉRGREINUM LÆKNISFRÆÐI, SÉRGREINUM TANNLÆKNINGA, DÝRALÆKNINGUM, LYFJAFRÆÐI, HEIMILISLÆKNINGUM EÐA BYGGINGARLIST

Með hliðsjón af því að í tilskipunum ráðsins 75/362/EBE (Stjtíð. EB nr. L 167, 30.6.1975, bls. 1), 78/686/EBE (Stjtíð. EB nr. L 233, 24.8.1978, bls. 1), 78/1026/EBE (Stjtíð. EB nr. L 362, 23.12.1978, bls. 1), 85/384/EBE (Stjtíð. EB nr. L 233, 21.8.1985, bls. 15), 85/433/EBE (Stjtíð. EB nr. L 253, 24.9.1985, bls. 37) og 86/457/EBE (Stjtíð. EB nr. L 267, 19.9.1986, bls. 26), eins og þær hafa verið aðlagaðar vegna EES, er eingöngu vísað til prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem veitt eru hjá samningsaðilum;

en með fullan hug á að taka tillit til sérstöðu ríkisborgara Lýðveldisins Íslands, er stundað hafa nám í þriðja landi sakir þess að á Íslandi gefst ekki kostur á að ljúka háskólaprófi í sérgreinum læknisfræði, sérgreinum tannlækninga, dýralækningum og byggingarlist, sökum takmarkaðra möguleika á þjálfun í sérgreinum tannlækninga og sérgreinum læknisfræði, og að stutt er síðan gefinn var kostur á að ljúka lyfjafræðinámi að fullu á Íslandi;

mælast samningsaðilar hér með til þess að hlutaðeigandi ríkisstjórnir leyfi ríkisborgurum Lýðveldisins Íslands með prófskírteini í sérgreinum tannlækninga, í dýralækningum, byggingarlist, lyfjafræði, að lokinni sérstakri þjálfun í heimilislækningum eða sérgreinum læknisfræði, sem er veitt í þriðja landi og viðurkennt af lögbærum íslenskum yfirvöldum, að hefja og stunda á Evrópska efnahagssvæðinu starfsemi sem sérfræðingar í tannlækningum, dýralæknar, arkitektar, lyfjafræðingar, heimilislæknar eða sérfræðingar í læknastétt með því að viðurkenna þessi prófskírteini á yfirráðasvæðum sínum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM RÍKISBORGARA LÝÐVELDISINS ÍSLANDS MEÐ PRÓFSKÍRTEINI AF ÆÐRA SKÓLASTIGI AÐ LOKINNI MINNST ÞRIGGJA ÁRA SÉRFRÆÐIMENNTUN OG STARFSÞJÁLFUN Í ÞRIÐJA LANDI

Með hliðsjón af því að í tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár (Stjtíð. EB nr. L 19, 24.1.1989, bls. 16), eins og hún er aðlöguð vegna EES, er vísað til prófskírteina, vottorða og annars vitnisburðar um formlega menntun og hæfi sem aðallega er veittur hjá samningsaðilum;

en með fullan hug á að taka tillit til sérstöðu ríkisborgara Lýðveldisins Íslands sem stundað hafa nám í þriðja landi sökum takmarkaðra möguleika á framhaldsnámi og langrar hefðar fyrir því að nemendur hljóti þessa menntun erlendis;

leggja samningsaðilar hér með til að hlutaðeigandi ríkisstjórnir leyfi ríkisborgurum Lýðveldisins Íslands með prófskírteini samkvæmt almenna kerfinu, sem er veitt í þriðja landi og viðurkennt af lögbærum íslenskum yfirvöldum, að hefja og stunda á Evrópska efnahagssvæðinu störf í viðkomandi starfsgrein með því að viðurkenna þessi prófskírteini á yfirráðasvæðum sínum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM VÖRUFLUTNINGA Á VEGUM

Ef Evrópubandalagið undirbýr nýja löggjöf í staðinn fyrir eða til að breyta eða útfæra beitingu reglna um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum (fyrsta tilskipun ráðsins frá 23. júlí 1962 um tiltekna vöruflutninga milli aðildarríkja, Stjtíð. EB nr. 70, 6.8. 1962, bls. 2005/62; tilskipun ráðsins 65/269/EBE, Stjtíð. EB nr. 88, 24.5. 1965, bls. 1469/65; reglugerð ráðsins (EBE) 3164/76, Stjtíð. EB nr. L 357, 29.12. 1976, bls.1; ákvörðun ráðsins 80/48/EBE, Stjtíð. EB nr. L 18, 24.1. 1980, bls. 21; reglugerð ráðsins (EBE) 4059/89, Stjtíð. EB nr. L 390, 30.12. 1989, bls. 3) skulu samningsaðilar, í samræmi við sameiginlegar samþykktar reglur, taka ákvörðun um breytingu á viðkomandi viðauka er heimili farmflytjendum samningsaðilanna sameiginlegan og gagnkvæman aðgang að markaðinum vegna vöruflutninga á vegum með sömu skilmálum.

Á gildistíma samningsins milli Evrópubandalaganna og Austurríkis um vöruflutninga á vegum og járnbrautum skulu hugsanlegar breytingar á samningnum ekki hafa áhrif á þann gagnkvæma markaðsaðgang sem um getur í 16. gr. samningsins milli Evrópubandalaganna og Austurríkis um vöruflutninga á vegum og járnbrautum, og eins og mælt er fyrir um í tvíhliða samningum milli Austurríkis annars vegar og Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss hins vegar nema hlutaðeigandi aðilar komi sér saman um annað.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SAMKEPPNISREGLUR

Samningsaðilar lýsa því yfir að í málum sem framkvæmdastjórn EB ber ábyrgð á byggist framkvæmd samkeppnisreglna EES á fyrirliggjandi valdsviði bandalagsins auk ákvæða samningsins. Í málum sem eftirlitsstofnun EFTA ber ábyrgð á byggist framkvæmd samkeppnisreglna EES á stofnsamningi eftirlitsstofnunarinnar og ákvæðum EES-samningsins.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM B-LIÐ 3. MGR. 61. GR. SAMNINGSINS

Samningsaðilar lýsa því yfir að framkvæmdastjórn EB skuli taka tillit til hagsmuna EFTA-ríkja og eftirlitsstofnun EFTA tillit til hagsmuna bandalagsins þegar ákveðið er hvort veita megi undanþágu samkvæmt b-lið 3. mgr. 61. gr.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM C-LIÐ 3. MGR. 61. GR. SAMNINGSINS

Samningsaðilar hafa í huga að jafnvel þótt ekki sé hægt að taka tillit til svæða með vísan til a-liðar 3. mgr. 61. gr. og í samræmi við viðmiðanir fyrsta áfanga greiningar samkvæmt c-lið (sjá orðsendingu framkvæmdastjórnar um aðferð við beitingu a- og c-liðar 3. mgr. 92. gr. við svæðisbundna aðstoð, Stjtíð. EB nr. C 212, 12.8.1988, bls. 2) er hægt að láta fara fram athugun þar sem tekið er mið af öðrum þáttum, svo sem strjálbýli.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM AÐSTOÐ SEM VEITT ER ÚR ÞRÓUNARSJÓÐUM EB EÐA AF ÖÐRUM FJÁRMÁLASTOFNUNUM

Samningsaðilar lýsa því yfir að fjárstuðningur til fyrirtækja, sem eru fjármögnuð af þróunarsjóðum EB eða fá aðstoð hjá Fjárfestingarbanka Evrópu eða annarri svipaðri fjármálastofnun eða sjóði, skuli vera í samræmi við ákvæði samningsins um ríkisaðstoð. Þeir lýsa því yfir að upplýsinga- og skoðanaskipti um þessa tegund aðstoðar skuli fara fram að beiðni annarrar hvorrar eftirlitsstofnunarinnar.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM C-LIÐ BÓKUNAR 27 VIÐ SAMNINGINN

Í tilkynningunni sem vísað er til í c-lið bókunar 27 skal vera lýsing á viðkomandi áætlun um ríkisaðstoð eða viðkomandi máli, meðal annars öllum nauðsynlegum þáttum fyrir rétt mat á áætlun eða máli (eftir því um hvaða þætti ríkisaðstoðar er að ræða, svo sem tegund ríkisaðstoðar, fjárhagsáætlun, rétthafa, gildistíma). Auk þess skal skýra hinni eftirlitsstofnuninni frá rökum fyrir því að hefja málsmeðferð þá sem um getur í 2. mgr. 93. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu eða samsvarandi málsmeðferð sem sett er fram í samningi milli EFTA-ríkjanna um að koma eftirlitsstofnun EFTA á fót. Eftirlitsstofnanirnar tvær skulu skiptast á upplýsingum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SKIPASMÍÐAR

Samningsaðilar samþykkja að þar til sjöunda tilskipunin um skipasmíðar rennur út (þ.e. í árslok 1993) muni þeir ekki beita hinum almennu reglum um ríkisaðstoð sem mælt er fyrir um í 61. gr. samningsins að því er skipasmíðum viðkemur.

Ákvæði 2. mgr. 62. gr. samningsins, svo og þær bókanir sem vísa til ríkisaðstoðar, gilda um skipasmíðar.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM MEÐFERÐ MÁLA ÞEGAR EFTA-RÍKI, Í KRAFTI 76. GR. OG VI. HLUTA SAMNINGSINS OG SAMSVARANDI BÓKANA, TAKA FULLAN ÞÁTT Í EB-NEFNDUM

EFTA-ríkin skulu njóta sömu réttinda og hafa sömu skyldum að gegna og aðildarríki EB í EB-nefndum sem þau taka fullan þátt í, í krafti 76. gr. og VI. hluta samningsins og samsvarandi bókana, að atkvæðagreiðslu undanskilinni, komi til hennar. Við ákvarðanatöku skal framkvæmdastjórn EB taka tilhlýðilegt tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma hjá EFTA-ríkjunum með sama hætti og gert er gagnvart sjónarmiðum sem aðildarríki EB láta í ljós áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Mál þar sem aðildarríki EB gefst kostur á að áfrýja ákvörðun framkvæmdastjórnar EB til EB-ráðsins geta EFTA-ríkin tekið upp í sameiginlegu EES-nefndinni samkvæmt 5. gr. samningsins.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SAMSTARF Í MENNINGARMÁLUM

Með hliðsjón af samstarfi sínu innan Evrópuráðsins, og yfirlýsingu ráðherrafundar Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu í Lúxemborg 9. apríl 1984, gera samningsaðilar sér ljóst að frjálsir flutningar á vöru, þjónustu og fjármagni og frelsi fólks til flutninga innan EES muni hafa umtalsverð áhrif á sviði menningar; vegna þessa lýsa samningsaðilar yfir þeirri ætlun sinni að styrkja og auka samstarf sitt á sviði menningarmála, til að stuðla að auknum skilningi milli ólíkra menningarsvæða í Evrópu og varðveita og efla þá menningararfleifð þjóða og svæða sem auðgar evrópska menningu með fjölbreytileik sínum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SAMVINNU GEGN ÓLÖGLEGUM VIÐSKIPTUM MEÐ MENNINGARVERÐMÆTI

Samningsaðilar lýsa sig reiðubúna til að koma á samvinnu um fyrirkomulag og málsmeðferð gegn ólöglegum viðskiptum með menningarverðmæti auk reglna um hvernig farið skuli með stjórnun almennra viðskipta með menningarverðmæti.

Með fyrirvara um ákvæði EES-samningsins og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar á þetta fyrirkomulag og málsmeðferð að taka tillit til löggjafar sem bandalagið undirbýr á þessu sviði.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM TENGSL SÉRFRÆÐINGA BANDALAGSINS VIÐ STÖRF NEFNDA SEM STARFA MEÐAL EFTA-RÍKJANNA EÐA ER KOMIÐ Á FÓT AF EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Með tilliti til tengsla sérfræðinga EFTA-ríkjanna við störf þeirra EB-nefnda sem taldar eru í bókun 37 við samninginn skulu sérfræðingar bandalagsins á sama grundvelli, að beiðni bandalagsins, tengjast störfum sambærilegra nefnda EFTA-ríkjanna eða nefnda sem komið er á fót af eftirlitsstofnun EFTA um sömu málefni og heyra undir þær EB-nefndir sem tilgreindar eru í bókun 37.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM 103. GR. SAMNINGSINS

Samningsaðilar líta svo á að tilvísunin í 1. mgr. 103. gr. samningsins til þess að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt og til bráðabirgðagildistöku í 2. mgr. 103. gr. hafi engin raunveruleg áhrif á málsmeðferð í bandalaginu.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING VEGNA BÓKUNAR 35 VIÐ SAMNINGINN

Samningsaðilar líta svo á að bókun 35 dragi ekki úr áhrifum þeirra núgildandi innri reglna er gera ráð fyrir beinum réttaráhrifum og forgangi alþjóðasamninga.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING VARÐANDI FJÁRMAGNSKERFIÐ

Gangi samningsaðili sem er í EFTA úr EFTA og í bandalagið þarf að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slíkt hafi ekki í för með sér frekari fjárhagsskuldbindingar þeirra EFTA-ríkja sem eftir standa. Samningsaðilar hafa í þessu tilliti í huga ákvörðun EFTA-ríkjanna um að reikna framlag hvers þeirra um sig til fjármagnskerfisins út eftir vergri þjóðarframleiðslu samkvæmt markaðsverði næstliðin þrjú ár. Fyrir EFTA-ríki sem ganga í bandalagið þarf að finna viðeigandi og réttmætar lausnir í aðildarviðræðunum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM TENGSLIN MILLI EES-SAMNINGSINS OG GILDANDI SAMNINGA

EES-samningurinn hefur ekki áhrif á réttindi tryggð með gildandi samningum sem eru bindandi fyrir eitt eða fleiri aðildarríki EB annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar, eða tvö eða fleiri EFTA-ríki, til að mynda samningum er varða einstaklinga, aðila í atvinnurekstri, samvinnu á tilteknum svæðum og stjórnvaldsráðstafanir, þar til að minnsta kosti samsvarandi réttindi hafa náðst með samningnum.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SAMÞYKKTA TÚLKUN Á 1. OG 2. MGR. 4. GR. BÓKUNAR 9 UM VIÐSKIPTI MEÐ FISK OG AÐRAR SJÁVARAFURÐIR

1. Enda þótt EFTA-ríkin taki ekki upp réttarreglur bandalagsins varðandi sjávarútvegsstefnuna er litið svo á, þar sem vísað er til veittrar aðstoðar af ríkisfjármunum, að samningsaðilar meti röskun á samkeppni með hliðsjón af 92. og 93. gr. EBE-sáttmálans og í tengslum við viðeigandi ákvæði í réttarreglum bandalagsins um sjávarútvegsstefnuna og efni sameiginlegu yfirlýsingarinnar um c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. Enda þótt EFTA-ríkin taki ekki upp réttarreglur bandalagsins varðandi sjávarútvegsstefnuna er litið svo á, þar sem vísað er til löggjafar um markaðsskipulag, að röskun á samkeppni sem rekja má til slíkrar löggjafar verði metin í tengslum við meginreglur í réttarreglum bandalagsins varðandi sameiginlegt markaðsskipulag.

   Þegar EFTA-ríki viðheldur eða setur innlend ákvæði um markaðsskipulag á sviði sjávarútvegs ber að óathuguðu máli að líta svo á að þau samrýmist meginreglunum sem um getur í fyrstu undirgrein, komi að minnsta kosti eftirfarandi fram í þeim:

   a) löggjöf um samtök framleiðenda endurspegli þær meginreglur sem fram koma í réttarreglum bandalagsins varðandi:

      — stofnun atvinnurekstrar að frumkvæði framleiðenda;

      — frelsi til að gerast aðili eða hætta aðild;

      — að yfirburðastaða komi ekki til nema hún sé nauðsynleg til að ná sambærilegum markmiðum og tilgreind eru í 39. gr. EBE-sáttmálans;

   b) þegar reglur um samtök framleiðenda eru færðar út og látnar ná til þeirra sem eru ekki aðilar að samtökum framleiðenda skulu gilda sambærileg ákvæði og mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3687/91;

   c) þegar ákvæði um aðgerðir til styrktar verðmyndun eru í gildi eða þeim er komið á skulu þau samsvara þeim sem tilgreind eru í III. bálki reglugerðar (EBE) nr. 3687/91.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM TOLLAÍVILNANIR FYRIR TILTEKNAR LANDBÚNAÐARAFURÐIR

Samningsaðilar lýsa því yfir að njóti sama vara tollaívilnana skuli, bæði samkvæmt bókun 3 við samninginn og samkvæmt tvíhliða samningi um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem um getur í bókun 42 við framangreindan samning, hagstæðari tollameðferð veitt gegn afhendingu tilskilinna skjala.

Þetta hefur ekki áhrif á skuldbindingar sem leiðir af 16. gr. samningsins.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM HEILBRIGÐI PLANTNA

Samningsaðilar lýsa því yfir að gildandi gerðir bandalagsins á þessu sviði séu í endurskoðun. EFTA-ríkin munu því ekki taka þessa löggjöf upp. Um nýjar reglur verður fjallað í samræmi við 99. og 102. gr. samningsins.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM GAGNKVÆMA AÐSTOÐ EFTIRLITSSTOFNANA Á SVIÐI ÁFENGRA DRYKKJA

Samningsaðilar fallast á að fjallað verði um löggjöf sem EB setur varðandi gagnkvæma aðstoð lögbærra yfirvalda EB-ríkja á sviði áfengra drykkja og snertir þennan samning, í samræmi við almenn ákvæði samningsins um ákvarðanatöku.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING VARÐANDI BÓKUN 47 UM AFNÁM TÆKNILEGRA HINDRANA Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÍN

Aðlögunin varðandi notkun hugtakanna „Federweiss" og „Federweisser", sem kveðið er á um í viðbæti við bókun 47, er með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á viðeigandi löggjöf bandalagsins þar sem sett kunna að verða ákvæði um notkun þessara hugtaka, og sambærilegra hugtaka, um vín framleitt í bandalaginu.

Flokkun vínframleiðsluhéraða EFTA-ríkja í vínræktarsvæði B í samningnum hefur ekki áhrif á hugsanlegar breytingar á flokkunarkerfi bandalagsins er kynnu að varða flokkunina í samningnum. Um slíkar breytingar skal fjallað í samræmi við almenn ákvæði samningsins.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM BREYTTAR TOLLAÍVILNANIR OG SÉRSTAKA MEÐFERÐ VEGNA SPÁNAR OG PORTÚGALS

Til þess að kerfið sem lýst er í bókun 3 geti komið að fullu til framkvæmda þurfa sumir samningsaðilanna að breyta innlendu verðbótakerfi sínu. Þetta verður ekki gert án breytinga á tollaívilnunum. Slíkar breytingar fælu ekki í sér nauðsyn á verðbótum milli aðila að EES-samningnum.

Kerfið sem lýst er í bókun 3 kemur ekki í veg fyrir að beitt sé viðeigandi bráðabirgðaákvæðum í lögum um aðild Spánar og Portúgals og skal ekki leiða til þess að bandalagið, í þeirri mynd sem það var 31. desember 1985, veiti aðilum að EES-samningnum hagstæðari kjör en hinum nýju EB-ríkjum. Beiting þessa kerfis kemur til að mynda ekki í veg fyrir þær verðbótagreiðslur sem ákveðnar eru í lögum um aðild Spánar og Portúgals.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM VELFERÐ DÝRA

Þrátt fyrir ákvæði 2. tölul. I. kafla (Dýr) í I. viðauka við samninginn veita samningsaðilar eftirtekt nýrri þróun í löggjöf bandalagsins á þessu sviði og fallast á að hafa samráð hver við annan hindri mismunur í löggjöf þeirra um velferð dýra frjálsa vöruflutninga. Samningsaðilar fallast á að hafa eftirlit með stöðu mála á þessu sviði.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM SAMRÆMDU TOLLSKRÁNA

Samningsaðilar fallast á að samræma eins fljótt og unnt er, og ekki síðar en 31. desember 1992, þýska textann í vörulýsingu samræmdu tollskrárinnar sem er að finna í viðeigandi bókunum og viðaukum við EES-samninginn.

YFIRLÝSINGAR RÍKISSTJÓRNA

AÐILDARRÍKJA EB OG EFTA-RÍKJANNA

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EB OG EFTA-RÍKJANNA UM AUÐVELDUN LANDAMÆRAEFTIRLITS

Til að efla frelsi fólks til flutninga skulu aðildarríki EB og EFTA-ríkin hafa samvinnu, í samræmi við framkvæmdarreglur sem kveðið verður á um á viðeigandi vettvangi, um að auðvelda eftirlit á landamærum sínum með borgurum hvers annars og aðstandendum þeirra.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EB OG EFTA-RÍKJANNA UM PÓLITÍSK SKOÐANASKIPTI

Evrópubandalagið og aðildarríki þess og aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu létu í ljósi þá ósk sína að efla pólitísk skoðanaskipti sín um utanríkismál með það fyrir augum að koma á nánari tengslum í sameiginlegum hagsmunamálum.

Þau samþykktu í þessu skyni:

- að ráðherrar skiptust óformlega á skoðunum á fundum EES-ráðsins. Þegar við á gætu yfirmenn stjórnarskrifstofa undirbúið þessi skoðanaskipti með fundum;
- að nýta til fulls þær diplómatísku leiðir sem nú eru tiltækar, einkum diplómatískt fyrirsvar í höfuðborg landsins sem fer með forsæti í EB, í Brussel og höfuðborgum EFTA-ríkjanna;
- að hafa óformlegt samráð á ráðstefnum og í alþjóðastofnunum;
- að þetta hefði á engan hátt áhrif á né kæmi í stað núverandi tvíhliða tengsla á þessu sviði.

FYRIRKOMULAG TIL BRÁÐABIRGÐA

TIL UNDIRBÚNINGS GILDISTÖKU SAMNINGSINS

EFTIR ÁKVÆÐUM HANS

Brussel,

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
Formaður sendinefndar EFTA
EFTA-skrifstofan
Rue Arlon 118
1040-Brussel

Kæri herra Hafstein,

Ég vísa til viðræðna okkar um milliskeið EES og lít svo á að við séum sammála um að koma á fyrirkomulagi til bráðabirgða til undirbúnings gildistöku samningsins eftir ákvæðum hans.

Samkvæmt þessu fyrirkomulagi verður því skipulagi og málsmeðferð sem komið var á í samningaviðræðunum um EES viðhaldið. Vinnuhópur háttsettra embættismanna, með aðstoð vinnuhópa sérfræðinga, hópar hliðstæðir fyrrum samninganefnd háttsettra embættismanna og samningahópunum, skipaðir fulltrúum bandalagsins og EFTA-ríkjanna, munu meðal annars kanna í EES-samhengi réttarreglur bandalagsins sem eru gefnar út frá 1. ágúst 1991 og uns samningurinn öðlast gildi. Samkomulag verður skráð og frá því gengið annaðhvort í viðbótarbókunum sem fylgja munu EES-samningnum eða í viðeigandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar eftir gildistöku samningsins. Sameiginlega EES-nefndin mun eftir gildistöku samningsins fjalla um öll grundvallarsamningsvandamál sem kunna að koma upp meðan á bráðabirgðafyrirkomulaginu stendur.

Þar sem litið er svo á að því fyrirkomulagi sem haft verður við upplýsingar og samráð samkvæmt EES-samningnum verði ekki beitt fyrr en eftir gildistöku hans mun bandalagið kynna EFTA-ríkjunum meðan milliskeiðið varir tillögur að nýjum réttarreglum bandalagsins eftir að þær hafa verið sendar ráðherraráði EB.

Ég væri yður þakklátur að fá staðfest samþykki yðar varðandi þetta bráðabirgðafyrirkomulag.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler.

Brussel,

Hr. Horst G. Krenzler
Aðalskrifstofustjóri
Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
Aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel

Kæri herra Krenzler,

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Ég vísa til viðræðna okkar um milliskeið EES og lít svo á að við séum sammála um að koma á fyrirkomulagi til bráðabirgða til undirbúnings gildistöku samningsins eftir ákvæðum hans.

Samkvæmt þessu fyrirkomulagi verður því skipulagi og málsmeðferð sem komið var á í samningaviðræðunum um EES viðhaldið. Vinnuhópur háttsettra embættismanna, með aðstoð vinnuhópa sérfræðinga, hópar hliðstæðir fyrrum samninganefnd háttsettra embættismanna og samningahópunum, skipaðir fulltrúum bandalagsins og EFTA-ríkjanna, munu meðal annars kanna í EES-samhengi réttarreglur bandalagsins sem eru gefnar út frá 1. ágúst 1991 og uns samningurinn öðlast gildi. Samkomulag verður skráð og frá því gengið annaðhvort í viðbótarbókunum sem fylgja munu EES-samningnum eða í viðeigandi ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar eftir gildistöku samningsins. Sameiginlega EES-nefndin mun eftir gildistöku samningsins fjalla um öll grundvallarsamningsvandamál sem kunna að koma upp meðan á bráðabirgðafyrirkomulaginu stendur.

Þar sem litið er svo á að því fyrirkomulagi sem haft verður við upplýsingar og samráð samkvæmt EES-samningnum verði ekki beitt fyrr en eftir gildistöku hans mun bandalagið kynna EFTA-ríkjunum meðan milliskeiðið varir tillögur að nýjum réttarreglum bandalagsins eftir að þær hafa verið sendar ráðherraráði EB.

Ég væri yður þakklátur að fá staðfest samþykki yðar varðandi þetta bráðabirgðafyrirkomulag."

Mér veitist sá heiður að staðfesta að ég er samþykkur framangreindu.

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein,
sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

FYRIRKOMULAG

Á BIRTINGU UPPLÝSINGA

SEM VARÐA EES

Brussel,

Hr. Horst G. Krenzler
Aðalskrifstofustjóri
Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna
Aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel

Efni: Birting upplýsinga sem varða EES.

Herra,

Mér veitist sá heiður að gera hér í stuttu máli grein fyrir samkomulaginu sem við höfum náð um birtingu upplýsinga sem varða EES og birtar verða eftir gildistöku EES-samningsins.

Komið verður á samræmdu kerfi er samanstendur af Stjórnartíðindum EB og sérstökum EES-viðbæti við þau. Ef upplýsingarnar sem á að birta eru nákvæmlega hinar sömu fyrir EB- og EFTA-ríkin skal birting EB í Stjórnartíðindum EB þjóna sem birting á hinum þremur sameiginlegu tungumálum EB og EFTA en upplýsingar á hinum fjórum tungumálum EFTA (finnsku, íslensku, norsku og sænsku) verða birtar í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB. EFTA-ríkin skulu sjá til þess að koma á nauðsynlegu innra skipulagi til að tryggja að þýðingar á þau fjögur EFTA-tungumál sem ekki eru EB-tungumál berist tímanlega. EFTA-ríkin bera ábyrgð á að leggja fram það efni sem birta á í EES-viðbætinum.

Birta ber efni í þessu sameiginlega kerfi með eftirfarandi hætti:

a) **Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um réttarreglur bandalagsins og aðrar ákvarðanir, gerðir, auglýsingar o.s.frv. frá EES-stofnunum**

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um réttarreglur bandalagsins ber að birta á hinum níu opinberu tungumálum í sérstakri EES-deild Stjórnartíðinda EB. Þessi birting þjónar sem birting á sameiginlegu tungumálunum þremur. Þessar ákvarðanir skulu auk þess birtar í EES-viðbætinum á opinberum tungumálum norrænna EFTA-ríkja á ábyrgð EFTA-ríkjanna og e.t.v. þar að auki, til upplýsingar, á starfstungumáli EFTA.

Á sama hátt skal fara með aðrar ákvarðanir, gerðir, auglýsingar o.s.frv. frá EES-stofnunum, einkum frá EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni.

Þegar um er að ræða ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar varðandi réttarreglur bandalagsins skal það koma fram í efnisyfirliti EES-deildar hvar tilheyrandi EB-texta er að finna.

b) **EFTA-upplýsingar sem varða EB**

Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna og EFTA-dómstólnum sem varða til dæmis samkeppni, ríkisaðstoð, opinber innkaup og tæknilega staðla skal birta á hinum níu opinberu tungumálum EB í sérstakri EES-deild Stjórnartíðinda EB. Þjónar þessi birting sem birting fyrir EFTA-ríkin á sameiginlegu tungumálunum þremur en birta skal upplýsingarnar á hinum fjórum tungumálum EFTA í EES-viðbætinum. Í efnisyfirliti EES-deildar og í EES-viðbætinum, eftir því sem við á, skal það koma fram hvar samsvarandi upplýsingar frá EB og aðildarríkjum þess er að finna.

c) **EB-upplýsingar sem varða EFTA**

Upplýsingar frá EB og aðildarríkjum þess sem varða til dæmis samkeppni, ríkisaðstoð, opinber innkaup og tæknilega staðla skal birta á hinum níu opinberu tungumálum í Stjórnartíðindum EB. Þjónar þessi birting sem birting fyrir EFTA-ríkin á sameiginlegu tungumálunum þremur en birta skal upplýsingarnar á hinum fjórum tungumálum EFTA í EES-viðbætinum. Þegar við á skal taka fram hvar samsvarandi upplýsingar frá EFTA-ríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna og EFTA-dómstólnum er að finna.

Fjárhagshlið þessa kerfis fellur undir sérstakt fyrirkomulag.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð staðfesta að þér samþykkið framangreint.

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

Brussel,

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
Formaður sendinefndar EFTA
EFTA-skrifstofan
Rue Arlon 118
1040-Brussel

Herra,

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„Mér veitist sá heiður að gera hér í stuttu máli grein fyrir samkomulaginu sem við höfum náð um birtingu upplýsinga sem varða EES og birtar verða eftir gildistöku EES-samningsins.

Komið verður á samræmdu kerfi er samanstendur af Stjórnartíðindum EB og sérstökum EES-viðbæti við þau. Ef upplýsingarnar sem á að birta eru nákvæmlega hinar sömu fyrir EB- og EFTA-ríkin skal birting EB í Stjórnartíðindum EB þjóna sem birting á hinum þremur sameiginlegu tungumálum EB og EFTA en upplýsingar á hinum fjórum tungumálum EFTA (finnsku, íslensku, norsku og sænsku) verða birtar í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi EB. EFTA-ríkin skulu sjá til þess að koma á nauðsynlegu innra skipulagi til að tryggja að þýðingar á þau fjögur EFTA-tungumál sem ekki eru EB-tungumál berist tímanlega. EFTA-ríkin bera ábyrgð á að leggja fram það efni sem birta á í EES-viðbætinum.

Birta ber efni í þessu sameiginlega kerfi með eftirfarandi hætti:

a) **Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um réttarreglur bandalagsins og aðrar ákvarðanir, gerðir, auglýsingar o.s.frv. frá EES-stofnunum**

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um réttarreglur bandalagsins ber að birta á hinum níu opinberu tungumálum í sérstakri EES-deild Stjórnartíðinda EB. Þessi birting þjónar sem birting á sameiginlegu tungumálunum þremur. Þessar ákvarðanir skulu auk þess birtar í EES-viðbætinum á opinberum tungumálum norrænna EFTA-ríkja á ábyrgð EFTA-ríkjanna og e.t.v. þar að auki, til upplýsingar, á starfstungumáli EFTA.

Á sama hátt skal fara með aðrar ákvarðanir, gerðir, auglýsingar o.s.frv. frá EES-stofnunum, einkum frá EES-ráðinu og sameiginlegu EES-nefndinni.

Þegar um er að ræða ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar varðandi réttarreglur bandalagsins skal það koma fram í efnisyfirliti EES-deildar hvar tilheyrandi EB-texta er að finna.

b) **EFTA-upplýsingar sem varða EB**

Upplýsingar frá EFTA-ríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna og EFTA-dómstólnum sem varða til dæmis samkeppni, ríkisaðstoð, opinber innkaup og tæknilega staðla skal birta á hinum níu opinberu tungumálum EB í sérstakri EES-deild Stjórnartíðinda EB.

Þjónar þessi birting sem birting fyrir EFTA-ríkin á sameiginlegu tungumálunum þremur en birta skal upplýsingarnar á hinum fjórum tungumálum EFTA í EES-viðbætinum. Í efnisyfirliti EES-deildar og í EES-viðbætinum, eftir því sem við á, skal það koma fram hvar samsvarandi upplýsingar frá EB og aðildarríkjum þess er að finna.

c) **EB-upplýsingar sem varða EFTA**

Upplýsingar frá EB og aðildarríkjum þess sem varða til dæmis samkeppni, ríkisaðstoð, opinber innkaup og tæknilega staðla skal birta á hinum níu opinberu tungumálum í Stjórnartíðindum EB. Þjónar þessi birting sem birting fyrir EFTA-ríkin á sameiginlegu tungumálunum þremur en birta skal upplýsingarnar á hinum fjórum tungumálum EFTA í EES-viðbætinum. Þegar við á skal taka fram hvar samsvarandi upplýsingar frá EFTA-ríkjunum, eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna og EFTA-dómstólnum er að finna.

Fjárhagshlið þessa kerfis fellur undir sérstakt fyrirkomulag.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð staðfesta að þér samþykkið framangreint."

Mér veitist sá heiður að staðfesta samþykki mitt við framangreint.

Virðingarfyllst,

Hr. Horst G. Krenzler
Aðalskrifstofustjóri
Framkvæmdastjórn
Evrópubandalaganna
Aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel

FYRIRKOMULAG

VARÐANDI BIRTINGU Á

AUGLÝSINGUM EFTA UM OPINBER INNKAUP

Brussel,

Hr. H. Hafstein, sendiherra,
Formaður sendinefndar EFTA
EFTA-skrifstofan
Rue Arlon 118
1040-Brussel

Efni: Birting EFTA-auglýsinga um opinber innkaup.

Kæri herra Hafstein,

Mér veitist sá heiður að gera hér í stuttu máli grein fyrir samkomulaginu sem við höfum náð um birtingu EFTA-auglýsinga í Stjórnartíðindum EB, eins og kveðið er á um í XVI. viðauka við EES-samninginn, einkum a- og b-lið 2. mgr.:

a) senda skal EFTA-auglýsingar á að minnsta kosti einu tungumáli bandalagsins til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (OPOCE); í auglýsingunni skal koma fram á hvaða tungumáli EB auglýsingin telst staðfest;

b) skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal birta staðfestu auglýsinguna í heild sinni í Stjórnartíðindunum og í TED-gagnabankanum; birta skal samantekt um mikilvægustu atriðin á öðrum opinberum tungumálum bandalagsins;

c) skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal sjá um að birta EFTA-auglýsingarnar í S-deild Stjórnartíðinda EB ásamt EB-auglýsingum innan þess frests sem kveðið er á um í gerðunum sem vísað er til í XVI. viðauka;

d) EFTA-ríkin skulu tryggja að auglýsingar séu sendar til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna á opinberu tungumáli bandalagsins með góðum fyrirvara svo að, að því tilskildu að sú skylda sem er lögð á OPOCE að þýða auglýsingarnar á opinber tungumál bandalagsins og birta þær í Stjórnartíðindunum og TED innan tólf daga (í bráðatilvikum innan fimm daga) sé virt, tíminn sem birgjum og verktökum gefst til að kynna útboð eða þá sem hafa sýnt áhuga sé ekki skertur með tilliti til frestsins sem um getur í XVI. viðauka;

e) senda skal EFTA-auglýsingarnar með sama sniði og fyrirmyndirnar að auglýsingunum sem fram koma í viðaukum gerðanna sem vísað er til í XVI. viðauka; hins vegar hafa EFTA-ríkin í huga, með það fyrir augum að setja upp skilvirkt og hagkvæmt kerfi vegna þýðinga og útgáfustarfsemi, að mælst er til þess að þau komi sér upp stöðluðum auglýsingum fyrir hvert ríki þeirra sem verði með svipuðu sniði og mælt er með fyrir aðildarríkin tólf í tilmælum 91/561/EBE frá 24. október 1991 ([1]);

([1]) Stjtíð. EB nr. L 305 frá 6.11.1991 og Stjtíð. EB nr. S 217 A – N frá 16.11.1991.

f) samningar sem hafa verið undirritaðir á árunum 1988 og 1989 af framkvæmdastjórn EB fyrir milligöngu OPOCE og hlutaðeigandi útnefndum verktökum frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Sviss og Austurríki um birtingu vörukaupasamninga EFTA, sem GATT-samkomulagið um ríkisinnkaup tekur til, skulu renna út við gildistöku EES-samningsins;

g) fjárhagshlið útgáfukerfisins fellur undir sérstakt fyrirkomulag sem komið verður á vegna allrar annarrar útgáfustarfsemi sem tengist EES.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð staðfesta að þér samþykkið framangreint.

Virðingarfyllst,

Horst G. Krenzler

Brussel,

Hr. Horst G. Krenzler
Aðalskrifstofustjóri
Framkvæmdastjórn
Evrópubandalaganna
Aðalskrifstofu I
Avenue d'Auderghem 35
Brussel

Herra,

Ég hef í dag móttekið svohljóðandi bréf frá yður:

„**Efni:** Birting EFTA-auglýsinga um opinber innkaup.

Mér veitist sá heiður að gera hér í stuttu máli grein fyrir samkomulaginu sem við höfum náð um birtingu EFTA-auglýsinga í Stjórnartíðindum EB, eins og kveðið er á um í XVI. viðauka við EES-samninginn, einkum a- og b-lið 2. mgr.:

a) senda skal EFTA-auglýsingar á að minnsta kosti einu tungumáli bandalagsins til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna (OPOCE); í auglýsingunni skal koma fram á hvaða tungumáli EB auglýsingin telst staðfest;

b) skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal birta staðfestu auglýsinguna í heild sinni í Stjórnartíðindunum og í TED-gagnabankanum; birta skal samantekt um mikilvægustu atriðin á öðrum opinberum tungumálum bandalagsins;

c) skrifstofa opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna skal sjá um að birta EFTA-auglýsingarnar í S-deild Stjórnartíðinda EB ásamt EB-auglýsingum innan þess frests sem kveðið er á um í gerðunum sem vísað er til í XVI. viðauka;

d) EFTA-ríkin skulu tryggja að auglýsingar séu sendar til skrifstofu opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna á opinberu tungumáli bandalagsins með góðum fyrirvara svo að, að því tilskildu að sú skylda sem er lögð á OPOCE að þýða auglýsingarnar á opinber tungumál bandalagsins og birta þær í Stjórnartíðindunum og TED innan tólf daga (í bráðatilvikum innan fimm daga) sé virt, tíminn sem birgjum og verktökum gefst til að kynna útboð eða þá sem hafa sýnt áhuga sé ekki skertur með tilliti til frestsins sem um getur í XVI. viðauka;

e) senda skal EFTA-auglýsingarnar með sama sniði og fyrirmyndirnar að auglýsingunum sem fram koma í viðaukum gerðanna sem vísað er til í XVI. viðauka; hins vegar hafa EFTA-ríkin í huga, með það fyrir augum að setja upp skilvirkt og hagkvæmt kerfi vegna þýðinga og útgáfustarfsemi, að mælst er til þess að þau komi sér upp stöðluðum auglýsingum fyrir hvert ríki þeirra sem verði með svipuðu sniði og mælt er með fyrir aðildarríkin tólf í tilmælum 91/561/EBE frá 24. október 1991 ([1]);

f) samningar sem hafa verið undirritaðir á árunum 1988 og 1989 af framkvæmdastjórn EB fyrir milligöngu OPOCE og hlutaðeigandi útnefndum verktökum frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Sviss og Austurríki um birtingu vörukaupasamninga EFTA, sem GATT-samkomulagið um ríkisinnkaup tekur til, skulu renna út við gildistöku EES-samningsins;

g) fjárhagshlið útgáfukerfisins fellur undir sérstakt fyrirkomulag sem komið verður á vegna allrar annarrar útgáfustarfsemi sem tengist EES.

Ég væri yður þakklátur ef þér vilduð staðfesta að þér samþykkið framangreint."

Mér veitist sá heiður að staðfesta að ég er samþykkur framangreindu.

Virðingarfyllst,

Hannes Hafstein, sendiherra,
forstöðumaður sendiráðs Íslands
hjá Evrópubandalögunum

([1]) Stjtíð. EB nr. L 305 frá 6.11.1991 og Stjtíð. EB nr. S 217 A – N frá 16.11.1991.

SAMÞYKKTIR
FRÁ SAMNINGAVIÐRÆÐUM MILLI EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU, KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU OG AÐILDARRÍKJA ÞEIRRA OG EFTA-RÍKJANNA UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

Samningsaðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

vegna 26. gr. og bókunar 13
fyrir gildistöku samningsins skal bandalagið ásamt þeim EFTA-ríkjum sem hafa hagsmuna að gæta athuga hvort skilyrði séu uppfyllt þegar 26. gr. samningsins, þrátt fyrir ákvæði fyrstu málsgreinar bókunar 13, gildir milli bandalagsins og hlutaðeigandi EFTA-ríkja á sviði sjávarútvegs;

vegna 3. mgr. 56. gr.
litið er svo á að orðið „umtalsverð" í 3. mgr. 56. gr. samningsins hafi sömu merkingu og í auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um minni háttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Stjtíð. EB nr. C 231, 12.9.1986, bls. 2);

vegna 90. gr.
í starfsreglum EES-ráðsins komi fram að við ákvarðanatöku mæli ráðherrar EFTA einum rómi;

vegna 91. gr.
EES-ráðið skal í starfsreglum sínum, ef nauðsyn krefur, gera ráð fyrir að hægt verði að skipa undirnefndir eða starfshópa;

vegna 2. mgr. 91. gr.
í starfsreglum EES-ráðsins komi fram að orðalagið „þegar nauðsyn krefur" í 2. mgr. 91. gr. taki til þeirra aðstæðna þegar samningsaðili nýtir sér rétt til upptöku í samræmi við 2. mgr. 89. gr.;

vegna 3. mgr. 94. gr.
litið er svo á að sameiginlega EES-nefndin muni á einum af sínum fyrstu fundum, þegar starfsreglur hennar eru samþykktar, taka ákvörðun um skipun undirnefnda og starfshópa sem sérstök þörf er á til aðstoðar við framkvæmd verkefna hennar, til dæmis á sviði uppruna og annarra tollamála.

vegna 5. mgr. 102. gr.
umfang og gildistöku bráðabirgðafrestunar samkvæmt 5. mgr. 102. gr. skal auglýsa á viðeigandi hátt;

vegna 6. mgr. 102. gr.
6. mgr. 102. gr. gildir eingöngu um réttindi sem í raun eru áunnin en ekki um væntanlegan rétt. Dæmi um slík áunnin réttindi:

- frestun í tengslum við frjálsa flutninga vinnuafls hefur ekki áhrif á rétt launþega til að dvelja áfram í landi samningsaðila sem hann flutti til áður en beitingu reglnanna var frestað;
- frestun í tengslum við staðfesturétt hefur ekki áhrif á rétt fyrirtækis í landi samningsaðila þar sem það hafði staðfestu áður en beitingu reglnanna var frestað;
- frestun í tengslum við fjárfestingu, til dæmis í fasteignum, hefur ekki áhrif á fjárfestingar sem gengið var frá fyrir þann dag sem frestunin gekk í gildi;
- frestun í tengslum við opinber innkaup kemur ekki í veg fyrir að farið sé eftir samningi sem var gerður áður en til frestunar kom;
- frestun í tengslum við viðurkenningu prófskírteinis hefur ekki áhrif á rétt handhafa þess til að stunda áfram atvinnustarfsemi sína samkvæmt slíku prófskírteini hjá samningsaðila sem ekki veitti prófskírteinið;

vegna 103. gr.
ef EES-ráðið samþykkir ákvörðun skal 1. mgr. 103. gr. gilda;

vegna 3. mgr. 109. gr.
hugtakið „beiting" í 3. mgr. 109. gr. nær einnig til framkvæmdar samningsins;

vegna 111. gr.
frestun hefur ekki góð áhrif á framgang samningsins og ber að forðast hana með öllu móti;

vegna 1. mgr. 112. gr.
ákvæði 1. mgr. 112. gr. ná einnig til aðstæðna á tilteknu svæði;

vegna 123. gr.
þeir munu ekki misbeita ákvæðum 123. gr. til að koma í veg fyrir birtingu upplýsinga á sviði samkeppni;

vegna 129. gr.
ef einhver þeirra er ekki tilbúinn til að fullgilda samninginn skulu undirritunaraðilar endurmeta aðstæðurnar;

vegna 129. gr.
ef einhver þeirra fullgildir ekki samninginn skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta áhrif fráviks frá fullgildingu samningsins og skoða möguleika á að samþykkt verði bókun um breytingar sem verða með fyrirvara um nauðsynlega meðferð innanlands. Slík ráðstefna skal haldin jafnskjótt og ljóst er að einhver samningsaðili muni ekki fullgilda samninginn eða í síðasta lagi ef dagsetning gildistöku samningsins er ekki virt;

vegna bókunar 3
2. – 7. viðbætir verður fullgerður fyrir gildistöku samningsins;
semja skal 2. – 7. viðbæti eins skjótt og kostur er og að minnsta kosti fyrir 1. júlí 1992. Að því er 2. viðbæti varðar skulu sérfræðingar gera skrá yfir hráefni sem falla undir verðbætur á grundvelli hráefna sem verðbætur hjá samningsaðila taka til fyrir gildistöku samningsins;

vegna 11. gr. bókunar 3
svo að auðveldara verði að beita bókun 2 við fríverslunarsamningana skal, fyrir gildistöku EES-samningsins, breyta ákvæðum bókunar 3 við hvern þessara fríverslunarsamninga hvað varðar hugtakið „upprunavörur" og aðferðir við samvinnu stjórnvalda. Breytingarnar skulu miðast við að ofannefnd ákvæði, meðal annars um sönnun á uppruna og samvinnu stjórnvalda, verði löguð að ákvæðum bókunar 4 við EES-samninginn eftir því sem hægt er og að jafnframt verði viðhaldið stighækkandi uppsöfnunarkerfi og samsvarandi ákvæðum sem gilda innan ramma bókunar 3. Þar með er litið svo á að breytingarnar dragi ekki úr því frjálsræði sem næst með fríverslunarsamningunum;

vegna bókunar 9
fyrir gildistöku samningsins skal bandalagið og þau EFTA-ríki sem eiga hagsmuna að gæta halda áfram viðræðum sínum um aðlögun löggjafar í sambandi við umflutning á fiski og sjávarafurðum til að viðunandi fyrirkomulagi verði komið á;

vegna 3. mgr. 14. gr. bókunar 11
bandalagið mun, enda þótt að öllu leyti sé tekið tillit til samræmingarstarfs framkvæmdastjórnarinnar, koma á beinum samböndum, eins og gerð er grein fyrir í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar XXI/201/89, ef það getur stuðlað að sveigjanleika og skilvirkni við beitingu þessarar bókunar, að svo miklu leyti sem það er gert á gagnkvæmnisgrundvelli;

vegna bókunar 16 og VI. viðauka
tvíhliða viðræður geta farið fram milli Sviss og þeirra ríkja sem eiga hagsmuna að gæta um möguleika á að viðhalda tvíhliða samningum á sviði félagslegs öryggis eftir að aðlögunartímabil í tengslum við frjálsa fólksflutninga renna út;

vegna bókunar 20
samningsaðilar skulu, innan ramma hlutaðeigandi alþjóðastofnana, útfæra reglur um beitingu ráðstafana til betri nýtingar á austurríska flotanum, og hafa til hliðsjónar að hve miklu leyti flotinn muni eiga hlutdeild í þeim markaði sem ráðstafanirnar miðuðust við. Viðeigandi tillit skal tekið til dagsetningarinnar þegar skuldbindingar Austurríkis samkvæmt ráðstöfunum um betri nýtingu öðlast gildi;

vegna bókunar 23 og bókunar 24 (12. gr. um tungumál)
framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA munu koma á hagnýtu fyrirkomulagi um gagnkvæma aðstoð eða leggja til aðra viðeigandi lausn, meðal annars varðandi þýðingar;

vegna bókunar 30
eftirtaldar EB-nefndir á sviði hagskýrslugerðar eru þær sem EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í samkvæmt 2. gr. þessarar bókunar:

1. **Nefnd um hagskýrsluáætlanir Evrópubandalaganna**

   skipuð í samræmi við:

   389D0382: Ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE frá 19. júní 1989 um að setja á stofn nefnd um hagskýrsluáætlanir Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB nr. L 181, 28.6.1989, bls. 47);

2. **Hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð**

   skipuð í samræmi við:

   391D0115: Ákvörðun ráðsins 91/115/EBE frá 25. febrúar 1991 um að setja á stofn hagskýrslunefnd um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (Stjtíð. EB nr. L 59, 6.3.1991, bls. 19);

3. **Nefnd um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum**

   skipuð í samræmi við:

   390R1588: Reglugerð ráðsins (KBE, EBE) nr. 1588/90 frá 11. júní 1990 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 151, 15.6.1990, bls. 1);

4. **Nefnd um samræmingu hagskýrslna um þjóðarframleiðslu á markaðsvirði**

   skipuð í samræmi við:

   389L0130: Tilskipun ráðsins 89/130/EBE, KBE frá 13. febrúar 1989 um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsvirði (Stjtíð. EB nr. L 49, 21.2.1989, bls. 26);

5. **Ráðgjafarnefnd um hagskýrslur á sviði efnahags- og félagsmála**

   skipuð í samræmi við:

   391D0116: Ákvörðun ráðsins 91/116/EBE frá 25. febrúar 1989 um að setja á stofn evrópska ráðgjafarnefnd um hagskýrslugerð á sviði efnahags- og félagsmála (Stjtíð. EB. nr. L 59, 6.3.1991, bls. 21).

Réttindi og skyldur þessara nefnda falla undir sameiginlega yfirlýsingu um gildandi reglur í málum þegar, í krafti 76. gr. og VI. hluta samningsins og samsvarandi bókana, EFTA-ríkin taka fullan þátt í nefndum EB.

vegna 2. gr. bókunar 36
fyrir gildistöku samningsins munu EFTA-ríkin ákveða fjölda nefndarmanna frá hverju þingi í sameiginlegu EES-þingmannanefndina;

vegna bókunar 37
í samræmi við 6. gr. bókunar 23 mun tilvísun til ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 17/62) einnig taka til:

- ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og einokun í flutningum (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68);

- ráðgjafarnefndar um samninga og yfirburðastöðu í flutningum á sjó (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86);

- ráðgjafarnefndar um samninga og yfirburðastöðu í flutningum í lofti (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87);

vegna bókunar 37
þegar endurskoðunarákvæði 2. mgr. 101. gr. samningsins er beitt verður, við gildistöku samningsins, einni nefnd enn bætt við skrána í bókun 37:

- samræmingarhópur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum á æðra skólastigi (tilskipun ráðsins 89/48/EBE).

Tilhögun þátttöku verður tilgreind:

vegna bókunar 47
þeir munu búa til kerfi um gagnkvæma aðstoð yfirvalda sem bera ábyrgð á að farið sé að ákvæðum bandalagsins og innlendum ákvæðum um vín á grundvelli viðeigandi ákvæða í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2048/89 frá 19. júní 1989 um að setja almennar reglur um eftirlit með vín.
Tilhögun slíkrar gagnkvæmrar aðstoðar verður ákvörðuð fyrir gildistöku samningsins. Þar til slíku kerfi hefur verið komið á skal farið eftir viðeigandi ákvæðum tvíhliða samninga milli bandalagsins og Sviss og bandalagsins og Austurríkis um samvinnu og eftirlit varðandi víni;

vegna VI. og VII. viðauka
frekari sérstakri aðlögun eins og lýst er í skjali samningahóps III frá 11. nóvember 1991 þarf að koma í kring fyrir gildistöku samningsins á sviði félagslegs öryggis og gagnkvæmrar viðurkenningar á formlegri menntun og hæfi;

vegna VII. viðauka
frá gildistöku samningsins má ekkert ríki sem samningurinn tekur til skírskota til 21. gr. tilskipunar ráðsins 75/362/EBE frá 16. júní 1975 (Stjtíð. EB nr. L 167, 30.6.1975, bls. 1) til að krefjast þess að ríkisborgarar annarra ríkja sem samningurinn tekur til ljúki frekari undirbúningsþjálfun til þess að hljóta viðurkenningu sem læknar í almannatryggingakerfi;

vegna VII. viðauka
frá gildistöku samningsins má ekkert ríki sem samningurinn tekur til skírskota til 20. gr. tilskipunar ráðsins 78/686/EBE frá 25. júlí 1978 (Stjtíð. EB nr. L 233, 24.8.1978, bls. 1) til að krefjast þess að ríkisborgarar annarra ríkja sem samningurinn tekur til ljúki frekari undirbúningsþjálfun til þess að hljóta viðurkenningu sem tannlæknar í almannatryggingakerfi;

vegna VII. viðauka
verkfræðingar í Sambandi verkfræðinga, arkitekta og tæknifræðinga í Sviss (REG) falla undir fyrstu undirgrein d-liðar í 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 (Stjtíð. EB nr. L 19, 24.1.1989, bls. 16) um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár, svo fremi þeir uppfylli ákvæði a-liðar í 1. gr. tilskipunarinnar;

vegna IX. viðauka
fyrir 1. janúar 1993 skulu Finnland, Ísland og Noregur hvert fyrir sig taka saman skrá yfir skaðatryggingarfyrirtæki sem eru undanþegin kröfum 16. og 17. gr. tilskipunar ráðsins 73/239/EBE (Stjtíð. EB nr. L 228, 16.8.1973, bls. 3) og senda hana til hinna samningsaðilanna;

vegna IX. viðauka
fyrir 1. janúar 1993 skal Ísland taka saman skrá yfir líftryggingarfyrirtæki sem eru undanþegin kröfum 18., 19. og 20. gr. tilskipunar ráðsins 79/267/EBE (Stjtíð. EB nr. L 63, 13.3.1979, bls. 1) og senda hana til hinna samningsaðilanna;

vegna XIII. viðauka
þeir skulu athuga tilskipun ráðsins 91/439/EBE frá 29. júlí 1991 um ökuleyfi, í samræmi við sameiginlega samþykkta málsmeðferð, með það fyrir augum að hún verði tekin upp í XIII. viðauka um flutningastarfsemi;

vegna XIII. viðauka
EFTA-ríki sem eru aðilar að Evrópusamningi um störf áhafna ökutækja í alþjóðlegum flutningum á vegum (AETR) skulu fyrir gildistöku samningsins setja eftirfarandi fyrirvara við AETR:
„Litið skal á flutningastarfsemi milli aðila að EES-samningnum sem innlenda flutningastarfsemi í skilningi AETR að svo miklu leyti sem slík starfsemi fer ekki, við umflutning, fram á yfirráðasvæði þriðja ríkis sem er samningsaðili að AETR."
Bandalagið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að samsvarandi breytingar verði gerðar á fyrirvörum aðildarríkja EB;

vegna XVI. viðauka
litið er svo á að 100. gr. samningsins gildi um nefndir á sviði opinberra innkaupa.

YFIRLÝSINGAR

EINS EÐA FLEIRI SAMNINGSAÐILA

AÐ SAMNINGNUM UM

EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNA FINNLANDS, ÍSLANDS, NOREGS OG SVÍÞJÓÐAR UM ÁFENGISEINKASÖLUR

Með fyrirvara um skuldbindingar sem leiðir af samningnum árétta Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð að áfengiseinkasölur ríkjanna eru grundvallaðar á mikilvægum sjónarmiðum er varða stefnu þeirra í heilbrigðis- og félagsmálum.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNA LIECHTENSTEINS OG SVISS UM ÁFENGISEINKASÖLUR

Með fyrirvara um skuldbindingar sem leiðir af samningnum lýsa Liechtenstein og Sviss því yfir að áfengiseinkasölur ríkjanna eru grundvallaðar á mikilvægum sjónarmiðum er varða stefnu þeirra í landbúnaðar-, heilbrigðis- og félagsmálum.

YFIRLÝSING
EVRÓPUBANDALAGSINS UM GAGNKVÆMA AÐSTOÐ Í TOLLAMÁLUM

Evrópubandalagið og aðildarríki þess lýsa því yfir að þau líti svo á að síðasti málsliður 1. mgr. 11. gr. í bókun 11 um gagnkvæma aðstoð í tollamálum falli undir ákvæði 2. mgr. 2. gr. þeirrar bókunar.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNA EFTA-RÍKJANNA UM FRJÁLSA FÖR ÖKUTÆKJA TIL LÉTTRA FLUTNINGA

EFTA-ríkin fallast á frjálsa för ökutækja til léttra flutninga frá 1. janúar 1995, eins og hún er skilgreind í I. hluta um vélknúin ökutæki, II. viðauka um tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottun, með því skilyrði að ný löggjöf hafi tekið gildi fyrir þann tíma í samræmi við aðra flokka ökutækja.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR LIECHTENSTEINS UM SKAÐSEMISÁBYRGÐ

Ríkisstjórn Furstadæmisins Liechtensteins lýsir því yfir, með hliðsjón af 14. gr. tilskipunar ráðsins 85/374/EBE, að við gildistöku samningsins hafi hún, eftir því sem þurfa þykir, sett löggjöf um vernd gegn kjarnorkuslysum samsvarandi þeirri sem veitt er með alþjóðasamningum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR LIECHTENSTEINS VARÐANDI SÉRSTÖÐU LANDSINS

Ríkisstjórn Furstadæmisins Liechtensteins,

vísar til 18. mgr. sameiginlegrar yfirlýsingar ráðherrafundar Evrópubandalagsins, aðildarríkja þess og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 14. maí 1991;

ítrekar þá skyldu að tryggja að öllum ákvæðum EES-samningsins sé fylgt og að beita þeim í góðri trú;

væntir þess að samkvæmt EES-samningnum verði tekið viðeigandi tillit til sérstæðra landfræðilegra aðstæðna Liechtensteins;

telur að aðstæður sem réttlæti að gripið sé til ráðstafana samkvæmt 112. gr. EES-samningsins geti einkum talist vera fyrir hendi ef líkur eru á að fjármagnsinnstreymi frá öðrum samningsaðila hamli aðgangi íbúa að fasteignum, eða verði óvenjuleg fjölgun á ríkisborgurum frá aðildarríkjum EB eða hinum EFTA-ríkjunum eða á heildarfjölda starfa í efnahagslífinu, hvorttveggja miðað við fjölda íbúa.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR AUSTURRÍKIS UM ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Austurríki lýsir því yfir að vegna sérstæðra landfræðilegra aðstæðna sé óvenjulítið um byggingarland (einkum undir íbúðarhúsnæði) sums staðar í Austurríki. Af þessum sökum gæti röskun á fasteignamarkaði smám saman leitt til alvarlegs svæðisbundins vanda á sviði efnahags-, félags- eða umhverfismála í skilningi öryggisákvæðisins í 112. gr. EES-samningsins og orðið til þess að gera yrði ráðstafanir samkvæmt þeirri grein.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Evrópubandalagið telur að yfirlýsing ríkisstjórnar Austurríkis um öryggisráðstafanir hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS UM BEITINGU ÖRYGGISRÁÐSTAFANA SAMKVÆMT EES-SAMNINGNUM

Vegna einhæfs atvinnulífs og fámennis lýsir Ísland þeirri túlkun sinni að það geti í samræmi við skyldur sínar samkvæmt samningnum gripið til öryggisráðstafana ef af framkvæmd samningsins leiðir einkum:

— alvarlega röskun jafnvægis á vinnumarkaði vegna meiri háttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum; eða

— alvarlega röskun jafnvægis á fasteignamarkaði.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SVISS UM ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Sviss lýsir þeim skilningi sínum að vegna sérstæðra landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna geti það gert ráðstafanir til að takmarka fjölda innflytjenda frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins komi til misvægis af lýðfræðilegum, félagslegum eða vistfræðilegum toga vegna búferlaflutninga ríkisborgara EES.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Evrópubandalagið telur að yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um öryggisráðstafanir hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SVISS UM AÐ KOMA Á FRAMHALDSNÁMI Í BYGGINGARLIST VIÐ ÆÐRI TÆKNISKÓLA

Með því að fara fram á að prófskírteinum í byggingarlist frá æðri tækniskólum í Sviss verði bætt við 11. gr. tilskipunar 85/384/EBE lýsir Ríkjasambandið Sviss sig reiðubúið til að koma á eins árs viðbótarnámi á háskólastigi að prófi loknu, sem staðfest yrði með prófi, til þess að námið allt samræmist kröfum í a-lið 1. mgr. 4. gr. Sambandsskrifstofan fyrir iðnaðar- og atvinnumál mun koma á þessu viðbótarnámi fyrir byrjun námsársins 1995/1996.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA AUSTURRÍKIS OG SVISS UM HLJÓÐ- OG MYNDMIÐLUN

Ríkisstjórnir Sviss og Austurríkis lýsa því yfir, með vísun í tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, að í samræmi við gildandi lög EB, eins og þau eru túlkuð af dómstóli Evrópubandalaganna, geti þau gert viðeigandi ráðstafanir vegna reksturs sem er fluttur í því skyni að sniðganga innlenda löggjöf þeirra.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA LIECHTENSTEINS OG SVISS UM STJÓRNSÝSLUAÐSTOÐ

Ríkisstjórnir Sviss og Liechtensteins leggja, með vísun í ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um samvinnu milli eftirlitsstofnana á sviði fjármálaþjónustu (bankamála, fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og viðskipta með verðbréf), áherslu á mikilvægi meginreglnanna um leynd og sértekningu og lýsa yfir að þær telji að viðtökuyfirvöld muni fara með upplýsingar sem lögbær yfirvöld þeirra láta þeim í té í samræmi við þessar meginreglur. Með fyrirvara um þau tilvik sem tilgreind eru í viðkomandi réttarreglum merkir þetta að:

— allir þeir sem vinna eða hafa unnið fyrir yfirvöld er hafa tekið á móti upplýsingum skulu bundnir þagnarskyldu. Upplýsingar skilgreindar sem trúnaðarmál verða meðhöndlaðar í samræmi við það;

— lögbærum yfirvöldum sem fá trúnaðarupplýsingar er einungis heimilt að nota þær við skyldustörf í samræmi við viðkomandi réttarreglur.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Evrópubandalagið telur að yfirlýsing ríkisstjórna Sviss og Liechtensteins um stjórnsýsluaðstoð hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SVISS UM NOTKUN ÖRYGGISÁKVÆÐISINS Í SAMBANDI VIÐ FJÁRMAGNSFLUTNINGA

Sviss lýsir því yfir, með hliðsjón af því að í Sviss er sérstaklega lítið framboð á nýtanlegu landi, að eftirspurn erlendis frá eftir fasteignum hefur að jafnaði verið mikil og að lítill hluti íbúanna býr í eigin húsnæði samanborið við það sem gerist annars staðar í Evrópu, að hún telji að henni sé einkum heimilt að grípa til öryggisráðstafana ef fjármagnsinnstreymi frá öðrum samningsaðilum leiðir til röskunar á fasteignamarkaði sem meðal annars gæti hamlað aðgangi íbúanna að fasteignum.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Evrópubandalagið telur að yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um öryggisákvæði í sambandi við fjármagnsflutninga hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR NOREGS UM BEINT FULLNUSTUHÆFI ÁKVARÐANA STOFNANA EB UM FJÁRSKULDBINDINGAR FYRIRTÆKJA MEÐ AÐSETUR Í NOREGI

Samningsaðilum er bent á að í núgildandi stjórnarskrá Noregs er ekki gert ráð fyrir beinu fullnustuhæfi ákvarðana stofnana EB um fjárhagsskuldbindingar fyrirtækja með aðsetur í Noregi. Noregur er því samþykkur að halda skuli áfram að beina slíkum ákvörðunum milliliðalaust til þessara fyrirtækja, og að þeim beri að uppfylla skyldur sínar í samræmi við gildandi venjur. Þessar stjórnskipulegu takmarkanir á beinu fullnustuhæfi ákvarðana stofnana EB um fjárskuldbindingar eiga ekki við um dótturfyrirtæki og eignir á yfirráðasvæði bandalagsins í eigu fyrirtækja með aðsetur í Noregi.

Komi upp vandamál er Noregur tilbúinn til að taka þátt í viðræðum og leita lausnar sem báðir aðilar geta sætt sig við.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Framkvæmdastjórnin mun stöðugt fylgjast með þeim aðstæðum sem vitnað er til í einhliða yfirlýsingu Noregs. Hún getur hvenær sem er tekið upp viðræður við Noreg með það fyrir augum að finna viðunandi lausn á vandamálum er upp kunna að koma.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR AUSTURRÍKIS UM FULLNUSTU ÁKVARÐANA STOFNANA EB UM FJÁRSKULDBINDINGAR Á AUSTURRÍSKU YFIRRÁÐASVÆÐI

Austurríki lýsir því yfir að skuldbinding þess um að fullnægja ákvörðunum stofnana EB um fjárskuldbindingar á austurrísku yfirráðasvæði eigi aðeins við um ákvarðanir sem ákvæði EES-samningsins taka að öllu leyti til.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Bandalagið leggur þann skilning í yfirlýsingu Austurríkis að tryggð verði fullnusta ákvarðana um fjárskuldbindingar fyrirtækja á austurrísku yfirráðasvæði að því leyti sem ákvarðanir um slíka skyldu byggist — jafnvel þótt það sé ekki einvörðungu — á ákvæðum í EES-samningnum.

Framkvæmdastjórninni er hvenær sem er heimilt að taka upp viðræður við ríkisstjórn Austurríkis til þess að finna viðunandi lausn á vandamálum sem upp kunna að koma.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS UM SKIPASMÍÐAR

Það er samþykkt stefna Evrópubandalagsins að draga smám saman úr verkefnabundinni framleiðsluaðstoð til skipasmíðastöðva. Framkvæmdastjórnin vinnur að því að minnka hámarksaðstoðina eins mikið og svo skjótt sem unnt er samkvæmt sjöundu tilskipuninni (90/684/EBE).

Sjöunda tilskipunin rennur út í árslok 1993. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um hvort ný tilskipun er nauðsynleg mun hún kanna samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðar innan EES í ljósi þess hvernig tekist hefur til við að minnka eða afnema verkefnabundna framleiðsluaðstoð. Við þessa könnun mun framkvæmdastjórnin hafa náið samráð við EFTA-ríkin og taka viðeigandi tillit til þess árangurs sem náðst hefur í víðara alþjóðlegu samhengi, til þess að skapa skilyrði sem tryggja að samkeppni sé ekki raskað.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR ÍRLANDS UM BÓKUN 28 UM HUGVERK — ALÞJÓÐASAMNINGA

Írland lítur svo á að með 1. mgr. 5. gr. bókunar 28 sé þess krafist að ríkisstjórn Írlands, að uppfylltum stjórnskipulegum skilyrðum, geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að farið sé eftir þargreindum samningum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA EFTA-RÍKJANNA UM STOFNSKRÁ UM FÉLAGSLEG GRUNDVALLARRÉTTINDI LAUNAFÓLKS

Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna eru sammála um að jafnframt því sem samstarf á efnahagssviðinu sé aukið þurfi að stuðla að framförum á félagssviðinu með fullu samráði við aðila vinnumarkaðarins. EFTA-ríkin vilja taka virkan þátt í að stuðla að félagslegri þróun á Evrópska efnahagssvæðinu. Þau fagna því aukinni samvinnu um félagslega þætti við bandalagið og aðildarríki þess samkvæmt þessum samningi. Áðurnefndar ríkisstjórnir, sem viðurkenna mikilvægi þess að tryggja í þessu samhengi félagsleg grundvallarréttindi launafólks á Evrópska efnahagssvæðinu öllu, styðja meginreglur og grundvallarréttindi sem ákveðin eru í stofnskrá um félagsleg grundvallarréttindi launafólks frá 9. desember 1989 og hafa í huga meginregluna um valddreifingu sem þar er vísað í. Þeim er ljóst að taka verður viðeigandi tillit til ólíkra innlendra reglna, einkum varðandi hlutverk aðila vinnumarkaðarins og kjarasamninga, þegar slíkum réttindum er framfylgt.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR AUSTURRÍKIS UM FRAMKVÆMD 5. GR. TILSKIPUNAR 76/207/EBE AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÆTURVINNU

Lýðveldið Austurríki,

sem er kunnugt um meginregluna um jafnrétti eins og hún er sett fram í samningnum;

í ljósi skuldbindingar Austurríkis samkvæmt samningnum um að fella réttarreglur bandalagsins inn í austurrískar réttarfarsreglur;

með tilliti til annarra skuldbindinga sem Austurríki hefur tekið á sig samkvæmt þjóðarrétti;

með hliðsjón af þeim skaðlegu áhrifum sem næturvinna getur haft á heilsu manna og því að launakonur þurfi að njóta sérstakrar verndar;

lýsir sig reiðubúið til að taka tillit til þess að launakonur þurfi á sérstakri vernd að halda.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS

Evrópubandalagið telur að einhliða yfirlýsing ríkisstjórnar Austurríkis um framkvæmd 5. gr. tilskipunar 76/207/EBE að því er varðar næturvinnu hafi ekki áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt samningnum.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS UM RÉTTINDI EFTA-RÍKJANNA GAGNVART EB-DÓMSTÓLNUM

1. Til þess að styrkja lagalega einsleitni á Evrópska efnahagssvæðinu, með því að EFTA-ríkin og eftirlitsstofnun EFTA eiga kost á réttargæslu fyrir dómstóli EB, mun bandalagið breyta 20. og 37. gr. stofnsamþykktar dómstólsins og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

2. Að auki mun bandalagið gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að EFTA-ríki, að því er varðar framkvæmd b-liðar 2. mgr. 2. gr. og 6. gr. bókunar 24 við EES-samninginn, njóti sömu réttinda og aðildarríki EB samkvæmt 9. mgr. 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS UM RÉTTINDI LÖGFRÆÐINGA EFTA-RÍKJANNA SAMKVÆMT LÖGUM BANDALAGSINS

Bandalagið skuldbindur sig til þess að breyta stofnsamþykkt dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls þeirra á fyrsta dómstigi til þess að tryggja að umboðsmenn tilnefndir í hverju máli, sem eru fulltrúar EFTA-ríkis eða eftirlitsstofnunar EFTA, geti notið aðstoðar ráðgjafa eða lögfræðings sem hefur rétt til að flytja mál fyrir dómstóli EFTA-ríkis. Það skuldbindur sig enn fremur til þess að tryggja að lögfræðingar sem hafa rétt til að flytja mál fyrir dómstóli EFTA-ríkis geti komið fram fyrir hönd einstaklinga og aðila í atvinnurekstri fyrir dómstólnum og dómstóli Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

Þessir umboðsmenn, ráðgjafar og lögfræðingar skulu, þegar þeir koma fyrir dómstólinn og dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi, njóta nauðsynlegra réttinda og friðhelgi til að geta óháðir sinnt skyldustörfum sínum, með þeim skilyrðum sem verða ákveðin í réttarfarsreglum þessara dómstóla.

Að auki mun bandalagið gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að lögfræðingar EFTA-ríkja njóti sömu lagalegu sérréttinda samkvæmt lögum bandalagsins og lögfræðingar aðildarríkja bandalagsins njóta.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS UM ÞÁTTTÖKU SÉRFRÆÐINGA EFTA-RÍKJANNA Í NEFNDUM EB SEM TENGJAST EES VIÐ BEITINGU 100. GR. SAMNINGSINS

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna staðfestir að samkvæmt meginreglum 100. gr. skuli hvert EFTA-ríki tilnefna eigin sérfræðinga. Þessir sérfræðingar taka á jafnréttisgrundvelli, ásamt fulltrúum aðildarríkja EB, þátt í undirbúningsvinnu fyrir fundi þeirra nefnda EB sem tengjast þeim réttarreglum sem um ræðir. Framkvæmdastjórn EB mun taka þann tíma sem með þarf til samráðs og leggur síðan tillögu sína fram á formlegum fundi.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS UM 103. GR. SAMNINGSINS

Evrópubandalagið telur að þar til EFTA-ríkin hafa fullnægt þeim stjórnskipulegu skilyrðum sem um getur í 1. mgr. 103. gr. samningsins geti það frestað því að beita ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem um getur í þeirri grein.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA EFTA-RÍKJANNA UM 1. MGR. 103. GR. SAMNINGSINS

Í því markmiði að koma á einsleitu Evrópsku efnahagssvæði munu EFTA-ríkin, og með fyrirvara um starfsemi lýðræðislegra stofnana þeirra, kosta kapps um að koma því til leiðar að nauðsynleg stjórnskipuleg skilyrði verði uppfyllt eins og gert er ráð fyrir í fyrstu undirgrein 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS VARÐANDI UMFLUTNINGA Í SJÁVARÚTVEGI

Bandalagið telur að 6. gr. bókunar 9 eigi einnig við finnist ekki viðunandi fyrirkomulag varðandi umflutninga fyrir gildistöku samningsins.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS OG RÍKISSTJÓRNA AUSTURRÍKIS, FINNLANDS, LIECHTENSTEINS, SVÍÞJÓÐAR OG SVISS UM HVALAAFURÐIR

Evrópubandalagið og ríkisstjórnir Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss lýsa því yfir að tafla I í 2. viðbæti bókunar 9 hafi ekki áhrif á innflutningsbann þeirra á hvalaafurðum.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SVISS UM FJÁRÖFLUNARTOLLA

Aðgerðir í því skyni að breyta fjáröflunartollum í innanlandsskattlagningu eru þegar hafnar.

Án þess að það hafi áhrif á bókun 5 við samninginn mun Sviss afnema þessa tolla í þeim tollnúmerum sem tilgreind eru í töflunni við bókun 5 um leið og skattlagningin innanlands kemur til framkvæmda, með fyrirvara um nauðsynlegar stjórnskipulegar og lagalegar breytingar í samræmi við innlenda löggjöf.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um þetta efni fer fram fyrir árslok 1993.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslunnar jákvæð verður kostað kapps um að halda áfram að breyta fjáröflunartollunum í innlenda skattlagningu fyrir árslok 1996.

YFIRLÝSING EVRÓPUBANDALAGSINS UM TVÍHLIÐA SAMNINGA

Bandalagið telur að

— tvíhliða samningar um vöruflutninga á vegum og járnbrautum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Austurríkis og milli Efnahagsbandalags Evrópu og Sviss,

— tvíhliða samningar um tiltekið fyrirkomulag varðandi landbúnað milli Efnahagsbandalags Evrópu og einstakra EFTA-ríkja,

— tvíhliða samningar um fiskveiðar milli Efnahagsbandalags Evrópu og Svíþjóðar, Efnahagsbandalags Evrópu og Noregs og Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands,

séu hluti af heildarniðurstöðu samningaviðræðnanna og grundvallarþáttur í samþykki þess á EES-samningnum, enda þótt þessir samningar séu aðgreindir lagalegir gerningar.

Bandalagið áskilur sér því rétt til að fresta gerð EES-samningsins uns hlutaðeigandi EFTA-ríki hafa tilkynnt bandalaginu um fullgildingu ofantalinna tvíhliða samninga. Bandalagið áskilur sér enn fremur rétt til að taka afstöðu gagnvart afleiðingunum séu samningar þessir ekki fullgiltir.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR SVISS UM SAMNING MILLI EBE OG RÍKJASAMBANDSINS SVISS UM VÖRUFLUTNINGA Á VEGUM OG JÁRNBRAUTUM

Sviss mun leitast við að fullgilda tvíhliða samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum áður en EES-samningurinn verður fullgiltur en staðfestir um leið þá afstöðu sína að líta beri á EES-samninginn og þennan tvíhliða samning sem tvo aðgreinda lagalega gerninga með eigið gildi.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNAR AUSTURRÍKIS UM SAMNING MILLI EBE OG LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS UM VÖRUFLUTNINGA Á VEGUM OG JÁRNBRAUTUM

Austurríki mun leitast við að fullgilda tvíhliða samning milli EBE og Lýðveldisins Austurríkis um vöruflutninga á vegum og járnbrautum áður en EES-samningurinn verður fullgiltur en staðfestir um leið þá afstöðu sína að líta beri á EES-samninginn og þennan tvíhliða samning sem tvo aðgreinda lagalega gerninga með eigið gildi.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA EFTA-RÍKJANNA UM FJÁRMAGNSKERFI EFTA

EFTA-ríkin telja að „viðeigandi og réttmætar lausnir" sem um getur í sameiginlegu yfirlýsingunni varðandi fjármagnskerfið leiði til þess að annaðhvort beri EFTA-ríki er gerist aðili að bandalaginu ekki neinar fjárhagsskuldbindingar, sem það hefur gengist við samkvæmt fjármagnskerfi EFTA eftir að það ríki gerist aðili að bandalaginu, eða samsvarandi leiðréttíng verði gerð á framlögum þess ríkis til almennra fjárlaga EB.

YFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNA EFTA-RÍKJANNA VARÐANDI DÓMSTÓL Á FYRSTA DÓMSTIGI

EFTA-ríkin munu koma á fót dómstóli á fyrsta stigi vegna mála á sviði samkeppni gerist þess þörf.

Gjört í Oporto annan dag maímánaðar árið nítján hundruð níutíu og tvö.

Fylgiskjal 4.

LOKAGERÐ

Fulltrúar með fullu umboði

EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU,
KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU,

sem nefnast hér á eftir „bandalagið“, og

KONUNGSRÍKISINS BELGÍU,
KONUNGSRÍKISINS DANMERKUR,
SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS,
LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS,
KONUNGSRÍKISINS SPÁNAR,
LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS,
ÍRLANDS,
LÝÐVELDISINS ÍTALÍU,
STÓRHERTOGADÆMISINS LÚXEMBORGAR,
KONUNGSRÍKISINS HOLLANDS,
LÝÐVELDISINS PORTÚGALS,
HINS SAMEINAÐA KONUNGSRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS

samningsaðilar að stofnsáttmála EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU og stofnsáttmála KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU,

sem nefnast hér á eftir „aðildarríki EB“,

og

fulltrúar með fullu umboði

LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS,
LÝÐVELDISINS FINNLANDS,
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS,
FURSTADÆMISINS LIECHTENSTEINS,
KONUNGSRÍKISINS NOREGS,
KONUNGSRÍKISINS SVÍÞJÓÐAR,

sem nefnast hér á eftir „EFTA-ríkin“,

er koma saman í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar árið nítján hundruð níutíu og þrjú til undirritunar bókunar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hafa samþykkt eftirfarandi texta:

I. bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið;

II. viðaukann sem kveðið er á um í 20. gr. bókunar um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og fylgir þeirri bókun.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa samþykkt sameiginlegu yfirlýsinguna sem fylgir þessari lokagerð.

Enn fremur hafa fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna fallist á samþykktirnar sem fylgja þessari lokagerð og eru bindandi.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa í huga yfirlýsingu ríkisstjórnar Frakklands sem fylgir þessari lokagerð.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa í huga að tilvísanir til Sviss í eftirtöldum sameiginlegum yfirlýsingum sem eru taldar upp og fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 eru fallnar úr gildi:

3. Sameiginleg yfirlýsing um aðlögunartímabil vegna útgáfu skjala varðandi sönnun á uppruna

og

8. Sameiginleg yfirlýsing um vöruflutninga á vegum.

Fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna hafa einnig í huga að eftirtaldir samningar í samþykktum frá samningaviðræðunum sem fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 eru fallnir úr gildi:

— vegna bókunar 16 og VI. viðauka,

— vegna VII. viðauka (varðandi verkfræðinga „Stiftung der Schweizerischen Register der Ingenieure").

Þeir hafa fallist á að í samþykktinni „vegna bókunar 47" skuli orðin „bandalagsins og Sviss og" falla niður.

Loks hafa fulltrúar með fullu umboði bandalagsins og aðildarríkja EB og fulltrúar með fullu umboði EFTA-ríkjanna í huga með hliðsjón af yfirlýsingunum sem eru taldar upp og fylgja lokagerðinni er var undirrituð í Óportó hinn 2. maí 1992 að:

I. eftirtaldir yfirlýsingar eru fallnar úr gildi:

10. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um öryggisráðstafanir;

11. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

12. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um að koma á framhaldsnámi í byggingarlist við æðri tækniskóla;

16. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um notkun öryggisákvæðisins í sambandi við fjármagnsflutninga;

17. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

34. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um fjáröflunartolla;

36. Yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss um samning milli EBE og Ríkjasambandsins Sviss um vöruflutninga á vegum og járnbrautum;

II. í eftirtöldum yfirlýsingum er yfirlýsing ríkisstjórnar Sviss eða yfirlýsing Evrópubandalagsins með tilvísun til Sviss fallin úr gildi:

2. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um áfengiseinkasölur;

13. Yfirlýsing ríkisstjórna Austurríkis og Sviss um hljóð- og myndmiðlun;

14. Yfirlýsing ríkisstjórna Liechtensteins og Sviss um stjórnsýsluaðstoð;

15. Yfirlýsing Evrópubandalagsins;

33. Yfirlýsing Evrópubandalagsins og ríkisstjórna Austurríkis, Finnlands, Liechtensteins, Svíþjóðar og Sviss um hvalaafurðir;

35. Yfirlýsing Evrópubandalagsins um tvíhliða samninga.

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

1. Þótt skylt sé að virða að öllu leyti niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar í Sviss 6. desember 1992 þykir samningsaðilum að EES-samningnum miður að sökum þess að Sviss er ekki þátttökuríki var ekki unnt að stofna EES með þeim samningsaðilum sem upphaflega var stefnt að.

2. Samningsaðilarnir að EES-samningnum hafa tekið tillit til þess að yfirvöld í Sviss hafa ekki vísað því með öllu frá að síðar kunni að verða af þátttöku í EES. Þeir munu fagna þátttöku Sviss í EES og eru reiðubúnir til að hefja samningaviðræður leggi Sviss fram umsókn samkvæmt 128. gr. EES-samningsins eins og henni er breytt með bókuninni um breytingu á EES-samningnum.

3. Þátttaka Sviss í EES síðar ætti að byggjast á niðurstöðunum í upphaflega EES-samningnum og tvíhliða samningum gerðum á sama tíma og á þeim breytingum sem hugsanlega verða gerðar síðar á þessum samningum.

SAMÞYKKTIR

Samningsaðilar hafa samþykkt eftirfarandi:

Vegna 15. gr.

gildistaka ákvæðanna sem um getur í 15. gr. er háð tæknilegum erfiðleikum við fjárlagagerð og skal vera með fyrirvara um tvíhliða eða marghliða samvinnu á umræddum sviðum og hefur ekki frekari áhrif á samvinnuna sem um getur í 85. gr. EES-samningsins.

Til að tryggja rétta gildistöku ákvæðanna sem um getur í 15. gr. er sérfræðingum EFTA-ríkjanna heimilt, á tímabilinu til 1. janúar 1994, að taka tímabundið þátt í nefndunum sem eru framkvæmdastjórninni til aðstoðar við stjórnun eða þróun á starfsemi bandalagsins á þeim sviðum sem þessi ákvæði taka til.

Hvert EFTA-ríki um sig skal standa straum af þeim kostnaði sem af þessu hlýst.

Vegna 20. gr.

IV. viðauki (Orka)

8. **390L0547**: Tilskipun ráðsins 90/547/EBE og
9. **391L0296**: Tilskipun ráðsins 91/296/EBE

í hugtakinu „viðskipti innan EFTA" merkir „EFTA" þau EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi;

XIV. viðauki (Samkeppni)

1. **389R4064**: Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89

í hugtökunum „hagsmuni EFTA", aðlögunarliðir a), b) og h), „velta innan EFTA", aðlögunarliðir b) og j) og „íbúar EFTA", aðlögunarliður j), merkir „EFTA" þau EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi.

YFIRLÝSING
RÍKISSTJÓRNAR FRAKKLANDS

Frakkland vekur athygli á því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gildir ekki um lönd og yfirráðasvæði handan hafsins er tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu samkvæmt ákvæðum sáttmálans um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu.

Gjört í Brussel hinn sautjánda dag marsmánaðar 1993.